



**Forsíða:** Kirkjan á Mosfelli í Grímsnesi, Vörðufell í baksýn.  
Sankó frá Húsafelli horfir á útsýnið.

<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>3</b>
<b>2. LÖGGJÖF UM MINJAVERND</b> .....	<b>4</b>
<b>3. BYGGÐASAGA</b> .....	<b>5</b>
<b>4. SKRÁ YFIR FORNLEIFAR</b> .....	<b>9</b>
ÁR-415 Neðra-Apavatn .....	9
ÁR-416 Þóroddstaðir .....	22
ÁR-417 Sveinavatn.....	27
ÁR-418 Stærribær .....	33
ÁR-419 Minnibær .....	38
ÁR-420 Brjámstaðir .....	41
ÁR-421 Minniborg .....	46
ÁR-444 Göltur.....	48
ÁR-445 Eyvík.....	55
ÁR-446 Ormstaðir .....	64
ÁR-447 Vatnsnes .....	69
ÁR-448 Hamrar .....	73
ÁR-449 Hverakot.....	86
ÁR-450 Kringla.....	89
ÁR-451 Bjarnastaðir .....	93
ÁR-452 Þórustaðir .....	96
ÁR-453 Reykjanes.....	97
ÁR-454 Minna-Mosfell.....	101
ÁR-455 Stóra-Mosfell .....	105
ÁR-456 Sel .....	112
ÁR-457 Vatnsholt.....	120
ÁR-458 Hagi .....	124
ÁR-713 Grímsnesafréttur .....	129
<b>5. FORNLEIFAR OG BYGGÐ</b> .....	<b>133</b>
<b>6. NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>139</b>

## Kortaskrá

Yfirlit yfir jarðir og landamerki á skráningarsvæðinu..... 6

### *Jarðakort*

N-Apavatn og Þóroddsstaðir.....	21
Stærri- og Minnibær og Svínavatn .....	37
Brjánsstaðir og Minniborg .....	43
Göltur og Eyvík.....	54
Ormsstaðir og Vatnsnes .....	71
Hamrar og Hverakot (Sólheimar).....	74
Kringla, Bjarnastaðir og Þórisstaðir.....	92
Stóra- og Minna-Mosfell og Reykjanes .....	106
Hagi, Sel og Vatnsholt .....	119

### *Túnakort*

Neðra-Apavatn .....	15
Þóroddsstaðir .....	23
Svínavatn .....	27
Stærribær .....	34
Minnibær .....	39
Brjánsstaðir .....	41
Minniborg .....	46
Göltur .....	49
Eyvík .....	56
Ormsstaðir .....	64
Vatnsnes .....	69
Hamrar .....	76
Hverakot (Sólheimar) .....	87
Kringla .....	89
Bjarnastaðir .....	93
Þórisstaðir .....	96
Reykjanes .....	98
-Rimakot .....	99
Minna-Mosfell .....	102
Stóra-Mosfell .....	107
Sel .....	113
Vatnsholt. ....	120
Hagi .....	124
Grímsnesafréttur .....	130

## 1. Inngangur

Sumarið 1999 hófst skráning fornleifa í Grímsneshreppi. Áður en haldið var á vettvang var safnað heimildum um minjastaði í öllum hreppnum og reyndust þeir rúmlega 1100 talsins. Í júní það ár voru skráðir 176 staðir á vettvangi í nyrsta og vestasta hluta Grímsness og sumarið 2000 voru skráðir 504 staðir til viðbótar. Sumarið 2001 lauk skráningu austast í hreppnum og á Grímsnesafrétti og bættust þá við 500 staðir. Alls reyndust því minjastaðir í Grímsnesi 1181 talsins. Þar af voru 12 staðir á afrétt en 1169 staðir voru á jörðunum sem eru 41 talsins. Þannig voru að meðaltali rúmlega 28 staðir á hverri jörð sem er skammt yfir meðaltali.

Skýrsla þessi er að mestu leyti byggð upp eins og hinar tvær skýrslurnar sem á undan eru komnar.<sup>1</sup> Þó bætist hér við kafla með löggjöf um fornleifar (2. kafla) og kafla með niðurstöðum (6. kafla), enda við hæfi að lokinni skráningu að gera endanlegt yfirlit yfir minjastaði sem hafa mikið verndunar-, rannsóknar- og kynningargildi. Annars er skýrslan þannig upp byggð að fyrst er stutt yfirlit um þróun byggðar á skráningarsvæðinu (3. kafla) en í kjölfar hans fylgir nákvæm skrá yfir fornleifar á svæðinu (4. kafla). Í henni eru minjastaðir flokkaðir eftir jörðum og byggir tölusetning jarðanna á Jarðatali Johnsens frá 1847. Á undan minjaskrá hvefjar jarðar er gerð grein fyrir takmörkum hennar, breytingum á þeim og öðrum upplýsingum sem geta varpað ljósi á sögu byggðar og búskapar á staðnum. Einnig er gerð grein fyrir þáttum eins og gróðurfari og túnasléttun sem hafa áhrif á varðveislu minja. Í minjaskrá er síðan fjallað um hvern minjastað sérstaklega, gerð grein fyrir staðsetningu minjanna og aðstæðum og birtar lýsingar og myndir af tóftum þar sem við á. Í skránni eru einnig fornleifakort yfir hverja jörð sem sýna dreifingu minjastaða. Í 5. kafla er samantekt um helstu minjaflokka og gefið yfirlit um sérkenni svæðisins. Í 6. kafla eru síðan settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa í öllu Grímsnesi.

Birna Lárusdóttir gerði heimildakönnun um fornleifar í Grímsnesi og gerði allar vettvangskannanir undir stjórn Orra Vésteinssonar. Henni til aðstoðar í byrjun júní 2001 voru Þóra Pétursdóttir sagnfræðinemi og Guðmunda Björnsdóttir þjóðfræðinemi. Höfundur vill koma á framfæri kærum þökkum til heimildamanna sinna, ekki síst þeirra Sigurðar Gunnarssonar á Bjarnastöðum og Gunnars Ágústssonar á Stærribæ sem slógust í för með skrásetjara í vettvangsferð á Grímsnesafrétt.

---

<sup>1</sup> Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson 1999-2001. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I-II*.

## 2. Löggjöf um minjavernd

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein Þjóðminjalaga (nr.88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ...”

Fornleifaskráning í Grímsnesi var unnin í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum skipulags á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifa fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkjna, bænahúsa og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;
- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við fornleifaskráninguna. Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. grein Þjóðminjalaga segir m.a.: „Nú telur ... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum.“

### 3. Byggðasaga

Samkvæmt Landnámabók nam Ketilbjörn Ketilsson Grímsnes allt upp frá Höskuldslæk, Laugardal allan og alla Biskupstungu upp til Stakksár en sjálfur bjó hann að Mosfelli.<sup>2</sup> Áður hefur því verið haldið fram að sagnir Landnámabókar endurómi forna skiptingu Grímsness í sóknir.<sup>3</sup> Því nær landnám Ketilbjarnar yfir Mosfellssókn hina fornu og raunar talsvert stærra svæði því að Hamrar höfðu sérstaka sókn um tíma og að auki áttu Þóroddsstaðir sókn til Apavatns á 13. öld.<sup>4</sup>

Hvergi hefur fundist heillegt kuml í austurhluta Grímsness svo vitað sé en almennt eru kuml órækasta vísbending þess að byggð hafi verið komin á fyrir 1000. Þó má geta þess að fornlegur spjótsoddur auk axarblaðs fundust við túngarð á Neðra-Apavatni á 20. öld. Munir þessir gætu verið úr kumli komnir en einnig má líta á þá sem sjálfstæðan vitnisburð um að byggð hafi snemma verið komin á á Apavatni, líklega þegar á 9. eða 10. öld. Kemur það heim og saman við það sem almennt er talið, að Apavatn sé meðal elstu byggðu jarða á svæðinu. Bæjarins er getið í Sturlungu en þar sveik Sturla Sighvatsson Gissur Þorvaldsson 1238 og leiddi það til Örlygsstaðabardaga árið eftir.

Annað sem segja má um fornar grafir er að til er sögn um að Ketilbjörn landnámsmaður hafi verið heygður við Hestvatn, í landi Eyvíkur og að hjónin Api og Gylta hafi verið heygð við Apavatn, Api reyndar norðan Apár og þar af leiðandi í landi Efra-Apavatns í Laugardalshreppi. Munnmælasögur um hauga landnámsmanna eru algengar og til í svo að segja hverri sveit. Yfirleitt eru þær svo þjóðsagnakenndar að ekki er hægt að líta á þær sem öruggar heimildir, nema ef vera skyldi um sagnahefð og þörf fólks fyrir að gera sögurnar áþreifanlegar og tengja þær stöðum sem það þekkti.

Í byggðasöguköflum fyrri skýrslna um Grímsnes hefur Orri Vésteinsson sett fram þá kenningu að almennt hafi byggð komist fyrst á meðfram ánum í Grímsnesi, þ.e. Brúará/Hvítá annars vegar og Sogi hins vegar.<sup>5</sup> Þessi hugmynd er byggð á fjölda kirkna og bænhúsa á þeim jörðum sem eiga land að ánum, en bænhús eru oft talin vísbending um gamla byggð. Hvað austasta hluta Grímsness varðar á þetta ágætlega við. Vitað er að kirkja var á Hömrum og er hennar getið þegar um 1200<sup>6</sup> en hún lagðist þó af snemma, líklega fyrir 1664. Kirkja sem var á Apavatni hefur einnig lagst af snemma en á báðum stöðunum hafa fundist mannabein sem


---

<sup>2</sup> ÍF I:384-386.

<sup>3</sup> Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson 2001:5.

<sup>4</sup> DI I:405.

<sup>5</sup> Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson 2001:7.



*Yfirlit yfir jarðir og landamerki á skráningarsvæðinu*

gefa til kynna staðsetningu guðshúsanna. Kirkju á Mosfelli er fyrst getið í kirknatali frá um 1200 en ekki er ástæða til að ætla annað en hún hafi verið komin á fljótlega eftir kristnitöku. Líklegt er að Mosfell hafi í öndverðu átt land norðan fjallsins að Apavatni og svo suður með Brúará, jafnvel allt að Djúpá en nánar verður fjallað um það hér á eftir. Í Reykjanesi er tóft nálægt gamla bæjarstaðinu við Brúará sem talin er af bænhúsi en ekki er vitað hvaða heimildir liggja að baki þeirri sögn og ekki hægt að staðfesta það að svo stöddu.

Út frá staðsetningu bænhúsa en einnig út frá mati jarða í hundruðum talið má slá því fram með nokkurri vissu að þær jarðir sem fyrst byggðust í austurhluta Grímsness hafi verið

<sup>6</sup> DI VII:46-47.

Apavatn, Mosfell, Hamrar og Eyvík, þótt reyndar greini engar heimildir frá kirkju þar. Áður hefur því verið haldið fram að Borg og Bær hafi einnig verið frumbýli.<sup>7</sup> Líklegt er að Þóroddsstaðir hafi snemma byggst úr landi Neðra-Apavatns, enda jarðarinnar getið í kirkjumáldaga Apavatns 1220 og galt hún þá tíund að kirkjunni á Apavatni.<sup>8</sup>

Sel hefur án vafa í upphafi verið selstöðuland frá Mosfelli en snemma verið tekið til fastrar ábúðar. Sama gildir líklega um Haga, bæjarnafnið gæti bent til að þar hafi í upphafi verið úthagi og beitarlönd frá Mosfelli og síðar verið byggt þar. Vatnsholt er sennilega þriðja afbýlið frá Mosfelli en engar heimildir eru um hvenær þar var fyrst byggt. Helstu rökin fyrir því að Vatnsholt hafi byggst frá Mosfelli fremur en Apavatni eru að Stangarlækur rennur við vesturmörk jarðarinnar og hefur líklega í upphafi markað skil milli landnáma Mosfells og Apavatns. Leiða má að því getum að Bjarnastaðir hafi einnig byggst frá Mosfelli og það líklega mjög snemma, á undan öllum þeim bæjum sem eru norðan og austan Mosfells. Þetta er byggt á því að jörðin var metin á 47 hdr. sem er óvenju hátt miðað við aðrar jarðir umhverfis, t.d. eru voru Þórisstaðir ekki metnir nema á 26 hdr. Sú jörð og Reykjanes (28 hdr.) hafa sennilega einnig byggst á undan Haga (16 hdr.) og Vatnsholti (12 hdr.), a.m.k. er ekki gott að koma auga á aðra ástæðu fyrir háu mati þeirra. Þórisstaða, eða Þórustaða eins og bærinn hefur einnig verið kallaður, er reyndar getið í Sturlungu og er það ágæt heimild um að byggð hafi verið komin á þar snemma.<sup>9</sup> Með því að skoða landamerki og legu jarða má geta sér þess til að Svínavatn hafi byggst úr landi Bæjar (síðar Stærri- og Minnibæjar) en Ormsstaðir og Vatnsnes frá Hömrum. Brjánsstaðir hafa líklega verið byggðir úr landi Borgar, en báðar þær jarðir eiga mjóar landræmur norður í Smalaskála sem er hæð suðaustan Bjarkar. Göltur hefur sennilega byggst snemma frá Kiðjabergi.

Í fyrri skýrslum hafa líkur verið leiddar að því að byggð hafi óvígð verið jafn stöðug og í Grímsnesi. Í austurhluta sveitarinnar hefur líklega verið meira um hjáleigur og tómhús en á hinum svæðunum. Skal hér gefið stutt yfirlit yfir þessa staði og tímabilið sem þeir voru í byggð:

Fagurhlíð (445-027)	1688-1702 og 19. öld
Hverakot (449-001)	17. öld og 19. öld
Hagavöllur (458-008)	1883-1898
Hamrakot (448-005)	1853-1866
Mosfellskot (455-019)	17. öld (einungis búið þar í um 20 ár)
Lónakot (448-041)	komið í eyði á 17. öld
Rimakot (453-009)	19. öld
Gilsbakki (421-005)	19. öld
Stóra-Mosfellssel (455-020)	19. öld

<sup>7</sup> Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson 2001:7.

<sup>8</sup> **DI** I:405.

<sup>9</sup> *Sturlunga saga* I:460.

Þetta eru þeir staðir sem þekktir eru af heimildum en ummerki benda til fleiri býla í austanverðu Grímsnesi. Þannig eru bæjartóftir á Þórnyjarhól (**416-011**) í landi Þóroddsstaða og lítur út fyrir að þar hafi a.m.k. verið búið á 19. öld. Á Hlífarstöðum (**456-033**) í Selslandi er stór og mikil tóft umlukin garðlagi en ekkert er vitað um hvort eða hvenær þar var búið. Á Grænhól (**420-008**) sunnan Brjánsstaða eru tveir rústahólar með garði um sig að hluta og í túninu á Svínavatni var bæjartóft (**415-043**) sem Skúli Helgason gróf í á sínum tíma og fann för eftir skyrásí. Ekki er vitað hvort þar var afbýli frá bænum eða eldra bæjarstæði Svínavatns en sléttað var yfir tóftina og byggð þar stór skemma. Að lokum má nefna að líklega hefur verið tómthús eða hjáleiga við túngarðinn á Neðra-Apavatni, þar var marghólfa tóft með áföstum heygarði (**415-043**) en hún hefur nú verið sléttuð út að mestu.

Þessar staðreyndir tala sínu máli. Dálítill uppsveifla virðist verða í hjáleigubbyggð í þessum hluta sveitarinnar á 17. öld en það gerðist einnig í flestum öðrum landshlutum. Þá byggjast fjórar hjáleigur, allar úr löndum stórbýla. Lónakot og Hverakot voru byggðar úr landi Hamra, Mosfellskot frá Stóra-Mosfelli og Fagurhlíð frá Eyvík. Byggð virðist hafa varað mjög stutt á a.m.k. þremur þessara kота, aðeins tuttugu ár í Mosfellskoti og bæði Lónakot og Hverakot voru komin í eyði skömmu eftir 1700. Hverakot byggðist svo reyndar aftur nálægt aldamótunum 1800 og varði byggð þar framundir miðja 20. öld. Svipað var uppi á teningnum hvað Fagurhlíð varðar en hún var byggð árið 1688 á stekkjarsæði en fór í eyði 1702. Heimildir um byggð eftir það eru reyndar óljósar, en í örnefnaskrá Eyvíkur er þess getið að 1915 hafi verið gömul kona á bænum sem mundi eftir fólki í Fagurhlíð.<sup>10</sup> Því hlýtur að hafa verið byggð þar um skeið á 19. öld.

Á 19. öld byggðust þónokkur afbýli, sum á stöðum þar sem aldrei hafi áður verið byggð svo vitað sé. Þetta var í löndum Eyvíkur, Hamra, Reykjaness, Haga og Minniborgar. Það vekur nokkra furðu að byggð hafi verið afbýli á landlitlum mýrajörðum eins og Haga og Reykjanesi. Hugsanleg skýring er sú að minna hafi munað um nokkrar viðbótarskjátur á slíkum jörðum heldur en þeim sem áttu land í hraunum og fjalllendi.

Þótt hjáleigubbyggðin sem hér hefur verið reifuð hafi hvorki verið samfelld né varað lengi er óhætt að segja að byggð á lögbýlum í austurhluta Grímsness hafi verið fremur stöðug. Eina undantekningin er líklega Vatnsnes en árið 1708 var jörðin nýlögst í eyði eftir að hafa verið byggð í 40 ár. Fyrir þann tíma hafði hún legið í eyði um langa hríð og veldur þar líklega einangrun og örðugar samgöngur en jörðin er umflotin vatni á alla vegu og ekki treystandi á vöð. Þar að auki lágu tún og engjar oft undir ágangi kvikfjár sem gekk í Hestfjalli.

---

<sup>10</sup> Ö-Eyvík: 8

## 4. Skrá yfir fornleifar

### ÁR-415 Neðra-Apavatn

55 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. 1708: "Munnmæli eru hjer hafi til forna kirkja. Engin vita menn rök til þess og engin sjást þess merki. JÁM II, 325. [1220] "Máldagi kirkjunnar að Apavatni í Grímsnesi,... Mariu kirkia at Apa vatni a x hvndrað j heima landi." [D.I.I 405] Frá því segir í Sturlungu að árið 1238 hittust tveir miklir höfðingjar á Neðra-Apavatni, Sturla Sighvatsson og Gissur Þorvaldsson. Sturla sveik þar Gissur og tók höndum. Hann lét hann sverja utanferð sína og að halda trúnað við sig því að hann kvaðst ætla sér meiri hlut en öðrum mönnum á Íslandi og engan óttast utan Gissur einan ef ekki færi vel á með þeim. Haustið eftir safnaði Gissur liði og drap Sturlu og föður hans á Örlygsstöðum í Skagafirði.

ÁR-415:001 *Neðra-Apavatn* bæjarhóll bústaður 64°08.857N 20°42.350V



Bæjarhóllinn er um 50 m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi, uppi á hól sem er vestarlega í miðju túni. Þar standa leifar af gömlu íbúðarhúsi úr járni og timbri sem er að hruni komið.

Frá hólnum hallar til suðurs, austurs og vesturs en hann er aflíðandi að norðan. Suður af gamla íbúðarhúsinu er tún allt að bæjarlæk sem rennur í slakka allt að 200 m sunnar. Norðan við íbúðarhúsið er steinsteyppt útihús með sambyggðri hlöðu en að vestan er heimreiðin.

Í viðbótum við örnefnaskrá segir: "Fyrir mörgum árum var gömul hlaða, niðurgrafin, lengd, en hún var áföst við gamla bæinn. Á meira en tveggja metra dýpi var komið niður á ösku og gólfskán og þar fundust þrjár miklir hlóðarsteinar." Á bæjarhól stendur timburhús,

byggt 1913 inni í tóft sem liggur með húsinu allsstaðar nema að sunnan. Það er bárujárnsklætt og að hruni komið, hugsanlegt er að það verði rífið á næstunni. Sunnan við það eru feysknir trjástofnar. Undir húsinu var kjallari, næstum manngengur, en grunnflatarmál hússins er um 15 x 8 m. Sambyggður húsinu að austan er kofi með grjóthlöðnum veggjum, bárujárnsgrafli og þaki sem rétt lafir uppi. Hann er alls 6 x 4 m með dyr í suður, veggjahæð um 1 m. Framan við bæinn mótast fyrir stalli sem gætu verið leifar af stétt. Alls er stærð bæjarhóls um 55 x 40 m. Neðan við brekkuna, í rótum bæjarhólsins, mótast óljóst fyrir aflangri þústi í nýslegnu túninu. Hún snýr A-V, eins og brekkan norðan við, alls 25 x 8 m. Má greina veggi og aflanga dæld innan þeirra. Skv. Magnúsi Grímssyni verður tóft þessi sífellt greinilegri eftir því sem árin líða.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917; Bréf til þjóðminjavarðar, 2

ÁR-415:002 heimild um útkirkju 64°08.857N 20°42.350V

1708: "Munnmæli eru hjer hafi til forna kirkja. Engin vita menn rök til þess og engin sjást þess merki. JÁM II, 325. [1220] "Máldagi kirkjunnar að Apavatni í Grímsnesi,... Mariu kirkia at Apa vatni a x hvndrað j heima landi." [D.I.I 405]. Ekki er nú vitað hvar kirkjan stóð og engin örnefni til sem minna á hana. Benda má á að lærleggur úr manni fannst á Apavatni fyrir mörgum árum (sbr. 025) og er hugsanlegt að hann hafi verið úr grafreit.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** JÁM II, 338; D I I, 405

ÁR-415:003 *Borgarmýri* tóft fjárskýli 64°08.613N 20°44.148V

"Sunnan undir Borgarás er Borgarmýri, þar eru mjög gamlar rústir", segir í örnefnaskrá. Mýri þessi er SSV af Fremra-Smiðjuholti en 330 m norður af Stekkatúni 017. Ein tóft fannst í mýrinni og er hún nálægt suðvesturhluta hennar. Mosagróin mýri með lágu kjarri hér og þar. Hringlaga tóft, mjög þýfð og sést engin dæld í miðju hennar heldur rís hún þar hæst. Stærð 12 x 12 m en hæð allt að 1,5 m. Hvergi sér í grjóti og er líklegt að mannvirkið hafi verið úr torfi eingöngu. Ekki er vitað hvaða hlutverki þetta mannvirki gegndi en af lögun og staðsetningu verður að telja sennilegt að það hafi verið fjárborg.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn HG, 1

ÁR-415:004 *Fremra-Smiðjuholt* 3 tóftir 64°08.745N 20°44.131V


"Fyrir norðan þessa mýri (Borgarmýri) er stórt holt, sem heitir Fremra-Smiðjuholt, vestan undir því er mýrarsund", segir í örnefnaskrá. Í seinni viðbót segir: "Sunnan í Fremra-Smiðjuholti við Augnlækinn á litlum móabala er allmikil tóft forn um 5 x 12 m. Það mætti velta fyrir sér hvort hér hefði verið fyrrum smiðja sú sem holtin eru kennd við. En aðstæður til rauðavinnslu hafa verið hér ákjósanlegar að sögn fróðra manna. Talið er að rauðablástur (járnvinnsla) hafi lagst af um 1500."

Smiðjuholt fremra er tæpa 600 m NNA af Stekkatúni 017 en 1,5 km vestur af bæjarhól 001. Vegarslóði liggur upp nálægt því sunnanverðu. Tóftin er allra syðst á holtinu. Holtið er aflíðandi en mikið um sig. Sunnan við það rennur lítill mýrarlækur í dragi en mikið bætist í hann beint sunnan við tóftina því þar er ólgandi uppsprettuauga í jarðfalli. Mýri er sunnan við holtið en vestan þess tekur land að hækka mikið upp í Lyngdalsheiði. Gróður á holtinu er einkum lyng, mosi og sumsstaðar mjög lágt kjarr.

Tóftin er greinileg og traustleg að sjá, snýr austur-vestur og eru hundapúfur á báðum skammhliðum. Stærð er um 12 x 8 m og eru langveggir bogadregnir og allt að 2-3 m breiðir. Þeir eru lynggrónir en lítið þýfðir. Hins vegar eru dálitlar þúfur í dældinni sem liggur eftir endilangri tóftinni. Hæð veggja er 0,5-1 m. Dyr sjást ekki en í austurenda mótar fyrir aðskildu hólfi. Ekki er gott að fullyrða hvort það er hluti af upprunalegri gerð hússins eða hvort um er að ræða síðari tíma aflögun. Á stalli sunnan við tóftina er þúfnapýrping sem hæglega gæti verið leifar af annarri tóft. Stærð um 6 x 7 m, dæld í miðju. 30-40 m norðvestan við fyrrnefndu tóftina mótar óljóst fyrir mjög sokkinni og fornlegri þrískiptri tóft. Nyrst er aflangt hólfrá austri til vesturs, 12 x 5 m. Niður frá því til suðurs mótar fyrir tveimur, samsíða og samliggjandi hólfum. Hvort um sig er 6 m breitt og 13-14 m langt en syðri endinn er óljós og fjarar út í móanum. Vestara hólfið er greinilegra, enda dæld í því miðju. Þessi tóft er alveg sokkin en áberandi, gulgrænar mosapúfur marka útlínur veggjanna. 150 m norðan litlu, greinilegu tóftarinnar, skammt fyrir sunnan háholtið mótar fyrir mjög sokkinni garðhleðslu. Hún er allt að 3 m breið og sést best vestan til í holtinu, gæti hafa legið yfir syðsta hluta þess frá austri til vesturs þótt ekki sjáist hún allsstaðar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn HG, 1; Blöð til viðbótar, 2



**ÁR-415:005** *Djúpavað* heimild um vað

64°09.213N 20°43.195V

"Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað", segir í örnefnaskrá. Djúpavað var skammt neðan við mót Apár og Þverár, 2-300 m vestan við veginn sem liggur upp að Laugarvatni. Grónir og lágir árbakkar, mýri að norðan en lyngholt að sunnan.

Á þessum stað eru um 6 m á milli bakka en áin hvorki djúp né straumhörd.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 1

**ÁR-415:006** tóft

64°07.663N 20°48.510V

"Í Lyngdalsheiðinni - Lyngdal við suðvesturjaðar Mjóuflatar, fast við gömlu Lyngdalsgöturnar - er nokkuð stór, alldjúp laut. Þar eru mannvirki. Hlaðið hefur verið fyrir lautina, og út frá henni beggja vegna eru leifar af hleðslum, 4 eða 5 öðru megin og 3 eða 4 hinumegin sem væru þetta hús eða dilkar. Þetta er mjög gróið. Engar sagnir eru til um hvað þetta er. Geta má þess til að þarna hafi verið réttir eða sel", segir í örnefnaskrá. Staðurinn er 1,2 km suðvestur af tóft á Réttarflöt 019, vestan til í Lyngdal þar sem eru hólur og hæðir. Fast austan við lautina liggur greinileg gata 047 sem lá heiman frá bæ í Lyngdal. Lautin er umlukin hólum allsstaðar nema að austan, stærð um 50 x 30 m. Hún er djúp og algróin. Slétt, aflöng grasflöt er í botni hennar en hliðarnar eru lynggrónar og frekar brattar neðst. Nyrst og vestast í lautinni er hálfblásinn melhóll.

Við austurenda lautarinnar hefur verið hlaðið fyrir mynni hennar en um 2 m breitt op skilur að hleðslurnar fyrir miðju. Í framhaldi af því kemur lautarbotninn, aflöng grasflöt sem er um 5 x 30 m og liggur A-V. Upp frá henni beggja vegna eru brattar hliðar, ekki háar en aflíðandi stallur er að vestan og þar lokar melhóll fyrir lautina að hluta. Í hliðunum beggja vegna grasflatarinnar mjóu mótat fyrir hólfum eða dilkum en mjög er það óljóst, enda hleðslur alveg signar og grónar. Norðan megin sjást 8-9 dilkar en



að sunnan líklega 9 og eru heldur ógreinilegri þeim megin. Við vesturendann er löng hleðsla sem afmarkar hólf milli dilkaraðanna og er það stærsta hólfíð í allri réttinni, um 10 x 5 m. Annars eru þau öll lík að stærð, um 5 x 7 að utanmáli en sum litlu stærri eða minni. Utan við opið inn í réttina austanvert við lautina mótast fyrir hólfu upp við aðra fyrirhleðsluna, um 6 x 6 m. Allar hleðslur eru signar og grónar svo að hvergi sér í grjóti. Gróska er ekki meiri í lautinni en almennt gerist í kring.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 1

**ÁR-415:007** *Hólvað* heimild um vað 64°09.405N 20°42.452V

"Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað [005]. Þar næst Hólfríðarbrot [030], kennt við konu sem oft fór á milli Apavatsbæja þar næst Hólvað [007] við Aphól, og neðst Lambhagavað [008]", segir í örnefnaskrá. Aphóll er norðan Apár og því í landi Efra-Apavats. Hann er um miðja vegu milli vegarins að Laugarvatni og Apavats. Hólvað var líklega suðvestan við hólinn. Kjarri vaxnir bakkar beggja megin.

Áin er frekar straumhörd á þessum stað og vaðið ekki árennilegt nú.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 1

**ÁR-415:008** *Lambhagavað* heimild um vað 64°09.243N 20°41.971V

"Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað [005]. Þar næst Hólfríðarbrot [030], kennt við konu sem oft fór á milli Apavatsbæja þar næst Hólvað [007] við Aphól, og neðst Lambhagavað", segir í örnefnaskrá. Lambhagavað er þar sem Apá rennur í Apavatn. Sléttir grastangar eru beggja megin ár og 7-8 m á milli bakka.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 1

**ÁR-415:009** *Dalvað* heimild um vað 64°09.428N 20°42.377V

"Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað [005]. Þar næst Hólfríðarbrot [030], kennt við konu sem oft fór á milli Apavatsbæja þar næst Hólvað [007] við Aphól, og neðst Lambhagavað [008]. En neðan undir Aphól er Dalvað, þar fóru Laugdælir", segir í örnefnaskrá. Vað þetta er ekki vel þekkt nú en hlýtur að hafa verið neðan undir Aphól, þ.e. suðaustan við hann. Aphóll er norðan Apár og því í landi Efra-Apavats. Sumarbústaðir eru beggja megin ár. Sléttur bakki með lágu kjarri að sunnan en smábrekka að norðan. Um 12 m eru á milli bakka, hér breiðir áin úr sér.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 1

**ÁR-415:010** *Gyltupyttur* þjóðsaga fjársjóður 64°09.121N 20°42.278V


"Framan við [Kerlingarhól] er lækur sem heitir Gyltulækur og pittur [svo] sem heitir Gyltupyttur. Þjóðsaga hermír að ofan í honum sé silfur eða gullketill og hella mikil ofan á", segir í örnefnaskrá. Pytturinn er um 500 m norðasutur af bæ (sbr. 001) í túnjadrí norður af tveimur þýfðum hólum.

Dæld í túni. Ýtt var ofan í pyttinn, enda hætta á að kindur og aðrar skepnur lentu í honum. Núorðið sést aðeins dimmgræn dæld í túninu, um 2 x 1 m að stærð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 2

**ÁR-415:011** *Stekkholt* 3 tóftir stekkur 64°08.850N 20°41.495V



"Þá er austurparturinn: Byrja skal þar sem Bæjarlækurinn rennur út í Vatnið [Apavatn], þá kemur Stekkholt með rústum, en þá Stekkjarmýri, sem liggur norður að Vatninu", segir í örnefnaskrá. Stekkholt er austan við túngarðinn 038. Austan úr því ganga tveir ranar til austurs, tóftir eru á þeim syðri. Þetta er 700 m austur af bæ.

Stórþýft en láglent holt, mýri liggur að því.

Alls sjást þrjár greinilegar tóftir á holtinu. Vestast er skýr tóft sem snýr N-S með dyr í suður, alls 6 x 14 m. Aðskilið hólf virðist í norðurenda en ekki sést hvort opið hefur verið á milli

hólfa. 10 m austur er önnur tóft sem snýr eins og er álíka löng en 8 m breið. Hún er ógreinileg og líkist frekar rústahól. 15 m austur af henni er svo þriðja rústabungan sem er ógreinilegust, 7 x 12 m. Hún er óregluleg að lögun en snýr eins og hinar tvær. Ekki sér í grjóti en hleðsluhæð er mest 0,7 m.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 2

**ÁR-415:012** *Sauðhóll* tóft

64°08.916N 20°40.498V

"Í [Apavatsnesi] er mýrarblettur, sem nefnist Borgarmýri, þar eru rústir fjárborga, enn sunnar er Sauðhúsdæla og Sauðhóll og þar tóftir", segir í örnefnaskrá. Sauðhóll er sunnan við mitt Apavatsnes, þar sem það mætir landi, um 100 m sunnan við girðingu sem afmarkar sumarhúsabyggð þar. Lynggrónir hólar sem umlykja dálitinn mýrarblett í miðjunni. Tóftin er sunnan í nyrsta hólum.



Tví- eða þríhólfa tóft sem snýr norður-suður, alls 15 x 11 m. Austar er hól sem er alls 6 x 13 m en við miðju þess mótar fyrir þverhleðslum sem gætu hafa skipt því í tvennt. Vestar er sambyggt hól, 5 x 8 m og lítið hól, 3 x 2 m sambyggt því nyrst. Op er á því til norðurs og einnig dyr sunnan til, yfir í stærra hólfið. Hvergi sér í grjóti, hæð veggja mest um 0,8 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn

**ÁR-415:013** *Borgarmýri* 2 tóftir fjárskýli

64°08.789N 20°40.837V

"Í [Apavatsnesi] er mýrarblettur, sem nefnist Borgarmýri, þar eru rústir fjárborga [...]", segir í örnefnaskrá. Borgirnar eru sunnan vegar sem liggur að sumarhúsum í Apavatsnesi, um 300 m vestan við þar sem hann greinist í tvennt.

Mýri. Lágir hólar eru að sunnan og austan en norður af lækkar land að Apavatni.

Ein rúst er suðaustarlega á mýrarblettinum. Hún líkist þurum, þýfðum bletti í mýrinni, um 10 x 10 m. Hún er óregluleg að lögun og eru sumsstaðar blásin flög í henni en annarsstaðar þúfur. Grjót er ekki sjáanlegt. Önnur ámóta er rúnum 100 m suðvestar og er hún einnig 10 x 10 m og óregluleg. Hvorug rústanna er með eiginlega vegg eða hól, þar líkjast helst hrúgöldum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn

**ÁR-415:014** *Grafarhæð* heimild um mógrafir

64°08.399N 20°41.214V

"Vestan við Háubrekku er Grafarhæð og dregur nafn af gömlum mógröfum", segir í örnefnaskrá. Grafarhæð er 400 m VSV af Kirkjuvaði 016, sunnan við gömlu göturnar 015 sem lágu yfir Stangarlæk.

Lítill og lág hæð 50-70 m norðan við Stangarlæk, mýrar eru beggja megin við hana.

Víða eru slakkar í mýrinni sem gætu verið gamlar mógrafir en ekki er það mjög greinilegt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 2

**ÁR-415:015** gata leið

64°08.443N 20°40.838V

Í örnefnaskrá Stóra-Mosfells segir: "Áður en nokkrir vegir voru gerðir, var fjölfarin ferðamannaleið frá ferju við Spóastaði, fyrir norðan Mosfell, niður með því að vestan, og sunnan við Selmýrar út að Neðra-Apavatni, og þaðan eins og leið lá, um norðanverða Lyngdalsheiði til Þingvalla." Í viðbótum við örnefnaskrá Sels er þessari sömu leið lýst svo: "Þar [á Reiðholti sem er norðaustur af Seli] voru margir götuslóðar. Menn úr suðurhluta Biskupstungna, sem ferðuðust til Reykjavíkur og fóru Lyngdalsheiði um Þingvelli, fóru á ferju yfir Brúará hjá Spóastöðum. Leiðin frá ferjunni út fyrir fjallið lá um Reiðholt og Almenningsholt. Áður en vegir komu, var þetta fjölfarin leið. Um það vitnuðu djúpar götur. Nú hefur túnrækt á holtunum máð út þessar gömlu götur." Lyngvaxið holt.

Göturnar sjást t.d. vel skammt vestan við Kirkjuvað 016 á Stangarlæk. Þar eru allt að 7-8 samhliða götuslóðar, mjög skýrir og ógrónir, enda er þetta enn mikið notaður reiðvegur. Þegar komið er yfir á vaðinu, í Mosfellsland, er búið að leggja reiðveg þar sem gömlu reiðgöturnar hafa verið. Guðrún Ása Grímsdóttir hefur lýst gömlu leiðinni og rannsakað legu hennar. Hún segir: "Í skömmu máli sagt liggur leiðin í fyrstu líkt og slitlagður þjóðvegur nú um Skálholtsáa yfir Brúará við Ferjulæk undan Spóastöðum. Fólk og farangur var ferjað yfir ána en hestar sundlagðir í kjölfarið. Vestan ár lá leiðin um mýraholt norður fyrir Mosfell í Grímsnesi og fram með því en sveigði frá vesturenda þess norðvestur um móholt og mýrasund yfir Stangarlæk á vaði [016] nær miðja vega milli Mosfells og neðstu aldna Lyngdalsheiðar. Göturnar halda stefnu á Ölduna (Apavatsöldu) sem gengur austan undan Lyngdalsheiði og liggja um holt og velli milli bæjanna Þóroddsstaða og Neðra-Apavats í Grímsnesi hjá Tjaldhól [ÁR-416:017] og upp Moldbrekkur og sveigja í norður undir Ölduna um Borgarásgil og Áfangamýri og þá aftur til norðvesturs upp á Heiðarbrún. Í þessa stefnu liggur leiðin yfir smáþýfðar, lautóttar mosaflesjur, hæst yfir sjávarmáli hjá Beinavörðu [í landi Efra-Apavats] (258 m) og þá hjá Biskupsvörðu [ÁR-

713:004] og Haustrúgvörðu [ÁR-713:003] með stefnu á endann á Litla-Reyðarbarmi (Litla-Barmi). Frá Barmshorninu þræða göturnar um hraun eftir vörðum í norðvesturstefnu á Búrfell í Þingvallasveit og áfram neðanhalt við Hrafnbjargaháls austanverðan, fara hjá Gjabakka og yfir Hrafnagjá um Klukkustíg niður að Þingvallavatni og skemmsta veg á þingstað á völlum við Öxará."

**Hættumat:** hættu, vegna mannaferða

**Heimildir:** ; Ö-Mosfell, 3; Ö-Sel, svör við spurningum, 2; Guðrún Ása Grímsdóttir, 5

**ÁR-415:016** *Kirkjuvað* heimild um vað

64°08.401N 20°40.722V


"Vestan við Háubrekku er Grafarhæð og dregur nafn af gömlum mógröfum. Yfir hana lá leiðin að Mosfellskirkju um götur að vaði á Stangalæk", segir í örnefnaskrá. Vaðið hét Kirkjuvað. Það er norðvestur af Grafarhæð 014, 1,6 km suðaustur af bæ. Á loftmynd af svæðinu sést greinilega hvar vaðið hefur verið, enda göturnar áberandi beggja megin við lækinn. Mólendi er við vaðið en lágt holt þegar vestar dregur. Breidd á læknum er allt að 10 m þar sem vaðið er og er það enn notað af hestamönnum, enda liggur reiðgata að því.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn

**ÁR-415:017** *Stekkatún* tóft+garðlag stekkur

64°08.448N 20°44.314V



"Vestan við hann (Moldarhóll) er Stekkatúnið, sem var til 1920", segir í örnefnaskrá. Annarsstaðar segir: "Í suðvestur frá bænum nokkuð út í heiðinni eru tóftir af fjárhúsi og hlöðu sem byggt var þar upp sem stekkur hafði áður verið frá fornu fari. Túnblettur er þar í kring, girtur og staðurinn heitir Stekkartún. Hætt var að færa frá á árunum 1920-22. Síðan var þar sauðhús 1922-26. Eftir það var túnið slegið af og til til ársins 1944." Túnið er 1,8 km vestur af bæ, fast sunnan við malarborinn reiðveg sem liggur upp á Lyngdalsheiði. Það er um 500 m SSV af Fremra-Smiðjuholti 004. Dálitill túnblettur norðan undir hálfgrónum melhól. Yfir blettinn liggur reiðvegurinn.

Heilleg tóft auk garðlags sést. Tóftin er af beitahúsi sem að líkindum var reist á rústum stekkjarsins. Það er alls 13 x 6 m, snýr N-S með dyr í suður, að rótum melhólsins. Lítil fremur höll er í norðurenda en garðar eru ekki sjáanlegir. Víða bólar á grjóthleðslum í veggjum sem ná allt að 1,9 m hæð hlöðumegin. Hleðsla sem gæti verið eldri en húsið er nyrst við austurlangvegg, 3 x 6 m en fjarar út til suðurs. Einnig vottar fyrir hlöðnu hólfu að vestan, við miðjan langvegginn. Það er 2 x 5 m en mjög sigið. Með túnblettinum á allar hliðar er lág (0,4 m) og mjög hleðsla, nema að sunnan þar sem melhóllinn er fyrir. Líklegt er að girt hafi verið ofan á henni en alls er túnið um 40 x 50 m að stærð.


hlaða er í norðurenda en garðar eru ekki sjáanlegir. Víða bólar á grjóthleðslum í veggjum sem ná allt að 1,9 m hæð hlöðumegin. Hleðsla sem gæti verið eldri en húsið er nyrst við austurlangvegg, 3 x 6 m en fjarar út til suðurs. Einnig vottar fyrir hlöðnu hólfu að vestan, við miðjan langvegginn. Það er 2 x 5 m en mjög sigið. Með túnblettinum á allar hliðar er lág (0,4 m) og mjög hleðsla, nema að sunnan þar sem melhóllinn er fyrir. Líklegt er að girt hafi verið ofan á henni en alls er túnið um 40 x 50 m að stærð.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 2; Bréf til þjóðminjavarðar, 1

**ÁR-415:018** *Selhöfði* tóftir sel

64°08.392N 20°47.117V



"Fram úr Heiðarbrúninni ganga Selhöfðar og má þar sjá leifar gamalla selja. Þaðan er klukkustundar gangur heim að Apavatni", segir í örnefnaskrá. Annarsstaðar segir: "Allmiklu ofar og vestar í heiðinni [en Stekkatún 017], undan hæð og við gildrag sem lækur fellur í eru tóftir af seli. Greinilega sést móta fyrir allri skipan þess. Engar sagnir höfum við heyrt um hvenær það hafi verið síðast notað eða neinar frásagnir um selið. En hæðin sem það stendur undir heitir Selhöfði." Selið er 4 km austur af bæ en um 400 m suðaustur af Skollaás sem er áberandi, með klettum efst og vörðu í kalli. Best er að aka upp á hrygg sem er vestan við Stekkatún 017 og þaðan er 30-40 mín. gangur í selið.

Gróin lægð sunnan undir Selhöfða. Suður af lægðinni eru lágur, mosagrónar hólbungur. Lækur rennur sunnan við seltóftirnar.

Mjög sigin, þrískipt tóft neðst í brekku en fram af henni er slétt flöt. 8 x 5 m hólf er allra neðst í brekkunni, það snýr N-S, líklega með dyr í suður. Norðan við það, sambyggt, er hólf sem snýr á hinn veginn, 5 x 9 m. Vestast í því er djúp hola, algróin, um 1 x 1 m að ummáli. Þetta hólf er hugsanlega tvískipt og kemur þá

þverveggurinn fast austan við holuna og virðist þar op í suður, úr austara hólfinu, fast við norðausturhorn þess hluta sem fyrst var lýst. Hvergi sér í grjót, enda eru hleðslur mjög signar og hvergi meira en 0,5 m háar. Önnur tóft er 60 m suðvestar, um 5 m frá læknum. Hún er mjög sigin og lynggróin og gæti verið eldri en seltóftin. Hún

er alls 7 x 10 m, snýr N-S en skiptist í tvennt litlu norðan við miðju. Greinilegar dyr eru í austur á nyrðra hólfinu en ekki sjáanlegar dyr á því syðra.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 2; Bréf til Þjóðminjavarðar, 1-2

**ÁR-415:019** *Réttargil* tóft rétt

64°08.229N 20°47.714V


"Austnorður af þessum flötum er Réttarflöt. Allar þessar flatir eru slægjur. Við Réttarflöt er Réttargil og þar hjá réttatættur", segir í örnefnaskrá. Annarsstaðar segir: "Sér greinilega móta fyrir dilkum, að mig minnir sex, og gerði. Einum dilkanna hefur verið haldið við eftir að hætt hefur verið að nota réttirnar. Engar sagnir höfum við heyrt eða lesið um þessar réttir, en ætla mátti að þær hefðu verið fyrir bæina sem lönd áttu að heiðinni." Réttin er 570 m vestur af selinu 018. Best er að ganga með heiðarbrúninni frá selinu og ætti þá réttin ekki að fara framhjá neinum.

Mólendi sunnan undir lynggróinni brún. Gilið er fast vestan við réttina, stórgrýtt en ekki djúpt þar sem brekkunni sleppir. Réttarflöt gæti verið flöt sem er tæpum 100 m suðvestar.

Sá hluti réttarinnar sem hefur verið haldið við er nyrst og er hann tvíhólf. Syðra hólfið er 7 x 12 m með dyr í vestur og hið nyrðra er sambyggt því, 4 x 7 m með dyr í vestur. Ekki er opið milli hólfa. Vegghleðslur eru úr stórgrýti sem líklega hefur verið tekið úr Réttargili. Hleðslur eru að mestu hrundar en nær alveg ógrónar, tæplega 1 m háar. Sunnar eru algrónar tóftir. Næst stærra grjóthólfinu og samsíða því er hólf, 7 x 14 m og suður af því, austast, eru tveir litlir, sambyggðir dилkar, hvor um sig nálægt 5 x 5 m og mótur óljóst fyrir þeim þriðja þar sunnan við. Vestan við dilkana tvo er hólf, um 10 x 12. Við vesturenda hleðslunnar sem markar það að norðan er ógróin, hringlaga hleðsla sem myndar hólf, um 4 x 4 m en þar virðast hleðslur aldrei hafa verið háar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 2; Bréf til Þjóðminjavarðar, 2




**ÁR-415:020** *Fjánhústún* tóft fjárhús

64°08.736N 20°42.333V

"Sér skilið tún framan við bæjarlækinn heitir Fjánhústún, þar hafa fjárhús verið mjög lengi. Í túninu fyrir sunnan bæjarlækinn var fjárhús og auk þess voru þar áður fyrir tvö sauðhús. Sá hluti túnsins heitir Fjánhústún", segir í örnefnaskrá. Fjánhúsið sem fyrst er nefnt sést einnig á túnakorti frá 1920. Það var 220 m suður af bæjarhól 001, sunnan við bæjarlækinn. Túnskiki sem ber hátt og hallar mót norðri, að bæjarlæk sem rennur í slakka sunnan við túnið. Heilleg tóft er á Fjánhústúni, hún snýr N-S með dyr í norður. Stærð 9 x 16 m. Syðst er 6 m breið og 8 m löng hlaða en nyrst er húsið 9 m breitt. Meðfram vesturlangvegg mótur fyrir garða og líklegt að annar hafi verið astantil en sé horfinn undir vegg. Hlaðan er allt að 2,2 m djúp og mikið bárujárn er í botni hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 2; Túnakort 1920



**ÁR-415:021** heimild um fjárhús

64°08.762N 20°42.318V


"Sér skilið tún framan við bæjarlækinn heitir Fjánhústún, þar hafa fjárhús verið mjög lengi. Í túninu fyrir sunnan bæjarlækinn var fjárhús [020] og auk þess voru þar áður fyrir tvö sauðhús. Sá hluti túnsins heitir Fjánhústún", segir í örnefnaskrá. Túnskiki sem ber hátt og hallar mót norðri, að bæjarlæk sem rennur í slakka sunnan við túnið. 2-3 iðagrænir hólar eru í túninu beint framan við fjánhústóftina 020. Líklega eru það leifar af sauðhúsunum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 2

**ÁR-415:022** heimild um 64°08.887N 20°43.912V

Í lýsingu um tóftir á Fremra-Smiðjuholti 004 segir enn fremur: "Einnig eru ógreinilegar tóftaleifar norðaustan í Fremra-Smiðjuholti nálægt mótum móa og mýrar." Þessar tóftir fundust ekki við vettvangsathugun sumarið 2001. Hins vegar fundust þar slakkar sem líklega eru gamlar mógrafir (sjá 051).



Fornleifakort - mörk túns á N-Apavatni 1917

Holtið er lynggróið allt að upptökum mýrar sem er við það að norðaustan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Blöð til viðbótar, 2

**ÁR-415:023** heimild um myllu

64°08.786N 20°42.366V


"Niður undan yngra íbúðarhúsinu í suðaustur, þar sem bæjarlækurinn fellur um túnjaðarinn var mylluhús yfir lækinn. Þar var malað korn til heimilisins og af næstu bæjum. Hve gamalt það var er ekki vitað, en það var hætt að nota það um 1914-18. Þó mun það gamalt. Nú sér lítið fyrir því en mótar fyrir hleðslu", segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Myllan var beint niðurundan rafmagnsstaur sem er sunnan

við núverandi íbúðarhús, rúma 130 m suður af bæjarhól 001. Hér rennur lækurinn í sveig frá norðri til suðausturs. Um 5 m neðan við myllustæðið rennur í hann lítil spræna úr suðri.

Mjög litlar leifar sjást af myllunni. Þó skaga grónir og jafnir kantar út í lækinn beggja vegna, um 3 m langir og 1 m breiðir en rísa ekki yfir yfirborð. 1,5 m eru á milli bakka.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Apavatn - viðbætur, 1



**ÁR-415:024** hleðsla

64°08.714N 20°43.769V

"Þar sem Rafmagnslækurinn er tekinn úr Þverá, sem fellur í Apá, er hleðsla nokkur við lækinn. Gæti hafa verið fjár eða hrossbyrgi", segir í viðbótum við örnefnalýsingu. Rafmagnslækurinn rennur úr Þverá suðaustan við Fremra-Smiðjuholt (sjá 004). Lágt og lyngvaxið holt sunnan við lækinn.

Aðhaldið hefur verið náttúrulegt að mestu leyti og lítið er eftir af hleðslum. Raunar virðist sem Rafmagnslækurinn renni í gegnum aðhaldið, a.m.k. örlar á hleðslum bæði norðan hans og sunnan. Stærð þess hefur verið um 5 x 8 m. Náttúruleg laut er sunnan lækjarins með jarðföstum klettum í hliðum. Smáhleðsla er út frá henni að vestan, með læknum. Svo vottar fyrir slitrótri hleðslu handan lækjarins. Mosagróið vörðubrot er 5 m austur af hleðslunni.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs  
**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn

**ÁR-415:025** mannabein legstaður

64°08.844N 20°42.343V

Í heimild segir: "Hér kom fyrir nokkrum árum séra Sigurður Pálsson prestur í Hraungerði og var að kanna hvar kirkjan, sem var hér fyrr á öldum hefði getað staðið. Taldi hann að mögulegt væri að hún hefði staðið fyrir framan gamla bæinn handan hlaðsins. En fyrir mörgum árum var grafið fyrir skolpleiðslu frá gamla bænum, beint niður frá honum (frá framhlið hans). Þá kom upp úr skurðinum lærbein mikið og langt. Það var snarlega grafið aftur." Staðurinn er 20-30 m suður af gamla íbúðarhúsinu sem stendur á háhólnum. Túnbrekka í halla mót suðri. Engin ummerki um hús eða annað sjást á þessu svæði, nema ef vera skyldi aflöng þúst sem lýst er í 001.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bréf til þjóðminjavarðar, 1

**ÁR-415:026** Fagurhóll tóft lambhús 64°08.867N 20°42.529V


"Á hól í túninu sem heitir Fagurhóll var alltaf lambhús áður fyrr. Sagt var að sá hól væri álfahóll", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Húsið sést á túnakorti frá 1920 og stóð 150 m norðvestur af bæjarhól 001.

Gróinn hóll vestast í túni, bratti niður af honum til vesturs.

Tóftin er enn heilleg. Hún snýr NNV-SSA með dyr í suður, alls 14 x 6 m en breiðust norðan til, þar hefur verið hlaða. Vegghleðslur eru allt að 2 m háar í hlöðunni og 6-7 umför af hleðslum eru í austurlangvegg sunnanverðum, annars eru hleðslur allsstaðar algrónar. Garðar sjást ekki í tóftinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Apavatn-viðbætur, 1



**ÁR-415:027** tóft

64°08.900N 20°42.643V


"Skammt frá gömlu réttinni [029], norðan við hana, svo sem 30-50 m, í kvos við upptök bæjarlækjarins er veggjahleðsla úr torfi og grjóti af gömlu klakhúsi sem byggt var yfir uppsprettuáugu um 1920. Það var notað til um 1930", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Klakhústóftin er vestarlega í kvosinni sem bæjarlækur kemur upp í, 250 m norðvestur af bæjarhól 001.

Kvosin er algróin og mjög grösug. Snarbrött brekka er fast vestan við tóftina.

Tóftin er hlaðin yfir læk, hann kemur upp í henni miðri norðantil og rennur út í suðri en þar eru dyr. Stærð 5 x 6 m. Veggir eru algrónir og sér hvergi í grjót, veggjahæð mest um 0,5 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Apavatn-viðbætur, 1



**ÁR-415:028** gripir

64°08.921N 20°42.663V

"Hér hefur einnig fundist forn spjótsoddur sem er á Þjóðminjasafninu. Og axarblað fornt en það glataðist. Spjótsoddurinn fannst við jarðvinnslu ekki fjarri þar sem heitir Stefnuvöllur, sléttur og grasi gróinn völlum við bæjarlækinn", segir í örnefnaskrá. Stefnuvöllur er 280-300 m norðvestur af bæ, utan gamla túnsins.

Ofan við kvosina sem bæjarlækurinn kemur uppí koma tvær aflangar lægðir til norðurs, algrónar. Á milli þeirra er hól. Í vestari lægðinni er túnrækt en túnið hefur reyndar ekki verið slegið um nokkurt skeið.

Oddurinn fannst í vesturjaðri vestari kvosarinnar við túnasléttun. Aldrei varð vart við bein né aðra muni. Ekki er vitað hvort axarblaðið fannst á sama stað. Spjótsoddurinn er "Þjms. 1959:126, G-gerð, 21,5 sm að l., br. 4 sm, þ. 1,7 sm. Ryðgað, brotinn af oddur og falur. Fannst í flagi við túnjaðarinn."


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Apavatn; Kristján Eldjárn, 338.

**ÁR-415:029** tóft rétt

64°08.861N 20°42.682V

"Neðan þjóðvegarins, svo sem 50 m og vestan við bæjarlækinn, spölkorn frá honum, er gömul rétt nú aflögð, en veggir hlaðnir úr grjóti standa enn. Þetta er heimaréttin frá fornu fari. Þar var einnig rekið að við heidasmölnun af næstu bæjum. Auk þess var lítill dilkur við hana", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Réttin stendur norðan við



heimreiðina og sést vel þaðan, 270 m vestur af bæjarhól 001.

Réttin er í tungu milli bæjarlækjar og Rafmagnslækjar, í hálfgrónum en grýttum slakka.

Tóftin er tvískipt, alls 7 x 12 m. Hún snýr NA-SV með dyr nyrst á NA-skammhlið. Þverveggur er litlu austar en fyrir miðju og dyr á honum nyrst, tóftin breikkar heldur eftir því sem vestar dregur. Hleðsluhæð veggja er allt að 1,2 m, SV-skammhlið rís hæst og eru þar allt að 6 umför af grjóti í hleðslum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Viðbætur, 1

**ÁR-415:030** *Hólfríðarbrot* heimild um vað

"Á Apá eru gömul vöð sem farin voru þangað til hún var brúuð upp úr aldamótum síðustu. Vestast er Djúpavað [005]. Þar næst Hólfríðarbrot, kennt við konu sem oft fór á milli Apavatnsbæja þar næst Hólvað [007] við Aphól [...]", segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vitað hvar Hólfríðarbrot var en miðað við lýsinguna hefur það verið á milli Djúpavaðs og Hólvaðs. Á milli þeirra eru 700 m í beinni loftlínu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn

**ÁR-415:031** þúst útihús


64°08.923N 20°42.452V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 100 m norðaustur af tóft á Fagurhól 026. Þar eru nú leifar af tóft sem hefur næstum verið jöfnuð út.

Sléttað tún en smáhæðótt.

Tóftaleifarnar eru eins og lítill hóll, alls 6 x 8 m, snýr N-S. Lítil dæld er í honum miðjum og nú er þar flag, enda sækir fé greinilega í að liggja þar. Hæð hólsins er um 1 m. Fast austan og vestan við hann eru litlir en áberandi rústalegir hólar í túninu, tveir að vestan og einn að austan. Líklegt virðist að þar hafi einhverntíma staðið útihús sem þá hafa verið aflögð fyrir 1920.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-415:032** tóft fjárhús

64°08.934N 20°42.340V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 100 m austur af 031. Þar er nú tóft.

Sléttað tún.

Heilleg fjárhústóft með hlöðu og einum garða eftir endilöngu, ofan á honum er steypt plata. Stærð tóftarinnar er 8 x 17 m og breiðust er hún nyrst, hlöðumegin, en dyr eru í suður. Veggjahæð er 1,8 m í hlöðunni en almennt eru 6-7 umför grjóts í veggjum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-415:033** tóft beitarhús


64°08.349N 20°40.035V

Stangarlækur rennur með Neðra-Apavatnslandi að austan. Austan í holti því sem næst er læknum, 1,9 km austur af bæ, er tóft.

Grasi grónir hólar með þúfum efst en túnbleðill er hjá tóftinni.

Tóftin er af beitarhúsi. Hún er tvískipt, snýr A-V með dyr syðst á austurskammhlið. Stærð alls er 16 x 8 m og breidd mest vestast en ekki nema 5 m astantil. Fremra hólfid er 6 x 5 m en það innra 9 x 8 m. Vesturhluti þess er niðurgrafinn og allt að 2,2 m djúpur en upphækkun austanmegin. Líklegra er að þar hafi verið heygardur en hlaða.

**Hættumat:** engin hætta



**ÁR-415:034** garðlag vörslugarður

64°08.768N 20°39.379V

"Á Lambatanga mótar fyrir garði þvert yfir hann mjög genginn í jörð. Gæti hafa verið vörslugarður", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Lambatangi gengur út í Stangarlæk um 550 m austur af beitarhúsatóft 033.

Mýrlendi með miklum mosabungum.

Garðurinn er alveg siginn og sést betur á loftmynd en jörðu niðri. Hann er 2-3 m breiður og torfhlaðinn, eingöngu sjáanlegur vegna þess að gróður á honum er dálítið öðruvísi en í mýrinni umhverfis. Lengd er um 200 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Viðbætur, 1

**ÁR-415:035** tóft óþekkt


64°08.630N 20°40.071V

Tóft er við Stangarlæk, suðaustur af hólrana þeim sem tóft 033 er í, 405 m suður af henni og um 600 m suðvestur af garðlaginu 034 í Lambhaga.

Lágur og flatur vallendisstallur við Stangarlæk og er tóftin norðvestast á honum, í krika þar sem bakkinn tekur að hækka.

Tóftin er ellileg og sigin, snýr A-V og er alls 6 x 3 m. Grjót sést hvergi og ekki heldur dyraop. Lægð er í miðju hennar.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-415:036** hleðsla

64°08.422N 20°40.729V

"Við vað á Stangarlæk, sem kallað er Kirkjuvað - en þar liggja þjóðgötur yfir - er mannvirki nokkurt á vestri bakka lækjarins, austan megin vaðsins. Þar hefur verið byrjað á hleðslu fyrir brúarsporði. Enginn hefur kunnað að segja frá hvenær þetta gæti hafa verið gert, né af hverjum", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Tæpum 10 m norðan við vaðið, á lækjarbakkanum, vottar fyrir hleðslu.

Hálfgróinn bakki, lynggróður mest áberandi en stórgrýti í flögum innanum.

Ekki ber mikið á hleðslunni. Um er að ræða gróinn kant sem skagar út í lækinn, 2 m langan og 5 m breiðan. Ekki er hægt að greina grjóthleðslu vegna gróðurs en nokkuð af mosavöxnu lausagrjóti liggur ofan á kantinum og við hann og hefur greinilega verið flutt þangað.

**Hættumat:** hætta, vegna mannaferða

**Heimildir:** Bréf til þjóðminjavarðar, 2

**ÁR-415:037** Gvendarlækur þjóðsaga vatnsból

64°08.684N 20°41.345V

"Í suðaustur frá bænum ef til vill um km. fjarlægð er hóll lítill kallaður Gvendarhóll. Við hann rennur lítill lækur sem heitir Gvendarlækur. Sú var trú að vatnið í honum hefði lækningarmátt", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Gvendarhóll er austan við Fannalæk sem rennur í austurjaðri Stekkjarmýrar. Hann er tæpa 900 m suðaustur af bæ. Hóllinn er strýtumyndaður og gróinn. Norðan hans rennur Gvendarlækur í Fannalæk, vatnsmikill og tær. Ekki er langt síðan trú á lækningarmátt Gvendarlækjar fór að dvína. Amma Magnúsar Grímssonar lét sækja vatn fyrir sig í lækinn sem hún þvoði augu sín með.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Bréf til þjóðminjavarðar, 1

**ÁR-415:038** garðlag túngarður

64°08.963N 20°41.826V

Hlaðinn túngarður er með austurhlið túnsins, austan bæjarlækjar. Hann er alllangt austan við mörk núverandi túns. Þýft holt. Garðurinn liggur frá Apavatni og til suðvesturs og endar þar eftir 4-500 m. Hann virðist eingöngu hlaðinn úr torfi, er rúmlega 1 m hár og 1 m breiður. Á honum er gömul vírgirðing. 100-200 m frá vatninu er hlið á honum og liggur gata þar í gegn til austurs, hugsanlega á Stekkjarholt 011. Vitað er að garðurinn var hlaðinn 1913-14 en ekki er ljóst hvort það var viðgerð á eldri garði eða frumraun.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-415:039** náma mógrafir

64°08.957N 20°41.442V

Mór var tekinn við sunnanvert Apavatn, norður af Stekkholti 011 en 750 m norðaustur af bæjarhól 001.

Gljúp mýri. Mógrafir sjást á svæði sem er 20 m breitt og 100 m langt. Þær eru mjög greinilegar, allt að 2,5 m djúpar og situr víða mikið vatn í þeim.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-415:040** gryfja kolagröf

64°09.392N 20°40.156V

"Árið 1991 þegar grafið var fyrir rotþró við sumarhús austarlega í Apavatnsnesi, örskammt frá vatninu, var komið niður í viðarkolalag á nokkru dýpi. Við nánari athugun fundust þar einnig gjallleifar. Bendir það til að þarna hafi verið viðarkolagerð og járnvinnsla til forna. Örskammt þarna frá mótari fyrir fleiri dældum eins og þeirri sem grafið var niður í. Gætu verið í tengslum við þessa járnvinnslu og viðarkolagerð", segir í örnefnaskrá. Sumarbústaðurinn er sá nyrsti og austasti í nesinu og rotþróin er 10 m norðaustan við hann.

Kjarri vaxið mólendi en töluverð trjárækt við bústaðinn, t.d háar aspir.

Nú sést auðvitað ekki til staðarins þar sem gjallið og kolin fundust, enda er rotþróin þar. Þegar gröfin fannst fór Guðmundur Ólafsson, fornleifafraeðingur á Þjóðminjasafni, á staðinn og skrifaði seinna skýrslu til bráðabirgða. Skv. Guðmundi bendir flest til að um venjulega kolagröf hafi verið að ræða því að mikið af viðarkolum fannst en auk þess gjall. Það þótti sérstakt, enda ekki vitað til þess að járnvinnsla hafi farið fram þar sem gert var til kola. Guðmundur telur að gröfin, sem var 50 sm undir yfirborði, hafi alls verið um 6 x 3 m að stærð. Ekki var unnt að segja til um ástæðu gjallleifa í gryfjunni. Guðmundur telur að um venjulega kolagröf hafi verið að ræða en hugsanlega hafi hún fengið annað hlutverk, tengt járngerð, eftir að upprunalegu hlutverki lauk. Þó telur hann


mögulegt að gjallið hafi blandast þangað með öðrum hætti, enda var það á afmörkuðu svæði yfir viðarkolalaginu í gryfjunni. Guðmundur segir að lokum: "Á yfirborði sést móta fyrir fleiri gryfjum á svæðinu og þyrfti að skrá þær og merkja inn á kort." Víða eru dældir og slakkar í námunda við staðinn en ómögulegt að segja til um hverjar eru náttúrulegar og hverjar gerðar af manna höndum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Viðbætur, 1; Kolagröf við Apavatn, 3-7

**ÁR-415:041** tóft

64°09.487N 20°40.179V



"Fremst í [Apavatsnesi] austan við sumarhúsið, alveg á vatnsbakknum, sem er stórgrýttur þarna og frekar hár, er tóft eða kví sem er opin þar sem að vatninu snýr. Áður fyrr hefur vatnið staðið hærra og þá hefur þessi tóft verið við vatnsborðið. Það mætti hugsa sér að hún hafi verið notuð til að reka í hana gæsir og álftrif af vatninu þegar þær voru í sárum", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Tóftin er í lægð alveg fremst á nesinu, þar sem það teygir sig lengst í norður.

Lyngi vaxin blágresislaut.

Vegna hás gróðurs er örðugt að sjá nákvæma lögun réttarinnar.

Greinilegt er ferhyrnt hólf, 6 x 8 m en ekkert op sést á því. Það snýr A-V og fylgir þannig vatnsborðinu. Um 4 m löng hleðsla liggur út frá því til austurs frá NA-horni og lítil kró, um 2 x 3 m er sambyggð norðan við NV-horn. Ekki er ljóst hvort hleðslan hefur tengst litlu krónni. Allar hleðslur eru hrundar og mjög mosavaxnar. Um 5 m eru niður að vatnsborðinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-415:042** Vopnahús þúst

64°08.953N 20°42.227V

"Austarlega í túninu í suður frá Orustudal er löng laut tvískipt í smáhól og er kölluð Vopnahús." segir í viðbótum við örnefnaskrá Apavats. Í friðlýsingarskrá segir: "Forn tóft nefnd "Vopnahús", austur á túbala", en tóftin var friðlýst 1927. Tóftin er um 200 m ANA af bæjarhól 001. Um hana segir í Árbók fornleifafélagsins 1905: "Þó er þar enn, austur á túnhalanum, aflöng tvískipt tóft, sem kölluð er Vopnahús. Svo sagði mér Vigfús sál. Daníelsson, er þar bjó lengi. Skamt þaðan, norðan við túnjaðarinn, er kringlótt lág, sem heitir Orustulág. Um tildrög þessara örnefna er alt ókunnugt. Stafir þau bæði frá hinu sama atviki, getur það ekki verið Apavatsför Sturlu Sighvatssonar, því þar varð engin orusta að því sinni."

Ósleginn blettur í túni, hátt gras.

Nær ógerlegt er að sjá tóftalag á Vopnahúsi, það er í besta falli þúst eða lágur hóll. Ummál hans er um 30 x 30 m en ekki er þar með sagt að það sé nálægt upprunalegri stærð tóftarinnar. Tóftin var aldrei sléttuð en hefur sigið mikið saman. Þegar Ingibjörg Ebba Magnúsdóttir man fyrst eftir var hún aflöng og tvískipt og líktist einna helst fjárhústóft.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Viðbætur, 1; FF, 76; Brynjúlfur Jónsson 1905, 40-41.

**ÁR-415:043** þúst

64°08.870N 20°42.218V

"Niður undir bæjarlæknum í aust-suðaustur frá gamla bænum, voru mikil tóftarbrot í túnjaðrinum. Mótaði þá greinilega fyrir fjórum samstæðum húsum í bæjarröð og heygardi að baki. Einnig mótaði fyrir garðlagi vestan við þau. Nú hefur verið sléttað yfir þessi verksummerki", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Tóftirnar voru í túnjaðrinum 110 m ASA af bæjarhól 001.

Heldur óslétt graslendi utan túns.

Sléttað var yfir tóftirnar að mestu. Þó sést þar óglögg þúst, alls um 30 x 30 m. Á 2-3 stöðum sjást í henni óljósar og grunnar dældir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bréf til þjóðminjavarðar, 1

**ÁR-415:044** Gyltuholt þjóðsaga legstaður

64°09.130N 20°42.199V

Sagnir eru um að í Gyltuholti hafi Gylta verið heygð. Gylta átti að hafa verið kona Apa þess er nam Apavatn. Gyltuholt er framan við Gyltulæk, skammt utan túns og um 500 m NA af bæ.

Þýft, lágt holt, líklega um 100 m langt en litlu mjórri en það.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-415:045** vegur

64°09.376N 20°42.727V

"Után túns og neðan þjóðvegarins í suðvestur frá íbúðarhúsinu, sunnan heimavegarins í skarði milli lágra hæða

sér fyrir vegarspotta. Það er hluti þess vegar sem fyrst var lagður að Laugarvatni á árunum 1928-1929. Einnig er hleðsla beggja megin Apár, rétt fyrir neðan brúna. Þar var brúin á þessum gamla vegi", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Brúin var 80-100 m neðan við núverandi brú yfir Apá.

Kjarri- og lyngvaxinn mói.

Allt að 50 m löng grjót hleðsla kemur að ánni úr suðri, hún er 4 m breið og 1 m há, nær algróin. Líklega er nær lagi að kalla hleðsluna veg en brú. Norðan árinna sjást ekki teljandi hleðslur. Girðing er á hleðslunni og skilur hún á milli tveggja sumarbústaðalanda.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Viðbætur, 1

**ÁR-415:046** tóft

64°09.363N 20°42.496V

"Við Apá neðarlega - fyrir neðan Þjóðveginn er grunnur af rjómabúi, sem var starfrækt upp úr aldamótum og víst til um 1920", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Leifar rjómabúsins eru tæpa 200 m austur af brúarleifunum 045. Í bókinni "Undir tindum" eftir Böðvar Magnússon segir lítillega frá stofnun rjómabúsins 1903 og byggingu þess en einkum ferð sem var farið á Stokkseyri að sækja efnivið. M.a. segir: "Nýtt hús þurfti að byggja, rjómaskála 10 X 12 álnir á steiptum grunni og kjallara til að geyma smjörvið í. Allt efni í húsið, svo sem járn, timbur og sement, keyptum við hjá kaupfélaginu Ingólfi á Stokkseyri, sem þá var nýstofnað."

Rjómabúið stóð á árbakka undir brattri brekkubrún sem lúpínu hefur nú verið sáð í. Uppi á brúninni er sumarbústaður.

Grunnur rjómabúsins er heillegur en hár gróður er í kring um hann. Hann hefur verið byggður úr tilhöggnu grjóti sem límt er saman með steypu eða steinlími. Stærð alls 7 x 8 m. Lítið hólf er í suðurenda og snúa dyr í austur, innanmál þess er um 6 x 2 m en agnarlítið hólf inn af því, um 0,5 x 0,5 m. Sá hluti grunnsins sem er norðan við hólfíð er e.k. stallur og snýr brún hans að læknum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Bréf til Þjóðminjavarðar, 1; Böðvar Magnússon, 301

**ÁR-415:047** Lyngdalsgötur gata leið

64°07.654N 20°48.416V

Lyngdalsgötur lágu frá bænum til vesturs og í Lyngdal. Þar var heyjað fram undir 1950. Göturnar sjást vel austan við réttartóft 006. Líklegt er að leið sem lá yfir sunnanverða Lyngdalsheiði hafi verið á svipuðum slóðum en henni er lýst svo í bók Guðrúnar Ásu Grímsdóttur: "Brynjúlfur Jónsson frá Minna-Núpi kallaði leiðina vestur yfir Lyngdalsheiði Skálholtsmannaveg og sagði að hæfist nálægt Stangarlæk, sem er milli Mosfellsfjalls og Neðra-Apavatns, liggur til norð-vesturs yfir í Lyngdal, þá sunnan undir Hrófshólum vestur í Hrólfsdal ... þá vestur að norðuhorni Búrfellsfjalls og norðan undir því og kemur að Soginu, þar sem að fellur í Úlfjótuvatn. Segir Brynjúlfur að sú sögn hafi verið að um þennan veg hafi Skálholts vinnumenn flutt aðdrætti staðarins frá Faxaflóa, Suðurnesjum og Grindavík og áttu því flutning yfir Sogið hjá Kaldárhöfða."

Lyngi vaxið móapýfi.

Greinilegur troðningur liggur hjá tóftinni 006 og til suðurs.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Guðrún Ása Grímsdóttir, 39

**ÁR-415:048** Tjaldflöt örnefni tjaldstæði

"Skammt fyrir norðan Sláttuflöt er Tjaldflöt. Um hana rennur lítill lækur, Tjaldflatarlækur. Á þessum flötum - Sláttuflöt, Mjóuflöt og Tjaldflöt var heyjað af og til. Seinast var þar slegið um 1950", segir í örnefnaskrá. Tjaldflöt er í Lyngdal, einhversstaðar á svæðinu milli Réttargils 019 og tóftar 006.

Víða eru sléttar og grösugar flatir á þessu svæði.

Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Tjaldflöt var.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Viðbætur, 1

**ÁR-415:049** Áfangamýri heimild um áfangastað

64°09.021N 20°47.316V

"Þá kemur Heiðarbrúin og neðan undir henni eru mýrardrög sem heita Hálfánartungur og neðan undan þeim engi, sem heitir Áfangamýri. Hún er kennd við forna alfararleið. Um hana liggja gamlar götur upp og norður heiðina", segir í örnefnaskrá. Mýrin er vestan við Smiðjuholt 004, fast við rætur Lyngdalsheiðar austanverðrar og hefur væntanlega verið áfangastaður á svonefndri Biskupaleið 015. Ekki var farið í mýrina sumarið 2001.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn

**ÁR-415:050** gata leið

64°08.443N 20°40.838V

"Vestan við Háubrekku er Grafarhæð [014] og dregur nafn af gömlum mógrofum. Yfir hana lá leiðin að



Fornleifakort – Neðra-Apavatn og Þóróddsstaðir

Mosfellskirkju um götur að vaði [016] á Stangalæk", segir í örnefnaskrá.  
Lyngmóar að mestu.

Leiðin lá að mestu á sama stað og leiðin milli Þingvalla og Skálholts 015 og var m.a. farið yfir á sama vaði og á þeirri leið, Kirkjuvaði 016. Þó sveigði þessi leið til norðurs að Apavatnsbænum í stað þess að halda áfram til vesturs. Þá hefur hún legið suður fyrir Mosfell.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Neðra Apavatn, 1

**ÁR-415:051** náma mógrafir 64°08.887N 20°43.912V

Norðaustan í Fremra-Smiðjuholti (sjá 004), nálægt mótum mýrar og móa, eru mógrafir.

Mýrlendi í halla mót norðri og austri.

Á þessum stað er mikið af dældum sem líklega eru gamlar mógrafir, allt að 1,5 m djúpar og yfirleitt blautar í botni. Svæðið er 10-20 m breitt og lengdin líklega yfir 100 m.

**Hættumat:** engin hættu

## ÁR-416 Þóroddstaðir

32 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Fyrst getið [1220]: "Máldagi kirkjunnar að Apavatni í Grímsnesi,...Tivnd skal þar heima allra þeirra manna er þar erv vistvm eða a Þoris stoðvm en eigi af fleirvm bæivm." - DI I, 405.

1920: Tún 6,8 ha, þar af slétt ¾. Garðar 1208 m².

"Bærinn stendur á lágum hól. Túnin eru vestan við bæinn upp að þjóðvegi til Laugarvatns. Framræst mýrlendi er austan og sunnan við bæinn að Stangarlæk. Ofan þjóðvegur er heið, þurrir en graslitlir móar og miklir ræktunarmöguleikar. Stangarlækur ræður mörkum að austan og sunnan, allt til upptaka í Lyngdalsheiði." Sunnlenskar byggðir III, 120.

**ÁR-416:001** Þóroddsstaðir bæjarhóll bústaður 64°07.935N 20°42.578V

Bæjarstaðið sem sýnt er á túnakorti frá 1920 er 2-300 m NNA af núverandi íbúðarhúsi sem var byggt 1990.

Bærinn stóð sunnan undir ávölum og áberandi hól með stórru þúfu í kalli. Vestan og sunnan við er tún en að austan er mýri sem nú hefur verið grafin út að mestu.

Í örnefnaskrá er gamla íbúðarhúsinu lýst svo: "Íveruhúsið er timburhús 14 og 7 álnir með forstofu og skúr-inngangi. Forstofan er fyrir miðju húsinu að sunnan. Úr henni er gengið í baðstofuna til vinstri, en stofuna til hægri handar, en norður úr henni í eldhúsið. Austur úr eldhúsinu er svo gengið í gegnum skúr, sem er meðfram húsinu að austan, einnig er gengið vestrur eldhúsinu í þvottahús, og úr því í kjallara, sem er undir öllu húsinu, og er nokkuð af honum notað sem búr, en nokkuð fyrir eldivið. Eftir öllu húsinu er svo loft, sem notað er fyrir geymslu." Ekki er vitað hve lengi íbúðarhúsið stóð. Nú sjást þess engin merki, bærinn hefur verið rifinn og rústunum ýtt út. Mikið sést af grjóti á bæjarstaðinu og járnarusli af ýmsu tagi. Hóllinn er mjög greinilegur, um 30 x 40 m en mest um 1 m hár.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Þóroddsstaðir, 1

**ÁR-416:002** heimild um útihús 64°07.929N 20°42.809V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 20 m suðvestur af bæjarhól 001. Það gæti verið annaðhvort þeirra húsa sem um segir í lýsingu frá 1929: "Eitt hesthús með járn er vesturá hlaðinu, og tekur það um 6 hesta og er þar líka kofi sem hafður er fyrir hrúta."

Sléttuð tún.

Ekki sjást neinar tóftaleifar á þessum stað.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Þóroddsstaðir SI, 1

**ÁR-416:003** heimild um útihús 64°07.930N 20°42.609V


Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 20 m vestur af bæjarhól 001. Það gæti verið annaðhvort þeirra húsa sem um segir í lýsingu frá 1929: "Eitt hesthús með járn er vesturá hlaðinu, og tekur það um 6 hesta og er þar líka kofi sem hafður er fyrir hrúta."

Sléttuð tún.

Ekki sjást neinar tóftaleifar á þessum stað.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



*Póroddsstaðir – mörk túns 1920*

**ÁR-416:004** heimild um útihús 64°07.968N 20°42.759V  
 Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 150 m VNV af bæjarhól 001, norðan traðanna 013.  
 Slétt tún, nú beitarhólf fyrir hross.  
 Engin tóft sjáanleg, aðeins iðagrænn og gróskumikill hóll, vaxinn sóleyjum.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-416:005** *Heimaalda* álagablettur 64°07.852N 20°43.348V  
 "Austan í Heimaöldunni er vallendisflöt og eru þau munnmæli, að megi ekki slá hana, því þá drepist einhver bezti hesturinn á bænum." seir í örnefnalýsingu. Heimaalda er jaðarinn þar sem land fer hækkandi upp til Lyngdalsheiðar vestan bæjar.  
 Lyngi vaxnar flatir undir brún sem snýr mót austri.  
 Ekki er nú vitað nákvæmlega hvar þessi tiltekna flöt var.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö- Póroddsstaðir, 3

**ÁR-416:006** heimild um útihús 64°07.899N 20°42.663V  
 Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 90 m suðvestur af bæjarhól 001 en um 140 m suðaustur af 004. Þetta gæti verið eitt þeirra húsa sem lýst er svo árið 1929: "Svo er vestur á túninu tvístætt garðahús með járn, sem tekur um 115 kindur og heyhlaða við það, er tekur 130 hesta. Annað fjárhús er fremst á túninu, tvístætt garðahús með járn og tekur það um 100 fjár og er haft fyrir lömb og sauði, þar hjá er hesthús fyrir 3 hesta." Sléttað tún.  
 Húsið er horfið.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Póroddsstaðir SI, 1

**ÁR-416:007** heimild um útihús 64°07.895N 20°42.673V  
 Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 10 m suðvestur af 006. Þetta gæti verið eitt þeirra húsa sem lýst er svo árið 1929: "Svo er vestur á túninu tvístætt garðahús með járn, sem tekur um 115 kindur og heyhlaða við það, er tekur 130 hesta. Annað fjárhús er fremst á túninu, tvístætt garðahús með járn og tekur það um 100 fjár og er haft fyrir lömb og sauði, þar hjá er hesthús fyrir 3 hesta."

Sléttað tún. Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Þróddsstaðir SI, 1

**ÁR-416:008** heimild um útihús

64°07.893N 20°42.699V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 20 m vestur af 007. Þetta gæti verið eitt þeirra húsa sem lýst er svo árið 1929: "Svo er vestur á túninu tvístætt garðahús með járni, sem tekur um 115 kindur og heyhlaða við það, er tekur 130 hesta. Annað fjárhús er fremst á túninu, tvístætt garðahús með járni og tekur það um 100 fjár og er haft fyrir lömb og sauði, þar hjá er hesthús fyrir 3 hesta. Sléttað tún. Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920; Ö-Þróddsstaðir SI, 1

**ÁR-416:009** álagablettur

64°07.997N 20°42.627V

"Norðrá túninu er hár hóll og er stór þúfa upp á honum, sem er munnmæli um, að megi ekki slá, því þá drepist bezta kýrin í fjósinu" segir í örnefnalýsingu. Hóllinn er 120 m norður af bæjarhól 001, hann er hár og greinilegur og þúfan sérstaklega áberandi. Ávalur hóll, hár og mikill. Hann er gróinn og eiginlega samtengdur túni. Þúfan á háhólnum er um 1 x 1 m að grunnfleti og allt að 70 sm hjá. Hún lítur ekki út eins og venjuleg hundapúfa og gæti verið manngerð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Þróddsstaðir, 2

**ÁR-416:010** garðlag

64°08.027N 20°42.565V

Hár hóll er norðan við gamla bæjarstæðið (sbr. 009). Garðlag liggur frá rótum hans að norðaustan.

Þýfð ræma milli hólsins og skurðar sem liggur SA-NV. Garðurinn liggur þvert yfir ræmuna. Svæðið er bitið af hrossum og garðurinn auðséður þess vegna. 20 m langur garður, allt að 2 m breiður og 1 m hár. Hann er töluvert siginn og hlaupinn í þúfur og virðist eingöngu torfhladdinn því að hvergi sér í grjót. 1-2 m austar vottar fyrir öðrum garði samsíða sem er minni um sig og minnr frekar á áveitugarð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Þróddsstaðir, 1

**ÁR-416:011** Þórnýjarhóll

bæjarstæði býli


64°08.064N 20°42.503V

"Fyrir austan túnið er hóll með gömlum bæjarrústum, og er sagt, að þar hafi nú fyrir mörgum árið (svo) búið gömul kona, er Þórný hét, og hóllinn kenndur við hana og nefndur Þórnýjarhóll." Eini hóllinn sem kemur saman við þessa lýsingu er um 250 m norðaustur af bæjarhól 001. Skurður er milli hans og hóls sem er norðan við bæjarhól og álitinn álagablettur 009.

Ávalur og lágur hóll eða holt sem væri lítt áberandi ef ekki væri fyrir rústirnar sem á honum eru. Hóllinn er þýfður og gróinn, sumsstaðar vaxinn lágum víði. Mikill mosi er í túnstæðinu en gróska umhverfis tóftir.

Á Þórnýjarhól er heilt og algerlega óspillt bæjarstæði

með bæjarrúst og fjölda útihúsa. Suðaustast á hólnum er stærsta rústin sem er greinilega af litlum bæ. Framan við hana er ferkantaður garður, líklega kálgarður með op í vestur, að bæjarrústin, alls 14 x 15 m. Bæjarrústin



snýr með framhlið í suðaustur og er alls 19 x 10 m. Syðst er stakt hólf, 7 x 6 m með dyr í SA. Norðvestan við það er óreglulegt hólf, 4 x 7 m. Dyr þess eru að norðan, við fyrstnefnda hólf, líklega aðalinngangur. Inn og norður af því er hólf, 8 x 5 m og virðist L-laga. Nyrst er svo stök tóft, 4 x 4 m með dyr í SA. 2 m vestan við bæjartóftina er djúp tóft (1,5 m), líklega hlaða og ekki óhugsandi að hún hafi verið sambyggt bænum. Líklega hefur hús verið fast sunnan við hana, þar mótar ógreinilega fyrir veggjum. Stærð djúpu tóftarinnar er 11 x 6 m en hugsanleg viðbygging hefur verið um 11 x 2,5 m. Dyr eru á SA-horni. 3 m NV af þessari tóft eru tvær samhliða en aðskildar tóftir, sú syðri 3 x 5 m með dyr í SA en sú nyrðri er 2 m fjær og öllu ógreinilegri, 2 x 3 m. Um 30 m NV af þeim tveimur sjást leifar af túngarði sem liggur niður hólinn til suðurs. Hann er alls um 40 m langur en hverfur við skurð. Rúma 20 m NV af samstæðu tóftunum tveimur er stök tóft sem snýr NV-SA með dyr í austur. Hún er alls 7 x 4 m og hugsanlega hefur henni verið skipt í tvennt með vegg eftir endilöngu. 35 m SA af henni er stór rúst sem snýr SA-NV og er niðurgrafin í norðurenda. Stærð alls 17 x 9 m, breidd mest nyrst. Líklega hefur þetta verið fjárhús með hlöðu. Rúma 20 m norður af henni er enn ein tóftin, 5 x 9 m, snýr NV-SA en ekki ljóst hvar dyr hafa verið. Hleðsla gengur út úr tóftinu til NV og gæti hugsast að það séu leifar af túngarði. Sé það rétt hefur tóftin verið hlaðin við hann utanverðan og ekki ólíklegt að hún hafi verið rétt. Hleðsluhæð veggja á svæðinu öllu er mest um 1,5 m þar sem um niðurgrafin hólf er að ræða, annars almennt 0,5-1 m. Ekki sér víða í grjót og gróska er ekki mjög mikil.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Þóroddsstaðir, 2

**ÁR-416:012** *Veitur* heimild um áveitu

64°08.212N 20°42.565V

"Fyrir norðan túnið eru sléttar vallendisflatir, sem kallaðar eru Veitur, og eftir þeim miðjum rennur smálækur, sem veitt er á þær." segir í örnefnalýsingu. Veiturnar eru vestur og norðvestur af Þórnyjarhól 011.

Sléttar og grónar flatir. Holt er með þeim að austan en ræktað tún að vestan.

Ekki sjást áveitugarðar í Veitum. Lækarfarvegurinn er nú alveg þurr, hann liggur N-S. Víða sjást rásir í flötunum, hugsanlega ummerki áveitu en gætu líka verið gamlar kindagötur. Hluti af Veitunum fór undir túnið vestan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Þóroddsstaðir, 3

**ÁR-416:013** heimild um traðir

64°07.933N 20°42.627V

"Heimreiðin er um traðir, sem liggja beint vestrúr túninu, og skiftist túnið um traðirnar og kallað Framtún fyrir framan þær, en Norðurtún fyrir norðan." segir í örnefnalýsingu. Traðirnar sjást einnig á túnakorti frá 1920 og lágu til vesturs frá bæjarhól 001.


Þar sem traðirnar voru er nú sléttá tún allt út að veginum sem liggur norður á Laugarvatn.

Enn sést hluti gömlu heimreiðarinnar vestast í túninu og er líklegt að traðirnar hafi legið í sömu stefnu og hún.

Þær eru hins vegar alveg horfnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 2



**ÁR-416:014** tóft beitarhús

64°07.691N 20°41.054V

"Þar [í Lækjarmýri] er fjárhús með torþpaki og heyhlaða við, og eru þar hafðir sauðir." segir í örnefnalýsingu. Lækjarmýri er austan við Krossholt, en það er stóra holtið sem liggur N-S austan bæjar, um 1,3 km suðaustur af bæ.

Húsið hefur verið byggt á þúfnarima sem er lítið breiðari en húsið sjálft og liggur N-S í mýrinni austan Krossholts.

Greinileg beitarhúsatóft en frekar sigin, snýr N-S. Djúp hlaða er í norðurenda, þar er húsið breiðast um sig en stærð þess alls er 14 x 6 m. Ekki sjást garðar en veggir hafa hrunið mikið inná við og eru nú nær algrónir. Hleðsluhæð er allt að 1,5 m sé staðið utan tóftar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Þóroddsstaðir, 2

**ÁR-416:015** tóft

64°07.946N 20°41.525V

Krossholt nefnist stóra holtið sem liggur norður - suður austan bæjar. Sagt er að það dragi nafn sitt af löguninni þó ekki sé það augljóst. Norðarlega í holtinu, vestan í því, er tóft í skorningi milli tveggja hóla, tæpa 900 m austur af bæjarhól 001.

Tóftin er sunnan í vallendishól. Annars er holtið mjög þýft og mosagróið.

Tóftin er líklega af rétt og sýnist tvíhólfa. Hún er byggð utan í hólinn og er alls 13 x 8 m, hefur verið rekið inn að austan. Í NV-horninu er lítil kró, um 4 x 4 m sem hefur opnast í austur, inn í stærra hólfíð. Hvergi sér í grjót og hleðsluhæð veggja er mest um 0,8 m.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-416:016** *Grásteinn* þjóðsaga


"Hjá honum [Stórahól] er stór steinn, sem heitir Grásteinn, og eru þau munnmæli, að ef fenginn er hestur einhversstaðar að og teymdur þrisvar kringum Grástein, þá strjúki hann ekki." segir í örnefnalýsingu. Grásteinn er 1,3 km suðvestur af bæ. Steinninn er suðaustan við Stórahól og sést vel frá vegi.

Sunnan við steininn er stór malarnáma og liggur akvegur þangað. Annars eru lynngróar í kring.

Stakur og áberandi steinn eða klettur, um 1,7 m háur og 2 x 2 m að grunnflatarmáli. Hann stendur 80-100 m norðan við malarnámuna.

**Hættumat:** hætta, vegna grjótnáms

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 3



**ÁR-416:017** *Tjaldhóll* örnefni áfangastaður

64°08.392N 20°42.968V

"Rétt fyrir vestan veiturnar eru þrjú hólar. Norðasti hóllinn heitir Tjaldhóll og er í mörkum við Apavatnsland." segir í örnefnalýsingu. Tjaldhóll er 50-100 m vestan við veginn að Laugarvatni, fast við landamerkin, rúma 900 m norður af bæ.

Melhóll, nokkuð gróinn. Umhverfis eru lynngróar. Stórt sár er í Tjaldhól þar sem hann hefur verið skemmdur með efnistöku. Því virðist nú hafa verið hætt.

Talið er að við hólinn hafi verið áningarstaður á leið biskupa frá Skálholti á Þingvöll (sbr. leið ÁR-415:015).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, 3

**ÁR-416:018** *Kolgrafarhóll* 2 tóftir kolagröf

64°07.783N 20°46.383V


"Upp af Kolgrafarmýri er hóll, sem heitir Kolgrafarhóll. Suðvestan í honum eru tóftir tvær, sem gætu verið kolagrafir", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er 1,3 km SSA af seli í landi Neðra-Apavatns (ÁR-415:018) en 3,1 km vestur af Þóroddsstöðum.

Lítill melhóll, lynngróinn vel upp fyrir miðjar hlíðar en blásinn efst. Gömul vírgirðing lafir uppi fast austan við hann. Mýri er norðaustan við.

Tvær litlar tóftir eru sunnan í hólnum. Sú fremri er rétt við hólræturnar en hin þétt upp við hana að norðan. Fremri tóftin er 2 x 2 m en hin litlu stærri, um 2,5 x 2,5 m. Báðar eru þær hringlaga en sú minni er frábrugðin að því leyti að engu líkara er en op sé á henni til suðurs. Hleðslur, sem eru eins og torfkragar umhverfis dældir, eru mest 0,2 m háar, algrónar og signar. Hvergi sér í grjót.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Þóroddsstaðir, viðbót 1



## ÁR-417 Sveinavatn

16 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Einnig Svínavatn.

1920: 4 ha, þar af slétt um 5/6. Garðar: 540 m<sup>2</sup>. "Bærinn stendur norðan við samnefnt vatn. Jörðin er að mestum hluta gróin heiðarlönd en mýrar eru með vatninu og útfalli þess. Þjóðvegur liggur um landið og skiptast hér leiðir í Laugardal og Biskupstungur. Jörðin er snjóþung og kalhætta á túnnum." Sunnlenskar byggðir III, 121.

### ÁR-417:001 Sveinavatn bæjarhóll bústaður

64°06.292N 20°41.902V

Bæjarhóllinn er fast suðvestan við núverandi íbúðarhús sem byggt var 1967. Á honum stendur eldra íbúðarhús byggt 1927, það er bárujárnsklætt og ekki notað lengur til íbúðar.

Ávalur hóll fremst á túnbrún. Hallar fram af honum til suðurs. Heimreið liggur að honum úr norðri og er bílastæði nyrst á hólnum.

Greinileg hólmyndun, heildarstærð hóls er um 50 x 30 m. Gamla íbúðarhúsið, sem er um 6 x 7 m að grunnfleti, stendur á upphlöðnum stalli en ekki er kjallari undir því. Íbúðarhúsið er byggt inni í torf- og grjóthlaðinni tóft sem umlykur grunn þess á þrjá vegu, allsstaðar nema að sunnan. Framan við vesturhluta hólsins vex hvönn og rabbabari, einnig er gamalt og kræklótt tré sunnan við hólinn, líklega reyniviður. Um 15 m sunnan við upphlaðna stallinn sem húsið stendur á er annar, hlaðinn og brattur kantur, gæti verið fremri brún á kálgarði. Hlaða og fjós stóðu um 10 m suðaustan við gamla bæinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

### ÁR-417:002 heimild um útihús

64°06.319N 20°41.857V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 40 m austur af bæjarhól.

Sléttað tún í halla mót suðri, fast norðan við það er plan fyrir vinnuvélar og skemma.

Ekkert sést til hússins og ábúendur kannast ekki við útihús á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

### ÁR-417:003 heimild um útihús

64°06.354N 20°41.786V


Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 80 m austur af 002.

Sléttað tún.

Ekkert sést til hússins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



Fornleifakort – mörk túns á Svínavatni 1920

**ÁR-417:004** heimild um útihús

64°06.363N 20°41.798V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 30 m norður af 003.

Nú er á þessum stað stórt fjárhús með steiptum veggjum. Hugsanlegt er að eldra húsið hafi staðið fáeinum metrum vestar en það, þar er nú malarplan og geymslusvæði fyrir gamla bíla og vinnuvélar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Túnakort 1920**ÁR-417:005** Stekkjarholt tóftir

stekkur


64°06.134N 20°41.897V

Í örnefnaskrá segir: "Vestanverðu við vatnið gengur út í það holt til austurs, beint á móti bænum, er heitir Stekkjarholt. Austast á því eru rústir fornar, gæti það verið gamall stekkur, sem holtið ber nafn af, en virðast þó vera stærri og meiri en venjulegur stekkur." Holtið er augljóst suðvestan bæjarins og eru tóftirnar austast eða fremst á því.

Holtið er þýft og mjög mosavaxið en töluvert ber á grasi umhverfis rústirnar. Austasti hlutinn er töluvert lægri en háholtið.

Aðalrústin er austarlega, alls um 16 x 10 m en bróðurpartur hennar mun

vera síðari tíma kálgarður sem byggður var við eldri rúst. Þessi yngri hluti er alls 6 x 10 m, er í brekku sem hallar mót norðri og snýr N-S. Víða sér í grjót, hleðsluhæð er um 1 m. Í framhaldi af suðurhluta kálgarðsins eru tvö sambyggð hólfl til vesturs sem líklega eru hluti af eldri rúst. Hið austara er 5 x 5 m, opið til vesturs og hitt, sem er 4 x 5 m, kemur hornrétt á það og opnast í norður. 4 m austan við öll þessi hólfl er lítil, stök og sigin tóft, 2 x 3 m með dyr annaðhvort í austur eða vestur. Um 5 m vestan við þessar tóftir allar eru fleiri hólfl en ekki skýrt hvort þau hafa verið samtengd því sem áður er upp talið. Mótur óljóst fyrir hólfl sem snýr A-V, um 5 x 6 m. Sambyggt því vestan til er svo frekar unglegt hólfl, 4 x 4,5 m og hefur líklega opnast í norður. Þar sér í grjót og er veggjahæð allt að 1 m. Þetta hólfl og það sem er af kálgarði eru sýnilega unglegust allra þeirra sem á svæðinu eru, aðrir tóftahlutar eru mjög signir og sumsstaðar hlaupnir í þúfur.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 2**ÁR-417:006** Undirlendi stífla

64°06.361N 20°41.046V

Í örnefnaskrá segir: "Sunnan vatnsins var svo kallað Undirlendi frá Skolalækjarmynni vestur undir Svartaskurð. Þetta voru áveituengjar frá því um síðustu aldamót og fram undir miðbik 20. aldar, eða unz tún voru það stór orðin, að hætt var að nytja þessar engjar." Áveitan var þannig að Skolalækur, sem rennur úr Svínavatni að norðaustan, var stíflaður og flæddi þá yfir engjarnar.

Flatur og mýrlendur bakki við vatnið.

Enn er hálfgerð stífla í lækjarósnum, úr möl. Hugsanlega er hún til að halda vatnsborðinu háu vegna vatnasleðaleigu sem rekin er á Svínavatni. Eiði liggur út í vatnið við ósinn að norðan, hugsanlega er hluti af því leifar gamallar stíflu. Ekki er kunnugt um áveitugarða í engjunum, líklega hefur því vatnið flætt að Svínholti.

**Hættumat:** engin hætta**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 3**ÁR-417:007** heimild um leið

64°06.070N 20°42.826V

Í örnefnaskrá segir: "Vestur af Nónþúfunni er slétt heiði og vestur af henni Skeiðvellirnir, en þeir eru í Stærribæjarlandi. Um Skeiðvellina lá gömul alfaraleið milli Svínavatns og Borgar, einmitt þar sem þjóðvegurinn liggur enn í dag."

Þjóðvegurinn liggur frá A-V, mestmegnis er heiðalandslag og móar á þessari leið.

Ekki sést gamla reiðvegurinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 3

**ÁR-417:008** Þóroddsstaða- eða Bjarkargötur gata leið 64°06.562N 20°44.578V  
"Vestan Stórhóla eru gamlar og miklar ferðamannagötur er liggja milli Þóroddsstaða og Bjarkar og nefndust ýmist Þóroddsstaða- eða Bjarkargötur", segir í örnefnaskrá. Stórhólar eru norðarlega í Svínavatnslandi, sbr. 028. Heiðlendi.  
Gatan sést greinilega á loftmynd og lá í nokkuð beina stefnu milli Bjarkar og Þóroddsstaða.  
**Hættumat:** engin hættu  
**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 4

**ÁR-417:009** Borgargötur heimild um leið 64°06.950N 20°43.503V  
"Austan Stórhóla eru aðrar götur, sem heita Borgargötur. Þær liggja ofan frá Þóroddsstöðum suður á Skeiðvelli og þaðan út að Borg. Götur þessar hafa frá fornu fari verið fjölfarnar mjög milli suðurhluta sveitarinnar og Laugardals. Var svo allt fram um 1920 eða þar til þjóðvegurinn var lagður austur Grímsnesið." Ekki er gott að átta sig á muninum á þessum götum og þeim sem hér hafa númerið 010. Þó er líklegt að þessar götur hafi stefnt meira í vestur frá Þóroddsstöðum og þar komið saman við götuna um Skeiðvelli 007.  
Heiðlendi.  
**Hættumat:** engin hættu  
**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 4

**ÁR-417:010** heimild um leið 64°06.903N 20°42.229V  
"Austur af Launmýraröldu liggur þjóðvegurinn frá Svínavatni upp að Laugarvatni, voru þar einnig fornar ferðamannagötur milli Svínavatns og Þóroddsstaða", segir í örnefnaskrá. Götturnar voru á svipuðum slóðum og vegurinn að Laugarvatni liggur nú.  
Heiðalandslag, mosavaxnir hólar og dældir á milli.  
Ekki sjást áberandi götur utan þjóðvegarins. Líklegt er að gömlu götturnar hafi farið yfir Stangarlæk á vaði 011 sem er skammt vestan við núverandi brú.  
**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 5

**ÁR-417:011** Stangarlækjarvað heimild um vað 64°07.047N 20°42.429V  
"Vestan við brúna á Stangarlæk var Stangarlækjarvaðið. Þar var alltaf farið yfir lækinn unz hann var brúaður um 1930", segir í örnefnaskrá. Vaðið hefur væntanlega verið fast vestan við brúna yfir Stangarlæk, á leið upp að Laugarvatni.  
Lækurinn breikkar á þessum stað.  
**Hættumat:** engin hættu  
**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 5

**ÁR-417:012** Stekkjartún heimild um stekk 64°06.946N 20°42.075V  
"Austur af brúnni liggur lækurinn í allstórru bugðu til suðurs og er sunnan við hann smáþýft svæði, sem heitir Stekkjartúnþýfi. Fremst í því, á lækjarbakkanum, er hið gamla Stekkjartún eða Stekkur frá Svínavatni, er notað var fram um 1920 eða þar til fráfarurnar voru lagðar niður með öllu." segir í örnefnaskrá. Stekkjartún er 1,2 km norður af bæ. Bugðan sem um er rætt er austan við brúna á veginum sem liggur til norðurs á Laugarvatn. Ekki er ljóst hvernig umhorfs var á staðnum, þar er nú gríðarlegt malarnám.  
Stekkurinn er með öllu horfinn. Malarnáman er fast sunnan við lækinn, innan við 5 m frá honum.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks  
**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 5

**ÁR-417:013** Kúavað örnefni vað  
"Austan við Jaðrana er vað á Skolalæk, er hét Kúavað", segir í örnefnaskrá. Jaðrarnir eru vallendisræmur við lækinn, hefjast 4-500 m neðan við mót Skolalækjar og Stangarlækjar. Ekki fengust upplýsingar um nákvæma staðsetningu vaðsins.  
Grónir bakkar meðfram lækum en upp frá þeim mosagróin holt.  
Lækjarfarvegurinn var upphornaður í júlí 2001.  
**Hættumat:** engin hættu  
**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 6

**ÁR-417:014** Bjarnastaðavað heimild um vað 64°07.174N 20°41.005V  
Í örnefnaskrá segir: "Norður undir Lækjarmótum er annað vað á læknum, sem hét Bjarnastaðavað. Þar lá

fyrir gömul ferðamannagata austan af bæjunum, vestur með Stangarlæk og yfir hann í Skógavaðstanga út í Lyngdalsheiði." Átt er við mót Skolalækjar og Stangalækjar. Vaðið hefur líklega verið skammt sunnan við þar sem Skolalækur rennur í Stangarlæk.

Mosavaxnir, lágir hólar við lækinn, en hann rennur hér í dæld.

Lækurinn er hvorki breiður né vatnsmikill á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 6-7

**ÁR-417:015** náma mógrafir 64°06.388N 20°41.056V

Í örnefnaskrá segir: "Skammt þar frá [Skolalækjarmynni] eru nú uppgrónar mógrafir, en um langan aldur var mórinn tekinn þar á Svínavatni eða svo lengi, sem hann var notaður til eldsneytis. Mýrabakkinn norður frá Mógröfunum með vatninu heitir Móbakki." Þessi staður er vestan við mynni Skolalækjar.

Mýri nær næstum að læknum en hann rennur í grónu gili.

Grónar dældir sjást víða. Allt að 1,5 m djúpar, ekki mjög reglulegar. Neðar, alveg við vatnsbakkann hefur líklega einnig verið tekinn mór. Þar er bakkinn beinn og reglulegur, með reglulegum skorum upp í.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 7

**ÁR-417:016** Stöðull örnefni kvíar 64°06.304N 20°42.086V

Í örnefnaskrá segir: "Fyrir neðan Stöðulinn var Náthaginn [030]. Umhverfis hann sást fyrir gömlum hleðslum, er verið hafði varnargarður. Allt hefur það nú verið slétt og sjást engin merki þess framár." Stöðullinn var þar sem nú er nýtt íbúðarhús, um 160 m vestur af bæjarhól 001.

Hóll ofan við grasvaxna, aflanga laut sem heitir Leynir.

Ekki sjást hleðslur eða tóftir á Stöðli og ekki vitað um slíkt áður fyrr.

**Hættumat:** hætt, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 7

**ÁR-417:017** heimild um leið 64°07.005N 20°44.553V

"Heiman frá bænum lágu götuslóðar hjá Grásteini út í Stórhóla og Lyngdalsheiði", segir í örnefnaskrá. Götur þessar hafa legið í NNA frá bæ.

Tún eru norðan bæjar, norðan við Biskupstungnabraut en svo tekur við heiðalandslag.

Á loftmynd sést af fjöldinn allur af slóðum þarna, norðan Biskupstungnabrautar en vestan vegarins að Laugarvatni, og líkjast flestir kindagötum. Því virðist ekki um að ræða eina, ákveðna leið.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 4

**ÁR-417:018** Smalaskáli örnefni smalakofi 64°06.718N 20°44.164V

"Norðaustur af [Stórhólahæð] er heiðlendi með nokkrum hólum, er heita Smalaskáli, Stórhólavarða og Stórhólatögl, er ná norður undir Stangalæk", segir í örnefnaskrá. Nú er ekki vitað hver hólanna er Smalaskáli og ekki er það merkt inn á nein kort. Þó má gera ráð fyrir að það sé einhver hólanna í námunda við Stórhólavörðu 028.

Heiðlendi.

Ekki sjást augljósar tóftir á neinum þessara hóla.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 4

**ÁR-417:019** frásögn bústaður 64°06.324N 20°41.902V

Um 20 m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi stendur stór geymsluskemma. Þar var áður tóft sem er talið að hafi verið gömul bæjartóft.

Stór skemma, plan er framan við hana og mikið af ýmiss konar vinnuvélum.

Tóftin er alveg horfin undir byggingar. Skúli Helgason gróf eitt sinn í hana og fann för eftir skyrásí.

**Hættumat:** hætt, vegna ábúðar

**ÁR-417:020** heimild um traðir 64°06.303N 20°41.975V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir til norðurs frá bæ. Þær voru upphlaðnar.

Nú er á þessum stað sléttað rauðmálarplan og tún vestan við.

Traðirnar eru horfnar.

**Hættumat:** hætt, vegna ábúðar

ÁR-417:021 heimild um rétt

64°06.315N 20°41.984V

Á túnakorti frá 1918 er sýnt mannvirki austan við traðirnar um 60 m norður af bæjarhól 001. Á þessum stað var rétt.


Nú er þar plan úr rauðamöl en tún vestan við.

Réttin er alveg horfin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

ÁR-417:022 tóft

64°06.023N 20°42.104V



"Vestan í [Stekkjjarholti] er brekka. Þar sést fyrir vallgrónum rústum, sýnilega ævafornum. eru þær allstórar, og gætu bent til að verið hafi fjárréttir, þó er það tilgáta ein", segir í örnefnaskrá. Stekkjarholt gengur út í Svínavatn frá vestri til austurs og sést greinilega frá bænum. Rústir eru í því vestanverðu, þar sem það mætir landi.

Í brattri, gróinni brekku sem hallar mót vestri.

Tóftin er mjög gróin og hleðslur alveg signar. Stærð alls 20 x 11 m, snýr N-S en dyraop snúa öll í vestur. Eitt hólfr er langgreinilegast, alls 10 x 6 m, breiðast um miðjuna og opnast til vesturs. Sunnan við það er áberandi slakki sem gæti vel verið annað hólfr, snýr eins

og hið fyrra og nær rúmum metra lengra upp í brekkuna. Þar sunnan við er stór slakki, um 10 x 10 m, líklega náttúrulegur. Norðan við hólfið sem fyrst var nefnt er hólfr sem snýr eins og það, 10 x 7 m, langbreiðast austast og innst. Út frá því að norðan er minna hólfr, um 6 x 4,5 m, opnast í suðvestur.

**Hættumat:** engin hætta

ÁR-417:023 tóft



64°06.076N 20°42.053V

Norðan í miðju Stekkjarholti 005, neðarlega í brekku, er tóft, um 100 m austur af 022.

Holtið er þýft og mjög mosagróið. Mýri tekur við af því til norðurs.

Hringlaga rúst, mjög sigin, mosagróin og þýfð. Hún er nálægt brekkurótum, byggð í smáhalla mót norðri. Þvermál um 8 m, regluleg lögun. Veggjahæð almennt um 0,5 m en veggjabreidd um 1,5 m. Ekki sjást dyr. Í mýrinni, um 5 m frá rústinni er ferköntuð, grunn gröf, um 15 x 5 m. Gæti verið mógröf, þá líklega fremur ung.

**Hættumat:** engin hætta



ÁR-417:024 tóftir

64°06.109N 20°41.926V

Um 50 m vestur af rústum á Stekkjarholti 005 eru tvær mjög signar tóftir.

Þær eru í grónum slakka norðan megin í holtinu.

Veggir tóftanna eru alveg mosagrónir og signir, gróska umhverfis þær er engin. Austari tóftin er 4 x 2,5 m, einföld með op í norður. Hin er tæpum 3 m vestar, 10 x 5 m og opnast einnig í norður. Líklega er hún tvískipt, með lítilli kró innst eða syðst en það er óljóst. Veggjahæð er mest um 0,5 m, ekkert grjótt er sjáanlegt.

**Hættumat:** engin hætta

ÁR-417:025 tóft

64°06.044N 20°41.968V

Sunnan í miðju Stekkjarholti (sjá 005) vottar fyrir tóft.

Hún er í gróinni laut milli tveggja hóla, 10 m norðan við vatnsborðið.


Tæplega er hægt að tala um reglulega tóft. Þó vottar fyrir grónum hleðslum og töluverðu grjóti nánast í hring. Stærð svæðisins er um 5 x 5 m.

**Hættumat:** engin hætta

ÁR-417:026 tóft

64°05.885N 20°42.096V

Dálítið norðar en við suðvesturhorn Svínavatns, 500 m suðvestur af austurenda



Stekkjjarholts 005, er tóft.

Uppi á grasivöxnum hól, um 50 m frá vatninu og liggur markagirðing milli Stærribæjar og Svínavatns yfir tóftina. Vestan við hana er aflöng laut eða dæld en þar handan við mosagrónir hólur.

Tóftin er mjög sigin. Hún virðist einföld, 6 x 9 m og snýr með dyr í suður en er breiðust um miðjuna. Hvergi sér í grjóti í veggjum. Um 15 m suðvestur af tóftinni er regluleg dæld utan í hólnum, um 10 x 6 m, hugsanlega tóftaleifar.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-417:027** gata leið 64°05.872N 20°42.150V

20-30 m vestur af tóft 026, sem er við mörk Stærribæjar og Svínavatns, sjást greinilegar, gamlar reiðgötur.

Þær liggja í slakka utan í lynggrónu holti.

Göturnar lágu milli Stærri- og Minnibæjar (sem tilheyrðu sömu torfunni) og Svínavatns. Lengd þeirra hefur verið á fjórða kílómetra.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-417:028** Stórhólavarða varða 64°06.732N 20°44.353V

Í örnefnaskrá segir: "Norðaustur af [Stórhólahæð] er heiðlendi með nokkrum hólum, er heita Smalaskáli, Stórhólavarða og Stórhólatögl, er ná norður undir Stangalæk." Varðan er 2,1 km norðvestur af bæ, í svonefndum Stórhólum. Hægt er að aka langleiðina ef farinn er nýr vegur í fyrirhugað sumarbústaðaland í Svínavatnslandi. Gróðurrrýrt heiðalandslag.

Varðan hefur sýnilega verið stór og mikil en nú er hún hrúin að mestu. Undirstöður eru miklar og grónar, allt að 4 x 4 m að ummáli. Hæð vörðu er um 1,5 m. Þess má geta að götur lágu bæði vestan og austan við Stórhóla (008 og 009).

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-417:029** gata leið 64°07.159N 20°40.992V

"Norður undir Lækjarmótum [þ.e. mótum Stangarlækjar og Skolalækjar] er annað vað á læknum, sem hét Bjarnastaðavað. Þar lá fyrrum gömul ferðamannagata austan af bæjunum, vestur með Stangarlæk og yfir hann í Skógavaðstanga út í Lyngdalsheiði", segir í örnefnaskrá. Þetta hlýtur að vera 200-250 m neðan við lækjamótin, þar sést mikil og djúp gata sem legið hefur yfir Skolalæk.

Gróið beggja vegna lækarins sem er lítill um sig og nánast vatnslaus í júlí 2001.

Greinilegur troðningur, annað og meira en kindagata, allt að 2 m djúpur við árbakkann og stefnir í VNV.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Svínavatn, 7

**ÁR-417:030** Nátthagi heimild um nátthaga 64°06.297N 20°42.093V

"Fyrir neðan Stöðulinn [016] var Nátthaginn", segir í örnefnaskrá. Nátthaginn hefur væntanlega verið sunnan eða suðaustan við 016.

Þar er nú sléttuð tún og ekkert sést til fornleifa.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

## ÁR-418 Stærribær

48 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Ö-Stærribær, 22. 1918 skiptist jörðin í Austur- og Vesturbæ. 1918: Vesturbær: Tún: 3,6 ha, þar af slétt um ½. Garðar: 683 m<sup>2</sup>. Austurbær: Tún: 3,5 ha, þar af slétt um 1/4. Garðar: 1034 m<sup>2</sup>.

"Stærribær var lengi tvíbýlisjörð og 48 hundruð að fornu mati. Bærinn stendur á bungumyndaðri hæð og er mjög víðsýnt af bæjarhlaði til allra átta. Túnin liggja að mestu norðureftir Skaganum en þar fyrir vestan og norðan taka við heiðalönd allt upp til jaðars Lyngdalsheiðar. Austanvert við bæinn var blautt mýrlendi sem Skagamýri heitir og hallar norður til Svínavatns og suðvestur til Stærribæjar. Skagamýri er nú framræst að nokkru." Sunnlenskar byggðir III, 122.

**ÁR-418:001** *Stærribær* bæjarhóll bústaður 64°04.643N 20°41.487V

"Gamli bærinn stóð vestarlega í túninu lítinn spotta frá upp frá mýrinni. Hann var fluttur árið 1955. Þar sem bæjarhúsin standa nú hét Stöðull [011]." Gamli bæjarhóllinn er 200 m austur af núverandi bæjarhúsum, neðarlega í brekku sem hallar mót suðaustri.

Aflíðandi brekka, neðan hennar taka við þýfð, framræst stykki. Norðvestan við bæjarhóllinn er aflangt refa- eða minkahús.

Sléttað var yfir bæjarhóllinn vorið 2001 og gert þar stórt beð þar sem ræktað er fóðurkál. Kálið var lítið sprottið þegar staðurinn var skoðaður í júní 2001 og sá greinilega móta fyrir hólnum nyrst í því. Hann hefur verið plægður upp og gægist ýmiss konar rusl upp úr flaginu, s.s. járn og grjót. Stærð er um 40 x 50 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Stærribær,1; Túnakort 1918

**ÁR-418:002** heimild um útihús 64°04.645N 20°41.385V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 60-80 m suður af bæjarhól. Laut neðst í túnbrekku.

Húsið er horfið. Það tilheyrði Vesturbæ 1918.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-418:003** heimild um útihús 64°04.698N 20°41.530V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 100 m norður af bæ.

Sléttað tún í brekku sem hallar mót SA.

Húsið er horfið. Það tilheyrði Vesturbæ 1918.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-418:004** heimild um útihús 64°04.708N 20°41.503V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 20 m NNA af 003.

Sléttað tún, trjáskjólgarður fast austan við og þar fyrir neðan er minkahús.

Húsið er horfið. Það tilheyrði Vesturbæ 1918.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-418:005** heimild um útihús 64°04.722N 20°41.505V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 20 m norður af 004.

Sléttað tún í brekku sem hallar mót austri.

Húsið er horfið. Það tilheyrði Vesturbæ 1918.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-418:006** heimild um fjós 64°04.646N 20°41.467V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús fast við bæjarhóllinn norðvestanverðan.

Staðurinn er nú skammt utan við fóðurkálssrækt en tún er skammt norðaustan við.



Fornleifakort – mörk túns á Stærribæ 1918

Á þessum stað var stakstætt fjós sem var rifið fljótlega eftir 1950. Húsið tilheyrði Austurbænum 1918.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-418:007** heimild um hesthús

64°04.706N 20°41.297V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 150 m norðaustur af 001.

Sléttað tún.

Á þessum stað er dæld í túninu. Á þessum stað stóðu hesthús og hænsnakofi sem voru rifin fljótlega eftir 1950. Húsið tilheyrði Austurbænum 1918.

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-418:008** Austurbæjarlind lind vatnsból

64°04.594N 20°41.259V

"Suðaustur af gamla bænum, við túnjaðarinn, er uppsprettulind, Austurbæjarlind." segir í örnefnaskrá. Lindin er um 200 m suðaustur af bæjarhól 001.

Þýfð mýri suðaustan túns. Skurðir hafa verið grafnir sunnan og vestan við.

Lindin sést ekki á yfirborði. Hún er enn helsta vatnsból bæjarins og hefur verið smíðuð um hana tunna neðanjarðar. Þaðan er vatnið leitt í dæluskúr og úr honum inn í bæinn. Til stendur að betrubæta vatnsbólíð og steypa um það þró.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Stærribær, I

**ÁR-418:009** heimild um beitarhús

64°04.941N 20°41.539V

"Fremsti hluti [Stærribæjarskaga] heitir Háskagi, fremst á honum er fjárhústótt." segir í örnefnaskrá. Skaginn er langur og frekar hár hólrani sem gengur til norðurs frá bæ. Húsið stóð líklega þar sem hann rís hæst, um 500 m norðan bæjar. Nú er túnrækt á mestum hluta Skagans.

Fjárhústóftin er horfin. Vestan í Háskaga er moldarflag, þar stóðu fjárhús sem nýlega voru rifin. Hugsanlegt er að eldra fjárhús hafi áður staðið á sama stað, a.m.k. er ekki kunnugt um aðrar fjárhústóftir á Skaga.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Stærribær,1

**ÁR-418:010** *Rúst* heimild um 64°04.896N 20°40.903V

"Austur af Háaskaga, þar sem þurrlendið gengur lengst austur í mýrina, er einhverskonar mannvirki í mýrjarjaðrinum, nefnt Rúst." Þessi staður er um 700 m norðaustur af bæjarhólnum 001.

Þýfð mýri sem líklega hefur þornað og breyst töluvert í kjölfar framræslu.

Ekki er víst að um raunverulegt mannvirki sé að ræða. Rúst er e.k. upphækkun eða holt í mýrinni og hefur verið vott allt í kring. Stærð holtsins er um 100 x 50 m og víða í því eru rof og moldarflög. Austasta moldarflagið er býsna hringlaga, um 6 m í þvermál. Hugsanlegt er að þar sé rúst sem blásið hefur upp. Annars sjást engar greinilegar tóftir á holtinu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Stærribær,1-2

**ÁR-418:011** *Stöðull* örnefni kvíar

64°04.659N 20°41.737V

"Þar sem bæjarhúsin standa nú hét Stöðull", segir í örnefnaskrá.

Hár hóll, líklega hæsti punkturinn á þessu svæði. Vísýnt til allra átta.

Ekki er kunnugt um að aðhald hafi verið hér þegar bæjarhúsin voru reist um 1955. Á hólnum voru moldarbörð og stutt niður á sand en ræktuð flöt, Olgeirsflöt, var nyrst á hólnum. Skemmtilegur gripur sem fannst við umrót á Stöðli er í vörslu á Stærribæ. Það er hluti af gamalli byssu úr járn. Hlaupið er heillegt sem og grindin úr skeftinu sem sýnilega hefur verið klædd með tré. Lengd hlaups er á bilinu 15-20 sm.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Stærribær, 2

**ÁR-418:012** tóftir óþekkt

"Suður af Einbúa [sem er lítið holt sunnan við Svínholtið] er langt holt, Smalaskáli. Norðast á honum eru gamlar húsarústir og einnig á suðurenda [sjá 013 og 017]" segir í örnefnaskrá. Smalaskáli er holt austast í landareigninni og nær allt að Kringlumörkum. Ekki fundust tóftir allra nyrst á holtinu en 2-300 m suður af hábungu Smalaskála eru tóftir.


Afgirt svæði, notað fyrir hrossabeit. Að mestu holt en þó er mýri vestan við. Þýfður mói er umhverfis tóftirnar.

Tvær tóftir eru sjáanlegar, þær eru mjög ellilegar. Sú austari er eins og greinileg, samfelld upphækkun í þýfðum móanum. Hún er öll hlaupin í þúfur, engin dæld er innan veggja. Stærð 8 x 20 m og snýr N-S. Breiddin er mest um miðbik er samt ekki minni en 6 m til endanna. 40-45 m vestar er önnur ámóta rúst, jafn breið og hugsanlega ívið lengri en 20 m en útlínur allar óljósari. Þessi snýr A-V og er vesturendinn á barmi dálítills jarðfalls. Báðar rústirnar eiga sammerkt að rísa um 1 m yfir umhverfi. Þær eru mosavaxnar og þýfðar en mosinn á þeim er talsvert grænni og þúfurnar stærri en í kring.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Stærribær, 2

64°04.858N 20°40.110V



**ÁR-418:013** *Smalaskáli* tóft

64°04.561N 20°39.990V



"Suður af Einbúa [sem er lítið holt sunnan við Svínholtið] er langt holt, Smalaskáli. Norðast á honum eru gamlar húsarústir og einnig á suðurenda." segir í örnefnaskrá. Smalaskáli er holt austast í landareigninni og nær allt að Kringlumörkum. Tóft er fast við suðurenda Smalaskála, undir holtinu, 1,2 km SA af bæ.

Grasþýfi. Greinileg, iðagræn rúst en lögun óljós, e.t.v. vegna ágangs búfjár en veggirnir eru nauðbitnir. Tóftin er sporöskjulaga, rís allt að 1,5 m yfir umhverfi og er smádæld í miðjunni. Stærð 6 x 11 m, snýr N-S en engar

sjást dyrnar. Grjót gægist upp þar sem rof er í veggjum. Um 10 m austar er hugsanlega eldri rúst, það er þýfður, hringlaga hóll, um 8 m í þvermál en að öllu leyti ógreinilegri en fyrrnefnda tóftin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ó-Stærribær, 2

**ÁR-418:014** tóft beitarhús

64°05.303N 20°42.373V

Fúlatjörn eða Fúlavatn heitir lítil tjörn norðarlega í Stærribæjarlandi, vestur af Svínavatni. Vestur af henni er lítill túnskiki, um 1 km norður af bæ. Þar voru beitarhús fram yfir 1950.

Sléttur túnskiki í rækt. Suður af honum er dálítill farvegur, afrennsli úr Mýrardal út í Fúlatjörn.

Húsið hefur verið jafnað við jörðu, aðeins sést móta fyrir því vegna sinu sem er á veggstæðunum. Það hefur snúið N-S og líklega verið með einum garða. Veggjahæð er almennt ekki yfir 0,2 m en grjót sést á nokkrum stöðum. Stærð um 22 x 6, ekki er ljóst hvort hlaða hefur verið nyrst þótt það sé líklegt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-418:015** frásögn stekkur

64°04.851N 20°41.661V

Stekkatún frá Vesturbænum var neðst í Skaganum vestanverðum, niður undir Mýrardal. Skaginn er rani, nú að mestu leyti ræktað tún sem teygir sig í norður frá bæ.

Nú er sléttuð tún þar sem Stekkatúnið var, en það var iðagrænn túnblettur í annars óræktuðu móholti.

Ummerki sjást engin um Stekkatúnið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-418:016** heimild um sel

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín segir: "Engjatak í Hamraland þar sem heitir Hamratunga hefur jörðin átt mót selstöðu Hamramanna ut supra." Ekki er nú vitað hvar sel þetta var.

Tvö sel-örnefni eru í landi Minnebæjar, Sel og Selholt (sem er reyndar stórt og er á mörkum þriggja jarða, Minnebæjar, Eyvíkur og Brjámsstaða).

**Heimildir:** JAM II, 338

**ÁR-418:017** tóftir beitarhús


64°04.636N 20°39.928V


"Suður af Einbúa [sem er lítið holt sunnan við Svínholtdið] er langt holt, Smalaskáli. Norðast á honum eru gamlar húsarústir og einnig á suðurenda (sjá 013]." segir í örnefnaskrá. Smalaskáli er holt austast í landareigninni og nær allt að Kringlumörkum. Beitarhúsatóftir eru um 150 m norðaustur af rúst við suðurenda Smalaskála (sbr. 013)

Holtið er þýft og moldarflög hér og þar en sléttur túnblettur er við tóftirnar að austan.

Stærsta tóftin á þessum stað er af beitarhúsi, alls 5 x 16 m. Tóftin er grjóthlaðin, einkum austurlangveggur og framhlið, annars er húsið að töluverðu leyti grafið inn í holtið. Á það ekki síst við um norðurendann sem er líklega hlaða þótt ekki sé hún mikið niðurgrafin. Einn garði, áberandi vel hlaðinn úr ílöngu og flötu stórgrýti er eftir endilöngu, aðeins eitt umfar. Annars eru mest 3-4 umför í veggjum. Fast upp við norðaustuhorn hússins en ekki samhlaðið er hólf, líklega rétt, og í henni jarðföst björg hér og þar. Stærð 8 x 6 m, dyr í suðvestur og hleðsluhæð allt að 1,3 m. Áberandi sléttur og ferkantaður túnblettur er umhverfis beitarhúsið, alls um 40 x 50 m. Líklegt er að hann hafi verið afgirtur þótt þess sjáist nú lítil merki. 10 m norður af beitarhúsinu, uppi á holtinu er óljós tóft og hlaupin í þúfur en dálítið af grjóti sést í veggjum. Hleðsluhæð mest um 0,5 m en stærð tóftar um 4 x 5 m. Þúfnaklasi norðvestan við hana gæti verið leifar af fleiri mannvirkjum.

**Hættumat:** engin hætta





Fornleifakort - Svínavatn, Stærribær og Minnibær

## ÁR-419 Minnibær

28 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.

1918: 5 ha, þar af slétt ca. ¼. Garðar: 782 m<sup>2</sup>.

"Íbúðarhús er ekki á Minnibæ en bærinn stóð skammt frá Stærribæ. Land er mjög líkt landi Stærribæjar en Minnibær taldist tæpum helmingi minni jörð. Túnið liggur til suðurs á heiðlendi og mikið heiðarland er einnig til vesturs, ágætt til ræktunar. Mýri er austan til að Grjóta. Fjánhús og tún eru á svokölluðu Selholti." Sunnlenskar byggðir III, 125.

**ÁR-419:001** Minnibær  
bæjarhóll bústaður

64°04.583N 20°41.564V


"Bærinn stóð austast og neðst í túninu, en þar hefir ekki verið búið nú um 30 ára skeið", segir í örnefnaskrá sem gerð var 1971. Minnibær stóð um 120 m suðvestur af Stærribæ (ÁR-418:001), um 200 m suðaustan og neðan við háhólinn þar sem núverandi íbúðar- og útihús standa.

Aflíðandi brekka í halla mót suðaustri. Tún er að norðan og vestan en þýfi neðan brekkunnar. Norðaustan við er nýplægt beð, þar vex fóðurkál.

Hóllinn er heillegur að mestu og hefur ekki verið byggt á honum. Þó er hugsanlegt að norðaustasti hluti hans sé kominn undir kál. Norðaustarlega á hólnum stendur enn steypur veggur úr fjósi, rúmlega 10 m langur og 1,7 m hár, á honum eru tvö gluggaop. Hann snýr N-S. Fast við hann að suðvestan er niðurgrafin hlöðutóft, alls 7 x 7 m og allt að 2 m djúp. Önnur mannvirki sjást ekki á hólnum en mjög er hann þýfður og ekki sleginn. Umfang hans er um 45 x 30 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Minnibær, 1



### Minnibær – mörk túns 1918

heimild um útihús 64°04.514N 20°41.759V  
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 200 m VSV af bæjarhól 001. Sléttað tún í halla mót suðaustri. Hólar og hæðir eru á þessum stað í túninu og er líklegt að húsið hafi staðið á einum þeirra. Það er nú alveg horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-419:002** heimild um útihús

64°04.514N 20°41.759V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 200 m VSV af bæjarhól 001.

Sléttað tún í halla mót suðaustri.

Hólar og hæðir eru á þessum stað í túninu og er líklegt að húsið hafi staðið á einum þeirra. Það er nú alveg horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-419:003** frásögn brunnur

64°04.545N 20°41.556V

Brunnur frá Minnibæ var neðan bæjarins í brekkurótum, líklega innan við 50 m ASA af 001.

Jaðar túns sem hefur verið sléttað, utan þess er þýfi.

Brunnurinn er horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**ÁR-419:004** Stekkjartún tóft stekkur

64°04.237N 20°42.891V

"Stekkjartún er austan við Saura. Þar eru tættur og hefur verið tún, e.t.v. haft í seli", segir í örnefnaskrá. Túnið var 1,4 km vestur af bæjarhól 001, vestan við núverandi heimreið að Stærribæ.

Slétt flöt er norðan við stekkin, norðan hennar er lítill hóll með grónu vörðubroti eða hundapúfu. Sunnan við

eru þýfðir móar.



Heilleg stekkjartóft og iðagræn. Hún er alls 15 x 6 m, snýr A-V en rekið hefur verið inn austast á suðurlanghlið.

Greinileg kró er vestast og rís tóftin þar hæst, allt að 1,6 m. Hleðslur eru nær allsstaðar grónar. 10 m vestur af vesturenda er lítil tóft, hringlaga og um 2 x 2 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Minnibær, aths.,1.

**ÁR-419:005** *Hesthúsflatir* örnefni hesthús

64°04.447N 20°41.722V

"Suðvestur frá bænum, vestur með mýrarjaðrinum, er Jaðarsflöt [...]. Vestur af Jaðarsflöt eru Hesthúsflatir", segir í örnefnaskrá. Jaðarsflöt er líklega þar sem túnjaðarinn teygir sig lengst í suður og Hesthúsflatir þá þar vestur af, um 300 m suðvestur af 001.

Sléttað tún. Nú er ekki hægt að greina einstakar flatir, túnið er samfellt.

Ekkert sést til tófta.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Minnibær,1

**ÁR-419:006** *Hjónaleiði* heimild um legstað

64°04.577N 20°41.640V

"Vestur, norðvestur af bænum er Hjónalaut í túninu, þar hjá er Hjónaleiði, stór þúfa. Munnmæli herma, að þar hafi hjón verið jarðsett." segir í örnefnaskrá. "Hjónaleiði er eins og leiði að sjá." segir í athugasemdum við skrána. Nú kannast enginn við Hjónaleiði og er ekki gott að segja hve langt frá bæ það hefur verið. Lítil laut sem gæti átt við lýsinguna er tæpa 70 m VNV af 001.

Sléttað tún en mikið um hæðir og lautir. Beint vestur af þessari laut er aflöng laut sem liggur N-S.


Nú sést engin áberandi þúfa á þessum slóðum. Túnið var sléttað um 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Minnibær,1; Ö- Minnibær aths., 1.

**ÁR-419:007** *Stekkjargil* tóft stekkur

64°03.867N 20°41.298V



Í örnefnaskrá og viðbótum við hana segir: "Vestan við Þrætu er Stekkjargil [...]." "Engin merki eru um stekk við Stekkjargil [...]." Ekki er alveg ljóst hvaða gil er Stekkjargil. Engin tóft er við gil sem yfirleitt er talið Stekkjargil, austan bæjar. Þar eru mógrafir 008. Hins vegar sjást merki um tóft sem vel gæti verið af stekk við gil sem rennur í Stærribæjargil 1,2 km suður af bæ. Skammt norðaustur af því stendur hjólhýsi á afgirtri lóð; þar handan við er skurður sem skilur að lönd Stærri- og Minnibæjar.

Gilið liggur hér um bil N-S. Mýrarlækur rennur eftir því. Annað gil er skammt sunnan við, þau tvö sameinast og enda í Stærribæjargili. Sunnan giljanna eru sléttar flatir.

Tóft er fast suðvestan við syðra gilið. Veggir eru rótbitnir og alveg hlaupnir í þúfur. Stærð alls er 12 x 5 m en tóftin virðist skiptast í tvö hólf og sést raunar ekki tenging þeirra á milli. Fremra hólf, sem er 5 x 3 m, er mun skýrara, snýr með op í suður. Hitt er 5 x 7 m, alveg sokkið í jörð

en mótar fyrir útlínum þess. Í miðjunni á því mótar fyrir garðlagi eftir endilöngu, allt fram að opinu sem snýr að hinni tóftinni, sem sagt í suður.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Minnibær,1; Ö-Minnibær aths., 1

**ÁR-419:008** náma mógrafir

64°04.374N 20°40.967V

Í örnefnaskrá og viðbótum við hana segir: "Vestan við Þrætu er Stekkjargil [007], vestan við það eru gamlar mógrafir." "Mór var síðast tekinn 1934. Mótakan var þá flutt að Stærribæ. Mórinn var sjö stungur á dýpt, ruðningur þrjár." Yfirleitt er Stekkjargil talið gil sem er um 600 m suðaustan við bæjarhól og rennur í Stærribæjargil. Þar eru miklar mógrafir.

Mýrar og þýfi, yfirleitt frekar þurr. Vestan við upptök gilsins sjálfs eru tveir aðskildir mógrafaskurðir en báðir teygja sig næstum niður í gilið. Sá austari er allt að 40 m breiður og 100 m langur og sá vestari á móta langur en

heldur minni um sig. Dýpt er allt að 2 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Minnibær,1; Ö- Minnibær aths.,1

**ÁR-419:009** *Selholt* heimild um kvíar

64°03.571N 20°42.708V

Í örnefnaskrá og viðbótum við hana segir: "Mýrin suður og vestur af mógröfunum heitir Móabarðsmýri, nær hún suður að Markakeldu, sem liggur frá Selholti austur í Stærribæjargil og eru um hana landamerki milli Minnibæjar og Eyvíkur." "[...] kvíar voru við Selholt." Selholt er á mörkum Brjánsstaða, Eyvíkur og Minnibæjar. Ekki er vitað um sel á Selholti (sbr. ÁR-420-007) og þar sjást engar tóftir. Ekki er heldur vitað til þess að þar hafi verið kvíar.

Stórt móaholt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Minnibær,1; Ö- Minnibær aths.,1

**ÁR-419:010** *Sel* heimild um sel

64°04.139N 20°42.964V

"Norður af Langarima er Sel, þar sér enn til tóttá", segir í örnefnaskrá. Selholt (ÁR-420:007) er suður við Sólheimabraut og liggur heimreiðin yfir það að hluta. Langirimi er norðvestur af heimreiðinni og liggur því sem næst beint í norður.

Þýft og lágt holt, mjótt. Mýri allt um kring. Innan við 100 m norður af norðurenda Langarima er skurður sem liggur N-S. Ekki fannst augljós seltóft á þessum slóðum og könnuðust ábúendur á Stærribæ ekki við að hafa heyrt um hana. Ekki er útilokað að hún hafi lent í fyrrnefndum skurði. Skammt norðan við jaðar holts sem er um 500 m norður af Langarima er ólögulegur og þýfður hóll og er mögulegt að þar séu leifar af rústum. Ummál hans er um 10 x 10 m. Annar möguleiki er að í lýsingu í örnefnaskrá sé átt við Stekkatún 004, um það segir í athugasemdum við örnefnaskrá: "Þar eru tættur og hefur verið tún, e.t.v. haft í seli." Reyndar er Stekkjartúnið austur af Langarima en ekki norður eins og segir í örnefnaskrá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Minnibær, 2

**ÁR-419:011** *gata leið*

64°04.242N 20°42.890V

Götur milli Stærribæjarhverfis og Brjánsstaða lágu sem næst eftir beinni línu milli bæjanna tveggja. Þær sjást vel fast norðan við stekkin 004.

Þýfður mói.

Uppgróinn troðningur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Minnibær, 2

**ÁR-419:012** *Barnhólar* þjóðsaga huldufólksbústaður

64°04.751N 20°42.793V

"Norðvestur af fjárhúsunum [sem eru nýleg] eru Barnhólar, flötin milli þeirra og fjárhúsanna heitir Barnhólaflöt. Talið var, að þar hefði horfið barn. Tómas [fæddur og uppalinn á Minnibæ] hefur það eftir gamalli konu, sem átti jörðina, þegar hann var barn. Þar átti að vera huldufólk", segir í örnefnaskrá. Barnhólar er samheiti á hólum sem eru 1 km norðvestur af bæ, einn af þeim er hæsti punkturinn á þeim slóðum.

Ávalir og mosagrónir hólar, nokkuð þýfðir. Á þeim hæsta eru tvær stórar þúfur, grjót í þeirri syðri bendir til að hún hafi verið varða.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Minnibær, aths. 1.

**ÁR-419:013** heimild um traðir

64°04.626N 20°41.662V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir að Minnibæ úr norðvestri.

Brekka sem hallar mót suðaustri. Tún er fast sunnan við en nýgert fóðurkálbeð að norðan.

Enn mótar fyrir tröðunum, líklega hafa þær verið upphlaðnar því að víða sést grjót í botninum. Hleðslur eru samt ekki greinilegar, traðirnar líta fremur út eins og renna, alls 3-4 m breidd og 100 m löng.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Minnibær, aths. 1

## ÁR-420 Brjámstaðir

30 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.

1920: Tún 5,7 ha, þar af slétt ca. 9/10. Garðar: 1208 m<sup>2</sup>.

"Bærinn stendur á lágum ás en þó er mikið víðsýni til austurs, suðurs og vesturs. Austan og sunnan við bæinn er mýrlendi að undanskildu heiðarholti, Múla, en þar eru 150 kinda fjárhús. Efri hluti landsins er heiðaland og er land allt afgirt upp að þjóðvegi, Biskupstungnabraut." Sunnlenskar byggðir III, 124.

### ÁR-420:001 Brjámstaðir bæjarhóll bústaður

64°03.685N 20°44.174V

Gamli bærinn stóð á sama stað og núverandi íbúðarhús, á hólruna sem liggur frá norðri til suðurs.

Ávalur og gróinn hóll í túni sem hefur verið sléttað. Sólheimabraut lá fast norðan við bæinn, milli hans og útihúsa um 10 m norðar. Hún hefur nýlega verið færð suður fyrir bæinn. Hóllinn er hæstur þar sem íbúðarhúsið stendur en teygir sig um 100 m suður fyrir það. Hann er greinilega að miklu leyti náttúrulegur og erfitt að segja til um upptök og endi eiginlegs bæjarhóls, þó má ætla að hann sé um 50 x 30 m. Garður og trjárækt eru sunnan við húsið. Suðvestan við trjáræktina er grjóthrúga sem gæti hafa komið úr gömlum hleðslum, annars sjást engin merki um gamla bæinn sem var rifinn um 1930. Enginn kjallari er undir núverandi íbúðarhúsi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

### ÁR-420:002 heimild um fjárhús

64°03.731N 20°44.290V


Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 120 m vestan við bæjarhól 001. Þar eru enn fjárhús.

Húsin standa á dálitlum hól, ekki háum. Milli hans og bæjarhóls er slakki sem liggur N-S, upp að veginum um hlaðið. Nú er afgirt og slétt beitarhólf umhverfis húsin.

Húsin eru að mestu úr bárujárnri og timbri en byggð með gömlu lagi, eru burstalaga með hlöðu aftan við. Fyrst hafa verið reist þrjú sambyggð hús með hlöðu en seinna verið bætt við öðrum tveimur fast við hlöðuna sunnanverða. 10 m langur, grjóthlaðinn og nær algróinn veggur er í austurvegg hlöðunnar, alls 1,5 m hár og álíka breiður. Ekki er vitað hvort hann er upprunalega úr eldra húsi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



### ÁR-420:003 heimild um rétt

64°03.756N 20°44.343V

Hlaðin fjárrétt var 20-30 m VNV af fjárhúsi 002.

Óræktarslakki, þýfður hóll er vestan hans.

Töluvert er af grjóti í slakkanum en réttin var rifin. Hún var skeifulaga og rúmaði allt að 300 fjár.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 1

### ÁR-420:004 Álfabær

örnefni huldufólksbústaður

64°03.751N 20°44.099V

"Milli Hróks og bæjarins stendur stór klettur upp úr túninu, Álfabær." segir í örnefnaskrá. Kletturinn var rúma 100 m austur af bæ.

Nú er þar ræktað tún við gripahús sem standa skammt

### Brjánsstaðir – mörk túns 1920

austan bæjar. Klettinum var rutt burt vegna túnræktar, leifarnar af honum voru færðar upp á Hrók sem

er klapparhóll norðaustur af bæ.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 1

**ÁR-420:005** *Nátthagi* heimild um

64°03.779N 20°44.219V

"Norðaustur af bænum er klapparhóll, Hrókur. [...] Vestur af Hrók er Nátthagi, það er nú tún, en stórir steinar standa upp úr því hér og hvar." segir í örnefnaskrá. Nátthaginn var um 180 m NNV af bæjarhól 001, fast austan við gömlu Sólheimabrautina sem nýlega var færð en vestan við veg sem liggur inn á stæði fyrir heyrúllur. Afgirt svæði, nokkuð þýft og töluvert af jarðföstu grjóti. Tún er fast norðaustan við.

Ekkert sést af hleðslum og hefur svo verið í minni Hjartar Jónssonar. Líklega hefur verið gott að hlaða á þessu svæði vegna jarðföstu klettanna. Töluvert af grjóti hefur verið fjarlægð þaðan.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 1

**ÁR-420:006** *Klofavarða* varða

64°04.912N 20°44.994V

"Norðast á Úlfssteinshæðinni er gömul varða, Klofavarða." segir í örnefnaskrá. Vörðubrotið er næstum nyrst í landareigninni, 20 m sunnan Biskupstungnabrautar en um 500 m austan við afleggjarann að Björk.

Þýfð og mosagróin hæð, lækkar til norðurs.

Varðan er hrunin og hefur líklega aldrei verið mjög há. Fast upp við hana að suðaustan er girðing, líklega á landamörkum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 3

**ÁR-420:007** *Selholt* örnefni sel

64°03.571N 20°42.708V

"Austan við [Brjánsstaðakeldu], sunnan vegarins, er Litla-Selholt, austan við það og norðan við veginn er Selholt. Fremst á því er há þúfa, þar er hornmark milli jarðanna Minnibæjar, Eyvíkur og Brjánsstaða." segir í örnefnaskrá. Selholt er norðan Sólheimabrautar þar sem ristarhlið er á henni á mörkum Brjánsstaða og Stærribæjar.

Stórt holt, á því er gamalt fjárhús og tún umhverfis það.

Engar tóftir sjást á holtinu og hvorki ábúendur á Brjánsstöðum eða Stærribæ kannast við tóftir eða sagnir um sel á þessum stað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 1

**ÁR-420:008** *Grænhóll* tóftir+garðlag


64°03.400N 20°44.273V


"Norðan við hann [Langirimi] er Grænhóll, gömul rúst." segir í örnefnaskrá. Grænhóll er tæpa 600 m suðvestur af bæ og sést vel þaðan, um 100 m sunnan við raflínumöstur.


Mýrar, ekki mjög blautar, eru umhverfis. Þó er Langirimi sunnan við en hann rís ekki hátt og sker sig lítið úr umhverfinu.

Tveir rústahólar sjást og vottar fyrir garðlagi í mýrinni sunnan við þá. Hinn eiginlegi Grænhóll er vestar, hann er áberandi og rís allt að 2 m yfir mýrina umhverfis. Stærð er um 15 x 20 m, snýr A-V. Hóllinn er þýfður og ekki sjást glögg á honum einstakar hleðslur eða hólf

þótt nokkrar þúfur séu hærri en aðrar. Rúmum 10 m suðaustar er annar rústahóll, hann er bæði minni og lægri. Stærð um 10 x 10 m, vegghleðslur ekki greinilegar og flag er í hólum suðaustanverðum. Sunnan við hólana vottar fyrir garðlagi sem liggur í sveig og má vera að það hafi girt af mannvirkin. Samt sjást engin merki þess við hólana norðanverða. Garðurinn sést um 10 m sunnan við minni hólinn en 20 m sunnan við þann stærri. Hann er um 1 m breiður og 0,3 m hár, hlaupinn í þúfur að mestu. Hvorki sést grjót í garðinum né hólunum





 = mörk túns 1917-20
 
 = landamerki  
 = gamlar götur

tveimur.

### Fornleifakort – Brjánsstaðir og Minni-Borg

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 1-2

**ÁR-420:009** Ullarpyttur örnefni þvottastaður

64°03.435N 20°44.300V

"Norðvestan við [Grænhóll 008] er Ullarpyttur." segir í örnefnaskrá. Ekki fannst greinilegur pyttur norðvestan við hólinn, aðeins smápollar.

Mýri. Smápollar eru um 70 m norðan við Grænhól en ekki fyllilega ljóst hvort einn þeirra er Ullarpyttur. Vera má að mýrin hafi breyst eftir að hún var ræst fram. Pytturinn var ekki einungis notaður til ullarþvottar, í honum var einnig úrvatnaður saltfiskur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 2

**ÁR-420:010** *Torfholt* frásögn rista 64°03.266N 20°44.049V  
"Vestan við Bæjarholtið er Augholt. Rétt neðan við túnið, vestur af því er Torfholt." segir í örnefnaskrá. Væntanlega hefur torf verið þurrkað á holtinu. Aðaltorfrístan fór hins vegar fram í Dýjakrókum, tæpa 800 m sunnan bæjar.  
Þýft holt með mýrarsundum á milli.  
Nú hefur verið grafinn skurður á þessu svæði. Ekki fundust merki um torfristu.  
**Hættumat:** engin hætt  
**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 2

**ÁR-420:011** frásögn beitarhús 64°03.179N 20°45.069V  
Múlinn er dálítill höfði um 1 km suður af bæ. Hann er e.k. útskot frá Oddsholti sem er að miklu leyti í Minniborgarlandi. Á Múlanum voru beitarhús.  
Nú er ræktað tún á Múla en austan við það þúfnarimi. Múlanum hallar mót suðaustri.  
Húsin voru rifin og sést nú aðeins grjóthrúga í túninu miðju, umfang um 15 x 10 m. Í henni er mikið af stórgrýti.  
**Hættumat:** hætt, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 2

**ÁR-420:012** *Gvendarbrunnur* örnefni brunnur 64°02.967N 29°45.284V  
"Vestanundir suðvesturhorni Múlans er Gvendarbrunnur, það er uppsprettulind." segir í örnefnaskrá. Uppsprettan er rúma 400 m suðvestur af hátúninu á Múla, þar sem áður stóðu beitarhús 011.  
Þýfi er framan undir holtinu, sunnar verður land sléttara.  
Gvendarbrunnur er lítill uppspretta og ekki vatnsmikil. Lækur rennur úr lindinni til suðvesturs en mun hafa minnkað töluvert eftir að skurðir voru grafnir í mýrinni sunnan Múla. Svo virðist sem einhverntíma hafi verið hlaðið um lindina, umhverfis hana er töluvert af grjóti sem myndar aflangan hálfhring, um 3 x 1 m. Því var almennt trúað (á Brjánsstöðum) að Guðmundur góði hefði vígt lindina.  
**Hættumat:** hætt, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 2

**ÁR-420:013** *Tíðhóll* varða landamerki 64°04.170N 20°44.752V  
"Upp á [Markarima] er há þúfa. Norður af þúfunni er lítill hóll í heiðinni með vörðu, heitir Tíðhóll." segir í örnefnaskrá. Hóllinn er í mörkum milli Brjánsstaða og Minniborgar 1 km norðvestur af Brjánsstöðum en tæpa 800 m austur af Minniborg.  
Lítill, strýtumyndaður hóll. Markagirðing liggur yfir hann.  
Á honum er ekki heilleg varða heldur mjög mosagróin steinahrúga.  
**Hættumat:** engin hætt  
**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 2

**ÁR-420:014** gata leið 64°04.170N 20°44.752V  
"Upp á [Markarima] er há þúfa. Norður af þúfunni er lítill hóll í heiðinni með vörðu, heitir Tíðhóll." segir í örnefnaskrá. Hóllinn er í mörkum milli Brjánsstaða og Minniborgar 1 km norðvestur af Brjánsstöðum en tæpa 800 m austur af Minniborg. Greinileg gata sést sunnan undir honum.  
Mosabyfi.  
Troðningur. Hóllinn er í beinni línu milli Stærribæjar og Minniborgar.  
**Hættumat:** engin hætt  
**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 2

**ÁR-420:015** *Þvottadý* örnefni þvottastaður 64°03.866N 20°43.522V  
"Suður af [Rollholti] er Þvottadý, frá því er nú leitt vatn heim til bæjar." segir í örnefnaskrá. Rollholt er stakt, lítið holt suður af Gildruhæð (sbr. 016).  
Suður af holtinu er mýri.  
Ekki fundust merki um dý en staðsetning kemur heim að öðru leyti.  
**Hættumat:** hætt, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 3

**ÁR-420:016** *Gildruhóll* örnefni refagildra 64°04.151N 20°43.675V  
"Suður af [Norðurtúni] er Gildrumýri, suðaustan við hana er Gildruhæð. Norðast á henni er Gildruhóll." segir í örnefnaskrá. Hóllinn er áberandi og auðfundinn, rúma 200 m norðaustur af stekknunum 017.

Gildruhæð er þýfð, gróin lyngi og mosa.

Leifar af hleðslu eru á hólnum, líklega vörðubrot. Ekkert er vitað um refagildru á hólnum.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 3

**ÁR-420:017** Stekkatún tóft

stekkur

64°04.034N 20°43.737V



"Vestan í Gildruhæð er Stekkatún, þar sér fyrir rústum." segir í örnefnaskrá. Stekkatún er rúma 700 m norðaustur af bæ en um 200 m norðaustur af ystu brún norðurtúnsins.

Það er fast vestan við Gildruhæð sem er lág en að mestu gróin. Vestan við stekkin rennur lækur og er víða rof í bökkum hans.

Greinileg stekkjartóft, byggð utan í Gildruhæð. Hún snýr A-V og eru tvö hólf greinileg. Hið fremra er stærra (5 x 5 m) og hefur verið rekið inn í það að sunnan, með hæðinni. Hlaðið hefur verið út frá hólfinu til suðurs, um 5 m, til aðhalds. Innra hólfíð er 5 x 3 m. Hleðslur eru algrónar en víða sér í grjóti, hleðsluhæð er mest um 1,2 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö- Brjánsstaðir, 3

## ÁR-421 Minniborg

15 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.

Tómthúsbylið Gilsbakki stóð beint á móti bænum og var í byggð fram undir lok 19. aldar. Ö- Minniborg, 1. 1920: Tún: 3,1 ha, þar af slétt ca. 1/3. Garðar: 618 m<sup>2</sup>.

"Bærinn stóð áður fremst á brekkubrún sem hallar niður að bæjargili en íbúðarhús sem byggt var 1958 er 80 m ofar. Landið er að mestu heiðlendi, flatt og kalhætta mikil. Mýrlendi er einkum syðst í landareigninni, sunnan Oddsholts, en þar voru beitarhús til skamms tíma." Sunnlenskar byggðir III, 126.

### ÁR-421:001 Minniborg bæjarhóll bústaður

64°04.199N 20°45.721V

Bæjarhóllinn er þar sem nú standa útihús og gamalt, ónýtt íbúðarhús um 200 m suðvestur af núverandi íbúðarhúsi.


Ávöl bunga fremst á hól og hallar frá henni til suðurs niður að Minniborgargili. Sunnan bæjarhóls og fast uppvið bæjarhúsin gömlu er beitarhólf fyrir hross. Akvegur liggur að húsunum úr norðri.

Nokkuð greinilegur hóll um 55 x 30 m og allt að 0,8 m hár. Vestast á honum standa tvö útihús, sambyggð, mjög illa farin. Það vestara er fjárhús en austar er hlaða. Þau eru steinsteyp, með burstalagi og bárujárnsþaki. Sambyggt þeim austast er gamalt íbúðarhús, ferningslaga. Undir því er kjallari, hann er ekki mjög mikið niðurgrafinn. Svo virðist sem bæjarhóllinn nái nokkuð fram- eða suður fyrir

húsin. Þar hefur verið grafinn skurður,

líklega e.k. þrö eða frárennsli frá útihúsunum.

**Heimildir:** Túnakort 1920



Minniborg – mörk túns 1920

### ÁR-421:002 heimild um útihús

64°04.194N 20°45.795V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 60 m suðvestur af bæjarhólnum 001.

Slakki sunnan undir hól í túni. Nú er þar beitarhólf fyrir hross.

Grjót sést á stangli en húsið er með öllu horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

### ÁR-421:003 heimild um útihús 64°04.237N 20°45.732V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 70 m norðvestur af bæjarhól 001. Líklegt er að það hafi staðið á hólbungu suðvestan við núverandi íbúðarhús.

Sléttað tún, nú beitarhólf fyrir hross. Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920


### ÁR-421:004 Hústóttarholt tóft

64°03.937N

20°45.429V

"Sunnan við [Baulurima] er mjög lítið holt, sem heitir Hústóttarholt, þar er gömul kofarúst." segir í örnefnalýsingu. Ef ekið er framhá Minniborg er fljótlega komið að afleggjara til suðvesturs sem liggur upp á Oddsholt. Tóft er hægra megin við þann veg, rúma 100 m frá Sólheimabrautinni og tæpa 600 m suður af bæjarhól 001.

Mjög þýft og snoðið beitarhólf fyrir hross.



Greinilegur, iðagrænn rústahóll, um 10 x 15 m. Á honum mótar fyrir aflangri rúst sem er mjög ógreinileg vegna þúfna. Skýrust er hún norðaustast, þar sést um 3 x 4 m hólf með dyr mót suðvestri en veggir virðast koma í framhaldi af því til suðvesturs og er þá heildarlengd líklega 12-13 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Minniborg, 1

**ÁR-421:005** *Gilsbakki* þúst býli 64°04.033N 20°45.809V

"Beint á móti bænum, sunnan við Minniborgargilið, sér til gamalla tóttu, þar stóð tómthúsbylið Gilsbakki, sem var í byggð nokkur ár á síðasta tug 19. aldar," segir í örnefnalýsingu. Gilsbakki hefur staðið 3-400 m SSV af gamla bæjarhól Minniborgar (sbr. 001).

Gróinn lækjarbakki, mjög þýfður og sumsstaðar mýrlendur. Nú er þarna hrossabeit.

Tóftir Gilsbakka eru vart sjáanlegar þótt ekki sé ljóst hvort nokkurn tíma hefur verið sléttað yfir þær. Aðeins mótar fyrir lágum rústahól, um 20 x 20 m sem sker sig lítt úr þúfunum í kring. Á móti hólnum en norðan Minniborgargils mótar óljóst fyrir garðlagi, hugsanlega um lítinn túnskika.

**Hættumat:** hætta vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Minniborg, 1


**ÁR-421:006** *Fornutættur* heimild um 64°03.124N 20°46.282V

"Beint norður af Héðinsholti eru gamlar húsarústir í Oddsholtsjaðrinum, nefndar Fornutættur, um þær eru landamerki milli Borganna," segir í örnefnalýsingu. Girðing liggur nú um Oddsholtið í mörkum, frá norðaustri til suðvesturs. Þýfður og gróinn holtsjaðar. Á þessum stað er holtið aflíðandi og við tekur víðlend mýri til suðurs.

Engar tóftir eru sjáanlegar en töluvert rask hefur orðið á staðnum. Þar sem landamerkjagirðingunni sleppir í jaðri holtsins tekur við mikill skurður til suðvesturs með háum ruðningum á bökkum. Hugsanlega hafa Fornutættur horfið þess vegna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö- Minniborg, 2



**ÁR-421:007** tóft


64°04.158N 20°45.310V

Tóft er tæpa 350 m suðaustur af 001. Hún er 30-40 m austan við Sólheimabraut og sést vel frá henni, inni á sumarbústaðarlóð. Gróin tunga við lítinn læk sem rennur í sveig sunnan við tóftina og svo út í Minniborgargil. Tóftin gæti hafa verið sléttuð að hluta. Iðagrænn rústahóll sést, rís hæst nyrst og sést þar lítið hólf um 2 x 2 m með dæld í miðju. Út frá því til suðurs hafa sýnilega verið veggir en nú sést aðeins bunga, 4-5 m breið um og 10 m löng.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-421:008** tóft beitarhús

64°03.113N 20°45.778V



"Mýrlendi er einkum syðst í landareigninni, sunnan Oddsholts, en þar voru beitarhús til skamms tíma", segir í Sunnlenskum byggðum. Nú er sumarhúsabyggð á Oddsholti í landi Minniborgar en vesturhluti Oddsholts tilheyrir Stóruborg. Beitarhúsin voru suðaustast á holtinu.

Holtið er gróið, það smálækkar til SA og þar taka við mýrar. Sumarbústaðir eru um 200 m norðan við tóftina. Hrossabeit er í girðingarhólfi umhverfis.

Stæðileg tóft á túnbletti, stærð 8 x 15 m. Snýr með dyr í SSA en djúp hlaða hefur verið í norðurenda. Annars er engu líkara en rutt hafi verið innan úr tóftinni, þar sjást t.a.m. ekki garðar. Innan veggja er töluvert af járn og timbri. Lítið hólf eða kró er sambyggð tóftinni að austan, stærð 3 x 5 m og dyr í suður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Sunnlenskar byggðir III, 126



## ÁR-444 Göltur

36 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.

1918: Tún 5,7 ha, þar af slétt 1/5. Garðar 1062 m<sup>2</sup>.

"Bærinn stóð sunnan í allháum ás skammt frá vík sem gengur til norðurs úr Hestvatni. Land jarðarinnar er meðfram Hestvatni að vestan. Með vatninu eru einkum stórir ásar og urðarholt. Mýrlendi er mest vestast og nyrst í landinu. Galtartjörn og Galtarlækur eru landamerki að norðan en að vestan er vélgrafinn skurður. Gömlu túnin eru nokkuð brött en nýlegri tún eru fjær bænum og á sléttara landi." Sunnlenskar byggðir III, 152.

### ÁR-444:001 Göltur bæjarhóll bústaður

64°00.890N 20°44.126V

Bæjarhóllinn er þar sem núverandi íbúðarhús er eða eilítið sunnar og vestar.

Stórt íbúðarhús stendur norðarlega á hólnum. Heimkeyrslan er að norðan og plan vestan við íbúðarhúsið. Bæjarstaðið er á sléttum fleti milli tveggja hóla, Fjóshóls 008 og Skemmuhóls 015. Hallar fram af því til suðurs. Hólmyndun er ekki mjög greinileg nema staðið sé sunnan hólsins. Á hólnum standa nú eftirtaldar byggingar: Norðaustarlega er stórt, steinsteypt íbúðarhús, mikið endurnýjað. Undir því er kjallari. Suðvestan við það, á staðnum þar sem síðasti torfbærinn stóð, er bárujárnsklædd skemma og framan við hana gömul og há tré. Vestast á hólnum er steinsteypt fjós með áfastri hlöðu og tveimur súrheysturnum vestast. Girðing er sunnarlega á bæjarhólnum en ætla má að hann nái um 10 m suður fyrir hana og sé staðið sunnan við hólinn er hann allt að 2 m hár. Suðaustast á hólnum mótast fyrir L-laga hleðslu, algróinni, um 6 x 8 m og framan við hana er mosagróin grjóthruga. Mögulegt er að þar séu leifar kálgarðs. Heildarstærð bæjarhóls er um 50 x 35 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-444:002 hús útihús


64°00.970N 20°44.109V

Gamalt útihús með grjóthlöðnum veggjum stendur austan við heimreiðina, 150 m norður af bæjarhól.

Grasi gróin flöt, holt og moldarflög austar og norðar.

Húsið er enn undir þaki þótt veggir séu að hruni komnir, snýr A-V með dyr í vestur. Með suðurlangvegg eru jötur úr tré á grjóthlöðnum garða, hæð hans bendir til að í húsinu hafi verið hross eða nautgripir. Hæð veggja mest rúmur metri, hleðslumför 6-7. Bárujárn er á göflum og þaki og heildarstærð húss er 8 x 5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



### ÁR-444:003 heimild um útihús

64°00.941N 20°44.231V

Samkvæmt túnakorti 1918 stóð útihús 40-50 m suðaustur af 004 og rúma 100 m norðvestur af 001.

Hóll í óslegnu túni, hallar frá honum til vesturs og norðurs.

Ekki mótast fyrir tóft.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-444:004 heimild um útihús

64°00.970N 20°44.251V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 50-60 m suður af 005.

Óslegið tún.

Ekki sést tóft en mótast fyrir skoru frá A-V sem gæti verið leifar af tóft.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-444:005 tóft útihús

64°00.989N 20°44.187V


Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús rúma 200 m norður af bæ 001. Þar er nú tóft fast sunnan við heimreiðina.


Óslegið tún.

Tóftin er einföld og snýr N-S með dyr í suður, veggheðslur algrónar en veggjahæð allt að 1,3 m. Stærð 5 x 11 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918





Göltur – mörk túns 1918

Nyrst á túninu, uppundir ásnum, hefur verið útihús, rétt eða nátthagi. Hæðótt, óslegið tún.

Á þessum stað er nú niðurnítt fjárhús úr holsteini. Engar grjóthleðslur eru í húsinu og ekki sjást leifar af eldra mannvirki.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-444:008** Fjóshóll örnefni fjós

64°00.887N 20°44.208V

"Vestan við bæinn er Fjóshóll, þar er huldufólksbyggð og má ekki hreyfa þar neitt", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er augljós fast vestan við bæjarhól 001.

Algróinn og brattur klettahóll.


Engin merki sjást um byggingar á hólnum og ólíklegt að þar hafi verið fjós. Sennilega hefur fjósið staðið vestast í bæjarröðinni, undir hólnum, og hann svo dregið nafn sitt af því.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Göltur, 1

**ÁR-444:009** tóft

64°00.865N 20°44.032V



Um 90 m suðaustur af bæjarhól 001 er tóft.

Sunnan undir lágum hól með klettum syðst, sennilega heitir hann Lindarás ef marka má örnefnaskrá. Mýri er suður af ásnum.

Lítill tóft og ferköntuð, 3 x 5 m. Dyr snúa í suður og eru veggir hlaðnir úr stórgrýti, tæplega 1 m á hæð. Veggir eru mosagrónir nema að innanverðu, umför hleðslugrjóts 2-3.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Göltur, 1

**ÁR-444:006**

heimild um útihús

64°00.807N

20°43.901V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 60-80 m suður af 007.

Hæðótt, óslegið tún.

Á þessum stað er engin tóft en greinilegur og gróskumikill hóll í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**

Túnakort 1918

**ÁR-444:007**

heimild um útihús

64°00.839N

20°43.848V

Á túnakorti frá 1918 er sýndur túnskiki eða aukatún, aðskilið frá aðaltúninu. Það hefur verið um 200 m austur af bæ, sunnan undir Miðmorgunsás.

**ÁR-444:010** *Kvíaföt* örnefni kvíar 64°00.909N 20°44.191V  
"Norðan við Fjóshólinn [008] er Kvíaföt, nú að mestu komin undir bgingar", segir í örnefnaskrá. Flötin hefur verið þar sem nú er fjós, norðaustan við Fjóshól.  
Vestan og norðan við fjósið er tún en norðan við það malarplan.  
Engar tóftaleifar eru sjáanlegar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Göltur, 1

**ÁR-444:011** *Þvottavík* örnefni þvottastaður 64°00.740N 20°43.965V  
"Austan við [Hádegisholt] er lítil vík í vatninu, heitir Þvottavík og lítið austar er önnur vík, Réttarvík", segir í örnefnaskrá. Víkin er beint suður af túnskika sem útihús 006 og 007 stóðu á.  
Grýtt fjara en grösug, aflöng laut liggur upp af víkinni. Víða eru flatar klappir við vatnsborðið.  
Engin mannvirki, t.d. hlóðir, eru sjáanleg.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Göltur, 1

**ÁR-444:012** *Réttarvík* hleðsla 64°00.782N 20°43.826V  
"Austan við [Hádegisholt] er lítil vík í vatninu, heitir Þvottavík [011] og lítið austar er önnur vík, Réttarvík", segir í örnefnaskrá. Réttarvík er næsta vík austan Þvottavíkur.  
Lítil vík, klettum girt að vestan en uppúr víkinni gengur gróin laut til norðvesturs.  
Hleðsla er ofarlega í lautinni, vestantil. Hún er alveg hrúin, 10 m löng og 1 m breið og stendur ekki steinn yfir steini. Hleðslan gengur út frá kletti að vestanverðu til austurs og er líklegt að um einhverskonar aðhald sé að ræða.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Göltur, 1

**ÁR-444:013** *Smiðjuholt* örnefni 64°00.898N 20°44.525V  
"Norðvestan við túnið rennur Smiðjulækur (oftast nefnt Gilið). [...] Vestan við Smiðjulækinn og sunnan við veginn er hátt og stórt holt, heitir Smiðjuholt.", segir í örnefnaskrá. Heimreiðin liggur yfir Smiðjulæk og vestan hans er holtið, um 330 m vestur af bæjarhól 001.  
Holtið er þýft, sumsstaðar grýtt og víða í því moldarflög. Nú ganga hross í girðingu sem nær yfir mestallt holtið. Hvergi sést ótvíræð tóft.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Göltur, 1

**ÁR-444:014** *garðlag* 64°00.885N 20°43.964V  
Suðaustan bæjarhóls er lágur ás með klettum syðst, hann heitir Lindarás ef marka má örnefnaskrá. Austan í honum er garðlag.  
Hlíðar ássins eru grónar en klettur efst.  
Garðlag úr grjóti liggur frá hesta punkti ássins og niður í mýri sem er austan hans. Hleðslan er óregluleg, 20 m löng og mest 2-3 umfö. Líklega hefur hún verið hluti túngarðs.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Göltur, 2


**ÁR-444:015** *Skemmuhóll* örnefni skemma 64°00.907N 20°44.089V  
"Norðaustan við íbúðarhúsið er Skemmuhóll (eldra Harðhaus). Nú er, uppi á honum, steinsteypur vatnsgeymir", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 20 m norðaustan við íbúðarhúsið sem stendur á austanverðum bæjarhól 001.  
Algróinn hóll í túni, vatnstankurinn stendur enn en er ekki lengur notaður.  
Engar mannvistarleifar sjást.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Göltur, 2

**ÁR-444:016** *Gildruás* örnefni refagildra 64°01.060N 20°43.492V  
"Norðan við [Gildruhólsmýri] er Gildruás, hann er með háum klettastapa í kalli", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er 600 m ANA af bæ.  
Áberandi og sérstæður hóll, klettóttur og brattur að sunnan en aflíðandi að norðan.  
Varða er efst á hólnum en ekki fundust merki um refagildru.  
**Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Göltur, 2

ÁR-444:017 Grænutóttir 2 tóftir

64°01.347N 20°43.492V



"Vestur af Arnarsetri gengur lítil hæð vestur úr ásunum, algróin, heitir Grænutóttir", segir í örnefnaskrá. Grænutóttir eru rétt tæpan 1 km NNA af bæ.

Lítill hóll sem gegnur vestur úr klettaásum.

Tóftir eru á hólum, nokkuð ógreinilegar en skiptast í aðalatriðum í tvennt. Annars vegar er tvíhólfa rúst austast, með hólfi sem snýr N-S, opið í suður, og er 6 x 2 m og hleðslu út frá því að vestan og sunnan. Sú hleðsla afmarkar svæði sem er um 5 x 6 m. Um 10 m vestar er ógreinileg og sigin rúst, alls 5 x 10 m. Hún snýr N-S en dyr eru í austur. Tóftin sýnist skiptast í tvö hól, hið syðra um 7 m langt en nyrðra 3 m langt. Innan vestari langveggjar, um miðbik stærra hólsins, er lítill stafli af

flötum hellum, gæti vel verið seinni tíma verk því að öðru leyti eru tóftirnar algrónar og töluvert signar.

**Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Göltur, 2-3

ÁR-444:018 Launmýrarholtsvarða varða

64°01.586N 20°43.283V

"Norðast á [Launmýrarholti] er stór varða, Launmýrarholtsvarða", segir í örnefnaskrá. Holtið er austarlega í landareigninni, nálægt bökkum Hestvatns og tæpa 500 m NNA af 017.

Mosagróið holt, snarbratt til austurs, að vatninu. Mýri er að vestan.


Varðan er hrunin, sennilega nýlega því að mosi eða skófir sjást ekki á grjótinu. Hefur verið vandlega hlaðin úr flötu hellugrjóti en effitt að segja til um hæð eða grunnflöt, enda hefur hún steypst á hliðina. Líkleg orsök er jarðskjálfti sumarið 2000.

**Hættumat:** engin hætta

Heimildir: Ö-Göltur, 3

ÁR-444:019 Réttarás tóft

64°00.983N 20°43.996V




"Þá færum við okkur aftur heim að bænum. Norður af Skemmuás [015] er lágur klettaás, heitir Réttarás", segir í örnefnaskrá. Skemmuás er sennilega misritun fyrir Skemmuhól en hann er samkvæmt örnefnaskrá norðaustan við íbúðarhúsið. Norðan við hann og norðaustan við beygju á heimreiðinni er þá Réttarás. Hann er utan túns.

Ásinn er lágur en grýttur og klettar í honum nyrst.

Ekki sést tóft eða hleðsla sem augljóslega er rétt, nema ef vera skyldi 020. Hins vegar er hleðsla nyrst á ásunum sem líkist smalabyrgi. Hún er hlaðin á jarðföstum kletti, stærð 2 x 2 m, hleðsluumför 2-3. Engar greinilegar dyr eru hleðslunni og vel hugsanlegt að þetta sé leikstaður barna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Göltur, 3



ÁR-444:020 tóft

64°00.931N 20°44.057V

Tóft er fast norðan við túngarð 030, norður af Skemmuhól 015 en suður af Réttarás 019.

Sléttur skiki, töluvert af járnarusli í kring.

Tóftin er 5 x 6 m, algróin og sigin en vesturlangveggur rís hæst. Dyr sjást ekki. Vestan við tóftina mótast fyrir djúpu hólfi sem gætu verið hlöðuleifar, um 6 x 8 m. Austan við hana mótast fyrir grjóthleðslu sem líklega eru leifar af túngarði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

ÁR-444:021 Ketilbjarnarholt þjóðsaga legstaður

64°01.281N 20°44.385V

"Norður af Búðarholtsmýri er Ennholt og norður af því er Ketilbjarnarholt. Munnmæli herma, að þar sé Ketilbjörn landnámsmaður á Mosfelli heygður. Ketilbjarnarholtið er langstærst allra þeirra holta, er þarna eru", segir í örnefnaskrá. Holtið er austan við Selholt 022 en á milli þeirra er mýrarsund. Suðurendi Ketilbjarnarholts er rúma 750 m NNV af bæ.

Aflangt holt sem liggur N-S, víðast hvar eru mýrar umhverfis.

Munnmælin greina ekki nánar frá legstað Ketilbjarnar, einungis er talað um holtið og það er býsna stórt.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Göltur, 3

**ÁR-444:022** *Selholt* örnefni sel

64°01.454N 20°44.690V

"Vestan við Ketilbjarnarholtið er Selholt", segir í örnefnaskrá. Suðurendi Selholts er 1,1 km norðvestur af bæ.

Aflangt holt sem liggur N-S, grýtt efst en hlíðar grónar að nokkru leyti. Mikið er af flötum hellum í holtinu en umhverfis mýrar.

Sunnan undir holtinu er þýfður en gróskumikill blettur og mjög rústalegt þótt ekki sé um ótvíræða tóft að ræða. Á tveimur stöðum gægjast flatar hellur upp úr mosapýfi. Töluvert rof er sunnan blettsins og í moldarbakka þar, við jaðar svæðisins, sjást einnig svipaðar hellur sem gætu verið úr vegghleðslu. Hvergi annarsstaðar sjást greinilegar tóftir við Selholt, fyrir utan ungleg beitarhús 023. Mjög ólíklegt er að sel hafi verið haft uppi á holtinu sjálfu, enda er gróðurlaust þar. Stærð þessa umrædda svæðis er um 10 x 20 m.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Göltur, 3

**ÁR-444:023** tóft beitarhús

64°01.546N 20°44.420V


"Vestan við Ketilbjarnarholtið er Selholt [022]. Austan í því er Fjárhústótt", segir í örnefnaskrá. Tóftin er austan í holtinu miðju, 1,2 km NNV af bæ.

Allhátt holt, aflangt frá N-S. Gríðarlegt magn af flötum hellum er efst í hlíðunum, tilvalið hleðslugrjót. Húsið er byggt á sléttum stelli sem svo snarlækkar að mýri austan við.

Mjög heilleg beitarhúsatóft, sambyggð henni að sunnanverðu er rétt. Dyr hússins hafa snúið í austur en hlaða hefur verið í norðurenda. Hún er aðskilin með vegg en nú sjást ekki dyr á honum frekar en á austurgaflinum, virðist hafa hrunið fyrir dyraopin bæði. Garðar hafa líklega verið með veggjum, glittir í hleðslu undan suðurlangvegg. Stærð hússins er 6 x 17 m, veggir algrónir að utanverðu og hæð mest um 1,5 m hlöðumegin. Réttin er samhlaðin húsinu, byggt úr flötum hellum líkt og það en hleðslur ógrónar með öllu og mjög heillegar, sérstaklega suðurhlíðin. Stærð 5 x 7 m og op upp við húsið, á austurvegg réttar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Göltur, 3



**ÁR-444:024** tóft beitarhús


64°02.156N 20°45.640V

"Vestur af Selholti [022] er Stúfholt, þar er gömul fjárhústótt", segir í örnefnaskrá. Þessi lýsing er villandi, langur vegur og mörg holt aðskilja Selholt og Stúfholt. Stúfholt er nálægt norðvesturhorni Galtarlands, sem er á þessum slóðum afmarkað með skurðum. Holtið er 2,7 km norðvestur af bæ en 1,5 km norðvestur af Selholti. Lítið og grýtt holt með moldarflögum. Mýrar umhverfis.

Mjög heilleg tóft, snýr A-V með dyr í austur, stærð 16 x 6 m. Hlaða hefur verið í norðurenda, lítið niðurgrafin. Garðar eru fast meðfram báðum langveggjum. Grjót sést nær allsstaðar í veggjum, mest 7 umför í hlöðu. Hlaðið úr stórum og ólögulegum hnullungum, veggjahæð mest um 1,6 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Göltur, 4



**ÁR-444:025** *Torfholt* örnefni rista

64°01.047N 20°45.450V

"Suður af Brekkholti og sunnan við Brekkholtismýri er Torfholt, og suður af því eru Kýrvörðuklettur, þeir eru norðan við veginn beint á móti fjárhúsum, sem nú standa þarna sunnan við veginn", segir í örnefnaskrá. Fjárhúsið stendur enn sunnan við Kýrvörðukletta, fast við heimreiðina en Torfholt er norðan við klettana.

Mosavaxið holt, mýrar að norðan og austan.

Torf hefur líklega verið þurrkað á holtinu en rist í mýrum þar við.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Göltur, 4

**ÁR-444:026** *Kýrvarða* varða

64°00.980N 20°45.414V

"Norðvestur úr Kýrvörðuklettum gengur stórt og allhátt holt með vallendisbrekkum að suðvestan, það heitir

Kýrvörðuholt. Þar sem það er hæst er á því stór varða, Kýrvarða", segir í örnefnaskrá. Varðan er 1,1 km VNV af bæ, um 200 m norðvestur af fjárhúsum sem eru sunnan heimreiðar.

Gróin hæð með dálitlum klettum suðvestast. Viðsýni er mikið yfir landareignina til norðurs.

Varðan er hlaðin á klettastapa og að mestu hrunin, líklega nýlega. Hún er hlaðin úr stórum, flötum hellum, nú um 1 m há en sé kletturinn talinn með rís hún um 2 m yfir umhverfið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Göltur, 4

**ÁR-444:027** garðlag túngarður


64°00.772N 20°43.888V

200 m austan bæjar er túnskiki, þar stóðu tvö útihús 006 og 007 samkvæmt túnakorti frá 1918. Garðlag umlykur túnið að hluta.

Slétt, óslegið tún.

Garðurinn liggur frá kambi sem er austan við Þvottavík 011 og til norðurs, alls 70-80 m. Hann er algróinn og siginn, 0,3 m hár og 0,5 m breiður. Grjót sést hvergi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



**ÁR-444:028** tóft

64°01.021N 20°43.595V

Tóft er í slakka suðvestan við Gildruás 016.

Gróinn slakki í rótum brekku sem hallar mót austri.

Lítill, grjóthlaðin tóft, 1,5 x 3 m, snýr A-V en dyr eru á norðurlangvegg. Mest sjást 3 umfór af hleðslum, hæð 0,3 m og veggir alveg ógrónir. Þetta gæti vel verið skotbyrgi.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-444:029** Hlöðuás tóft

64°01.025N 20°44.120V

"Norðvestur af [Skemmuhól 015] er Hlöðuás, nokkru stærra", segir í örnefnaskrá. Tóft er rúma 250 m norður af bæ, sunnan undir Hlöðuás. Ekki eru aðrar tóftir sjáanlegar á ásnum eða við hann.

Ásinn er dálítið grýttur efst, vestan við hann liggur vegur til norðurs en sunnan við hann heimreiðin.

Sunnan undir ásnum en norðan heimreiðar er bárujárnsklædd skemma í slæmu ástandi. Aftan við hana eru hleðsluleifar, líklega af hlöðu, enda virðist tóftin niðurgrafin. Hugsanlegt er að hús framan við hana hafi verið rífið þegar skemman var byggð. Tvær hliðar standa enn, norður- og vesturhlið. Stærð 6 x 6 m, hæð allt að 1,7 m, mest 8 umfór grjóts. Töluverðu rusli hefur verið hent í tóftina.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Göltur, 3

**ÁR-444:030** garðlag túngarður

64°00.949N 20°44.281V

Túngarðsslitrus sjást á nokkrum stöðum umhverfis gamla túnið.

Það er nú óslegið. Ógróin stórgrýtishleðsla er sunnarlega með vesturhlið túnsins, norðvestan við Fjóshól 008, neðan við brekku sem hallar mót vestri. Hleðslan er allt að 100 m löng og 0,7 m há, liggur N-S. Þá sést gróinn túngarðsbútur um 40 m austan við Skemmuhól 015, rúmlega 100 m langur. Hann liggur N-S en sveigir svo til vesturs, þar mótar t.d. fyrir honum við tóft 020.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-444:031** Vaðholt örnefni vað

64°00.926N 20°44.415V

"Norðvestan við túnið rennur Smiðjulækur (oftast nefnt Gilið). Þar sem vegurinn heim að bænum liggur yfir hann er sunnan við hann og austan við lækinn litið holt, Vaðholt", segir í örnefnaskrá. Þetta er góð lýsing, ekið er yfir lækinn um 2-300 m vestan við bæinn. Lítil lækur í grunnu gili.

Tæplega hefur þurft að fara yfir lækinn á vaði, nema hann vaxi mikið í leysingum. Líklega hefur legið beinast við að fara þessa leið að og frá Gelti.


**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-444:032** garðlag áveita

64°02.285N 20°44.982V

Áveitugarður er norðaustarlega í landi Galtar, nálægt mörkum við Eyvík. Hann er tæpa 600 m ANA af tóft á Stúfholti 024 og um 2,5 km vestur af Eyvíkurbænum. Skammt vestar eru smápollar í mýrinni og eru það líklega leifar af Galtartjörn sem hefur nú að miklu leyti verið ræst fram. Mýri. Mjög greinilegur torfgarður liggur um mýrina frá N-S, um 1 m breiður og allt að 0,5 m hár, sést á 2-300 m kafla.

**Hættumat:** engin hætta



- = mörk túns 1917-20      - - - - - = landamerki  
 = gamlar götur      - · - · - · = ár/lækir á landamörkum

*Fornleifakort – Göltur og Eyvík*

## ÁR-445 Eyvík

42 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. "Heyvíjk, menn segja að fornu heiti Eyvíjk." Hjáleigan Fagurhlíð talin með 1708. JÁMII, 336.

1918: Tún 5,9 ha, þar af slétt um 9/10. Garðar 1264 m<sup>2</sup>.

"Bærinn stendur nyrst á bröttum og allháum ás norðanvert við Hestvatn. Grjótá ræður mörkum að austanverðu en Hestvatn og Galtarlækur að sunnan og suðvestan. Landið að mestu mýrlendi, einnig móaholt og grýttir ásasr, einkum með vatninu." Sunnlenskar byggðir III, 153.

### ÁR-445:001 Eyvík bæjarhóll bústaður

64°02.701N 20°42.002V



Bæjarhóllinn er u.þ.b. 100 m SSA af elsta núverandi íbúðarhúsi í Eyvík. Þar er enn uppstandandi gamalt bæjarhús frá 1936 auk útihúsa. Tóftir sem eru síðustu leifar torfbæjar eru sunnan við gamla íbúðarhúsið og þar er eiginlegur bæjarhóll. Milli þeirra og gamla íbúðarhússins stóð áður íbúðarhús úr timbri sem byggt var um 1900.

Þýfður og gróinn halli niður að sléttuðu túni. Fast norðan við tóftirnar liggur malarvegur frá austri til vesturs. Gömlu bæjarhúsin standa á háhólnum en tóftin er neðar, sunnan í hólnum.


Árið 1929 ritar Jóhannes Einarsson lýsingu á leifum gamla torfbæjarins: "Af gamla moldarbænum standa en [sic] 6 moldarhús með hellu árefti torfþak [sic] það eru tvö hesthús,


smiðja, kindakofi, eldiviðarkofi og hesthús." Þar sjást nú tvíhólfa tóft eða tóftarbot, alls 10 x 5 m. Að sögn. Emmu Kolbeinsdóttur voru það smiðja og hjallur. Ekki er opið á milli hólfanna, það austara er með dyr á norðausturhorni en hið vestara opnast í suður. Austara hólfíð er talsvert skemmt, enda hefur vegurinn verið lagður yfir norðurvegg þess að hluta. Hleðslur í vestara hólfí er allt að 8 umför, hlaðið úr flötum hellum.

Sunnan við tóftina er upphækkuð brún í brekkunni, hugsanlega leifar af hlaði eða jafnvel kálgarði. 10-15 m austan við tóftirnar liggur mikið af hellum í flagi og gætu þar verið leifar fleiri bæjarhúsa. Stærð bæjarhóls er alls um 50 x 35 m en hæð allt að 0,7 m. Í ágúst árið 1996 var grafinn skurður í bæjarhólinn vegna fyrirhugaðrar vatnslagnar. Í skurðinum kom í ljós steinhleðsla og einnig fannst þar deigla úr járn. Kristinn Magnússon, fornleifafraeðingur á Þjóðminjasafni, fór á staðinn og lýsir hann vegsummerkjum svo: "Umræddur skurður er um 30 m SA af steypa bæjarhúsinu frá 1936. Hann er því nærri þeim stað sem gera má ráð fyrir að torfbærinn gamli hafi staðið á. Rétt vestan við skurðinn eru sýnilegar tóftir [sbr. þær sem á undan var lýst, smiðja og hjallur]. [...] Skurðurinn sem um ræðir var 6 m langur með stefnu nokkurn veginn í N-S. [...] Veggjarbrotið lá á u.þ.b. 120 cm dýpi undir yfirborðinu. Um var að ræða neðstu steinaröðina í veggheðslunni. Grjótíð í hleðslunni var að mestu hellugrjót, enda slíkt grjót mjög algengt í náttúrunni umhverfis. Grjótíð var 5-15 cm þykkt og 20-60 cm í þvermál. Breidd hleðslunnar er um 70 cm. Jarðvegurinn yfir hleðslunni var að mestu leyti mikið hreyfð mold. Í moldinni fundust nokkur brot af nýlegu leirtaui með hvítum glerjungu. Það sem vakti athygli var að báðum megin við vegginn var þykkt, mjög dökkt mannvistarlag með ljósari linsum í. Lagið var ekki allsstaðar jafnþykkt. Þykkast var það sunnan veggjarins allt að 50 cm. Lagið fannst ekki ofan á grjótinu í hleðslunni. Undir þessu lagi, við neðri brún grjótsins í hleðslunni, fannst mjög hörð brúnleit gólfskán. Hún var eins báðum megin veggjarins." Niðurstaða Kristins er sú að rannsóknin gefi ekki tilefni til að draga ályktanir um aldur eða tilgang mannvirkisins. Hugsanlegt sé að veggurinn sé hluti af yngsta torfbænum sem stóð á hólnum. Hann geti þó hæglega verið eldri, enda hafi bærinn líklega staðið á sama stað um aldir. Um deigluna, sem fannst í lagi yfir hleðslunni segir Kristinn: "Deiglan er mjög heilleg, aðeins örliðið brotið úr börnum hennar. Hún er 9 cm löng, 6,5 cm breið í annan endann en 4,5 cm breið í hinn endann. Hún er 2 cm þykk upp á brúnir barmanna og skálin sjálf er 1 cm djúp. Í öðru horni breiðari endans er stútur eða renna þar sem hellt hefur verið úr deiglu." Deiglan er nú í vörslu Þjóðminjasafns.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Örnefnalýsing JE, 1; Kristinn Magnússon, 5-7





*Eyvík – mörk túns 1918*

**ÁR-445:002** heimild um útihús

64°02.796N 20°41.796V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 100 m norður af bæjarhól 001. Á þessum stað voru áður fjárhús en þar er nú íbúðarhús Emmu Kolbeinsdóttur.

Kúptur hóll, hann hefur áður verið hæsti punktur á túni en þar standa nú íbúðarhús og útihús.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-445:003** Hof örnefni

64°02.796N 20°41.796V

"Hátúnið norðaustur af gamla bænum heitir Hof, og þar stendur íbúðarhúsið nú. Ekki er kunnugt um neinar sagnir tengdar Hofi", segir í örnefnaskrá. Hof er semsagt nafnið á hæðinni þar sem nálega öll bæjarhús í Eyvík standa nú. Ávöl og gróin hæð, hún er aflöng og liggur N-S.

Ekki er vitað um að á þessum stað hafi áður verið mannvirki sem talið var hof. Talið er að orðið hof geti merkt hæð eða hryggur í landslagi og á það vel við hér.

**Heimildir:** Ö-Eyvík,1; Íslensk orðsifjabók, 357

**ÁR-445:004** heimild um hlöðu

64°02.715N 20°41.930V

Uppvið gamla íbúðarhúsið frá 1936 sem er í niðurníðslu, er steypt hlaða. Á gamalli ljósmynd sem til er í Eyvík sést að fast við þar sem hlaðan er nú stóð áður grjóthlaðin hlaða.

Hlaðan var uppi á grónum hól.

Engar leifar hennar sjást lengur. Hún var óvenju reisuleg og hlaðin úr grjóti eingöngu, veggir meira en mannhæðarháir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík,1

**ÁR-445:005** Hólar öskuhaugur öskuhaugur

64°02.693N 20°41.962V

"Ekki sást frá bæjarhúsunum áður í Leyni, en nú er íbúðarhúsið nyrzt á Hofi, og sézt þangað. Suður af gamla bæ eru Hólar, gamlir öskuhaugar", segir í örnefnaskrá. Hólarnir eru um 30 m suðaustur af tóftum á bæjarhól 001.

Hóll í túni, hallar mót suðaustri. Framræst mýri er neðan við.

Tveir kúptir hólar utan í náttúrulegum hól sem bærinn er reistur á. Syðri hóllinn er heldur stærri, um 10 x 10 m en sá nyrðri er um 6 x 6 m. Þeir eru nánast samtengdir. Þegar rótað hefur verið í hólunum hefur komið upp aska.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 2

**ÁR-445:006** tóft+garðlag

hesthús

64°02.568N 20°42.188V



Fjánhústún nefnist stakt tún sunnan við Kelduna, en hún rennur í skurði sunnan við bæjarhól 001. Á hól sem er sunnan við Fjánhústúnið er tóft af hesthúsi.

Sunnan túnsins er þýft holt.

Tóftin er 6 x 5 m með op í suðaustur. Veggir eru hlaðnir úr stóru grjóti og líklega hefur verið helluþak á húsinu því að mikið af flötum hellum liggur inni í tóftinni. Þar eru líka timburleifar. Hleðslur eru 6-7 umför, frekar heillegar. Í dyrum tóftarinnar er gríðarstór hella sem líklega hefur verið yfir dyrum hesthússins. Í norðvestur frá vesturvegg tóftarinnar utanverðum gengur grjóthlaðinn gaður, um 40 m langur. Hann er mjög gróinn og nokkuð siginn, líklega hluti túngarðs.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 2

**ÁR-445:007** *Djúpipyttur* náma mógrafir

64°02.740N 20°42.026V

"Djúpipyttur heitir einu nafni mikill mógrafaskurður vestnorðvestan við Pyttbakka og suðvestur af vegi, sem liggur á beitarhús. Mógrafaskurðurinn er röð af mógröfum. Mótak var misgott. Þurrkað var á Móstykki", segir í örnefnaskrá. Ennfremur segir í skránni um mótekju í landi Eyvíkur: "Mótekja var sæmileg í mógrafaskurðinum (Djúpapytti) og í Dyrabarði, einnig neðan við Vesturkinn. Mórinn var misdjúpur eftir því, hvar var tekið, og eftir því, hvað vatn sótti ört á í gröfinni. Munu þó sennilega haf verið fjórar til sex stungur, þar sem síðast var tekið. Mórinn var ágætur sums staðar, en ekki alls staðar, og víðast djúpt niður á hann. Síðast mun hafa verið tekinn mór laust fyrir 1940, því að hann var til fram undir 1950." Djúpipyttur er vestan við Hof, en það er háa hæðin sem bæjarhúsin standa á.

Skurðurinn bugðast gegnum tún sem er sléttað beggja vegna við hann.

Skurðurinn er víða djúpur allt að 1,5 m og eru bakkar hans eru grónir og mjög þýfðir. Töluverð bleyta er í skuðbotninum er þar vex stór. Heildarlengd er 270 m og breiðkar skurðurinn til suðurs. Breiðastur er hann allt að 6 m en norðurhlutinn er samansiginn og hugsanlegt að þar hafi verið ýtt yfir hann að hluta.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 2

**ÁR-445:008** gata leið

64°02.550N 20°42.135V

Greinileg gata liggur til suðurs frá gamla bæjarstæðinu 001.

Túnbrekka neðan við, þar rennur kelda í skurði. Þá tekur við Fjánhústún 010 en svo þýfður mói utan þess.

Í brekkunni sunnan við bæjarhól er gatan mjög greinileg og lítur út fyrir að hún sé upphlaðin á kafla líkt og vegur. Hún liggur svo austan við réttina 029 og áfram til suðurs austan við holt sem er sunnan Fjánhústúns. Hugsanlegt er að farið hafi verið þessa leið í Gölt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 2

**ÁR-445:009** heimild um beitarhús

64°02.419N 20°43.588V

"Djúpipyttur heitir einu nafni mikill mógrafaskurður vestnorðvestan við Pyttbakka og suðvestur af vegi, sem liggur á beitarhús", segir í örnefnaskrá. Ennfremur segir: "Utan (þ.e. vestan) við Krakalæk er Tungholt. Þar eru fjárhús og allstórt tún", og er þar átt við sama staðinn. Um fjárhús á Tungholti segir í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar: "Svo Tunguholt, þar er nýbyggt fjárhús og heyhlaða og plægt land 3 dsl. og hesthús."

Nú stendur reisulegt fjárhús á Tungholti og umhverfis það er ræktað tún.


Gamalt beitarhús sem stóð áður á holtinu var sléttað undir tún. Það var byggt nálægt 1920 en ekki er vitað hvort það var reist á rústum eldra húss. Það stóð þar sem nú er dálítill hólbunga nokkra tugi metra vestur af stóra fjárhúsinu og tók 50-60 kindur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 2, 7; Örnefnalýsing JE, 2

**ÁR-445:010** *Fjánhústún* tóft fjárhús

64°02.594N 20°42.153V



"Vestan við Kelduna er Fjánhústún, austan við Langastykkið", segir í örnefnaskrá.

Í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar segir: "Hús á túni eru á fjárhústúni. Heyhlaða og hús með járnþaki í sömu tótt og eitt fjárhús með hellu árefi [sic] og torþaki, tvö hesthús við túngarð [annað þeirra er væntanlega 006, um hitt er ekki vitað] og flóruð fjárrjett með sjer kró [029]." Síðar í sömu lýsingu segir Jóhannes: "[...] túnið þeim megin [við Kelduna] nefnt fjárhústún, þar 6 tóttir útsljettaðar fjárhús og hesthús [...]. Fjánhústúnið er suðvestan við Kelduna, en hún rennur í skurði sunnan við bæjarhól 001. Sunnarlega á Fjánhústúni er tóft.

Ekki er vitað um neina þeirra 6 úsléttuðu tófta sem Jóhannes nefnir í lýsingu sinni Tóftin er á þýfðum hól en umhverfis hann er nokkuð grýtt.

Tóftin snýr A-V með dyr í austur og er alls 14 x 9 m að stærð. Hlaða er í vesturenda, þar er breidd alls 9 m en austast er tóftin minni um sig eða 6 m. Vegna hruns er ekki hægt að sjá hvort garði hefur verið í húsinu en greinileg hleðsla er þar sem hlaðan skilur sig frá húsinu og hafa þar verið dyr hér um bil fyrir miðju. Líkleg er að helluþak hafi verið á húsinu, mikið er af flötum hellum innan tóftar sem virðast ekki komnar úr veggjum. Hús þetta var byggt af Kolbeini Jóhannessyni (d. 1952) sem lengi bjó í Eyvík.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 2; Örnefnalýsing JE, 1

**ÁR-445:011** *Dyrabarð* heimild um mógrafir

64°02.629N 20°42.058V

"Síðan tekur við Móflöt, neðan við Fjánhústúnið til suðausturs, og síðast Dyrabarð, sem er mýrarstykki á syðri bakka Keldunnar og stendur mun hærra en nyrðri bakkin, og má þar segja, að Keldan renni í gili á kafla neðan við brúna. Ekki er vitað, hvers vegna Dyrabarð heitir svo. Mór var tekinn þar og þurrkaður á Móflöt", segir í örnefnaskrá. Keldan er mýrarlækur sem rennur milli Fjánhústúns og túnsins sunnan bæjarhóls 001.

Beggja megin við Kelduna eru gróin tún en þó þýfi og órækt fast við bakka hennar.

Mógrafirnar eru horfnar, enda var ýtt yfir þær við túnrækt. Þær voru mjög djúpar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 2

**ÁR-445:012** tóft útihús


64°02.805N 20°41.902V

Tóft er vestur af núverandi íbúðarhúsi, í fremur brattri brekku sem hallar mót vestri. Hún er rúma 200 m norður af bæjarhól 001. Samkvæmt örnefnaskrá heitir þessi staður Hali: "Austurkinn heitir ekki lengra, en þegar halla fer norður af Hofi 003, og er þar laut niður Austurkinn. Norðan við lautina er Hali [...]" Í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar segir: "[...] á Túnhala hesthús og fjárhús." Líklegt er að þessi tóft sé af öðruhvoru húsinu en aðeins sést ein tóft á Halanum. Þýfð brekka, þar er hafin trjárækt.

Tóftin er 9 x 5 m, algróin og einföld og rétt svo mótar fyrir henni í þýfinu. Þó sést að hún hefur snúið með dyr í vestur. Hleðsluhæð 0,3-0,4 m, hvergi sést grjót.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 1; Örnefnalýsing JE, 1



**ÁR-445:013** heimild um beitarhús

64°02.551N 20°41.576V

"Fremst á Múlholti voru gríðarstórar fjárhústættur, áður en þar var tún", segir í örnefnaskrá. Múlholt er austan bæjar, það skagar út í nyrstu vík Hestvatns austanverða. Fremsti eða syðsti hluti þess er um 450 m suðaustur af bæjarhól 001. Í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar segir: "Múlholt heitir næsta holt austur af bænum. Syðst á því Múlholtshaus niður að víkinni, eru þar gamlar rústir af fjárborgum." Fyrst hafa því verið fjárborgir á Múlholti en síðar beitarhús. Staðsetning á hvoru tveggja er heldur óljós, þó virðast fjárborgir hafa verið heldur sunnar en beitarhúsin.

Nú er ræktað tún á Múlholti, þýfi er umhverfis í holtsjöðrunum.

Beitarhúsin eru horfin, þau voru sléttuð undir tún. Sama má segja um fjárborgirnar nema þær hafa líklega horfið allmiklu fyrr.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 3; Örnefnalýsing JE

**ÁR-445:014** frásögn fjárhús

64°02.809N 20°41.758V

Fjárhús stóð fast vestan við heimreiðina í Eyvík þar sem hún mætir Sólheimabraut.

Nú er þar plan fyrir rúllubagga.

Fjárhús þessi voru lengi notuð, þau voru að hluta til grjóthlaðin og með sambyggðri hlöðu. Fast upp við þau að norðan var skemma sem var hlaðin úr geysistöru grjóti. Ekkert sést nú lengur til húsanna, svæðið var sléttað fyrir fáeinum árum. Fjárhúsin tóku 120 kindur og voru byggð fyrir 1930.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 3

**ÁR-445:015** heimild um leið

64°02.794N 20°41.406V

"Þar um [Hamramel] lágu götur að Hömrum", segir í örnefnaskrá. Þar sem Hamramelur var áður eru nú ræktað tún sunnan við Sólheimabraut, skammt austan bæjar.

Slétt tún.

Götur sjást ekki lengur á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 3

**ÁR-445:016** heimild um leið

64°02.566N 20°40.567V

"Nokkru vestar í Múlholti [en götur að Hömrum 015] er slakki, sem heitir Ormsstaðamelur. Þar lágu götur að Ormsstöðum", segir í örnefnaskrá.

Næst Eyvík hafa göturnar legið yfir tún og mýrar, þá yfir Grjótá á vaði 037 og upp slakka á Vaðholti sem er þýft og gróið holt í Ormsstaðalandi.


Göturnar hafa legið því sem næst í beina stefnu milli bæjanna tveggja. Ekki sést lengur móta fyrir þeim nema hugsanlega í bakka utan í Vaðholti, Ormsstaðamegin. Þar er sneiðingur sem líklega eru leifar gamallar götu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 3

**ÁR-445:017** Tóftatangi tóft beitarhús

64°02.318N 20°41.564V



"Næst holtinu er Heimatangi, þá Tóftatangi og syðst Króarholtstangi. Á Tóftatanga voru tóftir af fjárhúsum, en þar var ekki fjárhús í minni Emmu", segir í örnefnaskrá. Allir þessir tangar eru á vesturbakka Austurness, en það skagar út í Hestvatn austan vökurinnar sem bærinn stendur upp af. Að sögn Emmu Kolbeinsdóttur festir yfirleitt ekki snjó í tanganum.

Norðaustur af tanganum er þýft graslendi en á honum sjálfum er mosavaxið og frekar stórgrýtt.

Greinileg tóft en samt gróin og er ekki mikil gróska í kringum hana. Hún er þríhólfa og alls 11 x 9 m og snýr nokkurn veginn A-V. Stærsta hólfið er 7 x 5 m og í beinu framhaldi af því til vesturs er minna hólfið, 4 x 5. Þau eru sambyggð en greinilegur veggur skilur á milli og er ekki að sjá að innangengt hafi verið á milli. Hvergi sjást dyr. Sambyggt þessum hólfum

að sunnan er svo stakt hólfi sem gæti verið rétt, 4 x 7 m með dyr í vestur. Vel sést í grjóthleðslur innan veggja á nokkrum stöðum, hleðsluhæð er mest um 1,3 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 3

**ÁR-445:018** Stíflukrókur heimild um áveitu

64°02.536N 20°40.693V

"Norður með Grjótá, móts við suðurenda Vaðholts, sem er austan við ána, heitir Stíflukrókur. Þarna eru hleðslubrot við Grjótána beggja vegna, síðan Jóhannes Einarsson, óðalsbóndi í Eyvík og á Ormsstöðum (hann átti báðar jarðirnar um tíma og bjó átta ár á Ormsstöðum) hugðist gera stíflu í ána til að veita vatni úr henni í áveituskyni", segir í örnefnaskrá. Stíflukrókur er 1,1 km suðaustur af bæ, gegnt tveimur sumarbústöðum sem standa á holti í Ormsstaðalandi.

Grónir árbakkar.

Ekki fundust stífluleifar en líklegast er að stíflan hafi verið við norðurenda Króksins, þar sem áin þrengist í suðurátt. Þó er ekki útilokað að hún hafi verið sunnar. Grjótá flæðir oft yfir bakka sína í leysingum og líklega er stíflan horfin af þeim sökum.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 4

**ÁR-445:019** Torfskurðarhvamur heimild um ristu

64°03.426N 20°41.678V

"Tekið var torf í mýrarlakka austan við Lassholt", segir í örnefnaskrá. Einnig segir: "Skammt norðan við Þverkeldu, austur við Grjótá, er Torfskurðarhvamur. Vafalaust hefur verið rist torf í Torfskurðarhvammi." Hér virðist nánast um einn og sama stað að ræða. Torfristustaðurinn er í starargrónum mýrarlakka við Grjótá, beint á móti nyrsta sumarbústaðinum í Ormsstaðalandi, handan ár.

Mýrarhvamur með blautum og þýfðum bökkum. Talsvert rof er í honum vestanverðum.

Blautir mýrapollar í hvamminum gætu verið gamlar pælar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 4-5

**ÁR-445:020** Þjóðsaga legstaður

64°02.038N 20°42.439V

Vesturnes er stórt nes vestan við víkina sem Eyvíkurbærinn stendur upp af. Austan í nesinu er hóll sem lengi hefur verið talinn legstaður Ketilbjörns gamla, þess er nam Grímsnes samkvæmt Landnámabók. Föðurbræður Emmu Kolbeinsdóttur grófu í hólinn af forvitni á árunum 1915-1920. Sagt er að þeir hafi komið niður á

steinhellu en nóttina eftir dreymdi þá illa og lögðu þá af frekari áform um gröft. Kristinn Magnússon, fornleifafræðingur á Þjóðminjasafni, hefur kynnt sér munnmæli um hinn meinta legstað og auk þess skoðað hann. Kristinn segir: "Munnmæli herma að Ketilbjörn hefði neitað að taka kristna trú og fyrirskipað að láta heygja sig þar sem ekki heyrðist til klukkanna í kirkjum byggðalagsins." Hóllinn er 1,3 km SSV af bæ, 200 m suður af norðurenda Lambhaga, en það er eyja (fyrrum tangi) úti í Hestvatni. Um 100 m eru að vatninu frá hólnum.

Hóllinn er í hlíð sem er gróin að miklu leyti en þó sumsstaðar grýtt. Henni hallar til austurs, niður að Hestvatni og er mjög brött, einkum neðst.

Hóllinn er fremst í smáslakka að laut, hann er afgangur frá N-S og alls um 12 x 5 m. Þó er áberandi bunga á honum miðjum, um 7 m löng. Ágætlega sést hvar grafið hefur verið í hólinn austast, þar er gróin hola. Hóllinn er algróinn og mosavaxinn, staðsetning hans og gerð vekja ekki sérstaka athygli nema fyrir þá sem þekkja munnmælasögurnar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 4

**ÁR-445:021** laug bað

64°02.484N 20°43.069V

Um 5 m vestan við sundlaug 025 eru leifar af sauðfjárbaði.

Mýrardrag milli tveggja holta, því hallar niður að Hestvatni sem er 7-800 m suðaustar.

Á þessum stað var heit laug, allt að 60° heit. Sauðfé var baðað í steypu kari við laugina og einnig var þveginn þvottur í lauginni sjálfri. Hlaðin rétt var norðan laugarinnar. Hún hefur nú verið rifin og sjást miklar grjóthrúgur við laugina sem er nú rétt ylvog, um 3 x 7 m og 2 m djúp. Rennur vatn úr henni til suðausturs ofan í skurð. Rask á staðnum er mikið. Þar var á sínum tíma reynt aða bora eftir heitu vatni og skemmdir unnar á umhverfi beggja lauganna 021 og 025. Á þessum stað var baðað fé frá mörgum bæjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 5

**ÁR-445:022** varða samgöngubót

64°02.306N 20°42.291V

"Suður af Heimaás er Vörðuás með vörðu á kalli", segir í örnefnaskrá. Vörðuás er suður af Heimaás, en það er ás sem tekur við suður af Fjánhústúni 010). Hann er um 800 m suður af bæjarhól 001.

Austurhlíð ássins er brött og grýtt en grastorfa er umhverfis vörðubrotið.

Varðan er á hæsta punkti holtsins og er alveg hrunin. Undirstöður hennar eru mjög grónar en ekki lítur út fyrir að hún hafi verið mjög há. Talið er að hún hafi átt að vísa veginn þegar farið var á bæina sunnan Eyvíkur, Gölt og Kiðjaberg.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 6

**ÁR-445:023** Stekkatúnsmýri tóft stekkur

64°02.251N 20°42.502V


"Suðvestur af Vörðuás 022 er Stekkatúnsmýri. Talsvert miklar tættur eru í eða við Stekkatúnsmýri", segir í örnefnaskrá. Jóhannes Einarsson segir í sinni örnefnalýsingu: " [...] Stekkatúnsmýri og þar gamalt stekkatún, og fjánhústóft." Mýrin er 2-300 m suðvestur af Vörðuás og er tóftin við norðausturjaðar mýrarinnar.

Þýfið mýri, þurrt meðfram henni.

Greinileg tóft en sigin. Hún skiptist annars vegar í hluta sem snýr N-S og er alls 8 x 4 m, hann virðist skiptast í tvennt með þvervegg. Hins vegar er útskot frá nyrðri endanum til vesturs, alls um 5 x 4 m. Það er ógreinilegt og ekki ljóst hvort innangengt var milli þess og hinna hólfanna tveggja. Á stöku stað glittir í grjót í veggjum. Líklega hefur fjárhúsið verið byggt á stekknunum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 6; örnefnalýsing JE, 1



**ÁR-445:024** Kirkjusteinn heimild um huldufólksbústað

64°02.649N 20°47.673V

"Niður undan Dyrámýri er stór klettur í miðri brekku, Kirkjusteinn. Kirkjusteinn var álitinn vera álfakirkja vegna þaklaga lögunar", segir í örnefnaskrá. Steinninn er innarlega í gili sem kemur á víkina miðja, þ.e. víkina sem bærinn stendur upp af. Vestan megin í gílinu er lágt klettabelti sem er eini staðurinn á þessu svæði sem kemur til greina. Þýfi er í gilbotninum sem Keldan rennur eftir.


Klettabelti, fremur lágt, um 10 m á lengd. Enginn klettanna kemur nákvæmlega heim og saman við lýsinguna, þ.e. er áberandi þaklaga.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 6

**ÁR-445:025** *Laugarsund* hleðsla sundlaug

64°02.484N 20°43.057V



"Austan við Krakalækinn, gegnt Tungholti [þar eru fjárhús 009], er Laugarholt. Austan við það er Laugarsund, þar er laug", segir í örnefnaskrá. Laugarholt er um 500 m austur af 009, fast vestan við veg sem liggur út að núverandi fjárhúsi á Tungholti.

Grasþýfi í lægð milli tveggja holta. Krakalækur er 100-200 m vestar.

Á þessum stað var bæði heit laug til sauðfjárbáða 021 og hlaðin sundlaug til menskra báða. Sundlaugin var austur af baðinu og sjást leifar hennar enn. Hlaðið er í ferhyrning, 12 x 5 m en reyndar er suðurhlið hrunin og ógreinileg og er ekki víst að mikil hleðsla hafi verið fyrir vesturhlið. Vatnspollur er í austasta og dýpsta hluta laugarinnar en líklegt er að vatn hafi verið leitt í hana úr 60° heitu lauginni sem er 5-10 m fjær. Hleðsluhæð laugarveggja er mest um 1,5 m. Um rask á svæðinu sjá 021.

**Hættumat:** hætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 7

**ÁR-445:026** tóft

64°02.998N 20°40.624V

Norðaustast á Austurnesi, fast við þar sem það mætir landi og u.þ.b. til móts við ós Grjótár, er tóft.

Gróið nes og túnrækt á því að hluta en grjótrönd niður við vatnið.

Óljós, ógróin grjóthleðsla úr stórgrýti er á vatnsbakkanum. Hún fylgir vatnsborðinu og snýr því N-S og myndar hólf sem er um 20 x 5 m að stærð. Hleðslan er alveg hrunin og því mjög óljós og fellur jafnframt saman við grjót sem er niðri við vatnsborðið. Við norðurenda hleðslunnar er hugsanlegt að séu fleiri hleðslur.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 7

**ÁR-445:027** *Fagurhlíð* tóft býli

64°02.617N 20°42.742V

"Suðvestast á Hlíðinni eru fjárhús og tún umhverfis. Fjárhúsin eru byggð í gömlum bæjartóftum, því að þarna var býli fyrrum, sem hét Fagurhlíð. Hún er norður af Nónás. Er nokkuð breitt mýrarsund frá Fagurhlíð að heimatúnum. Emma veit ekki upp á ár, hvenær Fagurhlíð fór í eyði, en þegar móðir hennar kom að Eyvík 1915, var þar gömul kona til heimilis, sem mundi eftir fólki í Fagurhlíð. Átti það þá eina kú, sem þessi gamla kona, þá barn að aldri, var látin reka mað Eyvíkurkúnum", segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Fagurhlíjd, eyðihjáleiga. Bygð fyrst á stekkjartúni fyrir 20 árum. Og nú í auðn fallin fyrir 6 árum." Í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar frá 1929 segir: "[...] Fagurhlíð, þar sunnaní tún og bæjarrúst af bænum Fagurhlíð. Þar sjást glögg tóftir af baðstofu, bæjardyrum, eldhúsi, búri, fjósi, smiðju, heygardi og fleirri rústir nálægt. Var þar byggt fyrir 80-90 árum. Hefur þar verið talið reimt og hnoðrar sjást velta úr bæjarrústum þar. Um reimleikana var þettað kveðið: Fagurhlíðar draugadans, dimmur allavega, kvelur ei Þórð en konu hans, kynlegan eikur [sic] trega." Fagurhlíð er 620 m vestur af bæjarhól 001, sunnan undir sérstökum, brjóstalaga hólum sem eru áberandi frá bænum séð.

Þýfð grasbrekka í halla mót suðri. Fast austan við tóft, sem er í brekkunni, er kartöflugarður.

Tóftir býlisins Fagurhlíðar eru líklega alveg horfnar, enda reif Kolbeinn (d. 1952) bóndi í Eyvík niður veggina og byggði beitarhús úr grjótinu. Beitarhústóftin er hins vegar heilleg. Hún snýr N-S með dyr í suður, alls 6 x 15 m. Húsið hefur verið töluvert niðurgrafið, einkum þó hlaðan sem hefur verið norðan megin. Einn grjóthlaðinn garði er eftir tóftinni endilangri, hann er með steyptri plötu ofaná. Töluvert er af ryðguðu bárujárni og spýtnabraki í tóftinni. 15-20 m vestan við tóftina er mjög rústalegur hóll, um 15 x 15 m að umfangi en ekkert lag á honum. Er ekki óhugsandi að þar séu t.d. leifar útihúss frá Fagurhlíð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 8; Sunnleskar byggðir III, 153; JÁM II, 336; Örnefnalýsing JE, 2

**ÁR-445:028** frásögn vað

64°02.811N 20°41.129V

Ef ekið er í austur frá Eyvík í átt að Ormsstöðum er farið yfir brú á Grjótá. Þar sunnan við ána er greinilegt klettaneff sem heitir Hellunef. Þar var vað yfir ána.

Áin rennur til suðurs undan veginum en sveigir þar til austurs með honum. Bakkar hennar eru víða grýttir.

Breidd er á ánni þar sem hún kemur undan vegi. Nokkuð greinileg, gróin upphækkun, líklega gamall vegur, liggur að ánni beggja vegna. Á þessum stað var reist fyrsta brúin yfir Grjótá árið 1934.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 8

**ÁR-445:029** tóft rétt

64°02.577N 20°42.143V

"Gömul fjárrétt stendur framan við Móflöt. Var hún byggð að fyrirlagi Guðrúnar Sigurðardóttur, sem þá bjó


ekkja stórbúi í Eyvík. Síðast munu ær hafa verið mjólkaðar 1926-1929 en þá hafði það ekki verið gert öll ár á undan", segir í örnefnaskrá. Réttin stendur en. Suður af Fjánhústúni 010 er holt sem liggur N-S og nefnist Heimaás. Réttin er austan undir því, norðarlega, rúma 250 m suðaustur af bæjarhól 001.

Þýfi undir holtinu, skammt utan túns.

Grjóthlaðin, tvíhólfa rétt, alls 20 x 7 m. Dyraop er í norðaustur en við það, í beinu framhaldi af suðurlangvegg réttarinnar er stök 3-4 m löng hleðsla, e.k. aðhald. Réttin er breiðust austast en smámjókkar til vesturs og er þar um 5-6 m breið. Þar, allra innst, er lítil kró sem er sambyggð, 5 x 4 m. Hún er hlaðin utan í Heimaásinn og þar í suðurveggnum er jarðfastur klettur. Op er á milli hólfa tveggja. Veggir eru lítið hrundir og eru allt að 7-8 umför af hleðslum

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Eyvík, 8



**ÁR-445:030** heimild um rétt

64°02.096N 20°49.030V

Í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar segir: "Þar við Hestvatn [hjá Brekkholti] er sjáfgjört aðhald á sandi undir bergi, og þar frá ómunatíð rekið að fje til rúnings og oftár." Brekkholt er austan í Austurnesi, sem er austan við Heimavíkina. Aðhaldið var sunnan undir syðsta hluta þess.

Grýtt sandfjara við vatnið, brattir klettur loka henni af á þrjú vegu en líklega hefur verið rekið inn að austan. Svæðið er um 30 x 10 m

Engar hleðslur sjást í aðhaldinu og það hefur sennilega verið náttúrulegt að öllu leyti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnalýsing JE, 3

**ÁR-445:031** heimild um fjárhús

64°02.796N 20°41.796V

Í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar segir: "á Hátúninu eru tvær gamlar fjárhústóttir sljettaðar." Hátún nefnir hann staðinn þar sem túnið er hæst, það er nú yfirleitt nefnt Hof og þar standa núverandi bæjarhús í Eyvík. Líklegt er að önnur þessara tófta sé af húsi sem var uppistandandi 1918 (sjá 002) en nú veit enginn hvar hitt húsið hefur staðið.

Hár og stór hóll. Þar eru tvö eða þrjú íbúðarhús auk útihúsa.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-445:032** hleðsla brú

64°02.643N 20°42.049V

Í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar segir: "Lækur sem rennur gegnum niður eða lága túnið [Niður- eða Lágatúnið??] heitir Bæjarkelda, og brú yfir [...]" Í beinu framhaldi af vegi sem virðist að einhverju leyti upphlaðinn (008) og liggur til suðurs frá bæjarhól eru hleðsluleifar í Keldunni sem vel gætu verið af brúnni.

Bæjarkeldan rennur undir brúna. Beggja megin við hana eru ræktuð tún.

Grjóthrúga úti í Keldunni. Hleðslan er allt að 15 umför og allt að 2,5 m há, hlaðin úr stóru og köntuðu grjóti. Efst er hún gróin.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-445:033** Markarúst þúst landamerki

64°02.678N 20°44.777V

Landamerkjum Eyvíkur er lýst í örnefnaskrá: "Grjóta ræður frá Austurvík að Engjalæk, síðan ræður Stærri-Bæjargil í Markahvamm og þaðan í þúfu fremst á Selholti; þaðan um rúst á mýrinni í Heiðrimakeldu [...]" Í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar segir: "Norður með Heiðrimakeldu er rúst er heitir Markarúst, hornmark Eyvíkurlands við Mýrarkot og Brjámsstaði [...]" Núverandi hornmark jarðanna þriggja er á mótum tveggja skurða og er auðfundið. Markarúst er um 200 m austan við það, 2,3 km vestur af bæ.

Mýrar.

Markarúst líkist helst litlu holti, um 10 x 50 m og er það heldur grænna en mýrin umhverfis. Engin eiginleg rúst sést og ekkert rústalag er á holtinu sem virðist náttúrulegt. Skurður er grafinn við norðurjaðarinn.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-445:034** Langabrá gata leið

64°03.072N 20°42.968V

"Fyrir vestan Fagurhlíð er Hlíðarholt, þar vestur af Langirimi, þaðan í norðvestur Langabrá, gamall alfaravegur. Þar niður af Krakalækjarbotnar", segir í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar. Langabrá er um 1 km NNV af Fagurhlíð 027.

Þýfður rimi, mýrar allt í kring.

Greinileg og niðurgráfin gata, liggur eftir endilöngu holtinu sem liggur NA-SV. Ekki er ljóst hvert hún lá.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Örnefnalýsing Jóhannesar Einarssonar, 2

**ÁR-445:035** heimild um 64°01.930N 20°42.488V

"Merki má sjá girðinga yfir Urðarholtsmýri í Túnholtssundi og víðar og víða tvennar á sömu slóð, líklega slægjur afgirtar", segir í örnefnalýsingu Jóhannesar Einarssonar. Urðarholt heitir þar sem Vesturnes skagar lengst fram í Hestvatn, mýrin er norðan Holtsins og nær út að vatninu að austan og vestan. Það er um 1,5 km suður af bæ.

Þýfð mýri. Skurður liggur yfir hana norðarlega frá og snýr A-V.

Ekki fundust merki um garðhleðslur í mýrinni. Á loftmynd af svæðinu mótast hinsvegar fyrir tveimur óljósum gördum sem liggja yfir mýrina frá A-V. Þetta er norðarlega í mýrinni, skammt sunnan við skurð sem er í henni allra nyrst.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Örnefnalýsing Jóhannesar Einarssonar, 3

**ÁR-445:036** tóft óþekkt

64°02.029N 10°42.612V

Beint vestur af miðjum Lambhaga, sem er nú eyja austur af Vesturnesi, er Urðarholtsmýri. Uppi á brún, norðan við mýrina miðja, er tóft. Hún er tæpa 150 m vestur af meintu kumli 020.

Þýft og mosagróið holt. Mýrar eru að sunnan og vestan.

Á þessum stað mótast fyrir tóft sem snýr A-V, alls 17 x 7 m. Hún er ekki greinileg. Almennu eru þúfur á holtinu litlar og einsleitar en í veggjum tóftarinnar eru stærri þúfur, bæði breiðari um sig og rísa hærra. Innan veggja ber hins vegar minna á þúfum. Tóftin er breiðust um miðjuna, alls 7 m en 4-5 m breið til endanna. Veggir eru allt að 2-3 m breiðir og rísa allt að 1 m yfir yfirborð. Hvergi sér í grjót og gróska er engin.

**Hættumat:** engin hættu

**ÁR-445:037** frásögn vað

64°02.566N 20°40.567V

Vað var á Grjótá á leiðinni til Ormsstaða (sbr. götu 016), 1,2 km ASA af bæjarhól 001, gegnt Vaðholti en á því eru tveir sumarþúfaðir í Ormsstaðalandi.

Áin breiðir úr sér á þessum stað og rennur til suðurs en sveigir í krók rétt neðan við vaðið. Vestan megin ár er þýfi en austan megin Vaðholt.

**Hættumat:** engin hættu

## ÁR-446 Ormstaðir

30 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.

1918: Tún 7,4 ha, þar af slétt 11/12. Garðar 1172 m<sup>2</sup>.

"Bærinn stóð suðaustan í allstórum ás en nú á síðustu árum hafa íbúðarhús og gripahús verið færð upp á brúnina (ásinn) þar sem miklu víðsýnna er. Landið er að mestu framræst mýrlendi en móaholt hér og þar. Slauka og Grjótá ráða landamerkjum að suðaustan, sunnan og vestan en að öðru leyti vélgrafnir skurðir og girðingar. Góðar 300 hesta flæðiengjar voru á bökkum Slauku. (...) Nokkrir sumarbústaðir eru á jörðinni. [...] Jörðinni var skipt upp 1958 í Ormsstaði I og II." Sunnlenskar byggðir III, 154.

### ÁR-446:001 Ormstaðir bæjarhóll bústaður

64°02.583N 20°39.900V

Bæjarhóllinn er sunnan eða suðaustan í brekkunni sem núverandi bæjarhús standa á, rúma 100 m austur af elsta íbúðarhúsinu á Ormstöðum en nú, 2001, er verið að byggja ný íbúðarhús, bæði norðan og sunnan við það.

Brekka í halla mót suðaustri. Norðvestar er klettabelti og undir því traðir 011. Niður af bæjarhól taka við mýrar að ánni Slauku.

Bæjarhóllinn var sléttaður vorið 2001, líklega í februnarskyni. Þar sést nú ekkert nema dálítill bunga í moldarflagi sem sennilega er búið að sá í. Stærð bungunnar er um 25 x 35 m. Norðurhluti bæjarhólsins nær líklega inn á gróid svæði neðan klettabeltisins, þar hefur engu verið raskað en hins vegar gróðursett mörg tré. Ekki er víst hversu miklu var rutt burt af hólnum en í flaginu sést beinarusl á stangli, hugsanlega úr öskuhaug. Lítið sem ekkert grjót er sjáanlegt. Um miðbik bungunnar mótar fyrir steypum vegg, um 3 m löngum sem liggur N-S.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-446:002 heimild um útihús

64°02.563N 20°39.916V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús innan við 10 m suður af bæjarhól.

Nú er á þessum stað vegur og mikil uppfylling undir honum. Vegurinn liggur að íbúðarhúsi í smíðum.

Húsið er horfið en steypuklumpur, líklega þró, er neðan vegarins. Á þessum stað voru hlaða og fjós enn uppistandandi að hluta árið 1971.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-446:003 heimild um útihús

64°02.562N 20°39.918V

Samkvæmt túnakorti stóð útihús fast norðvestan við 002.

Nú er þar sléttað bílaplan úr mól.

Á þessum stað voru hlaða og fjós enn uppistandandi að hluta árið 1971 og mun þetta vera annaðhvort þeirra.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-446:004 heimild um útihús

64°02.565N 20°39.989V

Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 60 m norður af húsum 002 og 003.

Nú er þar slétt plan framan við íbúðarhús.

Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-446:005 heimild um útihús

64°02.568N 20°39.996V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús fast norðan við 004.

Nú er þar bílaplan framan við



Ormstaðir – mörk túns 1918

núverandi íbúðarhús.

Húsið er horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-446:006** frásögn fjárhús

64°02.649N 20°40.082V

Grjóthlaðið fjárhús stóð fast vestan við núverandi heimreið, tæpa 200 m norðvestur af gamla íbúðarhúsinu.

Ósléttur grasskiki. Yfir hann liggur malarvegur frá heimreið stóru svínahúsi.

Húsið er horfið. Þakið fuk af því nálægt 1971 og var það rífið fljótlega eftir það. Nú mótast ekki fyrir því en skikinn er þýfður og á honum hátt gras.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-446:007** *Torfhólmi* heimild um ristur

64°03.425N 20°39.595V

"Norður af [Litlahólma] er stærri hólmi, Flóðahólmi, sem Guðmundur nefnir svo, en er nefndur Torfhólmi í skrá Gísla. Mikil reiðingsrista var í hólmanum, kvistalausar dælur. Afi Guðmundar skar þar eitt sinn 80 reiðingstorfur", segir í örnefnaskrá. Hólmar þessir voru í mýrlenda dalnum sem er austur af Selhöfða 021.

Mýri, um hana liggur mikill skurður N-S. Á stalli efst í dalnum er Sólheimatorfan.

Hólmarnir sjást ekki vel lengur eftir að mýrin þornaði, þeir hafa runnið saman. Ekki er vel ljóst hvar nákvæmlega Torfhólmi var.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 6

**ÁR-446:008** hleðsla traðir

64°02.592N 20°39.916V

"Neðan við stóru klettana er graslendi, ekki breitt, og síðan koma traðirnar heim að bænum", segir í örnefnaskrá. Enn mótast vel fyrir tröðunum, suðaustan undir klettabelti sem er við bæjarhólinn norðanverðan.

Þær sjást efst í grasi vaxinni brekku neðan klettanna. Þær er hátt gras og mikil trjárækt, allt að 5 m háar aspir.

Greinilegur troðningur liggur til norðurs, allt að 1 m breiður. Ekki virðast hafa verið háar hleðslur meðfram, a.m.k. sjást þær ekki vel. Traðirnar lágu til norðurs með klettunum en þar sem þeim sleppti sveigðu þær meira til vesturs. Nú stendur til að gera einhvers konar stíg eða veg þar sem traðirnar liggja og fylla þær jafnvel upp með mól.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 1

**ÁR-446:009** *Klettakofi* heimild um fjárhús

64°02.646N 20°39.965V

"Fjárhús var við norðurenda klettabrúarinnar og nefnt Klettakofi; þetta var áberandi kofi", segir í örnefnaskrá. Hús þetta er sýnt á túnakorti frá 1918. Óljóst mótast fyrir tóft uppi á brúninni, um 20 m sunnan við réttina 010).


Þýfð og grösug brún, nauðbitin af hrossum.

Mikið þýfi, óljós tóft og sigin og hlýtur mestum hluta hennar að hafa verið rutt burt. Snýr N-S með op í norður, fram af klettabrúninni. Stærð 4 x 6 m og sér sumsstaðar í grjóti í veggjum sem ná þó ekki nema 0,4 m hæð.

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 1; Túnakort 1918

**ÁR-446:010** tóft rétt

64°02.667N 20°39.992V



"Fjárhús var við norðurenda klettabrúarinnar og nefnt Klettakofi; þetta var áberandi kofi. Aðeins norðar og vestar en kofinn var fjárréttin og var með litlum dilk. Þarna voru kvíærnar mjólkaðar, dálítinn spöl frá bæ. Hætt var að færa frá á Ormsstöðum, þegar Guðmundur fór að Eyvík", segir í örnefnaskrá. Guðmundur þessi sem var Jóhannesson fæddist 1897 en fluttist frá Eyvík 11 ára gamall, semsagt 1908 (sbr. örnefnaskrá bls.1). Réttin er ofan í slakka fast norðan við klettarana, um 170 m norður af bæjarhól 001.

Beitarhólf fyrir hross í halla mót norðaustri. Hæsti punktur eru klettarnir, sunnarlega í hólfinu. Töluverður ágangur hrossa er við réttina.

Réttin er enn heilleg. Hún er tvískipt og L-laga, opin í norður eða norðaustur. Austara hólfíð er 11 x 6 m en það vestara 6 x 5 m. Veggir eru hlaðnir úr stórgrýti og er víða mikið hrúnið úr þeim. Hleðsluhæð er allt að 1,5 m. Suðausturlanghlið er byggð inn í brekkuna, einnig suðurskammhlið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 1

**ÁR-446:011** garðlag áveita 64°02.611N 20°39.592V

"Austur af bænum er stór jafnland mýri, Austurmýri. Þar er áveitan, var búið að gera garða áður. Stórt flóð var í Austurmýrinni, Austurmýrarflóð. Mýrin var mestöll undir flóði. Grjóta var stífluð og gerður skurður milli Dyrarima og túns og austur á áveitu. Það var faðir Guðmundar, sem stíflaði ána. Stíflan var svo breið, að hún var vagnfær", segir í örnefnaskrá. Stíflan fannst ekki en Grjóta hefur breytt sér mikið, hún rann áður austar og út í Slauku en ekki í Hestvatn eins og nú. Töluverðir áveitugarðar eru í Austurmýri, austan bæjar. Tiltölulega slétt mýri.

2-3 garðar eru skýrastir og liggja í stefnu A-V. Sá lengsti sem er vestast er hátt í 200 m langur en hinir eru styttri. Á nokkrum stöðum sést votta fyrir garðleifum sem eru sennilega eldri. Alls er áveitusvæðið nálægt 500x500 og Slauka rennur með því að sunnan. Garðarnir eru allir svipaðir að gerð, torfhláðir, um 0,3 m háir og rúmlega 0,5 m breiðir

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 2

**ÁR-446:012** Ormsstaðalaug heimild um þvottalaug 64°02.892N 20°39.289V

"Norður af Austurmýri er hallandi mýri vestan við Laugarholt. Ormsstaðalaug er í suðvesturhorni holtsins; hún mun hafa verið 60° heit. Þar var þvegið, og hefur ef til vill verið komið frá Hömrum til þess að þvo þar", segir í örnefnaskrá. Laugin var við austurendann á skurði sem liggur yfir Laugarholti og út í Austurmýri, tæpa 800 m ANA af bæ.

Þýft og gróið holt.

Laugin var grafin út og þannig skemmd fyrir 1971 og sjást nú engar leifar af henni. Sunnan undir hæsta punkti Laugarholtsins er mikið stórþýfi sem myndar nokkurn veginn hólf, um 5 x 6 m. Hugsanlega eru það leifar af rétt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 2

**ÁR-446:013** heimild um leið 64°02.907N 20°39.275V

"Sláttubót er vallendislaug, ekki stór, skammt fyrir norðan laugina [012], næst holtinu. Gatan að Hömrum lá rétt fyrir austan hana," segir í örnefnaskrá.

Þýft holt, tún er á því nyrst.

Ekki sést til götunnar. Líklegt er að hún hafi legið sunnan við hæsta punkt Laugarholtsins og því sveigt eilítið norðar en svo að hún lægi í beina línu milli bæjanna tveggja. Það er eðlilegt vegna Austurmýrar sem er sunnar. Á þessum stað hefur orðið rask vegna framræslu og túnræktar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 2

**ÁR-446:014** bæjarstaði bústaður 64°02.557N 20°39.940V

Á 20. öld var tvíþýli á Ormsstöðum. Austurbær var þar sem hinn eiginlegi bæjarhóll er en Vesturbærinn stóð um 50 m sunnar.

Nú er verið að byggja nýtt íbúðarhús þar sem Vesturbærinn stóð, beint suðaustan við gamla íbúðarhúsið.

Undir vesturbænum var um 2 m djúpur, hlaðinn kjallari, líklega ekki meira en 2 x 3 m að grunnfleti. Hann hefur nú verið rifinn upp og liggur stórgrýtið, sumt nálæga björg, á plani norðan við íbúðarhúsið sem verið er að byggja sumarið 2001. Greinileg meitlaför sjást í sumum steinunum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna rasks

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 2

**ÁR-446:015** heimild um vað 64°02.197N 20°40.257V

"Þar sem Slauka byrjar í Hestvatni, hétu Toppar. Slauka er djúp, en breiddi úr sér þarna, svo að þar var sárgrunnt, og ferginstoppar voru beggja megin við hana. Þarna var vað, sem farið var yfir að Vatnsnesi", segir í örnefnaskrá. Vaðið er við vesturenda Slauku, um 800 m suðvestur af bæ.

Slétt mýri er að norðan og smáklettur í bakkanum að austan. Um 100 m eru á milli bakka.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 2

**ÁR-446:016** Svefnholt heimild um smalakofa 64°03.672N 20°39.648V

"Dálítið holt, sem heitir Svefnholt, er vestan við Hellhamar, þó nær Selhöfða [021]. Líklega dregur það nafn af því, að smalar höfðu þar smákofa og hafa e.t.v. sofnað þar", segir í örnefnaskrá. Holtið er um 120 beint vestur af

beitarhúsatóft 020. Aðeins mjótt mýrarsund skilur að Selhöfða og Svefnholt. Þýft, stakt holt.


Engin rúst sést á holtinu og er raunar ekki örugg heimild um að þar hafi verið smalakofi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 5

**ÁR-446:017** *Helghóll* tóft

64°02.565N 20°39.224V



Rúma 500 m austan bæjar og austan við Austurmýri er hóll sem heitir Helghóll. Á hólbungu sunnan undir honum er tóft.

Ávalur, gróskumikill hóll. Norðan við hann gnæfir hinn strýtumyndaði Helghóll með þúfu í kalli.

Ferhyrnd tóft sem gæti verið leifar af rétt, 10 x 7 m. Hún er líklega torfhlaðin, a.m.k. sést hvergi grjót í veggjum. Hleðslur eru sumsstaðar hlaupnar í þúfu og hvergi hærri en 0,4 m. Suðvestur-langhlið er ógreinilegust, þar er skyndileg lækun á hólnum. Hvergi sjást greinilegar dyr.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 3

**ÁR-446:018** *Engjalækjarbakki* heimild um mógrafir

64°03.718N 20°40.635V

"Mótak var í Engjalækjarbakka, þar sem er hátt gil við lækinn. Hætt var að taka þar mó, þegar Guðmundur var á Ormsstöðum, en grafirnar sáust", segir í örnefnaskrá. Engjalækur rennur út í Stærribæjargil sem nefnist Grjótá þegar neðar dregur. Engjalækjarbakki er um 2,1 km NNV af bæ.

Gil sem rauður mýrarlækur rennur í, mýrar allt um kring. Töluvert hefur hrunið úr bökkum gilsins.

Ekki sjást greinilegar mógrafir og gilið eða bakkinn er ekki hærri á einum stað en öðrum. Líklega er að mórinn hafi verið tekið sunnan megin, þar er bakkinn að jafnaði hærri.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 4

**ÁR-446:019** *Stekkjarkholt* heimild um stekk

64°02.953N 20°40.123V

"Norðaustur af túninu og norðan við Sólheimabrautina er stórt holt, sem heitir Stekkjarkholt. Vestan í því eru fjárhús, reist í gömlu stekkatúni. Holtinu hefur verið breytt í tún", segir í örnefnaskrá. Holtið er 700 m norður af bæ, um 100 m norðan við Sólheimabraut.

Syðst, sunnan fjárhússins, er holtið mjög þýft en norðar er tún á því.


Hvergi sjást stekkjarkleifar. Holtið var orðið að túni 1971.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 5

**ÁR-446:020** tóft beitarhús

64°03.613N 20°39.561V



"Sel hefur verið á höfðanum, en það varð að beitarhúsi, sem lagt var niður. Annað var byggt á Hellhamri, og þar er tóft. Hellhamar er fyrir norðan Seldal. Endinn á Ásunum nær þangað. Svólíttill kletthamar er fyrir neðan húsið, og þarna eru miklar hellur eins og víðar í grenndinni. Á Hellhamri hafði faðir Guðmundar sauðahús, en Þorbjörn Bjarnason lagði það niður. Talað var um að fara "upp í Sel" þegar farið var í húsið á Hellhamri. "Sel var haft um beitarhúsið á Selhöfðanum og haldið áfram að nota nafnið, þótt húsið væri flutt. Aldrei var talað um að fara upp eða norður á Hellhamar, þegar farið var í húsið", segir í örnefnaskrá. Beitarhús á Hellhamri voru 300 m norður eða norðaustur af Selhöfða 021.

Höfði, heldur minni en Selhöfði. Hann er þverhníptur að austan en aflíðandi sunnan megin.

Heillegar beitarhúsatóftir eru á þessum stað. Tvö sambyggð hús auk hlöðu sjást, stærð alls 14 x 15 m. Veggir eru haglega hlaðnir úr flötum hellum. Húsin eru samsíða og bæði með dyr mót suðaustri. Aðeins eru um 4 m frá dýraopum fram á þverhnípta klettabrún. Hlaðinn garði er í nyrðra húsinu og nyrst í því er stór hlaða sem teygir sig 5 m út fyrir húsið í norðaustur. Stór hella lafir enn uppi yfir nyrðra dýraopinu þótt það sé að öðru leyti mjög samansigið. Hugsanlegt er að opið hafi verið milli húsanna tveggja innst í þeim, þar er nú mikið rof.


**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 5

**ÁR-446:021 Selhöfði tóftir sel**

64°03.465N 20°39.699V

"Þegar Smáholtamýri sleppir, kemur Selgil, skammt fyrir norðan Smáholtin. Selgil er grasi gróið af teðslu. Enginn áberandi lækur er í gílinu, og það er þurrt nema helzt í vetrarleysingum. Þá tekur við Selhöfði, bunguvaxinn höfði, með Selbergi framan í. Selbergið er töluvert hátt, og þar verpti hrafinn. Norðan við Selhöfðann er Seldalur, stuttur dalur og lítill. Selgil myndar höfðann á annan veginn, og Seldalur er hinum megin. Sel hefur verið á höfðanum, en það varð að beitarhúsi, sem lagt var niður", segir í örnefnaskrá. Selhöfði er 1 km NNA af Stekkjarholti 019.



Allhár, gróinn höfði, snarbrattur að austanverðu. Þar fyrir neðan er mýrlendur dalur og Sólheimatorfan efst í honum. Höfðinn er aflíðandi að sunnan og vestan, þar tekur einnig við mýrlendi.

Tóftalegt er um að litast á höfðanum, þýfi mikið og grænka. Norðvestarlega eru greinilegustu tóftirnar, beitarhús. Þau snúa NV-SA með dyr á suðurenda. Líklega er um tvö sambyggð hús að ræða eða beitarhús og rétt. Syðri hlutinn er alls 10 x 5 m og dýpstur norðvestast. Sennilegt er að þar hafi verið hlaða. Hleðsluhæð er um 1,1 m, veggir að mestu hrundir og grónir að utan. Nyrðri hlutinn er svipaður að stærð en tengist hinum partinum ekki sjáanlega, þannig lítur út fyrir að dyr hafi getað verið bæði að vestan og austan. Þetta hólf er einfalt að allri gerð og hleðslur algrónar. Garðar sjást ekki í hólfunum tveimur. 5 m suður af þessari tvöföldu tóft er stök tóft sem snýr N-S, alls 6 x 11 m en vesturlanghlið sést ekki. 8 m vestur af henni mótar fyrir tveimur ógreinilegum tóftum, önnur snýr NV-SA og er um 10 x 5 m, opin í norðvestur en suðausturendinn er töluvert breiðari. Hin tóftin kemur skáhallt út frá henni en er samt stakstæð. Hún er suðvestast á holtinu. Hún er 10 x 5 m en mjókkar til suðurs. Auk alls þessa er kargaþýfi þar sem höfðinn rís hæst og er ekki ólíklegt að þar séu tóftaleifar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Ormsstaðir, 5

## ÁR-447 Vatnsnes

10 hdr. 1840. Skálholtsstólsjörð. 1708: "Vatnsnes, eyðijörð, fjell nú síðast í auðn i næstliðnum fardögum, hafði áður um lángrandi tíð i eyði legið,..." JÁM II, 337. Jarðardýrl. óviss 1847. "Hreppstjóri telur jörð þessa sem konungs eign, en svo lítur út, sem hún hafi verið stóls eign (1760) og legið lengi í eyði, því eigi er hennar getið í skýrslu Rentukammersins um sölu konungs jarða til 1842, og að vísu heldur eigi í stólsjarðabókinni, en seld er hún eptir kon. úrsk. 19. Apríl 1837. Hreppstjóri einn telur hana 10 h. að dýrleika." JJ.

"Landamerki Vatnsness eru samkvæmt landamerkjabréfi frá 1870 þessi: Frá garðlaginu við Hvítá um Hesteyru í Þrengslahól, svo ræður garðlagið í Hestvatn, svo ræður Hestvatn og Slauka í Hvítá og Hvítá að áður nefndu garðlagi." Ö-Vatnsnes, 3

1918: Tún 4 ha. Garðar 1529 m<sup>2</sup>.

"Bærinn stendur á lágum hól skammt norðan undir Hestfjalli. Landið afmarkast af Hestvatni að vestan og útfalli Hestvatns, ánni Slauku (Hestlæk) sem rennur fyrir landi Vatnsness að norðan og norðaustan. Þá er Hvítá í mörkum að austan en Hestfjall að sunnan. Suður af bænum - að Hestfjalli - eru sléttar, véltækar áveituengjar. (...) Áður var Slauka vondur farartálmi, ófær yfirferðar nema við Hvítá, en upp úr 1950 var hafist handa að gera grjótgard yfir ána, 112 m vegalengd. Þetta er mikið mannvirki, grjótið flutt á sleða á ís um talsverðan veg og unnið að þessu öllum stundum í nokkur ár. Komst sémilegt vegasamband á en þegar vöxtur er í Hvítá flæðir hún inn í Hestvatn og bærinn einangrast í nokkra daga." Sunnlenskar byggðir III, 155.

### ÁR-447:001 Vatnsnes bæjarhóll bústaður

64°01.938N 20°40.118V


Fast austan við núverandi íbúðarhús er bæjarhóllinn. Hugsanlegt er að hann hafi að hluta til farið undir íbúðarhúsið

Sunnan við hólinn er afgirtur skiki/garður með trjárækt. Norðan við er slétt malarlagt bílastæði.

Hugsanlegt er að hólinn hafi að hluta til lent undir íbúðarhúsi. Hann er greinilegur og bungumyndaður. Á honum standa útihús. Bæjarhúsið sjálft stóð vestast í bæjarröðinni þar sem nú er sund milli hlöðu og núverandi íbúðarhúss. Sunnan undir hólnum miðjum er súgþurkun. Súrheysturn er norðaustan við útihúsin. Stærð bæjarhóls er alls um 40 x 20 m og hann er mest um 1 m hár.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918



Vatnsnes – mörk túns 1918

### ÁR-447:002 heimild um fjárhús 64°01979N 20°40.099V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 60-80m austur af bæjarhól.

Sléttað tún er fast norðvestan við heimreið. Ekkert sést til húsanna þar sem túnið er sléttað. Að sögn Vilborgar Þórðardóttur stóð fjárhús föður hennar á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar **Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-447:003 heimild um hesthús 64°01.956N 20°40.040V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 70 m norðaustur af bæjarhól.

Fast norðan við staðinn er skemma og sléttað malarplan.

Vilborg Þórðardóttir man eftir

hesthústöftum á þessum stað en nú sést ekkert til þeirra.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-447:004** heimild um útihús

64°01.956N 20°40.040V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 70 m ASA af bæjarhól.

Fast norðan við staðinn er skemma og sléttað malarplan.

Ekkert sést til hússins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-447:005** heimild um útihús

64°01.865N 20°39.936V

Samkvæmt túnakorti 1918 stóð útihús tæpa 200 m suðaustur af bæjarhól. Þar er nú löguleg grjóthruða, sunnanmegin í hól, 100 m norður af núverandi fjárhúsum.

Á mótum sléttads túns og svæðis sem hefur nýlega verið plægt og á að fara undir nýrækt.

Húsunum hefur sýnilega verið rutt um koll. Greinilegt er að þau hafi verið hlaðin um eða utaní jarðfastan klett.

**Hættumat:** stórhætta, vegna túnreктar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-447:006** heimild um útihús

64°01.938N 20°39.992V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 5 m austan við útihús 005. Nú er túnið sléttað.

Húsið hefur staðið á mótum sléttads túns og svæðis sem hefur nýlega verið plægt og á að fara undir nýrækt.

Það er nú horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-447:007** heimild um rétt

64°01.443N 20°39.637V

"Snoppa heitir austasti hluti Hestfjalls. Ofan við Snoppuna er Snoppudalur. Austan undir Snoppunni er gömul fjárrétt", segir í örnefnaskrá. Beint austan undir Snoppunni u.þ.b. þar sam gamli farvegur Slauku byrjar eru leifar réttarinnar.

Lítið undirlendi er á svæðinu en stórgrýti hefur hrunið úr fjallinu. Margir kindastígar liggja upp að réttinni.

Stórir klettur, 4 - 5 m á hæð, umlykja svæðið sem er um 25 x 10 m. Svo virðist sem hlaðið hafi verið á milli norður- og suðurhluta klettanna, þar er mikið af lausagrjóti. Hleðslur eru hvergi heillegar og má vera að þær hafi gengið úr skorðum eftir jarðskjálfta sumarið 2000 sem átti upptök sín í Hestfjalli.

**Hættumat:** hætta, vegna skriðufalla

**Heimildir:** Ö-Vatnsnes, 2

**ÁR-447:008** tóft rétt

64°01.394N 20°40.215V

Um 1 km SSA af bæjarhól 001, vestur af Snoppunni sem er hæsti hluti Hestfjalls og um 100 m vestur af garðlagi 009 eru leifar af rétt.


Réttin stendur í hlíðum Hestfjalls sem hallar hér mót norðri.

Þýft og grýtt er í kringum hana.

Réttin er hlaðin á þrjár hliðar en vesturhliðin er stórt bjarg, 5 - 6 m hátt, sem fallið hefur úr fjallinu. Stærð 10 x 6 m og er op fyrir miðri norðurhlið. Sunnan undir bjarginu eru hugsanleg ummerki um aðskilda kró. Hleðsluhæðin er mest tvö umfór grjóts, allt að 1 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vatnsnes, 2




**ÁR-447:009** garðlag landamerki

64°01.376N 20°39.426V

Suðaustan undir Snoppunni, sem er nyrsti og hæsti hluti Hestfjalls, er garður sem notaður var til áveitu og var einnig landamerki milli Gíslastaða og Vatnsness. Í örnefnaskrá segir, "Niður með Hvítá, suður af Snoppunni, er gamalt garðlag. Liggur það frá ánni upp í Neðribrún".

Garðurinn liggur frá rötum Hestfjalls að Hvítá frá austri til vesturs. Sendinn og þýfður jarðvegur er beggja vegna garðsins.

Garðurinn er torfhlaðinn. Hann er um 120 m langur, 1,5 m breiður og um 1 m á hæð. Við rætur Hestfjalls er skurður (lækur) sem sker garðinn í sundur um 10 m frá fjallsrötum, líklega er það hinn gamli farvegur Slauku.



Fornleifakort – Ormsstaðir og Vatnsnes

**Hættumat:** hætta, vegna rofs  
**Heimildir:** Ö-Vatnsnes, 2; 5

**ÁR-447:010** garðlag túngarður  
 64°01.919N 20°39.923V

Um 160 m suðaustur af bæjarhól, á þýfðum hól umkringdum sléttuðu túni eru leifar túngarðs.

Hóllinn er stórþýfður og í honum er talsvert stórgrýti. Nyrst í þýfinu eru 6 stuðlabergssúlur sem áður stóðu við gamla bæinn 001 en voru fluttar upp á hóllinn.

Svæðið er mjög stórþýft og ógreinilegar slitur af garðlagi sjást á hólnum. Garðurinn hefur legið af hólnum, vestur túnið að Hestvatni, en við vatnið sjást óglögg ummerki hans, enda hefur túnið verið sléttað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Vatnsnes, 2

**ÁR-447:011** gata leið  
 64°00.749N 20°41.686V

Gata liggur í bröttum hlíðum vestanverðs Hestfjalls, ofan við bakka Hestvatns. Hún liggur N-S og fer m.a. í gegnum landamerkjagarð 012 í vesturhlíð Hestfjalls.

Gatan er í snarbrattri fjallshlíð sem er töluvert grýtt og mosagróin. Efst í henni eru skriður en neðst mjó fjara.

Gatan er djúp og greinileg en gróin, allt að 1 m á breidd. Hún lá úr austanverðu Grímsnesi og uppsveitum suður á bóginn, t.d. að verstöðvum á suðurströndinni. Þá var sundlagt yfir Hvítá ýmist hjá Kiðjabergi eða Arnarbæli.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Vatnsnes, 3, 5

**ÁR-447:012** garðlag landamerki  
 64°00.751N 20°41.680V

"[...] frá vatninu [Hestvatni] liggur gamalt garðlag upp í hóllinn, [Markarhól] einnig er garðlag yfir slakkann milli hólsins og fjallsins, og endar í stórgrýttri urð upp í fjallinu", segir í örnefnaskrá. Garðurinn liggur í austur-vestur, frá grýttri fjallshlíð niður að Hestvatni.

Garðurinn er í snarbrattri fjallshlíð sem er töluvert grýtt og mosagróin. Efst í henni eru skriður en neðst mjó fjara.

Garðurinn er fremur illa hlaðinn úr stóru grjóti sem er talsvert mosavaxið. Í gegnum

garðinn liggur gata 011. Garðurinn var landamerki milli Hests og Vatnsness líklega einnig átt að komi í veg fyrir að skepnur sem voru á beit í Hestfjalli sæktu í heimalönd Vatnsness.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vatnsnes, 3

**ÁR-447:013** gata leið 64°02.127N 20°39.197V

Kirkjugata að Mosfelli lá frá bæ til austurs, svo til norðurs með Hvítá og yfir á vaði á Slauku.

Gatan er í þýfðu móaholti en mýrar eru sunnanmegin með Hvítá.

Nú er dráttarvélaslóð í götunni en hugsanlega mótar fyrir uppgrónum pöldrum sunnan hennar þegar um 500 m eru eftir að vaði yfir Slauku.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vatnsnes, 3

**ÁR-447:014** Vaðholt heimild um vað 64°02.338N 20°38.905V

"Vaðholt er kennt við vað yfir Slauku. Það var farið, er farið var frá bænum með hesta að Hömrum eða þar upp fyrir, segir í örnefnaskrá. Vaðið er þar sem Slauka, er kallast einnig Hestlækur, rennur í Hvítá.

Vaðið er við þýft og grasivaxið holt sem nær að Slauku. Dálítill sandrönd er meðfram vatninu á þessu svæði.

Slauka breiðir úr sér þar sem hún rennur í Hvítá. Í ósnum eru sandeyrar en bakkinn hinumegin er grasi vaxinn.

Um 100 m eru á milli bakkanna. Ekki sést hvar vaðið hefur nákvæmlega verið.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vatnsnes, 5

**ÁR-447:015** Stekkatún tóft+garðlag beitarhús

64°00.996N 20°41.186V

"Þar [Stekkatún] er rétt og sést enn. Fært var frá hjá foreldrum Vilborgar, Þórði Jónssyni og Sigrúnu Guðjónsdóttur, síðast 1926, þegar Vilborg var tveggja ára. Stekkatún er suður við fjallið, um tuttugu mínútna gang frá bænum. Mjólkað var úti á sumrin í fjárhúsréttinni", segir í örnefnaskrá. Staðurinn sem nú er þekktur sem Stekkatún er vestanundir Hestfjalli norðanverðu. Á því eru beitarhús sem Loftur í Vatnsnesi byggði, um 2 km suður af bæ.

Tóftirnar eru ofarlega í hlið, skammt neðan við mosavaxna urð. Neðan við hana er mosapýfi. Fast norðan við er grasivaxið gil.

Á svæðinu er afgangur grasskiki með heillegri beitarhúsatóft og rétt. 10 m vestan við suðurhluta girðingarinnar er stök tóft. Beitarhúsið er ofarlega fyrir miðju afgirta svæðisins og er 13 x 6 m að stærð en garðurinn sjálfur umlykur svæði sem er 35 x 25 m. Réttin er 6 x 6 m. Húsin hafa allt að 6 umför af hleðslum en garðurinn og réttin 2 umför. Hæð veggja í beitarhúsum er um 1,5 m en dyr á þeim snúa í norðvestur. Austurveggur þeirra er hlaðinn að hluta inn í hliðina og þar eru mjög ógreinileg ummerki hlöðu. Jötur eru meðfram endilöngum veggjum. Tóft sem er vestur við suðurhluta garðs er um 4 x 4 m. Á henni er op sunnarlega á vesturhlið. Á réttinni er op vestanmegin. Garðurinn hefur þrjár hlaðnar hliðar en efsti hluti hans er í raun fjallshliðin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vatnsnes, 5

**ÁR-447:016** Mógrafaholt heimild um mógrafir

64°01.975N 20°39.918V


"Mór hefur ekki verið tekinn eftir 1930. Hann var ekki góður, sandborinn og rofakenndur. Mógrafaholt heitir norðan við Grenás," segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar voru austan við túnið, 2-300 m austur af bæjarhól 001. Þar var líka torfrista.

Svæðið er þýft með mýrlendum blettum.

Ekki sjást greinileg ummerki um mógrafir en þó er á þessum stað grunn dæld sem er blautari en umhverfið. Flag er í henni austast og ummál um 100 x 30 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Vatnsnes, 6



## ÁR-448 Hamrar

42 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Hamrakirkju er getið í Kirknaskrá Páls frá um 1200 - DI XII, 8. [1491-1518]: Kirkia sancti thorlaci a homrvn j skalholltz kirkiv sokn. a x hvndrud j heimalandi. þar standa oc xx hvndrud j jordvnni fyrer omaga vist. - DI VII, 46-47. 1708: "Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið, og minnst menn að húsið var uppi. Nú er það af fallið." JÁM II, 334. Hjáleigurnar Hverakot og Lónakot eru taldar til jarðarinnar. Um Lónakot segir Árni: "Það er í auðn og hefur so verið fram yfir manna minni. Sýnileg eru hjer byggingamerki, tófta- og girðingaleifar." JÁM II, 335.

Til eru Hamrar I og II. " Kirkja mun hafa verið á Hömrum frá kristnitöku, nefnd Sankti-Þorláskirkja um 1500. Var aflögð eftir 1664. Lónakot var í landi Hamra, komið í eyði fyrir 1700. Hamrakot var austan við bæjarlækinn, í byggð 1853-1866." Um Hamra II segir: "Skálholt átti Hamra og rak bú þar frá 1539-1708. Þegar stólsjarðir voru seldar keypti ábúandi jörðina ásamt hjáleigunni Hverakoti á 273 ríkisdali." Sunnlenskar byggðir III, 156-157.

1918: Tún 11,2 ha, þar af slétt um 8/9. Garðar 1400 m<sup>2</sup>.

"Jörðin á land að Brúará, Hvítá og Slauku og á veiðirétt í þeim öllum." Um Hamra II segir: "Hamrar standa á lágum hól spölkorn frá Hvítá. Landið er að mestu mýrlendi með holtum hér og þar." Sunnlenskar byggðir III, 156-157.

**ÁR-448:001** *Hamrar* bæjarhóll bústaður 64°03.035N 20°38.154V

Bæjarhóllinn á Hömrum er þar sem íbúðarhúsið stendur nú og þar vestur af, nyrst í túni.


Áberandi hóll sem gæti verið náttúrulegur að hluta. Heimreiðin kemur úr vestri og liggur norður fyrir bæjarhúsin en sunnan þeirra er víðáttumikið tún allt niðurundir Hvítá.

Greinilegur og mikill bæjarhóll, stærð allt að 90 x 50 m en hæð líklega um 1 m nema staðið sé sunnan hólsins, þar er hann 2-3 m en líklega náttúrulegur að mestu. Á austurhlutanum stendur íbúðarhúsið, undir því er lítillaga niðurgrafinn kjallari. Austan og norðan íbúðarhúss standa útihús, m.a. fjós með niðurgrafinni hlöðu. Vesturhluti hólsins, þar sem vesturbær Hamra stóð, er líklega að mestu óhaggaður. Þar stóðu lengi gömul hús, að mestu úr timbri og bárujárni, sem voru rifin fyrir fáeinum árum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-448:002** *Litluborgir* 2 tóftir fjárskýli 64°03.627N 20°38.033V



"Vestur af Rima er Litluborgarbrún. Í framhaldi af henni eru Litluborgir með gömlum tóttum. Þær eru í norður frá Klofningum", segir í örnefnaskrá. Litluborgir eru 1,1 km NNA af bæ. Best er að aka Sólheimabraut til norðurs frá Hömrum uns komið er að túnnum sem Hamrar eiga austan brautarinnar. Þau eru aðskilin með skurðum og sé þeim fylgt til austurs eru borgirnar auðfundnar við skurðendana.

Grasi vaxinn, þýfður blettur. Vestan við eru sléttuð, framræst tún en austan við hrossagirðing.

Tvær rústir eru greinilegar og er sú sem er norðvestar mun lögulegri, hringlaga með viðbyggingu eða útskoti. Þvermál hringlaga hlutans er 8 m, útskotið gengur til austurs og er alls 10 x 5 m og dyr á því til austurs. Tóftin er mjög hlaupin í þúfur en á 2-3 stöðum sést örla á hellugrjóti þar sem rof er í veggjum. 20 m sunnar er rústahóll, mun hærri og óreglulegri, allt að 1,5 m hár en umfangið 25 x 20 m. Fast vestan við hann er mikið stórþýfi. Bletturinn sem tóftirnar eru á er ekki stór, alls ekki er útilokað að fleiri tóftir hafi lent undir nýræktartúnnum vestan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 9

**ÁR-448:003** *Mór* náma mógrafir 64°03.260N 20°37.866V

"Við ána, aðeins sunnar en Gimbraholt, er Mór. Þar var síðast tekinn mór 1940. Hér var mórinn beztur [sjá 047]. (Mógrafir eru líka ofan við Miðgarðsholt, og aðrar vestan Klofninga, norðan við gamlan skurð [052])", segir í örnefnaskrá. Fjánhús stendur á Miðgarðsholti, um 500 m austur af bæ. Greinilegar mógrafir eru rúma 100 m norður af því.

Mýrlendi, hallar frá því til vesturs, niður að bæjarlæknum.

Greinilegar mógrafir á svæði sem er a.m.k. 200 x 200 m. Þær eru uppþornaðar og 0,5-1 m djúpar, almennt moldarflög í botni. Grafirnar eru margar en litlar, sú stærsta um 20 x 20 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 8

**ÁR-448:004** náma mógrafir  
64°03.125N 20°37.640V

"Fyrir austan Kotið [005] og neðan Miðgarðsholts er Lindamýri að ánni. Þar eru tvær lindir. Mjög fornlegar mógrafir eru við ána", segir í örnefnaskrá. Um 250 m austan við staðinn þar sem Kotið stóð, næstum beint suður af fjárhúsum á Miðgarðsholti er mógröf.

Á mörkum þess að teljast mýri nú, svæðið hefur sennilega þornað mikið og er nú notað fyrir hross.

Vestarlega í mýrinni, fast við bakka Hvítár, er slakki sem gæti vel verið gömul mógröf. Hann er samansiginn, um 1 m djúpur og 30 x 10 m alls. Fleiri grynri slakkar eru á svæðinu en þessi er langgreinilegastur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 7

**ÁR-448:005** Kotið heimild  
um býli 64°03.068N  
20°37.907V

"Þar fyrir sunnan [Stöðul], við Lækinn, er Kotið. Það tilheyrir Vesturbæ. Í miðju Kotstúni var Hamrakotsbærinn. Hann var í byggð stuttan tíma eftir miðja síðustu öld", segir í örnefnaskrá. Kotstúnið er austan við bæjarlækinn. Nú er ekki vitað nákvæmlega hvar Kotið stóð. Á túnakorti frá 1918 er Kotstúnið sýnt heldur sunnar en það er í raun og veru.

Túnið er slétt, láglent suðvestast, við Hvítá og bæjarlækinn en hólar og bungur norðar og austar.


Skv. lýsingu í örnefnaskrá er líklegast að Kotið hafi staðið 200 m austur af bæjarhól 001. Túnið hefur verið sléttað en þó mótur fyrir hól í því miðju, um 20 x 20 m að stærð. 30 m vestar er annar svipaður hól, vitað er að þar stóð Gimbrahús 017.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 6

**ÁR-448:006** heimild um leið  
64°03.234N 20°37.953V

"Norðan við bæinn er dálítill túnblettur, heitir Snúðsflöt; austan við hana liggja gamlar götur frá bænum



= mörk túns 1917-20      - - - - = landamerki  
 = gamlar götur      ————— = ár/lækir á landamörkum

Fornleifakort – Hamrar og Hverakot

norður", segir í örnefnaskrá. Snúðsflöt var 3-400 m NNA af bæ en rennur nú saman við yngri tún umhverfis. Austan við eru nú afgirt og sléttuð beitarstykki, aðskilin með skurðum.

Götur sjást ekki lengur á flötinni, enda hefur hún verið sléttuð. Ekki er vitað hvert göturnar lágu en ekki er ólíklegt að þær hafi stefnt á næstu bæi fyrir norðan, s.s. Kringlu og Bjarnastaði.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar GG, 2

**ÁR-448:007** garðlag túngarður 64°03.032N 20°38.322V

Norðan bæjarhóls 001 sjást leifar af túngarði. Hann byrjar skammt norðan heimreiðar, suðaustan undir Gvendarhól og liggur þaðan til norðausturs.

Nú er þessi hluti túnsins orðinn þýfður, notaður til beitar fyrir hross.

Garðurinn er greinilegur þrátt fyrir þýfið. Hann er allt að 1 m hár og 1,2 m breiður, víða rofinn að norðanverðu en ekki sést mikið í grjóti. Heildarlengd er um 150 m. Garðurinn liggur um 140 m til norðausturs en sveigir þar um gróskumikinn hól (sem gæti verið rúst) til suðausturs og endar þar eftir fáeina metra. Þar sem garðurinn breytir um stefnu liggur mjög ógreinilegt garðbrot frá honum til SA, yfir vesturbrunn hólins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 1

**ÁR-448:008** heimild um brunn 64°03.029N 20°38.298V

Tæpa 50 m norðvestur af Fjósbrunni 015 var annar brunnur, fast norðan við núverandi heimreið.

Nú er búið að grafa skurð með veginum að norðanverðu, norðan hans er afgirt beitarstykki.

Brunnurinn er horfinn. Líklegt er talið að þessi brunnur og Fjósbrunnur hafi verið notaðir samhliða, þegar annan þraut var gripið til hins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 1

**ÁR-448:009** *Fjóshóll* heimild um fjós 64°03.021N 20°38.190V


"Vesturbæjarfjosið stóð vestast á bæjarhólum [001], og brekkan til vesturs hét Fjóshóll", segir í örnefnaskrá.

Kúptur og gróinn hóll, smálækkar til vesturs og þar tekur við tún.

Ekkert sést til fjósleifa. Fjósið mun hafa staðið í línu við bæinn en samt aðskilið frá honum. Síðasta fjósið á hólum var rifið skömmu fyrir 1960.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 1



**ÁR-448:010** *Horkofi* tóft fjárhús 64°02.963N 20°38.314V

"Horkofi (Vesturbær), tóttarbrot vestast í túninu. Upphaflega fyrir ær, sem ekki þrifust, en lambhús á þessari öld", segir í örnefnaskrá. Tóftin er rúma 200 m suðvestur af íbúðarhúsinu. Jaðar sléttaðs túns, slegið er umhverfis tóftina.

Heilleg tóft, snýr N-S með dyr í suður. Einföld, hvorki sést hlaða né garðar, stærð 13 x 7 m. Veggjahæð allt að 1,6 m en hleðslur grónar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 1

**ÁR-448:011** *Kristínartótt* tóft 64°02.926N 20°38.378V

"Þar fyrir vestan [Horkofa 010] er lítið holt, Kristínartótt, með smámóbergsklettum, og fremst smátóttabrot", segir í örnefnaskrá. Tóftin er tæpa 90 m VSV af Horkofa. Milli þessara tveggja staða liggur línuvegur niður að Hvítá. Þýft holt sunnan undir móbergsklettum. Mjög ógreinilegt tóttarbrot, veggir eru aflagaðir og hlaupnir í þúfur. Þó mótar fyrir hólf, um 4 x 8 m, sem snýr SV-NA og gætu dyr hafa verið í suðvestur. Smádæld er í miðju. Um 10 m norðar, nær klettunum, er þúfnaklasi sem hugsanlega gætu verið tóftaleifar. Hvorki er vitað um tilgang þessara mannvirkja né við hvaða Kristínu þau voru kennd.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Hamrar, 1

**ÁR-448:012** frásögn brunnur 64°03.087N 20°38.060V

Brunnur var 20-30 m norðan við traðir sem lágu austur að læk 030, rúma 100 m norðaustur af núverandi íbúðarhúsi. Vegur liggur nú að brú yfir lækinn en norðan hans og því sem næst samsíða er skurður. Skurðurinn var grafinn gegnum brunninn, hann var nálægt þar sem nú er miðja skurðarins.

Engar leifar sjást af brunninum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



Hamrar – mörk túns 1918

ÁR-448:013 tóft hesthús

64°03.086N 20°38.364V


"Norðan brautarinnar heim að bænum er Gvendarhóll með grágrýtisklettabelti að sunnan. Uppi á honum austast eru tættur af hesthúsi (fyrir 6 hesta, notað til 1927)", segir í örnefnaskrá. Tóftin er tæpa 200 m norðvestur af íbúðarhúsinu.

Grýtt og þýft holt í framhaldi af Gvendarhól.

Sæmilega varðveitt tóft, snýr SA-NV með dyr í suðaustur, heim að bænum. Veggir eru hlaðnir úr stórgrýti, hleðslur nær alveg hrundar og grónar að utanverðu. Húsið mjókkar dálítið í átt að dyrum, stærð 8 x 5 m. Ekki er vitað af hverju hóllinn heitir Gvendarhóll.


**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 1



ÁR-448:014 tóft

64°03.060N 20°38.333V



"Framan við Gvendarhól er smátóttabrot", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er norðan heimreiðar skömmu áður en komið er að íbúðarhúsinu og sést tóftin greinilega sunnan undir honum.

Stórþýft, afgirt svæði sunnan undir klettabelti í Gvendarhól. Töluvert um stórgrýti og jarðfasta kletta.

Greinileg tóft en nokkuð sigin og lögun óljós. Hún er algróin en grjót gægist upp úr veggjum hér og þar. Stærð 6 x 4 m, hugsanlega hafa verið dyr að suðvestan þótt ekki sé það mjög skýrt. Á suðurhorni tóftarinnar er stór, jarðfastur klettur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:015 *Fjósbrunnur* heimild um brunn

64°03.019N 20°38.248V

"Norðan brautarinnar, í mýri við túnið, er Fjósbrunnur ("vestur í Fjósbrunnur")," segir í örnefnaskrá. Brunnurinn var 5-10 m vestur af vesturenda bæjarhóls 001.

Sléttur óræktarblettur utan eiginlegrar túnræktar.

Slakki er þar sem brunnurinn var, um 1 x 1 m og 0,2 m djúpur í miðjunni. Hann var samansiginn fyrst þegar Gunnar Jóhannesson man eftir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 1

ÁR-448:016 *Bæjarbrunnur* heimild um brunn

64°03.013N 20°38.152V

"Bæjarbrunnur fyrir Vesturbæinn var sunnan við bæjarhólinn vestarlega. Áður neðan við kálgarðinn", segir í örnefnaskrá. Annars staðar segir: "Lítið vatn var í Bæjarbrunni, en gott." Brunnurinn var fast sunnan við rætur bæjarhóls en mjög vestarlega.

Slétt tún tekur við fram af bæjarhólum.

Aðeins mótar fyrir brunninum, smástallur er alveg neðst í hólum og dæld ofan í hann, í dældinni vex arfi. Stærð um 1,5 x 1 m. Bæjarbrunnur var allt að 4 m djúpur. Í örnefnaskrá segir að brunnurinn hafi verið færður en í raun var um einn og sama stað að ræða, hleðslan var aðeins færð lítillega fram.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 1; Ö-Hamrar aths. og viðb., 1

ÁR-448:017 *Gimbrahús* heimild um fjárhús

64°03.072N 20°37.955V

"Norðvestarlega í Kotstúni var Gimbrahús", segir í örnefnaskrá. Húsið er sýnt á túnakorti frá 1918. Það stóð á hólbugu um 100 m suðaustan við brú yfir bæjarlækinn, 70 m vestur af Ærhúsi 045.

Ávalur hóll í sléttu túni.

Húsið er horfið, enda hefur túnið verið sléttað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 7; Túnakort 1918

ÁR-448:018 *Traðir* heimild um traðir

64°03.098N 20°38.174V

"Traðir ("upp Traðir") skipta landi frá bæ og svo langt sem þær ná, rétt upp á Grjótvöllinn", segir í örnefnaskrá. Traðirnar eru sýndar á túnakorti frá 1918. Þar sem þær voru liggur nú vegarslóði til norðurs vestan við skógræktarreit sem er norðaustan bæjar.

Slóðinn liggur í dálitlum slakka austan við barð.

Traðarveggir sjást ekki lengur, þó hugsanlegt sé að leifar leynist í trjáræktinni fast austan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 2; Túnakort 1918

ÁR-448:019 þúst hesthús

64°03.109N 20°38.170V

"Ofarlega austan við Traðirnar [018] var lítið hesthús frá Austurbænum, gamalt, notað fram undir stríð (1939)", segir í örnefnaskrá. Leifar hússins eru inni í skógræktarreit, nálægt norðvesturhorni hans, tæpa 150 m norðaustan við íbúðarhúsið.

Mikil skógrækt á tiltölulega litlum reit, há tré og lággróður mikill.

Nú sést aðeins ólöguleg þúst í háu grasi þar sem hesthúsið stóð. Stærð er óljós.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 2

**ÁR-448:020** hleðsla rétt

64°03.092N 20°38.136V

"Klettarnir eru brúnin á Grjótvellu. Lága klettabeltið hefur verið notað sem norðurveggur í hestarétt, og móta vel fyrir hleðslum sunnan við", segir í örnefnaskrá. Réttin er inni í skógræktarreitnum Gunnarslundu, suðaustarlega, um 100 m norðaustur af bæ.

Há tré, aðallega aspir og fura. Lággróður mikill og hátt gras.

Klettarnir marka norðurvegg réttarinnar en annars er nær ógjörningur að koma auga á hana vegna gróðurs. Hleðslur eru líklega hvergi heillegar en stórgryti gægist upp á nokkrum stöðum og ætla má út frá því að stærð réttarinnar hafi verið allt að 12 x 20 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 2

**ÁR-448:021** áletrun

64°03.094N 20°38.133V

"Klettarnir eru brúnin á Grjótvellu. Lága klettabeltið hefur verið notað sem norðurveggur í hestarétt, og móta vel fyrir hleðslum sunnan við. Austast við hleðsluna er hestasteinn með fangamarki og ártali (1819)", segir í örnefnaskrá. Steinninn er fast við suðausturjaðar skógræktarreitsins Gunnarslundu en vandfundinn fyrir ókunnuga.

Há tré, aðallega aspir og fura. Lággróður mikill og hátt gras.

Steinninn liggur á hliðinni, um 1,2 m langur og 50 sm breiður. Framhliðin snýr í norður, slétt en dálítið kúpt. Ártalið er greinilegt, það væri neðst á steininum ef hann stæði uppréttur: 1819. Fangamarkið er ofar, gæti verið SI en ekki útilokað að þar standi 51. Ofan við það þar sem steinninn tekur að mjökka hefur verið borað gat í gegnum hann, um 5 sm í þvermál en 10-15 sm djúpt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 2

**ÁR-448:022** tóft


64°03.167N 20°37.505V

Um 500 m austur af bæ er stæðilegt fjárhús, það stendur á Miðgarðsholti. Suður af því, við Hvítá, er Lindarmýri. Við austurenda hennar rennur líttill lækur og myndast dálíttill tangi milli Hvítár og lækjarins að austan. Fremst á tanginum er tóft.

Sléttur og gróinn tangi, framan við hann er sandfjara við Hvítá.

Allgreinileg tóft en sigin og algróin. Tvö hól eru greinileg og ekki fullvíst að þau séu samtengd. Annað er syðst á tanginum og opnast út að Hvítá, stærð 5 x 7 m, veggjahæð tæpur metri. Hitt hólfið er norðaustar, snýr eins en er alls 10 x 5 m, á því sjást engar dyr. Vestan þess og fast norðan minna hólsins er iðagræn dæld sem gæti verið enn eitt hólfið. Fram af tóftunum er hár rofabakki niður að ánni og ekki ólíklegt að eitthvað hafi brotnað af þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**ÁR-448:023** heimild um vörslugarð

64°03.096N 20°38.104V


"Þaðan [frá hestasteininum með áletruninni nr. 021] er veggur í átt að Læk. Hætt var við hleðslu hans vegna draums (1826-1871) um huldufólk, sem ekki kæmist með kýrnar í vatnsból, ef veggurinn yrði hlaðinn niður að Læk, eins og til stóð", segir í örnefnaskrá. Hleðslan lá frá hestasteininum til suðausturs, að læknum.

Smáþýft beitarhólf fyrir hross.

Garðurinn er horfinn en hefði hann náð alla leið að læknum hefði hann verið 50-60 m langur. Ekki er ljóst hvort hann átti að vera hluti af túngirðingu eða aðhald, t.d. tengt hestaréttinni 020.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 2

**ÁR-448:024** Jónstótt tóft

64°03.180N 20°38.131V


"Fyrir austan Keldu (nú skurður) er efst klettasvæði, og nyrzt á því er tóttarbot, Jónstótt", segir í örnefnaskrá. Tóftin er 70 m norður af lambhústóft 025.

Þýft og gróskumikið holt. Norðan við það mætast tveir skurðir og handan við þá er túnrækt.

Ógreinileg tóft og mjög sigin, líklega af fjárhúsi. Snýr SV-NA, dyr hafa líklega snúið í suðvestur. Stærð 10 x 5 m og mótar fyrir aðskildu hólfi í norðurenda. Hvergi sér í grjót, veggjahæð mest 0,7 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Hamrar, 2



**ÁR-448:025** *Lambhúsflöt* tóft fjárhús 64°03.143N 20°38.119V  
 "Fyrir neðan klettasvæðið við Kelduna er Lambhúsflöt með tótt nyrzt. Lambhús frá Austurbæ. Notað til 1958", segir í örnefnaskrá. Tóftin er norðasutan við svonefndan Gunnarslund, um 200 m norðaustan af íbúðarhúsi.  
 Flöt í halla mót suðri. Lágir klettar nyrst en dálítill slakki er norðaustan við tóftina. Greinileg tóft, snýr N-S með dyr í suður. Sambyggð hlöðu- eða heytóft er norðan við, ekki er innangengt á milli. Hleðslur eri grónar að mestu leyti. Stærð er alls 5 x 11 m, þar af er lengd hlöðu 4-5 m. Um 15 m norðaustur af tóftinni vottar fyrir garðhleðslu þvert yfir slakkann  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Hamrar, 2

**ÁR-448:026** *Langhús* heimild um fjárhús 64°03.164N 20°38.025V  
 "Austan Lambhúsflatar er Langhúskelda. Rétt austan við hana var Langhús, fjárhús Austurbæjarbóndans. Þar voru ærnar mjólkaðar. Notað til 1958. Sléttað", segir í örnefnaskrá. Húsið stóð innan við 100 m austur af lambhúsinu 025.  
 Slétt tún, hallar niður að bæjarlæknum sem rennur austan við.  
 Engar leifar sjást af húsinu, túnið hefur verið sléttað.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Hamrar, 2

**ÁR-448:027** *Besshóll* álagablettur öskuhaugur 64°03.053N 20°38.140V  
 "Besshóll, hóll, þar sem nú er hlaðan og nyrzti hluti fjóssins. Álagablettur. Fyrst rofinn á seinni hluta 19. aldar. 1949 byggð heyhlaða. Í hólum var allt að 4 m öskulag og 2-3 viðarkolagryfjur þar undir. Stórgripabein í einni hrúgu nyrzt, 1-2 skóflustungum undir yfirborði", segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum segir: "Fólk hafði ótrú á að rjúfa Besshól fyrst, en sá, sem það gerði, Jörgen Jörgensson, sagðist ekki hætta við það, nema hann dreymdi eitthvað. Það varð ekki, en hjónin misstu fimm börn úr barnaveiki, fyrst eitt og síðar fjögur. Þá tóku þau móður Jóhönnu í fóstur, en þremur til fimm árum seinna dó konan, Ingibjörg Jónsdóttir." Enn er minnst á hólinn í annarri örnefnaskrá: "Þau ummæli voru á honum, að ekki mætti hreyfa við honum. Nú hefir verið byggt fjós og heyhlaða þar sem hólinn var. Þegar í hólinn var grafið kom þar upp mjög mikið magn af stórgripabeinum og skýrðist þá, hvernig á ummælunum stóð. Í Kjósaannál, 1660, stendur; "Þá deyði Jón Jónsson lögréttumaður, yfirbryti og ráðsmaður á Hömrum. Eftir það skeði mikill og undarlegur dauði, bæði nautgripa og hrossa, á Hömrum." Hins sama er getið í Fitjaannál, er líklegt að þarna hafi gripirnir verið dysjaðir."  
 Besshóll var 10-20 m austan við íbúðarhúsið þar sem nú eru fjós og hlaða, fjósið notað sem hesthús.  
 Rask hefur orðið nær allsstaðar umhverfis hólinn sem húsin standa á, sléttuð bílaplön eru nær allan hringinn.  
 Hóllinn sjálfur er horfinn en hefur augljóslega verið tengdur bæjarhól. Hlaðan er töluvert niðurgrafin, líklega um 1,5 m. Vonlaust er að ætla upphaflega stærð hólsins en grunnflötur hlöðunnar er um 6 x 5 m. Beinín sem upp komu voru aðallega leggir úr stórgripum og því ólíklegt að þar hafi verið dysjaðir heilir skrokkar.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Hamrar, 3; Ö-Hamrar aths. og viðb., 1; Ö-Hamrar GG, 1.



**ÁR-448:028** *Miðstekkatún* tóftir stekkur 64°03.424N 20°36.925V  
 "Austarlega í [Fagurhólmsmýri] er grasigróinn hóll, heitir Miðstekkatún", segir í örnefnaskrá. Að sögn Gunnars Jóhannessonar er þessi lýsing beinlínis röng. Miðstekkatún er austur af Björgum en það eru klettar sem teygja sig út í Hvítá um 800-1000 m austur af bæ. Tóftir eru norðaustur af klettunum á brekkubrún en neðan við hana er mýri, um 1,2 km austur af bæ.  
 Þýfð en grösug brún, hallar til suðausturs. Neðan við er mýri að Hvítá en ofar holt og rimi sem liggur N-S. Vegslóði að Hjarðarnesi liggur til norðurs um 50 m vestan við tóftirnar.  
 Sú tóft sem er mest áberandi er næst veginum og rís býsna hátt á dálítlum hól. Snýr N-S, stærð 16 x 6 m en rústahóllinn er stærri, nálægt 25 x 8 m. Hvergi sér í grjóti. Greinilegt afmarkað hól er í norðurenda, lengd þess er um 7 m. Hugsanlegt er að op hafi verið bæði að norðan og sunnan. Veggjahæð allt að 1,5 m sé staðið utan tóftar að vestanverðu. 50-60 m sunnan við stekkinn er önnur tóft, sýnu ógreinilegri. Hún snýr örlítið meira til suðausturs en sú nyrðri og er í brekku sem hallar til suðurs. Dyr eru í suður. Tóftin gæti verið af fjárhúsi, stærð alls 13 x 6 m, mjókkar fram til suðurs. Norðurhluti tóftarinnar er mjög ógreinilegur. Ekki er útilokað að þar hafi verið kró eða aðskilið hól. Norður af tóftinni sem fyrst var lýst er að lokum enn einn rústahóllinn en einna ógreinilegastur af þessum þremur,

hann virðist aflangur.

**Hættumat:** engin hættu

**Heimildir:** Ö-Hamrar GG, 4

**ÁR-448:029** *Kirkjuflöt* heimild um kirkju 64°03.078N 20°38.097V

"Norðan þeirra [Traða 030], við Besshól, var Kirkjuflöt", segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "Norðan og austan við Besshól er Kirkjuflöt. Þar mun þó kirkjan ekki hafa staðið." Flötin sem nefnd er Kirkjuflöt er um 100 m ANA við íbúðarhúsið.

Þar er nú sléttað stæði fyrir rúllubagga.

Almennt er talið að kirkjan hafi ekki staðið á Kirkjuflöt, enda hafa komið upp mannabein í garðinum sunnan við íbúðarhúsið sbr. 031. Á milli þess staðar og Kirkjuflatar eru tæplega 100 m.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 3; Ö-Hamrar aths. og viðb., 2; Ö-Hamrar GG, 1

**ÁR-448:030** *Traðir* heimild um traðir 64°03.082N 20°38.008V

"Í framhaldi af hlaðinu voru djúpar Traðir, austur í Læk", segir í örnefnaskrá. Traðirnar sjást á túnakorti frá 1918. Þær lágu frá bæjarhól til ANA og komu út í lækinn um 10-15 m sunnar en þar sem brúin er nú.

Brekka er niður að læknum að vestan og austan.

Traðirnar eru alveg horfnar. Þær lágu alveg niður að læknum að vestan og svo hélt suðurhlíðin áfram yfir lækinn, yfir á Hamrakotstúnið og þjónaði þar hlutverki túngarðs. Kýrnar voru oft reknar eftir þessum tröðum.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 3

**ÁR-448:031** *mannabein* legstaður 64°03.034N 20°38.116V

"1963 var komið niður á mannabein rétt við íbúðarhúsið. Þjóðminjavörður (Kristján Eldjárn) taldi ekki vafa á, að þar væri hinn forni grafreitir, en á Kirkjuflöt hafi kirkjufólkið farið af baki", segir í örnefnaskrá. Verið var að grafa fyrir rotþró frá núverandi íbúðarhúsi þegar beinin fundust. Þau voru 20-30 m SSA við það.

Aflíðandi brekka mót suðri. Trjárækt og garður eru framan við íbúðarhúsið, svo óræktað svæði en sýnilega sléttað milli þess og fjóss sem er austast á bæjarhól.

Kristján Eldjárn gerði prufuhölu 15-20 vestar, innan þess svæðis þar sem nú er garður. Þar fundust einnig bein sem voru ekki jafnvel varðveitt og þau sem voru austar. Kirkju á Hömrum er getið í kirknatali Páls biskups frá um 1200 og var þar þá prestskyld en sú skipan hefur ekki staðið lengi. Til er máldagi Hamrakirkju frá um 1500 og kemur þar fram að hún átti 10 hundruð í heimalandi og auk þess stóðu 20 hundruð fyrir ómagavist. "Hjer hefur að fornu hálfkirkja verið, og minnst menn að húsið var uppi. Nú er það af fallið. Ekki minnst menn að hjer hafi í 40 ár tíðir veittar verið", segir í Jarðabók Árna og Páls.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 3; DI VII, 46-47; DI XII, 8; JÁM II, 334.

**ÁR-448:032** heimild um rétt 64°03.427N 20°36.934V

"Björgin eru allhátt klettabelti við ána. Vestasti kletturinn er eiginlega alveg við ána, og síðan fjarlægjast þau ána smátt og smátt. Fjarrétt var í kverkinni austan við heimasta klettinn. (Líklega lögð niður 1926. 1927-58 var rétt norðan við Ærhúsið, síðan réttað við nýju fjárhúsin á Miðgarðsholti.)" segir í örnefnaskrá. Björgin eru suður af fjárhúsum á Miðgarðsholti sem eru nálægt 500 m austan bæjar. Réttin var í krika austan við klettinn, á sandbelti niður við ána.

Gott aðhald frá náttúrunnar hendi við háan klett.

Réttin er alveg horfin, enda flæðir áin stundum upp að klettinum.

**Hættumat:** hættu, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 7

**ÁR-448:033** heimild um þvottastað 64°03.072N 20°38.006V

"Austan við Kirkjuflöt er Brunnmýri, og nær hún að Læk, þ.e. bæjarlækurinn, sem á upptök í Klofningum, en hefur hér hreinsagt af mýrarraudanum, og við Klöppina (grágrýti), sem er vestan Lækjar, aðeins neðar en Traðir [030], var sótt vatn í Austurbæ. Þar voru hlóðir og þveginn þvottur og hann klappaður á Klöppinni", segir í örnefnaskrá. Lækurinn rennur um 100 m austur af bæ, þar er brú á honum sem hægt er að aka yfir. Klöppin er 40-50 m neðan við brúna.

Lækurinn er blandaður mýrarrvatni, hann rennur í gili suður í Hvítá.

Klöppin skagar út í lækinn að vestan, um 1,5 m löng og 1 m breið. Hlóðirnar eru horfnar.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 3

**ÁR-448:034** *Lambhús* heimild um fjárhús 64°02.847N 20°37.965V  
"Fremsti hluti gamla túnsins heitir Hali. Á Hala var Lambhús, aðallambhús fyrir Vesturbæ, með kumli (til '37)", segir í örnefnaskrá. Húsið stóð tæpa 400 m suður af bæjarhól 001 en um 30 m NNA af Goðahelli 040. Sléttað tún.  
Húsið er alveg horfið. Í því voru höfð hænsni undir lokin.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Hamrar, 3

**ÁR-448:035** tóft 64°03.793N 20°36.131V  
Tæpa 500 m norðaustur af Lónakoti 041, á bakka Hvítár, er tóft. Þar gæti verið sami staður og um segir í örnefnaskrá: "Norðaustan við það [Gimbraholt] eru gamlar sauðahústættur, þar heitir Fjársból."  
Grasi vaxinn, þýfður árbakki.  
Tóftin er hringlaga en hugsanlega hefur brotnað af henni alveg við ána, þar er rofabakki. Hún er hlaupin í þúfur, stærð 8 x 8 m. Hvergi sér í grjóti, veggjahæð um 0,4 m.  
**Hættumat:** hætta, vegna rofs  
**Heimildir:** Ö-Hamrar GG, 4

**ÁR-448:036** *Ekrarnir* álagablettur 64°02.861N 20°37.801V  
"Ekrarnir eru við Hvítá. Var slétt vallendi og álagablettur, sem ekki mátti hrófla við. Þar voru gerðir kartöflugarðar og síðan tún. Það vildi til, daginn sem fyrst var hreyft við Ekrunum, að snemmbæran í Austurbænum skarst á kviði, var saumuð og lifði góðu lífi", segir í örnefnaskrá. Ekrarnir eru túnblettir niður við Hvítá, suður af gamla túninu.  
Nú slétt tún og í framhaldi af því litlir klettur niður við Hvítá.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Hamrar, 4

**ÁR-448:037** *Ullarklettur* heimild um þvottastað 64°02.781N 20°37.607V  
"Þar sem Ekrar skaga lengst í austur, er Ullarklettur. Þar var ullin oftast þvegin. Í "víkinni við Ullarklett" rak upp lík Jóns Gerrekssonar, Skálholtsbiskups, 1433", segir í örnefnaskrá. Þetta er sá tangi á nesinu sunnan bæjarins sem skagar lengst út í Hvítá frá bænum séð.  
Klettabelti sem skagar út í ána, víða gróið og lautir í því ofantil.  
Austan við hæsta klettinn er tiltölulega flöt og lág klöpp fast við vatnsborðið, tilvalinn ullarþvottastaður.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Hamrar, 4

**ÁR-448:038** *Áveita* heimild um áveitu 64°02.799N 20°38.029V  
"Frammýri eða Áveita. Áveitan gerð fyrir tíð þeirra, sem á lífi voru 1960, og vatn tekið úr Helgalæk. Hún nær frá Ekrun að Maurholti, sunnan Framtúns. Framtún er allt tún frá bæ og niður á Hala", segir í örnefnaskrá. Áveitugarður er rúma 30 m sunnan við Goðahelli 040.  
Mýri. Raflínnumöstur liggja yfir garðinn, nánast í sömu stefu og hann.  
Greinilegur torfgarður, liggur í SSA. Hæð mest 0,5 m, lengd um 100 m. Annar garður, ógreinilegri og gæti verið eldri, kemur á hann miðjan úr norðaustri. Áveitan var notuð fram undir 1965. Hvítá flæðir stundum yfir mýrina og héldu þá garðarnir vatninu uppi.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Hamrar, 4

**ÁR-448:039** *Rimhús* tóft beitarhús 64°03.796N 20°37.271V  
"Rimhúskelda kemur ofan af mýri, rétt vestan Rimhúsa, rennur norðan og austan við Fagurhóla og Miðstakkatún [svo, sbr. 028] og niður á Engjar", segir í örnefnaskrá. Rimhústóftin er 1,6 km norðaustur af bæ, syðst í svonefndum Rimum, en það er holt sem liggur N-S.  
Graspýfi í halla mót suðaustri. Rimhúskelda, sem er smálækur, rennur við húsvegginn að vestan.  
Tóftin snýr N-S, er mjög greinileg en hleðslur algrónar. Dyr snúa í suður og greinileg og djúp hlaða er í norðurenda. Líklega hefur hlaðan verið breiðari en húsið, náð lengra til austurs. Einn garði er í miðju, stærð hússins er 15 x 6 m en hlaðan er allt að 10 m breið.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Hamrar, 7

**ÁR-448:040** *Goðahellir* hellir

64°02.840N 20°37.981V

"Beint fyrir framan Lambhúsið, fram undan túninu, er Goðahellir í 2 m háum kletti (suðurbrún túnsins). Hellirinn er 125 sm hár, breidd 90-140 sm og dýpt 100 sm", segir í örnefnaskrá. Hellirinn er tæpa 400 m suður af bæ, sunnan við túnræktina en skammt norðar en raflínumöstur.

Þýfi utan túns, svo tekur við mýri. Hellirinn er í kletti sem sést ekki frá bæ, hellisopið snýr mót suðri.


Goðahellir er jafnan talinn manngerður og gæti svo vel verið, enda er kletturinn úr sandsteini og auðvelt að höggva í hann. Hellisopið hefur í það minnsta verið lagað til, enda er það mjög reglulegt og bogamyndað, minnir



einna helst á litlar dyr. Ekki sjást greinileg för eftir verkfæri í hellisveggjunum. Rétt eða hólf hefur verið hlaðið framan við hellisopið, veggir þess eru mjög signir og sér ekki í grjót. Hólfið er skeifumyndað, 9 x 12 m og er op í vestur, fast upp við klettinn sem hellirinn er í. Ekki er vitað til hvers hellirinn eða hólfið var notað en fólki er samt að álykta að goð hafi verið geymd í hellinum. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905 stendur: "Á Hömrum í Grímsnesi er klettur allmikill niðri í túnjaðri, og er dálítill hellisskúti inn í hann að framanverðu. Skútin er kúpumyndaður og fremur fallegur, en eigi stærri en rúml. 1/2 teningsfaðmur innan. Eigi ætla eg hann mannaverk. En svo virðist, sem menn hafi haft átrúnað á klettinum í heiðni, því hann er kallaður Goðaklettur. Tóft er framanundir honum, meir en ferhyrningsfaðmur að stærð, og hefir inngangur verið við klettinn að utanverðu. Engin munnmæli eru um klettinn né tóftina."

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 3-4; Brynjúlfur Jónsson 1905, bls. 42



**ÁR-448:041** *Lónakot* tóft býli

64°03.606N 20°36.445V

"Austur af [Hrossabeinsholti] er lítil hæð með snarbrattri brekku að vestan. Það er Lónakot" segir í örnefnaskrá. Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Lónakot, aðrir ætla þetta heiti Lómakot og hafa fyrir sjer, að engi það, sem hjer liggur næst, er kallað Lómatjarnarbakkar. Það er í auðn og hefur so verið fram yfir manna minni. Sýnileg eru hjer byggingamerki, tófta- og girðingaleifar. Ekki má hjer aftur byggja nema til rýrðar heimajörðunni." Lónakot er á dálitlu holti niður við Hvítá, rúma 500 m norðaustur af Miðstekkatúni 028.

Fremur þýft og lágt holt. Sunnan þess er mýri, þar rennur Rimhúskelda.

Mjög óljósar rústir eru suðvestast á holtinu. Ekki er hægt að greina einstakar hleðslur eða hólf, enda allt hlaupið í þúfur. Umfang rústahólsins er um 15 x 15 m. Um 15 m suðaustar mótar fyrir aflangri rúst, 25 x 6 m, snýr N-S. Ekki er útilokað að síðarnefnda rústin sé bara þúfnaklasi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 7-8; JÁM II, 335.

**ÁR-448:042** garðlag vörslugarður

64°03.771N 20°36.439V

"Leifar af garði sjást af og til innan frá Mó og niður að Slauku, ef vel er að gáð. Óljósar sagnir eru um garðhleðslur Skálholtsmanna, þegar þeir nytjuðu Hestfjall. Hér hafi þeir verið hálfnaðir með garðinn. Stólsbú á Hömrum til 1708", segir í örnefnaskrá. Garður, sem líklega er hluti af þessum, liggur til suðvesturs um 800 m suður af Hjarðarnesi, 250 m vestur af tóft 035.

Smáþýft graslendi, mýrargróður í bland. Garðurinn er greinilegur, allt að 2 m breiður en hvergi meira en 0,5 m hár. Hann er eingöngu torfhlaðinn, a.m.k. sést hvergi í grjót. Garðurinn sést aðeins á köflum. Hann er einnig greinilegur heim við bæ, á Gvendarhól norðanverðum sem og í mýri suðvestan við Gvendarhól, sunnan við heimreiðina. Leiðin frá Mó að Slauku er um 3,5 km í beinni loftlínu.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 6

**ÁR-448:043** *Stöðull* heimild um kvíar

64°03.133N 20°37.896V

"Fyrir heiman Miðgarðsholt var Stöðull, nálægt Læk. Þar voru kýr mjólkaðar, en því var hætt á tímabilinu 1914-1918", segir í örnefnaskrá. Stöðull er hóll tæpa 300 m ANA af bæ, um 200 m suðvestur af steinsteyptu fjárhúsi á Miðgarðsholti.

Ávalur og gróinn hóll.

Ekki sjást neinar mannvirkjaleifar á Stöðli.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 6

**ÁR-448:044** gata leið

64°03.868N 20°37.279V


"Leiðin, sem farin var til kirkju að Mosfelli, lá þannig: Farið var austur Traðir, norðan Miðgarðsholts, um Litlholt, norður hjá Rimhúsum, norður að Langatanga, upp með Brúará, áð við Hlöðuholt; um Keldudali, upp hjá Þórisstöðum, yfir lækinn fyrir neðan Minna-Mosfell. Hestar voru skildir eftir ofan við Minna-Mosfell, á Stöðlinum, og svo gengið heim að Stóra-Mosfelli", segir í örnefnaskrá. Töluverðir troðningar liggja til norðurs frá Rimhúsum 039.

Þýfi en svo mýri er norðar dregur.

Troðningar, greinilega mikið notaðir af kindum. Einn sker sig úr, er töluvert niðurgraffinn og gæti það vel verið kirkjugatan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hamrar aths. og viðb., 2

**ÁR-448:045** Ærhús tóft fjárhús

64°03.086N 20°37.880V

"Austarlega í Kotstúni var Ærhús. Norðurveggur hússins var í túngarði, og voru ærnar reknar þar inn, þegar þær voru mjólkaðar", segir í örnefnaskrá. Tóftin af Ærhúsi er norðan klettahóls um 300 m suðaustur af bæ.

Fram af tóftinni hallar til suðurs eða suðvesturs, þar er sléttáð tún.

Tóftin snýr N-S og er hálfgráfin ofan í hól, stærð 14 x 6 m. Hún virðist hafa verið hólfuð í tvennt en ekki sést hvort annað hólfíð hefur verið hlaða eða heystæði. Op eru á báðum skammhliðum, lítið sem ekkert grjót sést í hleðslum. Við norðurhlið hússins mótar fyrir túngarðshleðslu sem mun hafa komið í framhaldi af tröðum 030.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


**Heimildir:** Ö-Hamrar, 7

**ÁR-448:046** Sauðhústættur tóft beitarhús

64°04.052N 20°36.088V

"Inn undir Hjarðarnesi eru gamlar tættur, Sauðhústættur. Að fullu grónar um síðustu aldamót", segir í örnefnaskrá. Tóft er sunnan við vík sem er sunnan Hjarðarness, um 500 m norður af Lónakoti 035.

Þýfður og gróinn árbakki sem hefur líklega verið mýrlendari áður fyrr, enda er mógröf við tóftina. Fast við norðausturenda hennar rennur Hvítá.



Aðeins einn heillegur veggur er eftir af tóftinni, enda mógrafir beggja megin við hana og greinilegt að norðvesturaveggur hefur verið grafinn burt. Húsið hefur snúið NA-SV, sennilega með dyr í suðvestur. Það sem eftir stendur er suðausturlangveggur auk smábúta af báðum göflum. Langveggurinn er 1,1 m hár, algróinn en þó sér sumstaðar í grjót. Hann er 11 m langur og við báða enda hans um 1 m langir veggþútar. Mótar fyrir dyrum að suðvestan. Mógröfin er a.m.k. 15 x 10 m, um 1,5 m djúp. Hún fellur undir mógrafasvæði sem nefnt var Mór 047.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 8

**ÁR-448:047** Mór náma mógrafir

64°04.003N 20°36.077V


"Við ána, aðeins sunnar en Gimbraholt, er Mór. Þar var síðast tekinn mór 1940. Hér var mórinn bestur. (Mógrafir eru líka ofan við Miðgarðsholt [003], og aðrar vestan Klofninga [052], norðan við gamlan skurð)", segir í örnefnaskrá. Mór virðist hafa verið tekinn á býsna stóru svæði meðfram Hvítá, mógrafir sjást hér og þar allt frá tóft 035 og inn undir Hjarðarnes.

Þýfður og grösugur en tiltölulega þurr árbakki.

Mógrafir eru víða á svæðinu sem er 5-800 m langt, t.d. hjá sauðhústóft 046 en einnig sunnar. Yfirleitt eru þær óreglulegar að lögun og ná alveg niður að háum bakka við ána þar sem þær eru yfirleitt dýpstar og breiðastar. Þannig hefur vatni úr gröfunum verið veitt út í ána og mótekjan gerð auðveldari. Stærstu mógrafirnar sem skoðaðar voru eru allt að 40-50 m langar, 15 m breiðar og mest 2 m djúpar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 8

**ÁR-448:048** tóft

64°04.131N 20°36.624V

Rúma 450 m norðvestur af tóft 046 og um 500 m suðvestur af veiðihúsum á Hjarðarnesi, þar sem land tekur að hækka, er tóft.

Mýrlend brekka í halla mót austri.

Mjög sigin rúst sem sker sig samt greinilega úr flatlendinu, alveg hlaupin í þúfur. Hún snýr A-V en lögun er mjög óljós. Austast er næstum ferhyrnt hólf, 5 x 7 m en við af því

tekur hringlaga þúst, um 6 x 8 m.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-448:049** *Grænuborgir* tóftir


64°04.129N 20°36.836V

"Sunnan við Langatangaþrekkur er Grænuborgarlækur. Hann kemur vestan úr mýrinni og myndar ekki fastan farveg, eftir að hann kemur niður úr hallanum. Móinn norðan Grænuborgarlækjar er Grænuborgarholt. Sunnan við lækinn eru litlir hólar, Grænuborgir", segir í örnefnaskrá. Á Hjarðarnesi eru veiðihús, fast við þar sem Brúará og Hvítá mætast. Um 800 m vestur af veiðihúsunum rennur lítill lækur í gili til austurs en hverfur í mýrinni neðan við. Sunnan við lækinn, þar sem holtið er hæst eru Grænuborgir, litlir hólar sem reynast við nánari skoðun ótvíræð mannvirki.

Þýft holt, af því er víðsýnt til norðurs og austurs. Skurður hefur verið grafinn eftir holtinu endilöngu fast austan við rústirnar.

Alls sjást 7 tóftir og veru þær númeraðar til einföldunar. Allar eiga þær sameiginlegt að vera þýfðar, mikið signar og grjótlasur, a.m.k. á yfirborði. I. Þessi tóft er mest um sig, 15 x 15 m. Hún er allt að 2 m há, hæst í miðjunni og hvergi teljandi dæld í henni. Viðbygging, sem er mun lægri, gengur út úr henni til austurs, alls 4 x 5 m með greinilegum dyrum í austur. II. 3 m norðar er hringlaga rúst með greinilegri dæld í miðju, 10 x 10 m en veggir allt að 0,6 m háir. III. 15 m vestur af II er fremur óregluleg, hringlaga tóft, stærð 8 x 10 m og dæld í miðju. IV. 20 m suðvestur af III er óregluleg rúst sem gæti verið tvískipt. Annars vegar 8 x 8 m hrúgald og svo um 5 x 5 m þúst þar út úr til suðurs. V. 20 m suðvestur af IV er mjög regluleg, hringlaga rúst, 12 x 12 m, veggjabykkt um 3 m. VI. Tæpa 30 m suðaustur af V er fremur óregluleg, hringlaga rúst, um 10 x 10 m, mjög þýfð en gæti verið tvískipt eftir miðju. VII. 35 m ANA af 6 er mjög óregluleg þúst, um 8 x 8 m, í smáhalla mót suðri. Innbyrðis afstaða þessara sjö tófta er þá á þessa leið: Sú sem er langstærst og mest áberandi (I.) teygir sig lengst í austur. Minni rústir eru fast upp við hana að norðan og sunnan. Hinar tóftirnar eru dreifðar vestar. Þegar upp er staðið mynda þær allar nánast hring- nema kannski V. sem stendur dálítið utan við.

**Hættumat:** engin hætta



**ÁR-448:050** *Hjarðarneshólmavað* heimild um vað

64°04.411N 20°35.956V

"Í [Brúará] er Hjarðarneshólmi. Hjarðarneshólmavað, þar missti biskup hestamann sinn 1555, á leið sinni að Hömrum", segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum við skrána segir: "Ekki er nú vitað, hvar Hjarðarneshólmavað var." Talið er að vaðið hafi legið frá Hjarðarnesi til norðausturs, yfir í Hjarðarneshólma og úr honum yfir í Skálholtstungu.

Hjarðarnes er láglent en klappir teygja sig út í ána til norðausturs. Hólminn er gróinn að nokkru leyti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 8; Ö-Hamrar aths. og viðb., 2

**ÁR-448:051** garðlag

64°01.300N 20°36.063V

Hugsanlegt er að Hjarðarnes hafi verið girt af. Vottar fyrir torfgarði suðaustarlega á því en vestan við veg sem liggur að veiðihúsum yst á nesinu.

Lágt, mýrlent nes en holt á því nyrst.

Garðurinn er allt að 2-3 m breiður en mest um 0,3 m hár. Hægt er að rekja hann 50-60 m frá veginum til norðvesturs en eftir það er hann ógreinilegur. Hann er sennilega eingöngu torfhlaðinn.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-448:052** heimild um mógrafir

64°03.337N 20°38.139V

"Við ána, aðeins sunnar en Gimbraholt, er Mór. Þar var síðast tekinn mór 1940. Hér var mórinn beztur [sjá 047]. (Mógrafir eru líka ofan við Miðgarðsholt [003], og aðrar vestan Klofninga, norðan við gamlan skurð)",

segir í örnefnaskrá. Mógrafirnar sem hér um ræðir, þær síðastnefndu, voru við upptök bæjarlækjarins sem rennur austan bæjar.

Nú eru þar ræktaðir skikar og hallar þeim að skorningi sem lækurinn rennur í. Hann rennur reyndar að hluta til í skurði nyrst.

Mógrafirnar eru horfnar vegna túnræktar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hamrar, 8

**ÁR-448:053** heimild um útihús

64°03.035N 20°38.154V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús fast uppvið austurenda bæjarhóls.

Þar eru nú steinsteypt hlaða og fjós, nú notað sem hesthús.

Engar leifar sjást af gömlu útihúsunum og er ekki vitað til hvers þau voru notuð. Þó er talið líklegt að á þessum stað hafi verið fjós austurbæjar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## ÁR-449 Hverakot

Hjáleiga Hamra. 1708: "Hverakot. Eyðihjáleiga. Hefur bygð verið hjer um 40 ár, en eyddist í næstliðnum fardögum." JÁM II, 335. Hverakot nefnist nú Sólheimar. Hverakot komst aftur í byggð rétt um 1800. Árið 1930 keypti Barnaheimilisnefnd þjóðkirkjunnar jörðina og hóf rekstur barnaheimilis fyrir vangefin börn. Sunnlenskar byggðir III, 158.

1918: Tún 4 ha, þar af slétt um 2/3. Garðar 1118 m<sup>2</sup>.

"Býlið stendur í dalverpi sem er umlukt ásum á þrjá vegu. Mestur hluti landsins er mýrlendi. Nokkur skógrækt hefur verið framkvæmd hin síðari ár með góðum árangri." Sunnlenskar byggðir III, 158.

**ÁR-449:001** *Hverakot* bæjarhóll bústaður 64°04.045N 20°38.556V

Í örnefnaskrá segir: "Gamli bærinn stóð upp í túninu ca. 300 m norður af núverandi húsum. Honum hefir nú verið jafnað við jörð." Bæjarhóllinn er norðan við meginhluta byggðakjarnans, á hæsta punkti gamla túnsins.

Umhverfis tóftirnar er sléttá tún en sunnanmegin er brött brekka með trjárækt og byggð neðan hennar. Vegur liggur meðfram tóftunum norðanmegin, til vesturs.

Heildarumfang bæjarrústanna er 24 x 28 m. Þær eru nokkuð óljósar, enda hefur verið ýtt yfir þær að einhverju leyti. Þannig er suðurhlutinn að mestu gróinn þótt þar sjáist grilla í grjóthleðslu sem líkist vegg. Í norðvesturhorni er steyptró og mikið gróið kringum hana. Hæð rústahólsins er víðast 50-80 sm. Á sínum tíma stóð til að byggja gamla Hverakotsbæinn upp í því sem næst upprunalegri mynd en ekkert varð af því.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-449:002** heimild um útihús

64°04.060N 20°38.568V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 40 m norður af Hverakoti 001.

Þar er sléttá tún, óslegið.

Engin ummerki sjást um tóft og líklegt að hún hafi verið jöfnuð út við túnrækt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-449:003** tóft fjárhús

64°04.052N 20°38.532V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 20-30 m norðaustur af bæjarhól 001. Þar er nú tóft.

Sléttá tún umhverfis, allnokkur trjárækt sunnan við.

Algróin tóft en greinileg, líkast til af fjárhúsi. Snýr N-S, alls 9 x 12 m. Virðist sem hlaða hafi verið sunnan megin því þar er tóftin breiðust. Garðar eru ekki sjáanlegir, enda gras hátt, en langlíklegast er að þetta hafi verið fjárhús. Hæð veggja er víðast um 1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-449:004** heimild um útihús

64°03.961N 20°38.411V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 120 m suðaustur af bæjarhól 001 og um 90 m norðaustur af 005.

Á brekkubrún. Á þessum stað standa nú gömul útihús, fjós og braggi. Fjósið er austar, nú notað sem hænsnakofi en bragginn hefur verið endurbyggður og er notaður af heimilisfólki á Sólheimum.

Engin ummerki sjást um eldri hús úr torfi og grjóti og líklegt að byggt hafi verið á rústum þeirra.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918


**ÁR-449:005** heimild um útihús

64°03.955N 20°38.527V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 50 m suðvestur af 004.

Nú er þar bílaplan framan við húsið Brekkukot en í því er gistiheimili. Brekka er fram af bílaplaninu og þar er sundlaug.

Líklegt er að útihús hafi farið undir bílvegi eða byggingar.



### Hverakot – mörk tíns 1918

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-449:006** heimild um útihús

64°03.990N 20°38.608V

Samkvæmt túnakorti stóð útihús rúma 100 m SSV af 001.


Þar er brött brekka mót suðri, nú vaxin allháum skógi. Neðan hennar er meirihluti byggðarinnar í Sólheimum. Engin tóft fannst í brekkunni en ekki er útilokað að hún leynist í skóginum. Brekkan er reyndar svo brött að líklega er að húsið hafi staðið annað hvort neðan hennar eða uppi á brekkubrúninni.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-449:007** Stekkjarholt tóft stekkur

64°04.536N 20°37.462V



"Austur af því [Hrossabeinsholt] er Stekkjarholt, þar eru gamlar rústir", segir í örnefnaskrá. Stekkjarholt er tæpa 450 m suðaustur af tóft á Hrossabeinsholti (010) og 1,3 km ANA af 001.

Þurrt móaholt í mýri, mjög grösugt í kring. Mýrin umhverfis holtið hefur verið plægð og í hana plantað barrtrjám sem eru enn mjög lítil.

Tóftin er mjög óljós, hlaupin í þúfur og hátt gras á henni að auki. Hún virðist þó í aðalatriðum L-laga, alls 12 x 16 m. Líklega hefur verið rekið inn að sunnan, þar er 12 m langt hólf. Út frá því norðarlega virðist ganga hólf til vesturs, um 4 m breitt og 6-7 m langt. Hleðsluhæð er hvergi meiri en um 0,3 m og grjót sést hvergi.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Sólheimar, 2

**ÁR-449:008** Klofningar náma mógrafir

64°04.199N 20°38.585V

"Austan við [Steinhóltsbrún] er keldudrag í mýrinni og liggur niður í Bæjarmýri, austan við Vesturásinn; þar sem keldan hefur upptök sín heita Klofningar. Þar var áður tekinn mór", segir í örnefnaskrá. Þessi staður er um 300 m norðan við bæjarhól 001, um 100 m norðan girðingar sem afmarkar lóðir íbúðarhúsa sem standa norðan gamla túnsins.

Mýri. Henni hallar niður að dálitlum skorningi og þar rennur keldan.

Mjög greinilegar mógrafir eru á austurbakka keldunnar, við upptök hennar. Eitt, óslitið mógrafasvæði, um 80 m langt og 50 m breitt, mest um sig syðst. Grafirnar eru allt að 1,3 m djúpar og sumsstaðar ógrónar í botni þótt

ekki sé vatn í þeim.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sólheimar, 1

**ÁR-449:009** *Stórasteinsholt* heimild um landamerki 64°04.663N 20°38.298V

"Alllangt norðaustur af mógröfunum [í Klofningi] er Stórasteinsholt, upp á því er stór, jarðfastur steinn og í hann var klöppuð hola og rennt í blýi. Rétt hjá honum er vörðubrot", segir í örnefnaskrá. Stórasteinsholt er austan við Sólheimabraut, við mörk Kringlu og Sólheima.

Gróið en stórgrýtt holt með klettum sunnantil.

Varðan og blýið hafa augljóslega átt að tákna landamerki. Varðan er nú horfin en ekki er ólíklegt að hún hafi verið þar sem holtið rís hæst, þar er mikið grjót. Markasteinninn er um 10 m austan við hápunkt holtsins, frekar lágur en flatur. Holan er í honum austarlega, hún er ferköntuð og 3 x 3 cm að stærð en 4-5 cm djúp. Blýleifar sjást með hliðunum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sólheimar, 2

**ÁR-449:010** *Hrossabeinsholt* tóft beitarhús 64°04.638N 20°37.951V


"Austur af Stórasteinsholti er Hrossabeinsholt. Á því er gömul fjárhústóft", segir í örnefnaskrá. Stórasteinsholt er austan við Sólheimabraut, við mörk Kringlu og Sólheima. Hrossabeinsholt er tæpum 300 m suðaustar, lítið og stakt holt.

Þýft holt í mýri.

Dæmigerð beitarhúsatóft sem snýr NV-SA með dyr í SA og hlöðu í norðurenda. Stærð alls 14 x 6 m, breiðust hlöðumegin en um 5 m breið sunnantil, þar sem dyrnar eru. Við norðurenda vesturlanghliðar er 2 x 4 m lág hleðsla, hugsanlega heygarður eða lítið aðhald. Veggjahæð mest 1,2 m, hvergi sér í grjót.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sólheimar, 2



## ÁR-450 Kringla

36 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Til eru Kringla I og II frá 1975. Sunnlenskar byggðir III, 160. 1918: Austurbær: Tún 2,5 ha, þar af slétt 4/5. Garðar 727 m<sup>2</sup>. Vesturbær: Tún 2,8 ha, þar af slétt 2/3. Garðar 560 m<sup>2</sup>.


"Bærinn stendur á lágri hæð sem hallar svo til austurs niður að Brúará. Mikill hluti jarðarinnar er framræst mýrlendi sem hefur breyst í vallendi hin síðari ár. Talsverður ás er vestur af bænum, kallaður Bæjarholt. Þar eru fjárhús og tún." Sunnlenskar byggðir III, 159

### ÁR-450:001 Kringla bæjarhóll bústaður

64°05.617N 20°38.273V

Bæjarstæði austurbæjar er sunnanmegin á hól sem núverandi íbúðarhús var byggt á 1988. Blómgarður er á hólnum, að hluta til í órækt.

Sunnanmegin við hólinn er sléttað tún en norðanmegin við hann er hlaða. Á hólnum eru bæði gömul og ný tré.



Íbúðarhúsið sem er norðanmegin á hólnum er að hluta til með mikið niðurgröfnum kjallara að austanverðu.

Hóllinn hallar til suðurs og á honum eru óreglulegar hleðslur mest austanmegin. Fyrir miðju hólsins er stallur sem vísar í suður. Hann er 8-10 m breiður en ekki sést hvað hann hefur verið langur því nyrðri hlutinn hefur lent undir blómagarðinum og verið sléttaður. Stórum hluta hólsins hefur verið raskað til að búa til blómagarðinn.

Hraungrýti og hellur er að finna á víð og dreif neðan við garðinn, og gætu þær verið komnar úr eldri hleðslum.

Kringla – mörk túns 1918

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-450:002 Kringla bæjarhóll bústaður

64°05.635N 20°38.301V


Gamla bæjarstæði vesturbæjar er talið vera þar sem nú er steinsteypt hús, byggt 1952 en nú í eyði, fast norð-austan við núverandi heimreið, 50 m norðan við íbúðarhús byggt 1988 (sbr. 001). Það er á hól sem tengist bæjarhól austurbæjar að sunnan og er geil í milli. Í raun er álitamál hvort líta eigi á hólana sem tvo eða einn.

Á hólnum eru gömul tré, við íbúðarhús byggt 1952. Vestanmegin á bæjarstæðinu eru núverandi fjárhús. Hóllinn hallar til austurs en heimreið liggur að honum úr vesturátt.

Bæjarstæðið er mikið raskað en hóllinn er greinilegur. Íbúðarhúsið sem stendur austast á hólnum hefur ekki kjallara en fjárhús sem eru vestanmegin eru allmikið niðurgráfin. Mestur hluti bæjarstæðisins er sléttaður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918



### ÁR-450:003 tóft útihús

64°05.700N 20°38.139V

Um 200 m norðaustur af núverandi bæjarstæði Austurbæjar eru hrúnin útihús. Útihús eru sýnd á sama stað á túnakorti frá 1918. Tóftin er norðanmegin í þýfðu túni og liggur örlítið upp í brekku er hallar til suð-austurs, fyrir neðan bæjarstæði Vesturbæjar.

Tóftin er um 3 m uppi í þýfðri brekku sem er nokkuð brött. Þýft tún er suð-austan megin við brekkuna.

Tóftin er mjög greinileg, um 5 x 5 m að stærð. Húsin hafa verið notuð í seinni tíð þar sem hrunið bárujárnsþak liggur ofaní þeim. Ekki sést til garða fyrir þakinu. Dyr eru á austurvegg en tóftin er grafin inn í brekkuna vestantil. Veggir eru um 1 m á þykkt og hleðsluhæð er mest austast um 1,5 m. Grind af timburgaflí hangir enn uppi í austurveggnum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-450:004** heimild um útihús

64°05.751N 20°38.019V

Útihús, sem tilheyrðu austurbænum, voru um 300 m norðvestan við bæjarhól vesturbæjar, suðaustanmegin við Brúará, samkvæmt túnakorti frá 1918.

Nú er sléttað tún þar sem húsin voru. Vestanmegin túnsins er þýfð brekka sem hallar í norð-vestur að Brúará. Ekkert sést til húsanna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918


**ÁR-450:005** *Hlöðuholt* tóftir

64°05.577N 20°37.063V

"Stuttan spöl fyrir neðan Mógilið er holt, sem heitir *Hlöðuholt*", segir í örnefnaskrá. Holtið er rúmlega 1 km austur af bæ, fast sunnan við Kringlugil sem skilur á milli Bjarnastaða og Kringlu.

Holtið er hátt og gróið en ekki mikið um sig. Suður og vestur af því eru mýrar.

4-5 tóftir eru suðvestan í holtinu. Nyrst þeirra er óljós tóft sem snýr SV-NA, með dyr í suðvestur. Hún er alls 4 x 11 m en lögun er óregluleg og veggir bólgnir og þýfðir. Út frá norðurlanghlið gætu hafa verið tvö hólf, sitt á hvorum enda og um 3 x 3 m hvort. Þetta er mjög óljóst. Hæð veggja í þessari tóft er mest um 0,5 m. 15-20 m suðvestar er önnur tóft sem rís mun hærra eða allt að 1,7 m. Hún er alls 6 x 12 m og snýr eins og tóftin sem áður var lýst. Óljóst hólf er í austurhluta tóftarinnar en



afgangurinn er rústahóll sem lækkar jafnt og sígandi til suðurs. Um 15 m sunnar er þriðja tóftin, hún er 6 x 11 m og snýr eins og hinar tvær. Veggir eru þykkir og allt að 1,3 m háir en engar dyr sjást. Þvert á hana austast er áfast hólf, 5 x 13 m og út frá því til SA tvö önnur hólf. Þau gætu verið leifar heygarda eða aðhalda af einhverju tagi. Þá er stök tóft, 4 x 4 m, tæpa 10 m SA af þessum tóftum og stök þúst um 15 m austur af austurhorni þeirra. Hvergi sér í grjóti.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Kringla, 1

**ÁR-450:006** *Grænskáli* tóft fjárhús

64°04.882N 20°39.169V

"Norður af Kláfsholti er allmikið mýrarsund, er heitir Grænskálasund. Þá tekur við holt; austasti hlutinn af því heitir Grænskáli, en hinn hlutinn Smalaskáli", segir í örnefnaskrá. Holtið er um 1,6 km suð-estur af bæjarhól Vesturbæjar og er Grænskáli 15 m norð-vestur af Smalaskála 007. Grænskáli er efst á holtinu, þar eru tóftir. Holtið, sem tóftirnar eru efst á, er í þýfðu túni en umhverfis þær er sléttur túnblettur. Tóftin er 19 m löng og snýr frá vestri til austurs. Vestanmegin er tóftin 6 m breidd en austanmegin, þar sem sést til niðurgrafinnar hlöðu, er breiddin 8 m. Í fjárhúsinu, í þeim enda sem snýr að hlöðunni, sést móta fyrir jötu beggja megin. Dyr eru á vestuvegg. Rof er í veggjum og þar er búið að gróðursetja tré. Þessi staður gengur nú undir nafninu Grænskáli.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Kringla, 1

**ÁR-450:007** *Smalaskáli* tóft

64°04.850N 20°39.069V

"Norður af Kláfsholti er allmikið mýrarsund, er heitir Grænskálasund. Þá tekur við holt; austasti hlutinn af því heitir Grænskáli, en hinn hlutinn Smalaskáli", segir í örnefnaskrá. Holtið er um 1,6 km. suðvestur af bæjarhól Vesturbæjar. Holtið er lágt og samtengt Smalabæjarskála sem er holt í Stærrabæjarlandi. Smalaskáli er 15 m suðaustur af Grænskála 006. Holtið er lágt og þýft. Tóft er suð-austanmegin á því og er vel greinileg.

Tóftin er 14 x 5 m og snýr norður - suður og skiptist í tvö hólf. Nyrðra hólfíð er 4 x 5 m en það syðra er 10 x 5 m. Engar augljósar dyr sjást. Veggir eru um 1,5 m háir. Nyrðra hólfíð er niðurgrafið um 1,5 m en syðra hólfíð er 50-80 sm á dýpt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar




**Heimildir:** Ö-Kringla, 2

**ÁR-450:008** *Dómhringur* tóft

64°05.679N 20°30.344V

"Í túninu skammt fyrir norðan bæinn er vallgróinn torfhringur, um 8 m í þvermál, er heitir Dómhringur. Þetta mannvirki er ævafornt. Var það friðlýst á árunum 1921-1930 af Magnúsi sýslumanni Torfasyni og hefur ekkert verið hróflað við því, þó að túnið hafi allt verið sléttað", segir í örnefnaskrá. Í Sunnlenskum byggðum segir: "Brynjúlfur Jónsson gróf á tveimur stöðum í rústina og taldi að hún væri mannabústaður. Hugsanlegt að hér hefði Ketilbjörn á Mosfelli haft þingstað með landsetum sínum og væri nafn jarðarinnar af þessari kringlu komið." Bærinn sem talað er um í örnefnaskrá er Austurbær. Dómhringstóftin er um 50 m norðvestur af íbúðarhúsi frá 1952 (sbr. 002) og 30 m norður af núverandi fjárhúsum. Í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1905 segir, "Hringurinn er þar norður í túninu, þykkur og fornlegur, 4 faðmar á þvermál og dyr mót austri. Nú kom mér í hug, að raunar kynni þetta að vera forn fjárborg eða hestarétt, og vildi eg vita, hvort þar fundist nokkur gólfskán, er af taði væri mynduð eða bæri vott um taðleifar. Lét eg því á 2 stöðum grafa niður úr gróðurmoldinni ofan í óhreifða mold og var það rúm 2 fet á dýpt. Í báðum stöðunum varð fyrir þunnt lag af nokkurs konar gólfskán, sem aðskildi gróðurmoldina frá óhreifðri mold. En ekki leit út fyrir, að þessi gólfskán væri mynduð af taðleifum. Hún var rauðleit á lit og leit helst út fyrir að vera mynduð af harðtroðnu mýrartorfi. Það þótti mér fremur benda til mannagólf en skepna, án þess að fullyrða neitt um það. Fornar tóftir er líktust búðartóftum, sá eg þar ekki nema aðeins eina, skammt norður frá hringnum. En það er ekki að marka; margar tóftir geta falist undir "fornu fjósunum". undir bænum, og undir svo mörgum húsum, sem þar eru til og frá um túnið. -Þar er nfl.



tvíbýli.-"

Tóftin er í þýfðu túni. Um 10 m norð-austur af henni tekur við brekka. Túnið er girt af og notað til beitar.

Tóftin er mjög greinileg og á henni er op til norð-vesturs. Hún er hringlaga, 8 m í þvermál og veggjaþykkt er um 1.5 - 2 m. Hæst er tóftin um 1 m. Ekkert sést sem bendir til að tóftin hafi verið niðurgrafin, en innri hluti hennar er í sömu hæð og tún í kring. Við opið hallar túnið lítið eitt í austur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Kringla, 2; Sunnlenskar Byggðir III, 160; FF, 76; Brynjúlfur Jónsson 1905, 40.

**ÁR-450:009** tóft beitarhús


64°05.185N 20°37.435V

Um 1 km suðvestur af bæjarstaði Vesturbæjar er holt er nefnist Þorkelsholt. Á holtinu eru greinilegar rústir útihúss.

Umhverfis tóftina á holtinu er nánast slétt. Vestanmegin en annað holt er nefnist Hlöðuholt og á milli holtanna er svæði er kallast Miðrimi. Norð-vestanmegin tekur við halli sem gengur inn í þýft tún.


Tóftin er áberandi, 20 x 13 m að stærð. Hún er hlaðin úr frekar flötu grjóti, þó ekki hellugrjóti. Vestanmegin er hún hlaðin inn í holtið en austanmegin er gaflinn opinn og þar hefur greinilega verið trégafl, þar sem enn sést til tréstoda í jörðu. Mikið og mjög fúid spýtnarusl og bárujárn er bæði innan og utan tóftar. Fyrir miðju má sjá hruninn trégarða. Grjóthleðslur eru greinilegar, 8 til 10 umför eða um 1.5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



**ÁR-450:010** tóft

64°04.861N 20°39.209V




20 - 30 m suður af tóft efst í Grænskála 006 er önnur tóft öllu ellilegri og ógreinilegri.

Holtið sem tóftin er í er þýft. Suður af því tekur við mýrarsund. Svæðið er innan lands sem er í einkaeign, tilvonandi sumarbústaðalóð

Sporöskjulaga rústhóll með ógreinilegu lagi. Hann rís allt að 1,8 m yfir annað umhverfi, er mjög hlaupinn í þúfur og er ekki iðagrænn. Óljóst mótast fyrir veggjum vestarlega í hólnum miðjum, afmarka þeir hólf sem er um 3 x 2 m. Að öðru leyti er ekki hægt að greina hleðslur eða vegg. Tæpa 10 m vestur af rústunum er áberandi þúfnabingur sem gæti verið rústahóll. Ummál hans er 15 x 7 m og snýr hann í austur vestur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



-  = mörk túns 1917-20
-  = landamerki
-  = ár/lækir á landamörkum

*Fornleifakort – Kringla, Bjarnastaðir og Þórisstaðir*

## ÁR-451 Bjarnastaðir

47 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólseign.

Lengi var tvíþýlt á jörðinni eða til 1912. Sunnlenskar byggðir III, 161, 1918: Tún 5,7 ha, þar af slétt ½. Garðar 1024 m<sup>2</sup>.

"Bærinn stendur sunnan í nokkuð hári hæð sem hallar svo til austurs niður að Brúará. Þar heita Keldudalir. Til vesturs er framræst mýri og vallendisholt. Jörðin á einnig land norðan Þjóðveggar, Biskupstungnabrautar. eru þar fjárhús og allmikil tún. Skiptast þar á mýrarsund og holt vestur að Stangarlæk. Jörðin er algróin." Sunnlenskar byggðir III, 161.

### ÁR-451:001 Bjarnastaðir bæjarhóll bústaður

64°06.031N 20°38.177V

Gamli bærinn stóð fast vestan við núverandi íbúðarhús.

Sléttur flötur sunnan undir grösugum, allháum hól.

Ekkert sést til gamla bæjarleifa, enda voru síðustu leifar torfbæjar rifnar upp úr 1950. Íbúðarhúsið stendur vestast á hólnum en austast er steyp útihús. Á milli þeirra er um 20 m breitt bil, þar er nú bílastæði á sléttuðu malarplani. Útihúsin eru töluvert niðurgrafin og er kjallari undir íbúðarhúsinu. Lítið sér fyrir hólmyndun en ætla má að umfang bæjarhólsins sé um 50 x 30 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-451:002 heimild um útihús

64°06.047N 20°38.381V


Samkvæmt túnakorti stóð útihús fast sunnan við 003.

Sléttuð tún.

Dáltilbunga sést í túninu á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918



Bjarnastaðir – mörk túns 1918

### ÁR-451:003 heimild um útihús

64°06.055N 20°38.369V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús stóð 150 m vestur af bæjarhól 001, við heimreiðina.

Slétt tún.

Húsið er horfið en smábunga er í túninu á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-451:004 heimild um útihús

64°06.086N 20°38.315V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 150 m norðvestur af bæjarhól 001.

Slétt tún. Hóll er í því norður af bæ, húsið hefur staðið suðvestan undir háhólnum.

Það er nú alveg horfið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:**

Túnakort 1918

**ÁR-451:005** heimild um útihús

64°06.087N 20°38.237V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 100 m norður af bæjarhól 001.

Grösugur túnhóll norðan bæjar - suðaustan í honum er stórt svínahús.

Útihúsið er horfið, væntanlega vegna túnræktar eða bygginga.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-451:006** Grafarbásar náma mógrafir

64°06.294N 20°37.769V

"Norðan við túnið er svæði nokkuð, sem nefnist Grafarbásar. Þar var mór tekinn til eldsneytis frá elztu manna minnum", segir í örnefnaskrá. 4-500 m norðaustur af íbúðarhúsinu er refahús, langt og mikið. Norðan við það er gil sem mýrarlækur rennur í og eru gamlar mógrafir norðan við gilið.

Mikið þýfi en ekki mjög votlent lengur. Vestan við mógrafirnar er búið að grafa skurð út í gilið. Hross ganga þarna í girðingu.

Grafirnar sjást best norðan við sumarbústað sem er austan við refahúsið. Það er samtengt mógrafasvæði, allt að 200 m langt og 70 m breitt og eru grafirnar allt að 1,5-2 m djúpar. Þurr er að mestu í botni þeirra.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 1

**ÁR-451:007** Tjalddalur örnefni náttstaður

64°06.131N 20°36.710V

"Vestan við Keldudalinn skerast þrjú litlir dalir upp í heiðina. Syðsti dalurinn heitir Heydalur sá norðasti Tjalddalur og sá í miðið Miðdalur, aðrir segja Seldalur", segir í örnefnaskrá. Tjalddalur er næsti dalur eða skorningur norðan við Seldal, 1,2 km austur af bæ.

Hann er stærstur dalanna sem ganga upp í heiðina og suðurhluti hans er mjög blásinn.

Ekki er vitað hvort tjaldað var í dalnum. Oft var heyjað á mýrunum við Brúará, austan við dalinn.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 2

**ÁR-451:008** Seldalur tóft sel


64°05.990N 20°36.905V

"Vestan við Keldudalinn skerast þrjú litlir dalir upp í heiðina. Syðsti dalurinn heitir Heydalur sá norðasti Tjalddalur og sá í miðið Miðdalur, aðrir segja Seldalur; í honum eru gömul tóptarbot", segir í örnefnaskrá. Keldudalur er mýrarsvæði við Brúará, tjörn er í honum austast. Seldalur er beint vestur af tjörninni, 1,1 km austur af bæ.

Seldalur er gróinn skorningur eða aflöng laut, langur og mjór. Innst greinist hans í tvennt og gengur tunga fram á milli. Hleðsla er í dæld sunnan tungunnar.

Tvíhólfa tóft sem líkist frekar rétt en seltóft. Stærri hólfið er í skorunni, snýr NA-SV með dyr í norðaustur. Alls 5 x 7 m og er kró sambyggð norðan við dyraopið, 2 x 3 m með op í suðaustur. Ekki er opið milli hólfa tveggja. Hvergi sér í grjóten hleðsluhæð veggja er allt að 1 m. Ekki sjást nú neinar aðrar tóftir í Seldal.

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 2

**ÁR-451:009** 3 tóftir

64°05.908N 20°37.263V


Tóftir eru tæpa 800 m suðaustur af bæ, 2-300 m suður af gömlu, bárujárnsklæddu fjárhúsi sem stendur á hól.

Þær eru utan í langri, vel gróinni brekku sem hallar mót suðvestri.

Nyrsta tóftin gæti verið af rétt eða stekk. Aflangt hólfið, 10 x 5 m sem snýr A-V, opið í austur, og tvær krær út frá austurhluta þess, önnur til suðurs (3 x 3 m) en hin til norðurs (4 x 4 m). Sú minni rís hærra, allt að 1,3 m. 3 m austur af stærri krónni er stakstætt hólfið, 3 x 5 m í brekku og snýr opi mót suðri. Ekki er þó útilokað að langveggir stóra hólfsins teygja sig þangað og tengi það við stóra hólfið. 10 m sunnar er aflöng og há tóft, mjög samansigin. Hún er 6 x 12 m og rís allt að 1,4 m yfir yfirborð. Greinileg dæld er í miðju hennar en dyr ekki greinilegar. Tóftirnar eru allar mjög grónar og sér ekki í grjóten.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 2



**ÁR-451:010** heimild um beitarhús

64°06.733N 20°40.105V

"Norðan við mýrina er heiðarflatneskja, er nefnist Flatholt. Utast á því, skammt fyrir norðan þjóðveginn, eru beitarhús frá Bjarnastöðum", segir í örnefnaskrá. Enn standa beitarhús um 100 m norðan þjóðvegar, rétt við austari afleggjara Sólheimabrautar.

Ávöl, lág hæð, túnrækt er vestan við fjárhúsin. Skeiðvöllur er í hvarfi frá veginum norðan húsanna.

Húsin sem enn standa eru úr timbri og járn en voru byggð á rústum eldri, grjóthlaðinna húsa sem rúmuðu 40 sauði. Þau voru með görðum út við báða langveggi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 2

**ÁR-451:011** *Smalaskáli* örnefni smalakofi


64°06.804N 20°40.741V

"Norðan við mýrina er heiðarflatneskja, er nefnist Flatholt. Utast á því, skammt fyrir norðan þjóðveginn, eru beitarhús frá Bjarnastöðum [010]. Skammt vestur frá húsunum er lítil hæð, sem heitir Smalaskáli", segir í örnefnaskrá. Vestan við húsin eru nú tvö ræktuð tún og smá holtræma á milli. Hæsti hluti Smalaskála er enn óskaddaður tæpa 500 m vestur af beitarhúsunum, milli túnanna tveggja.

Gróið og þýft holt, tún eru bæði norðan og sunnan við.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Bjarnastaðir, 3

**ÁR-451:012** tóft beitarhús

64°06.470N 20°39.965V

Tóftir gamals beitarhúss eru um 50 m sunnan við malarnámu sem er fast sunnan Biskupstungnabrautar, gegnt fjárhúsi frá Bjarnastöðum (sbr. 010).

Allvel gróið mosabýfi en víða er mýrlent umhverfis. Gömul reiðgata er fast sunnan við tóftina og gæti hafa legið milli Svínavatns og Bjarnastaða.

Tóftin er sigin og ógreinileg, þannig er varla unnt að greina veggi. Þeir hafa líklega verið hlaðnir úr torfi eingöngu og eru jafnar geilar utan þeirra þar sem efnið hefur líklega verið tekið. Stærð alls er um 12 x 6 m en hæð rústahólsins er mest um 0,8 m.

**Hættumat:** hætta, vegna grjótnáms

**ÁR-451:013** tóft beitarhús

64°06.341N 20°40.186V

Beitarhúsatóft er austantil í Svínholti, 300 m suðvestur af 012.

Holtið er þýft og lágt, það liggur N-S.

Tóftin snýr N-S utan í holtinu og liggur því eins og það en ekki þvert á eins og algengast er. Hún er alveg sigin og rótbitin, alls 13 x 5 m með dyr í suður. Dýpi er mest í norðurenda, um 0,4 m og hugsanlegt að þar hafi verið hlaða. Gegnt dyraopinu, 2-3 m frá því er stök, 5 m löng veggheðsla. Grjót er hvergi sjáanlegt í veggjum eða umhverfis.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-451:014**

frásögn beitarhús

64°06.563N 20°39.827V

Beitarhúsatóft var 2-300 m norður af 012. Hún er nú horfin í malarnám.

Enn er tekið efni úr námunni. Fast norðan hennar er Biskupstungnabraut en suður af sléttir móar og mýrar.

Fátt er vitað um tóftina annað en að hún var ellileg líkt og tóftir 012 og 013.

**Hættumat:** hætta vegna rasks

## ÁR-452 Þórustaðir

26 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Nú yfirleitt nefnd Þórisstaðir.

Nú eru til Þórisstaðir I og II, Þórisstaðir II mun meiri að umfangi. Sunnlenskar byggðir III, 162.

1918: Tún 4,4 ha, þar af slétt 2/3. Garðar 1132 m<sup>2</sup>.

"Jörðin er sléttlendir móar hið næsta bænum en mýrarsund sunnan við, nær Bjarnastöðum. Austur undir Brúará eru svokallaðir Keldudalir. Jörðin á talsvert land norðan þjóðvegjar. Er það að mestu framræst mýrlendi með móaholtum. Talsverð sumarhúsa byggð hefur risið á jörðinni hin síðari ár. Malarnám er í landareigninni." Sunnlenskar byggðir III, 162.

### ÁR-452:001 Þórustaðir bæjarhóll bústaður

64°06.370N 20°37.405V

Bæjarhóll Þórisstaða er á því svæði sem íbúðarhúsið stendur nú, raunar örlítið framan og vestan við Þórisstaði I. Umhverfis bæinn er víðáttumikið tún, rennislétt og töluvert um trjárækt.

Ekki er kjallari undir núverandi íbúðarhúsi. Ekki er hægt að greina bæjarhól og virðist sem hann hafi verið alveg sléttaður. Umhverfis íbúðarhúsið er garður með trjárækt sem gerir enn erfiðara um vik að greina bæjarhól.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-452:002 heimild um útihús

64°06.832 20°38.358


Skv. túnakorti frá 1918 var útihús tæpa 100 m NNA af bæjarhól. Ekki sést til hússins nú, hefur líklega verið sléttað yfir það.

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-452:003 heimild um útihús

Skv. túnakorti frá 1918 var útihús tæpa 150 m NA af bæjarhól. Það sést ekki nú og hefur líklega verið sléttað yfir það.

**Heimildir:** Túnakort 1918



Þórisstaðir – mörk túns 1918

### ÁR-452:004 tóft

64°06.832N 20°38.358V

200 m suðaustur af þjóðvegi en um 80 m norðaustur af heimreiðinni að Þórisstöðum er gróin tóft. Holtið sem hún er á heitir Tjarnholt.

Þýft og hæðótt holt.

Hringlaga tóft sem er um 12 m í þvermál. Ekki sjást dyr en rask hefur orðið norðaustast í tóftinni og engu líkara en þar hafi verið grafið í hana. Dældin er um 1 x 1 m. Tóftin er algróin og er hæð veggja svipuð allan hringinn sé staðið utan við hana, 1 - 1,5 m. Innan veggja er hæð hins vegar ekki nema 0,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar


### ÁR-452:005 tóft beitarhús

64°07.315N 20°37.621V

Tóft er á túni sem nefnist Þríhyrna. Það er um 1 km suðvestan við þjóðveg, nálægt mörkum Þórisstaða og Reykjaness.

Suðvestan við tóftina er lítil laut sem hugsanlega gæti verið leifar eldra húss en það er mjög óskýrt. Tóftin er í mosagróinni brekku, mikið þýfðri.

Tóftin er greinilega af beitarhúsi með hlöðu sem snýr N-S. Heildarlengd er 20 m, breidd hlöðumegin er 11 m en nyrst, við dyrnar, um 6 m. Hlaðan er 2 m djúp en veggjahæð er annars almennt um 1 m. Víða sér í grjóti í veggjum. Greinilegur, algróinn garði er eftir húsinu endilöngu. Framan við dyr hússins eru veggir sem afmarka lítið hól sem lítur út eins og e.k. anddyri. Bæði hlaðan og húsin eru nánast alveg



niðurgrafin nema þar sem dyrnar eru.  
**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-453 Reykjanes

28 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Landamerki: "Frá Brúará við Keldudalsholt í þúfu á Miðhöfða, þaðan í þúfu á Vestararima. Þaðan í Kaldós, svo ræður Brúará að Keldudalsholti." Ö-Reykjanes, 2.


"Íþróttabandalag Reykjavíkur á jörðina og er að reisa íþróttahús og æfingabúðir. Reykjalundur er garðyrkjubýli stofnað 1939 á 17 ha. í landi Reykjanes." Sunnlenskar byggðir III, 163.

1917: 5,3 ha, þar af slétt ¾. Garðar 1238 m<sup>2</sup>.

"Jörðin er langt nes sem Brúará afmarkar á tvo vegu. Landið er að mestu mýrlendi en þar sem bærinn stóð er land nokkru hærra. En oft var bærinn umflottinn varni [sic] þegar flóð eða vatnavextir eru í Brúará." Sunnlenskar byggðir III, 163.

### ÁR-453:001 Reykjanes bæjarhóll bústaður

64°06.688N 20°34.660V



Um 500 m austur af Brúará 010 er gamli bæjarhóllinn, um 700 m suðaustur af Rimakoti 009. Hóllin er greinilegur í landslaginu. Þessi hóll er bæjarhóll samkvæmt túnakorti frá 1917. Um 80 m austar er annar greinilegur hóll, Fornibær 005.


Sunnan við hóllinn er tún en norðanmegin mikið mýrarsund sem nær allt upp að núverandi bæjarstæði, 009. Þegar mest er í ánni flýtur hóllinn og í þann tíma sem búið var á honum notaðist heimilisfólk við bát til að komast ferða sinna.

Rústirnar eru greinilegar en vel grónar. Erfitt er að greina á milli húsa þar sem veggir hafa hrunið hver ofaná annan. Samkvæmt túnakorti virðist sem bæjarhúsin hafi staðið sunnanmegin í

hólnum, tóftir þeirra eru 7 x 20 m að stærð. Það sést helst á því að fyrir framan þær er um 40 x 18 m sléttur flötur sem er afmarkaður með torfhleðslu sem er enn greinileg. Ofaní tóftum bæjarins, sem skiptast í þrjú hólf, er talsvert af bárujárn og fúnu timbri. Syðst þar sem nú er opið er grjót meðfram allri hliðinni en engar leifar torfhleðslu. Leifar útihúsa eru á hólnum, tvö vestanmegin en eitt austanmegin. Tóftin sem er austanmegin snýr í austur vestur og skiptist í tvö hólf. Hún eru um 20 m löng, 7 m breið austanmegin, þar sem dyr eru, en 12 m breið vestanmegin. Virðist sem þar hafi verið hlaða þar sem sá hluti er mikið niðurgrafinn eða um 2.5 m. Um 5 m vestar er tóft, 5 x 5 m að stærð, sem snýr í norðvestur - suðaustur. Á henni eru dyr í norðvestur. Um 13 m vestar er tóft 8 x 5 m sem snýr norðaustur - suðvestur, með dyr í suðvestur. Norðaustur hluti hennar er grafinn inni hóllinn. Erfitt er að segja til um hæð og þykkt veggja á öllum tóftunum en mesta hæð er um 1 m og þykktin er einnig mest um 1 m. Spítanbrak og bárujárn er á víð og dreif á og í kringum hóllinn. Hlaðinn garður er í kringum allan hóllinn 0.5 - 1 m á þykkt og um 50 sm hár. Í heildina er bæjarhóllinn um 60 m frá austur til vesturs og 50 m frá norður til suðurs. Ekki sést til heimreiðar. Búið var á þessum stað fram á sjöunda áratug 20. aldar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917



### ÁR-453:002 tóft útihús

64°06.647N 20°34.606V

Um 80 m suður af bæjarhól 001, er tóft af útihúsi samkvæmt túnakorti frá 1917

Tóftin er í þýfðu túni. Um 2 m í kringum tóftirnar er túnið slétt

Tóftin er um 7 x 5 m og snýr í suður - norður. Ekki eru greinilegar dyr þar sem tóftin er

mjög fallin saman. Hleðsluhæð er um 1 m utanfrá en 0,5 m innanfrá. Ekki sést til garða eða jötu. Þykkt veggja er 0,5 - 1 m. Talsvert rof er í tóftinni. Um 10 m vestan tóftarinnar er hóll, 8 x 12 m að stærð sem er áberandi í landslaginu líkt og tóftir útihúsa 002 og 003. Á honum sjást þó engar greinilegar tóftir.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ÁR-453:003** tóft útihús

64°06.612N 20°34.646V


Um 120 m suður af bæjarhól 001 er tóft, sem samkvæmt túnakorti frá 1917 er útihús, um 60 m suðvestur af útihúsum 002.

Tóftin er í þýfðu túni og óslétt í kringum hana.

Tóftin er um 10 x 6 m og snýr í austur - vestur með dyr í austur. Tóftin er gróin og er hleðsluhæð hennar um 1 m ef mælt er utanfrá. Innanfrá sést engin hleðsla og því ekki hægt að sjá þykkt veggja.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1917.




**ÁR-453:004** lind

vatnsból

"Norðan við bæinn er laug, þar var vatnsbólið, stundum flæddi upp í hana." segir í örnefnaskrá. Laugin er norðanmegin í bæjarhól um 700 m suðaustur af Rimakoti 009 sem er núverandi bæjarstæði.

Norðanvið er mýri en sunnanmegin bæjarhóllinn. Austan og vestanmegin er garður og við af honum tekur við þýft tún. Litlar leifar sjást af lauginni en greina má garða vestan og austanmegin sem liggja frá norðurhluta bæjarhóls í norður. Garðurinn er vel greinilegur en mikið



hruninn. Norðurhlið bæjarhólsins hefur

*Reykjanes – mörk túns 1917*

markað suðurhluta laugarinnar. Heit uppspretta er í mýrarlæk sem teygir sig inn í nyrsta hluta laugarinnar. Laugin er um 15 m löng en 7 m breið. Austanmegin sést um 5 m garður en vestanmegin um 7 m. Hleðsluhæð garðsins er um 0,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykjanes, 1


**ÁR-453:005** Fornibær tóft bústaður

64°06.707N 20°34.577V

"Austan við mýrarsundið, austan við bæinn, er dálítill hóll, heitir Fornibær," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 80 m austur af bæjarhól 001 um 700 m suðaustur af núverandi íbúðarhúsi að Rimakoti 009. Vestanmegin í hólnum er gróin tóft.

Hóllinn er áberandi stórþýfður. Í kringum hann er slétt tún í um 5 m radíus en þýft tún tekur við af því.

Tóftin skiptist í tvö hólf og snýr austur - vestur. Suðaustanmegin er tóftin 3 x 4 m, niðurgrafin um 1,5 m, en vestanmegin sjást grónar hleðslur 7 x 5 m. Hleðsluhæðin er 0,5 m en ekkert grjótt sést í hleðslunum. Niðurgrafni hlutinn er áberandi þýfður innan en



vestari hlutinn áberandi sléttur. Dyr eru á tóftinni til vesturs. Þykkt veggja er um 1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykjanes, 1

**ÁR-453:006** *Snúður* heimild um bænhús

64°06.692N 20°34.468V

"Sunnan við [Fornabæ 005] er annar hóll, Snúður. Þar er sagt, að bænhús hafi staðið til forna," segir í örnefnaskrá. Hóllinn er um 150 m suðaustur af bæjarhól 001, um 100 m suðaustur af Fornabæ 005.

Hóllinn er áberandi í landslaginu. Vestanmegin er slétt tún en annars þýft í kring.

Hóllinn er kringlóttur og um 13 m í þvermál. Engar tóftir sjást í hólnum en hann er áberandi stórþýfður miðað við annað land í kring og er um 1 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Reykjanes, 1

**ÁR-453:007** *Steinkupyttla* lind þvottalaug

64°06.526N 20°33.925V

"Vestur af [Bústakeldu] er heit laug, er heitir Steinkupyttla, þar var æfinlega þveginn þvottur." segir í örnefnaskrá. Í nesi um 700 m suðaustur af bæjarhól 001, 200 m norðaustur af Nesodda er heit uppspretta.

Heitar uppsprettur eru á a.m.k tveimur stöðum á þessu svæði, sem renna saman í læk út í Brúará. Austanmegin er Neshólminn grasi gróinn er vestanmegin Nesið.


Uppsprettan rennur út í ána þar sem mól og sandur er við árbakkann, um 3 m upp í landið og er þetta svæði um 8 m langt. Annarstaðar í kring er mýraredja.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Reykjanes, 1

**ÁR-453:008** *Stekkatún* tóft stekkur

64°06.299N 20°35.725V



"Austan í [Keldudalsholti] er Stekkatún." segir í örnefnaskrá. Keldudalur er að mestu í Þórisstaða- og Bjarnastaðalandi, hann liggur í sömu stefnu og Brúará og uppfrá honum lítil dalverpi og gil. Keldudalsholt gengur suðaustur af mynni dalsins og er í Reykjaneslandi, vestast þeirra holta sem þar eru og næst mörkum. Stekkatúnið er syðst og austast í holtinu, við Brúará.

Lágt en þýft holt. Það er töluvert traðkað og nagað af hrossum.

Stekkjartóftin rís hátt og sést ágætlega að. Greinilegast og hæst er lítið hólf, 3 x 4 m. Frá norðurenda þess liggur garðbrot 5-6 m til norðurs og lítur út fyrir að það sveigi til austurs og endi þar eftir 12-14 m en sá hluti er mjög óglöggur. Vestur af litla hólfinu, sambyggt, eru leifar stærra hólfs, 5 x 6 m með dyr eða hugsanlega rof á norðurvegg. Austan við litla hólfið er enn eitt

hólf sem líklega er ekki sambyggt hinum, það lítur út eins og djúp skora, 1 x 3 m. Þar sem tóftir þessar enda, syðst, er rofabakki við Brúará og er vel mögulegt að veggheðslur hafi lent í ánni.


**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Reykjanes, 2

**ÁR-453:009** *Rimakot* tóft býli


64°06.956N 20°35.217V

Í Sunnlenskum byggðum segir: "Smábýli var í landi jarðarinnar á síðustu öld, nefnt Rimakot." Íbúðarhús



núverandi ábúanda Reykjanes Guðmundar Óla Ólafssonar er vestanmegin á Rimanum, um 700 m norðvestur af bæjarhól 001, en 200 m austar á Rimanum er íbúðarhús byggt 1939, nú í eyði.

Tóftin er á lóð íbúðarhúss núverandi ábúanda, vestanmegin á Rimanum, austanmegin við íbúðarhúsið. Í kringum tóftirnar er lóðin að mestu sléttuð en ekki er búið að ganga frá henni eftir byggingu hússins.



*Rimakot – mörk túns 1917*

Austanmegin er tún sem notað er til beitar. Tóftin snýr norður - suður og skiptist í fjögur hólf, þrjú sunnanmegin og eitt norðanmegin. Í tveimur syðri hólfunum sem vísa í austur er gróinn garði fyrir

miðju en nyrðra hólflið er niðurgrafið um 1,5 m. Austurhlið tóftanna er um 25 m, suðurhlið um 20 m, norðurhlið um 10 m en vesturveggurinn skiptist í tvennt, 13 m sem tilheyrir norðurhlutanum og 12 m sem tilheyrir suðurhluta. Þykkt veggja er 1 - 1,5 m og hleðsluhæðin 0,5 - 1 m. Norðan við húsin er veggur sem snýr í norður - suður og virðist vera austurveggur annars húss, um 14 m langur en vestanvið er grafin roþró sem tilheyrir íbúðarhúsi núverandi ábúanda.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Sunnlenskar byggðir III, 163.

**ÁR-453:010** heimild um vað

64°06.550N 20°35.044V

Um 1 km suðvestur af Rimakoti 009 um 500 m vestur af bæjarhól 001 er vað. Vaðið var frá Reykjanesi yfir Brúará í Skálholtstungu austanverða. Um 30 m frá bakkanum er hólmi í ánni og hefur verið tekin stefna á suðausturhluta hans.

Næst bakkanum Reykjanesmegin er þýfður hagi en norðan og austanmegin er mýri. Lítið eitt hefur grafið úr bakkanum en hann er mikið rofinn.

Bakkinn Reykjanesmegin er sendinn og aflíðandi og mjög grunnt út að hólmanum en dýpkar er nær dregur Skálholtstungunni. Bakkinn Skálholtstungumegin er brattur, um 1 m á hæð. Áin er um 300 m breið þar á vaðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-453:011** tóft útihús


64°06.598N 20°34.672V

Um 180 m suður af bæjarhól 001, um 40 m suður af útihúsi 003 er hól með tóftum á.

Sunnan við hólinn er þýft tún en annars nokkuð slétt.

Hóllinn er um 20 x 10 m og á honum eru tóftir sem er liggja frá norðri til suðurs. Tóftirnar eru mikið grónar. Húsunum hefur verið skipt í í þrennt, gróin torfhleðsla eftir húsunum endilöngum frá norðri til suðurs og svo önnur sem skiptir austurhlutanum fyrir miðju. Veggjahæð er um 0,5 m en erfitt er að greina þykkt veggjanna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar



**ÁR-453:012** tóft rétt


Á Neshól sem er sunnarlega á Nesinu um 650 m suðaustur af bæjarhól 001 er tóft.

Tóftin er í slakka, vestanmegin við mitt Nesið, á milli tveggja hæstu punkta þess.

Umhverfis er smáþýft.

Tóftin er 12 x 9 m og hleðsluhæð mest 0,5 m og þykkt er einnig um 0,5 m. Innan hleðslunnar er áberandi flatt og grænt. Tóftin hallar í suðvestur. Ekki sjást dyr á henni né grjót í veggjum. Af útliti og staðsetningu að dæmi má átla að tóftin hafi verið rétt.

**Hættumat:** engin hætta, vegna ábúðar



**ÁR-453:013** tóft útihús

64°06.990N 20°35.134V

Um 100 m norðaustur af bæjarstæði Rimakots 009, fast sunnan við heimreið er tóft.

Umhverfis tóftina er sléttá tún en fast norðan við er heimreið íbúðarhúss sem byggt var 1939.

Tóftin er 13 x 9 m og gróin. Hún skiptist í tvö hólf. Það syðra er 6 x 9 m og niðurgrafið um 1,5 m. Í hólfinu norðanmegin er garði. Hleðsluhæð er um 1 m og veggjaþykkt um 1 - 1,5 m. Í tóftinni er bárujárn og fúíð timbur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar

## ÁR-454 Minna-Mosfell

30 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.

1918: Tún 4,3 ha. Garðar 827 m<sup>2</sup>.

"Bærinn stóð um 200-300 m vestan við Stóra-Mosfell og var þetta 30 hundraða jörð að fornu mati. Lítil jörð að flatarmáli en land allt gróið. Tún hallar móti suðaustri og er það samliggjandi við túnið á heimajörðinni, kirkjustaðnum. Í landinu skiptast á lyngholt og mýrarsund. Jörðin hefur verið í eyði af og til hin síðari ár en nýttu til beitar frá Bjarnastöðum. Tvö sumarhús eru í landi jarðarinnar. [...] Byggingar eru nú engar á Minna-Mosfelli." Sunnlenskar byggðir III, 164.

### ÁR-454:001 Minna-Mosfell bæjarhóll bústaður

64°07.524N 20°36.439V

Bæjarhóllinn er beint sunnan við þann sumarbústað sem næst stendur Stóra-Mosfelli, norðaustarlega í gamla túni Minna-Mosfells.

Meirihluti túnsins er í miklum halla mót suðri en á þessum stað er nánast sléttur stallur í því.

Bæjarhóllinn er undirlagður af trjárækt, á honum er þéttur skógarlundur sunnan við sumarbústað. Þar eru allt að 4 m háar aspir auk annarra tegunda. Því er erfitt að skoða bæjarhóllinn með tilliti til umfangs og ástands. Ætla má að stærð hans sé um 40 x 40 m og hugsanlegt að 10-15 m af vestasta hluta hans hafi sloppið undan trjánun.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-454:002 heimild um útihús

64°07.524N 20°36.439V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús fast vestan við bæjarhól, innan við 10 m frá bæjarhúsunum.

Sléttáð tún.

Ekkert sést til hússins. Líklega eru leifar þess utan við trjáræktina sem nú er á bæjarhólunum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-454:003 Fjánhústún tóft útihús

64°07.483N 20°36.640V


Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 180 m vestur af bæjarhól. Þar er nú tóft. Í örnefnaskrá Mosfells segir: "Vestan bæjarins er Enni, en vestar Fjánhústún og Lágabúð." Líklega hafa hús 003-005 staðið í Fjánhústúni.

Óslétt tún í halla mót suðri.

Tóftin snýr N-S með dyr í suður, stærð 4,5 x 7 m. Alveg er hrúnið fyrir dyrnar og sést þar grjót, annars eru veggir algrónir og ná allt að 1,4 m hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Minna-Mosfell GG, 1



### ÁR-454:004 tóft útihús

64°07.482N 20°36.665V

Tóft er 8-10 m vestur af 003. Þar er sýnt hús á túnakorti frá 1918. Í örnefnaskrá segir: "Vestan bæjarins er Enni, en vestar Fjánhústún og Lágabúð." Líklega hafa hús 003-005 staðið í Fjánhústúni.



Óslétt tún í halla mót suðri.

Tóftin snýr N-S með dyr í suður, stærð 8 x 4,5. Að öllu leyti lík 003 nema talsvert heillegri.

Grjóthleðslur sjást í innanverðum austurlangvegg og bárujárnsþak er í botni tóftarinnar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918



### ÁR-454:005 tóft útihús

64°07.514N 20°36.725V


Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 50 m norðvestur af 004. Þar er nú tóft. Í örnefnaskrá segir: "Vestan bæjarins er Enni, en vestar Fjánhústún og Lágabúð." Líklega hafa hús 003-005 staðið í Fjánhústúni.

Óslétt tún umhverfis. Húsið hefur verið byggt sunnan undir háum bakka í túninu.

Tóftin er tvískipt og snýr N-S með dyr í suður, alls 16 x 7 m. Þverveggur er hér um bil í miðju húsinu og mögulegt að dyr hafi verið á honum. Ekki er teljandi munur á dýpi hólfa tveggja. Töluvert rof er í vesturlangvegg og flag þar. Hvergi sést mikið grjót nema í innanverðum austurvegg fremra hólsins. Veggjahæð mest um 1,6 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918



Minna-Mosfell – mörk túns 1918

**ÁR-454:006** tóft útihús 64°07.470N 20°36.717V


Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús 40-50 m VSV af 004. Þar er nú tóft.

Óslétt tún í halla mót suðri.


Tóftin snýr N-S, hún er einföld og alls 9 x 4,5 m. Dyr eru á suðurhlið. Aðeins sést í grjót í innanverðum veggjum, þeir ná mest um 1,3 m hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918



**ÁR-454:007** tóft rétt 64°07.499N 20°36.766V



Í gili vestan við túnræktina á Minna-Mosfelli er tóft. Hún er um 20 m vestur af tóft 010.

Grunnt gil, gróið og slétt í botni.

Líklega er tóftin af rétt sem hefur verið hlaðin utan í eystri gilbakkann og opnast í suður. Hún er alls 17 x 6 m og fylgir gilbakkann sem er dálítið sveigður. Víða sér í grjót í innanverðum hleðslum, veggjahæð allt að 1,1 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-454:008** Veitan örnefni áveita 64°07.467N 20°36.418V

"Niður af brekkunni er Veitan, og nær hún niður að Mosfellsgili, alltaf nefnt Gilið", segir í örnefnaskrá. Þetta heiti á við mýrina neðan brekkunnar sem bæði Minna- og Stóra-Mosfell stóðu efst í.

Nú er mýrin víða sundurgráfin af skurðum.

Engin merki sjást um áveitu og raunar ekki víst að nokkurn tíma hafi verið áveita á þessum stað. Veita getur einfaldlega merkt 'blautt landsvæði'.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ó-Minna-Mosfell GG, 1

**ÁR-454:009** Stöðullinn örnefni kvíar 64°07.504N 20°36.881V

"Vestan við Veituna eru Leirur, og ná þær að Þvergili, sem er vestan við túnið. Þá er Stöðullinn, Stöðullág og Stöðulklettur vestan við túnið", segir í örnefnaskrá. Stöðulklettur mun vera stakur klettur sem er vestan við norðvesturhorn túnsins.

Þýfð brekka mót suðri er framundan klettinum.


Hvergi vottar fyrir hleðslum nálægt honum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Minna-Mosfell GG, 1

**ÁR-454:010** tóft

64°07.495N 20°36.732V



Tóft er um 10 m vestur af 005. Óslétt tún. Norðan við tóftina er hóll með klettum framan í.

Alveg sigrin tóft en mótar samt vel fyrir útlínunum hennar. Hún er næstum ferningslaga, 4 x 5 m, dyr gætu hafa verið á norðausturhorni. Veggjahæð um 0,4 m og hleðslur algrónar. Ekki er sýnt útihús á þessum stað á túnakorti frá 1918 og líklegt að þetta hús hafi þá þegar verið fallið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Minna-Mosfell GG, 1

**ÁR-454:011** Gamli-Garður örnefni heygarður

64°07.524N 20°36.439V

"Austanvert við bæinn [sbr. 001] er Gamli-Garður (sennilega leyfar [sic] heygarðs og fjóss)", segir í örnefnaskrá. Mikil trjárækt inni á sumarbústaðarlóð.


Gamli garður er líklega alveg horfinn í trjárækt.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Minna-Mosfell, 1

**ÁR-454:012** Stekkjarmýri tóftir stekkur

64°07.265N 20°37.008V



"Vestan við Tíðholt er Stekkjarmýri og upp af henni Langimelur", segir í örnefnaskrá. Tóftir eru á holtinu austan við Stekkjarmýri, rúma 650 m suðvestur af bæjarhól 001

Þýft holt. Fram af því, bæði að vestan og sunnan, er mýri.

Vestast er stök tóft sem snýr N-S, 6 x 4 m og upp við hana norðanverða er lítið útskot til austurs, 2 x 1 m. 50 m suðaustar er önnur tóft, 6 x 12 m. Greinilegt hólf sést í syðri helmingi hennar og opnast í vestur en nyrðri hlutinn er þúst. Innan við 10 m norðvestar eru tvær litlar, hringlaga tóftir, hvor um sig tæpir 2 x 2 m með dæld í miðju og eru um 3 m á milli þeirra. Grjót sést ekki í neinni tóftanna, veggjahæð mest um 1,2 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Minna-Mosfell GG, 1

**ÁR-454:013** Kirkjuvað heimild um vað

64°07.184N 20°37.025V

"Kirkjuvað, vað á Mosfellsgili. Fólk framan af bæjum fór þessa leið að Mosfelli. Kirkjuvaðið er ekki á mótis við bæinn á Minna-Mosfelli, heldur talsvert utar", segir í viðbót við örnefnaskrá. Vaðið var nánast beint sunnan við tóftir í Stekkjarmýrarjaðri 012.

Mýrum hallar niður að gilinu bæði að sunnan og norðan. Hlaðinn garður 015, líklega vegbútur, sést norðan vaðsins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Minna-Mosfell viðbót, 1

**ÁR-454:014** garðlag túngarður

64°07.497N 20°36.831V

Leifar túngarðs sjást með vestur- og norðurhlið túnsins á Minna-Mosfelli. Garðurinn sést vestan gils sem er utan eiginlegrar túnræktar sem og fast sunnan við veg sem liggur með norðurhlið túnsins..

Þýfi í brekku mót suðri.

Með vesturhliðinni er túngarðurinn alveg sigrinn svo að rétt mótar fyrir honum. Hann er mosavaxinn og hvergi sér í grjót. Breidd yfirleitt um 0,5 m og hæðin sú sama. Lengd alls um 250 m en garðurinn er á pörtum sundurslitinn af moldarflögum. Norðurhliðin er mun heillegri, þar er garðurinn allt að rúmum metra á hæð og uppundir 1,5 m breiður. Stórgrýti gægist þar sumsstaðar upp úr grasinu. Á nokkrum stöðum jaðrar þó við að garðurinn hafi skemmst vegna vegar sem liggur fast upp við hann. Nyrsti hluti túnsins er kominn undir sumarbústaði að einhverju leyti, því er túngarðurinn þar víðast inni á sumarbústaðalóðum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-454:015** vegur leið

64°07.222N 20°36.977V

Upphlaðinn garður, líklega vegur, liggur yfir mýri frá holtinu austan við Stekkjarmýri 012 og til suðurs að Kirkjuvaði 013.

Þýfð mýri.

Hleðslan er líklega úr torfi eingöngu, 2-3 m breið og 0,5-0,7 m há. Hún er þráðbein og um 50 m löng. Miklar götur liggja í framhaldi af henni norður holtin í áttina að Mosfelli.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-454:016** tóft


64°07.480N 20°36.451V

Tóft er tæpa 100 m suðvestur af 001, neðst í brekku.

Neðst eða syðst í gömlu, ósléttu túni. Síma- eða raflína er um 5 m sunnan við tóftina.

Tóftin er 4 x 6 m, snýr A-V. Dyr sjást ekki. Veggjahæð allt að 1 m en hvergi sér í grjót. Greinileg dæld er í miðju tóftarinnar. Fáeinum metrum ofar í brekkunni er mjög rústalegur hóll í túninu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-454:017** hleðsla traðir


64°07.492N 20°36.687V

Hleðslur, líklega leifar traða, sjást um 180 m vestan við bæjarhól 001. Traðir eru ekki sýndar á túnakorti frá 1918 en þó eru merktar einhvers konar troðningar eða slóðir í túninu vestan bæjar.

Óslétt tún í halla mót suðri.

Nú sjást tveir aðskildir traðarbútar. Annars vegar sjást þær fast sunnan við tóft 005, eru rúmlega 1 m djúpar, 1 m breiðar og sjást algrónar vegghleðslur beggja vegna en ekki er ljóst hvort grjót er í þeim eður ei. Svipað sést norðan við útihústóftir 003 og 004 en heldur óljósara. Þessir tveir bútar tengjast ekki en gætu þó hafa legið saman austan við tóft 003.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-454:018** tóft

64°07.523N 20°36.727V

Tóft er nyrst í túninu, tæpa 250 m norðvestur af bæjarhól 001 og 20 m norður af 005.

Tún í halla mót suðri.

Tóftin er alveg sigin en grunngerð hennar er þó ljós. Hún skiptist í austara og vestara hólf og þau snúa bæði með dyr í suður en ekki er innangengt á milli þeirra. Vestara hólfid er 8 x 5 m en það austara 4 x 5 m. Hvergi sér í grjót.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-454:019** tóft



64°07.541N 20°39.532V

Tóft er um 2,5 km vestur af Minna-Mosfelli, um 100 m norðaustur af stakri ferginstjórn og skammt austan við girðingu sem liggur N-S. Hún er um 1,6 km NNA af járnklæddu beitarhúsi í Bjarnastaðalandi (ÁR-451-010).

Heiðlendi, þýfðir lyngmóar.

Áberandi, iðagrænn rústahóll sem rís hærra en aðrir hólar í kring. Tóftin snýr A-V og er alls 6 x 12 m Þrjú hólf eru greinileg og eru þau samsíða með dyr í suður. Þau eru öll ámóta stór, um 2 x 5 m að innanmáli. Vestan við vestasta hólfid er gróinn stallur utan eiginlegrar tóftar. Hvergi sér í grjót og er veggjahæð mest um 0,5 m. 10 m suðvestur af tóftinni er lítill og óglöggur rústahóll, um 4 x 8 m og stendur mun lægra. Ekki sést í honum hólf. Ekki er vitað hvaða hlutverki mannvirki þessi gegndu en telja má líklegt að þar hafi verið sel eða smábýli.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-454:020** tóft beitarhús

64°07.477N 20°40.045V

Tóft er 1,3 km norður af beitarhúsi frá Bjarnarstöðum (ÁR-451-010), sem stendur við Biskupstungnabraut, en um 430 m vestur af tóft 019.

Heiðlendi, lynggróið mosapýfi.

Tóftin virðist af beitarhúsi. Hún er sigin og sést hvergi í henni grjót en veggir ná allt að 1,1 m hæð. Hún snýr NV-SA með dyr í suðaustur. Stærð 6 x 13 m, hún er breiðust nyrst og gæti hafa verið hlaða þar. Garðar sjást ekki.

**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-455 Stóra-Mosfell

Kirkjustaður. Ein hjáleiga í landi Stóra-Mosfells, Mosfellskot. "Dýrleiki, lsk. og kúg. eru ótilgreind í jarðabókunum, þó telur A. M. 12 staðar kúg., en hreppstjóri 6." JJ, 72. Landnámsjörð Ketilbjarnar hins gamla Ketilssonar.

1918: Tún 8,9 ha. Garðar 1874 m<sup>2</sup>.

"Kringum 1990 tók Skógrækt ríkisins á leigu til langs tíma allt land Stóra-Mosfells milli fjallsins og Stangarlækjar til skógræktar. Þar hefur stórvirkum vélum verið beitt á landið og ýmsu raskað. Líkatjörn hefur verið grafin út að hluta. Sellækur hefur verið grafinn niður og er orðinn að skurði." Ö-Mosfell, viðbætur, 1.

"Vísýnt er af bæjarhlaði. engjaland er til suðausturs niður að Brúará. Vallendi er vestan við Mosfell og þar er aðalland jarðarinnar, heiðamóar með mýrarsundum allt vestur að Stangarlæk." Sunnlenskar byggðir III, 165.

### ÁR-455:001 heimild um bústað

64°07.624N 20°36.236V

Bæjarhóllinn á Mosfelli er norðan og ofan við kirkjuna, uppi undir fjallsrótunum.

Þar er nú stórt, sléttað bílaplan úr mól. Þar norðan við hækkar land upp í hól sem gengur fram úr hlíðum Mosfells, hann er með klettum í og heitir Harðhaus.


Bæjarhóllinn er líklega mjög illa farinn af síðari tíma raski og sést ekkert af gömlum torfbyggingum. Á sínum tíma stóð til að byggja íbúðarhús á hólnum. Þá var hann sléttaður og steypur á honum grunnur. Síðar var hætt við þetta, grunnurinn rifinn og gert þar bílaplan. Núverandi íbúðarhús er um 100 m vestar. Á túnakorti frá 1918 eru sýnda þrjár byggingar á bæjarhólnum. Þær hafa staðið mjög þétt saman, sú stærsta beint ofan við kirkjugarðinn og svo tvær sínhvorumegin við, innan við 10 m frá. Ekki er nú alveg ljóst hvaða bygging var hvar en líklegt er að fjós hafi staðið öðruhvora megin við bæinn. Erfitt er að áætla stærð bæjarhólsins vegna sléttunarinnar, þó sést hvernig hallar frá honum til allra átta nema norðurs. Áætluð stærð um 80 x 30 m en hóllinn rís lítið sem ekkert yfir yfirborð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-455:002 Hof tóft

64°07.623N 20°36.017V



"Neðarlega í brekkunni austur af íbúðarhúsinu markar fyrir rúst, er gæri verið fornt mannvirki, og er kallað Hof", segir í örnefnaskrá. "Landnáma segir að þegar synir [Ketilbjarnar] vildu ekki hlýða honum og slá þvertré af silfri í hofinu sem hann lét reisa, ók hann silfrið upp á fjallið... Engar sagnir eru nú til um hofið eða hvar það var, en skörðin eru þekkt [Hakaskarð og Bótarskarð]." segir Kristian Kaalund í riti sínu um íslenska sögustaði. Tóftin sem nú er þekkt sem Hof er í túni, 150 m ASA af kirkjunni.

Óslegið tún í halla mót suðri.

Tóftin er heldur óljós og hefur henni líklega verið ýtt út að hluta. Hún snýr N-S og er 6 x 15 m með dyr í suður. Eiginlegir veggir sjást ekki, aðeins um 2 m breið skora í dálitlum hól. Grjót er hvergi sjáanlegt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 1; Kálund, 133-34

### ÁR-455:003 tóft


64°07.819N 20°35.536V

Bergið er austan þæjar, aðskilið frá Mosfelli með gili. Þar voru Bergshús 016. Ofarlega í berginu, tæpa 400 m NNS af túnblettinum þar sem Bergshús stóðu, er tóft.

Vallendisflöt í halla mót suðri. Sunnan við hana er grámosapýfi en melhólar að norðan.

Tóftin er syðst á flötinni. Hún snýr N-S og er mjög sokkin í jörð. Þannig markast veggirnir aðeins af mosavöxnum þúfum svo og skoru eftir miðju. Stærð 11 x 4 m og dyr í suður.

**Hættumat:** engin hætta




### ÁR-455:004 kirkjugarður kirkja

64°07.615N 20°36.202V

Kirkjan og kirkjugarðurinn eru austan við núverandi íbúðarhús.

Efst á brekkubrún neðan undir háum hömrum Mosfells. Heimkeyrslur eru bæði austan og vestan við íbúðarhúsið og kirkjuna og vegur liggur einnig norðan við, þar eru bílastæði. Fram af kirkjugarðinum er brött brekka mót suðri. Þar er trjárækt umhverfis reit, hugsanlega verður kirkjugarðurinn stækkaður þangað.

Kirkjan stendur norðarlega í kirkjugarðinum og er hlaðinn grjótgarður, nýlegur, með kirkjugarðinum að norðan og austan. Kirkjan er úr timbri og var byggð árið 1848 af Bjarna Jónssyni snikkara. Miklar endurbætur voru gerðar á henni á seinni hluta 20. aldar og lauk þeim með því að kirkjan var endurvígð árið 1979. Kirkjugarðurinn hefur sýnilega verið sléttaður nema vestasti hlutinn sem er nú í notkun. Elstu legsteinarnir eru, eins og við má búast, næst kirkjunni, þeir elstu sem eru ekki máðir frá seinni hluta 19. aldar. Athyglisvert er að hvorki sjást legsteinar né grafir norðan kirkjunnar, þar liggur grjótgarðurinn innan við 10 m frá henni. Líklega er þetta vegna



- = mörk tús 1917-20      - - - - - = landamerki  
 = gamlar götur      - - - - - = ár/lækir á landamörkum

### Fornleifakort – Stóra- og Minna-Mosfell og Reykjanes

að bærinn stóð norðan við og hefur þá ekki verið greftrað milli hans og kirkjunnar. Þá eru tiltölulega fáir legsteinar beint sunnan við kirkjuna, aðeins um 10, en þar hljóta að vera mörg, ómerkt leiði. Kirkjugarðurinn hefur aðallega verið stækkaður til suðurs og vesturs en stærð hans 1918 hefur verið 40 x 20-30 m.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Landið þitt Ísland III, 101

**ÁR-455:005** tóft útihús


64°07.622N 20°36.373V


Tóft er uppi í hlíð, undir háum hömrum, um 100 m norðvestur af bæjarhól.

Stórgrýtt en grösug bekka.

Tóftin er hlaðin norðan við jarðfastan klett sem þjónar að mestu sem suðurveggur. Hún snýr A-V með dyr í austur, stærð 4 x 8 m. Lág hleðsla er meðfram norðurlangvegg og gæti verið garði. Ótrúlega stóru grjóti hefur verið bætt ofan á klettinn til að hækka hann upp að sunnan. Annars er hleðsluhæð veggja ekki meiri en 1 m.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar






*Stóra-Mosfell – mörk túns 1918*

ÁR-455:006 tóft beitarhús

64°08.217N 20°37.262V



"Lítið eitt vestar [en Harðivöllur] gengur hóll nokkur út úr Heiðinni, norðvestan við Harðavöll. Hann nefnist Kerhóll. Þar voru fjárhús frá Mosfelli", segir í Skruddu. Tóft er um 100 m frá nyrstu rótum Mosfells, norðaustur af Hrafnaklettum sem eru dökkt og áberandi klettbelti efst uppi í fjallinu. Ekki er alveg ljóst hvort í lýsingunni er átt við þessa tóft eða aðra sem er norðvestar (008).

Tóftin er frammi á hólbrún og er mikil gróska og trjárækt allt í kring. Ungleg og stór tóft sem snýr N-S með dyr í norður, þær vísa fram af brekkubrúninni. Stærð 20 x 10 m, 2 hlaðnir garðar eftir endilöngu og djúp hlaða í suðurenda en hún er mjórri en húsið eða um 7-8 m. Þar eru leifar af ryðguðu bárujárni og spýtnabrák. Grjót sést víða í veggjum, hleðsluhæð allt að 2 m hlöðumegin.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Skrudda III, 202

ÁR-455:007 *Selvöllur* örnefni sel

64°07.705N 20°35.939V

"Slétta túnið norðaustur af íbúðarhúsinu heitir Selvöllur", segir í örnefnaskrá. Hlýtur að vera átt við túnið sem er austur af bæ.

Slétt tún.

E.t.v. heitir völluminn svo því að bóndinn í Seli hefur átt að slá hann.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 1

ÁR-455:008 2 tóftir beitarhús


64°08.165N 20°37.708V

Beitarhúsatóft er norðan Mosfells, tæpa 400 m norðvestur af 006.

Gróinn hóll og mikil trjárækt, einkum fura.

Tóftin snýr N-S með dyr í suður, í henni er enginn garði en hlaða hefur verið í norðurenda. Mikil gróska og hátt gras á veggjum, stærð alls 6 x 17 m. 5 m norðan við dyrnar er stök, lítil tóft og frekar djúp, 5 x 4 m og með dyr í suður. Þetta gæti verið hlaða, heytóft eða lítil rétt. Grjót sést hvergi í veggjum.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar



**ÁR-455:009** *Grímsdalur* álagablettur

64°07.640N 20°36.283V

"Norður af íbúðarhúsinu er slakki í túninu, er nær upp í fjallið og heitir Grímsdalur. Þau ummæli hvíla á þessum bletti, að þar hrekst aldrei hey, þykir það ganga eftir", segir í örnefnaskrá. Slakki sem er beint norður af íbúðarhúsi, liggur upp í fjalli til norðausturs. Gróskumikil laut neðst en mjókkar upp á við.

Engu líkara er en traðir hafi legið SV-NA neðst í Grímsdal, þar er áberandi reglulegur, aflangur stígur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 1

**ÁR-455:010** hleðsla traðir

64°07.596N 20°36.368V

"Fyrir vestan kirkjugarðinn og neðan við gömlu traðirnar er Kúalaut", segir í örnefnaskrá. Traðirnar eru sýndar á túnakorti frá 1918, þær lágu til vesturs frá bænum, líklega í átt að Minna-Mosfelli. Enn sér móta fyrir tröðunum austan við klettinn þar sem gamla hestaréttin 012 er, fast norðan við heimreiðina að Mosfelli.

Það er neðan við gróna og grýtta brekku sem er í rótum Mosfells. Hleðslan er 0,5 m há og ámóta breið og myndast dæld eða slakki sunnan hennar. Lengd um 50 m. Aðeins sést nyrðri traðarveggurinn, hinn hefur sýnilega lent undir veginum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 1; Túnakort 1918

**ÁR-455:011** *Álfasteinn* heimild um huldufólksbústað

64°07.552N 20°36.278V

"Fyrir vestan kirkjugarðinn og neðan við gömlu traðirnar [010] er Kúalaut. Neðst í henni er Álfasteinn. Uppi á honum er grastorfa, sem ekki má slá, sé það gert drepst bezta kýrin í fjósinu", segir í örnefnaskrá. Álfasteinn er næstum beint suður af núverandi íbúðarhúsi, innan við 100 m. Neðarlega í túni sem hallar mót suðri.

Kletturinn er sérstakur, gróinn að ofan. Hann minnir helst á lágreist torfhús úr fjarska.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 1

**ÁR-455:012** *Stöðull* tóft rétt

64°07.595N 20°36.409V

Enn sjást leifar af rétt sem var notuð fyrir hesta kirkjugesta um 100 m vestur af bæjarhól 001. Í örnefnaskrá segir: "Vestan við traðirnar er Stöðull", og virðist sem það sé nákvæmlega sami staður, a.m.k. sjást traðirnar 010 beint austan við réttina.

Sléttur stallur undir Mosfelli. Fram af honum er túnbrekka. Vegur að sumarhúsum í túni Minna-Mosfells liggur fast sunnan við réttina. Hlaðið er um jarðfastan klett sem er meira en mannhæðarhár. Út frá honum til vesturs er aflangt, ferkantað hól sem mjókkar til vesturs en er alls 7 x 15 m. Vart er meira en undirstöður eftir af hleðslum nema í norðurlangvegg, þar eru 3-4 hleðslumför. Líklega hefur verið op á vesturskammhlið miðri. Fleiri hleðslur sjást utan réttarinnar. Hleðsluleifar liggja frá


norðvesturhluta jarðfasta klettsins, annars vegar 6 m löng hleðsla til norðurs og hins vegar 10 m löng til norðausturs. Um 1 m skilur að þessar tvær hleðslur og því myndast e.k. hól þeirra á milli. Hvorug hleðslanna er gróin en um 4 m vestur af þeim vottar fyrir algrónum vegg frá réttinni og út að kletti ofar í hliðinni, hún er 5-6 m löng. Að lokum er lítið, hlaðið hól austan undir klettinum í kvos, en þar er klettaveggurinn þverhniptur og allt að 5 m hár. Hólfið er 1,5 x 7 m, opið í suður og hefur sýnilega verið notað sem leikstaður barna. Í bókinni *Íslenskt þjóðlíf í þúsund ár* er teikning af réttinni frá því 1896, þá er hún sögð rúningsrétt en kvíar hafi verið austan við stóra klettinn.


**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 2; D. Bruun 1986, 369



Mynd af réttinni 1896. (D. Bruun 1986, bls. 369)





**ÁR-455:013** tóft útihús

64°07.659N 20°36.199V

Tóft er í brekku um 90 m norðvestur af kirkjunni.

Vallendishóll sem skagar út úr brattri brekku. Klettabelti ofan og vestan við en brött brekka suður af.

Sigin tóft sem snýr N-S með dyr í suður. Hún er einföld, alls 5 x 8 m og mjókkar í átt að dyrum. Veggjahæð er mest 0,8 m og sér hvergi í grjót.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 1

**ÁR-455:014** Borgartún örnefni

64°07.749N 20°35.811V

"Austan við túnbrekkuna upp af Veitunni [ÁR-454:008] er Leirdalur, ofan við hann er grýttur hóll, er heitir Borgartún", segir í örnefnaskrá. Leirdalur er austan við núverandi túnrækt og Borgartún er þá hóllinn ofan og austan við hann.

Grýttur klapparhóll.

Borgartún verður að teljast mjög óviðeigandi nafn á þennan hól. Hugsanlegt er að nafn á túnbletti sem er sunnan við hóllinn hafi færst yfir á hann, þar eru tóftir 023. Á hólnum sjálfum er hinsvegar ekkert tóftakyns.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 1

**ÁR-455:015** heimild um leið

64°07.750N 20°35.688V

"Milli Bergsins og fjallsins er þröngur dalur, Klofningur, um hann liggja götur milli Mosfells og Sels", segir í örnefnaskrá. Klofningur er auðfundinn, austan við gömul fjárhús og skemmu sem eru um 500 m austur af bæ. Þröngt gil sem lækur rennur eftir, það liggur til norðausturs.


Götur liggja við Borgartún 014 og líklega þaðan í Klofning. Ofan í gílinu sjálfu sjást ekki nema kindagötur.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 1

**ÁR-455:016** Bergshús þúst beitarhús

64°07.630N 20°35.736V



"Milli Mosfells og Sels gengur háls niður úr fjallinu og er nefndur Bergið. [...] Sunnan í Berginu eru fjárhúsatættur og dálítill túnblettur", segir í örnefnaskrá. Í Skruddu segir: "Þau voru oftast nefnd Berghús." Hús þessi sjást einnig á túnakorti frá 1918, 3-400 m SSA af bæ.

Túnblettur í halla mót suðri. Vestur af honum, handan gils, eru útihús og skemma úr bárujárni.

Leifar þriggja tófta sjást en sléttað hefur verið yfir þær að mestu þannig að aðeins eru eftir ólögulegar þústir. Sú sem er greinilegust er vestast, iðagræn. Hún er 25 x 15 m og gægist grjót upp hér og þar. Tæpum 10 m austar er mun minni þúst, 6 x 6 m, grjótlaus og 5 m ofan við hana er sú þriðja sem er næstum hringlaga, 10 x 10 m og með dæld í miðju. Enginn þessara þriggja þústa rís hærra en 0,5 m

yfir yfirborð.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 1; Skrudda III, 200; Túnakort 1918

**ÁR-455:017** Breiðiteigur garðlag áveita

64°07.834N 20°34.920V

"Fyrir austan Bergið og norðan Gilið er Holtsmýri, og austan við hana er áveituengi, er heitir Breiðiteigur. Austast í honum er ferginsflóð sem heitir Tjörnin", segir í örnefnaskrá. Breiðiteigur er sunnan undir Mosfelli, sunnan við Biskupstungnabraut en vestan við afleggjarann að Seli, Vatnsholti og Haga.

Víðlent mýrarstykki sem nú er nýtt fyrir hross.

Nyrst í stykkinu er þýfður ruðningur sem gæti verið leifar áveitugarðs. Það er um 50 m sunnan við veginn, undir símalínu sem þar liggur. Hann er 1 m breiður, 0,4 m hár og sést á um 100 m kafla.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 2

**ÁR-455:018** heimild um leið

64°07.321N 20°35.985V

"Á Holtunum heitir Tíðaskarð. Um það liggur vegur að Reykjalundi", segir í örnefnaskrá. Í annarri örnefnaskrá segir: "[...] lá kirkjuleið þar frá Reykjanesi." Skarðið er þar sem vegurinn liggur enn að Reykjalundi, beint suður af Mosfelli. Holtin eru sendin.

Gamla gatan er væntalega horfin undir veginn að mestu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 2; Skrudda III, 201

**ÁR-455:019** Kotið heimild um býli

64°08.359N 20°40.982V

Í Jarðabók Árna og Páls segir: "Mosfellskot hefur hjer verið hjáleiga. Bygð fyrst fyrir 40 árum eður því nær, þar sem aldrei hafði fyrir bær verið. Varaði bygðin ekki full 20 ár." "Í norðvestur frá Smalaskála, þar sem Stangarlækur sveigir til austurs, er hóll við lækinn. Örskammt sunnan við hólinn á lækjarbakkanum eru mjög grónar og fornar tóftir, og heitir þar Kotið. Má vera, að þar hafi verið fyrrum bær um skeið" segir í viðbótum við örnefnaskrá. Enn ein heimildin um kotið er rissblað sem fylgir örnefnaskrá fyrir Neðra-Apavatn. Samkvæmt því á kotið að hafa verið 100-200 m sunnan við Kirkjuvað (ÁR-415:016) á Stangarlæk.

Þýfður og sumstaðar kjarri vaxin tangi sem gengur út í lækinn, þurrlendur en víða mýrablettir í kringum hann. Hóllinn sem nefndur er í lýsingunni er syðst á tanganum. Ekki sjást greinilegar tóftir á tanganum. Á loftmynd af svæðinu virðist sem garðlag liggja yfir tangann þveran þar sem hann byrjar að teygja sig til vesturs. Þetta er ekki glögg á jörðu niðri, þó er eins og land lækki þar sem tanginn á upptök sín og er þar mikið þýfi. Nyrst á þessari þýfðu ræmu er lítill, rústalegur hóll, 9 x 5 m en ekkert lag á honum. Breidd tangans og lengd á meintum garði er um 40 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Mosfell, viðbætur, 1; Sunnlenskar byggðir III, 165; JÁM II, 330

**ÁR-455:020** Seltóftir 5 tóftir sel


64°08.131N 20°39.563V

"Austan við Seldælu eru Seltóftir og austan við þær Sellækur, og rennur hann norður í Vatnsholtslæk, skammt vestan við Einbúa", segir í örnefnaskrá. Í viðbótum við hana segir: "Eru það tóftir miklar og grónar, og á herforingjaráðskorti frá 1908 eru þær merktar með nafninu Stóra- Mosfellsel og sem eyðibýli." Tóftirnar eru 2,1 km vestur af vesturenda Mosfells og er hægt að aka næstum að þeim.

Lágt holt. Lækur, líklega Sellækur, rennur austan tóftanna. Nokkrar tóftir sjást á þessum stað, misgreinilegar. Sú sem er langsamlega stærst er norðvestarlega. Hún er vaxin háu grasi og er erfitt að greina nákvæma lögun hennar. Stærð 12 x 12 m, hringlaga og mjög há, um 1,8 m. Hún virðist skiptast í tvennt eftir miðju með breiðri hleðslu sem liggur N-S. Garðlag liggur út frá norðaustanverðri tóftinni til norðurs, um 10 m en sveigir svo til vesturs og sést á um 5 m kafla. 5 m vestur af stóru tóftinni er lítil og einföld tóft sem snýr með dyr í vestur, 5 x 6 m, líkist venjulegri útihústóft. Um 8 m suður af stóru tóftinni mótast óljóst fyrir siginni, hringlaga rúst, 5 x 6 m. 5 m austan við stóru tóftina mótast fyrir bogadregnum, mosavöxnum garði, um 4 m í þvermál. 15 m austur af norðuhlíð stóru tóftarinnar er hringlaga tóft, sigin en virðist með dyr í n.k. útskoti til norðvesturs. Stærð um 8 x 8 m en sunnan við útskotið mótast fyrir öðru hólfi.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 4; Ö-Mosfell, viðbætur, 1


**ÁR-455:021** Hálshús 3 tóftir beitarhús


64°07.761N 20°37.107V

"Norðan við Flakahlíðina, neðan undir fjallinu, er fjárhústóft, alltaf nefnt Hálshús", segir í örnefnaskrá. Tóftir eru vestan undir Mosfelli, nyrst í gróskumikilli hlíð um 100 m austan við vegslóða sem þar liggur. Gróin hlíð í halla mót vestri, sumstaðar blásin flög í henni. Gríðarleg barrtrjárækt er hafin og meira að segja búið að gróðursetja í norðurvegg stærstu tóftarinnar. Greinileg tóft með sambyggðri rétt eða hólfi, snýr A-V með dyr í vestur og hlöðu í austurenda. Fjárhúsið er 7 x 17 m en sambyggða hólfið 7 x 10 m og dyr á því í vestur. Vegghleðslur algrónar en allt að 1,2 m háar. Um 30 m norðar er önnur tóft, 4 x 6 m, snýr A-V með dæld í miðju. Um 10 m VSV af henni er ídagræn tóft, 5 x 7 m. Hún virðist tvískipt, lítil, hringlaga dæld er í austurenda en svo aðskilið, aflangt hólfr fram að dyraopinu sem er vestan megin.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 3





**ÁR-455:022** *Skyggisflatir* tóft beitarhús 64°07.838N 20°37.381V  
 "Norðvestan við [Skyggni] eru Skyggisflatir, þar eru fjárhúsatættur", segir í örnefnaskrá. Skyggisflatir eru norðan undir vestasta enda Mosfells, 1 km NNV af bæ og um 50 m sunnan við veg sem liggur til austurs norðan undir fjallinu. Sléttar og grónar flatir. Stór tóft og ungleg, alls 18 x 10 m. Líklegt er að grjót hafi verið fjarlægð úr veggjum sem eru allt að 2 m breiðir en aðeins 0,5 m háir. Dyr hafa verið í norður en feykidjúp hlaða í suðurenda. Tveir garðar eru eftir endilöngu, sá austari grjóthlaðinn og algróinn en sá vestari með steypum köntum og plötu en fylltur upp með grjóti. Nyrst í honum er steypd baðkar, 2 x 0,8 m. Trjárækt er mikil allsstaðar umhverfis tóftina þótt ekki hafi verið gróðursett í veggja hennar.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar


**Heimildir:** Ö-Mosfell, 3

**ÁR-455:023** tóftir 64°07.740N 20°35.775V

Austan við núverandi túnrækt er Leirdalur. Austan við hann, sunnan undir grýttum klapparhól sem heitir Borgartún 014, eru tóftir. Þær eru tæpa 500 m austur af bæ. Ójöfn, þýfð og gróin brekka. Neðan hennar er sléttur stallur sem nú er túnrækt á, milli Leirdals og gils.

2-3 tóftir sjást á þessum stað. Sú greinilegasta er fast uppvið hólinn, austarlega. Hún snýr N-S með dyr í suður, er einföld og alls 5 x 7 m. Grjóthleðslur sjást innan veggja, hæð þeirra er mest 1 m. 5 m sunnar er bogadregin, algróin hleðsla, opin í suður og þvermál um 7 m. Um 10 m vestur af hleðslunni er alveg sigin og ógreinileg tóft, 6 x 8 m með dyr í suður.

**Hættumat:** engin hætta



**ÁR-455:024** *Líkatjörn* þjóðsaga

64°08.118N 20°37.976V

"Vestur af Kerhól, vestur í mýrinni, er dálítill tjörn, sem heitir Líkatjörn. Úr henni rennur Vatnsholtslækur fyrst til norðurs, en beygir síðan til vesturs og rennur vestur í Stangarlæk. Munnmæli herma, að tjörnin beri þetta nafn, af því að lík Jóns biskups Vídalín hafi verið þvegið þar á leið til Skálholts", segir í örnefnaskrá. Í viðbótum segir: "Líkatjörn hefur verið grafin út að hluta [af Skógrækt ríkisins]." Tjörnin var um 230 m vestur af beitarhúsatóft 008. Kvos norðan undir mosavöxnum hólum. Tjörnin er alveg horfin en uppspretta kemur upp í kvosinni og rennur í skurði til norðurs. Raunar hafa tveir skurðir verið grafnir til norðurs á þessum stað, þeir sameinast svo í stórum skurði sem rennur norðaustur í Vatnsholtslæk.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 4; Ö-Mosfell, viðbætur, 1

**ÁR-455:025** *Smalaskáli* örnefni smalakofi

64°07.687N 20°40.282V


"Fyrir sunnan [Hellisholt] er Smalaskáli, það er stórt heiðlendi, er nær langt suður með Stangarlæk", segir í örnefnaskrá. Smalaskáli er stórt holt sem liggur N-S allnokkurn spöl frá Stangarlæk. Norðurendi þess er hérumbil við Kirkjuvað (ÁR-415-016). Lyng- og mosagróið holt, víða er búið að gróðursetja í það lerki og fleiri trjátegundum. Engin rúst er sjáanleg á Smalaskála eftir því sem best verður séð en holtið nær yfir mjög stórt svæði.

**Hættumat:** hætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Mosfell, 4

**ÁR-455:026** 2 tóftir

64°07.903N 20°37.494V



2 tóftir eru 150 m norður af unglegri tóft á Skyggisflötum 022, norðan undir Mosfelli. Grösugt flatlendi sem hefur líklega verið mýrlent. Nú er þar hafin trjárækt í stórum stíl og er meira að segja búið að gróðursetja í tóftirnar. Báðar rústirnar eru greinilegar og skera sig úr umhverfinu. Hins vegar eru þær óreglulegar og mjög grösugar og þ.a.l. erfitt að segja til um nákvæma gerð eða hlutverk. Sú austari er stærri og rís allt að 2 m yfir yfirborð. Hún er hringlaga, 9 x 10 m og en 5 m breiður og 9 m langur rani gengur út úr henni til norðausturs. Óregluleg dæld er í miðju tóftarinnar. Hin tóftin er 15 m suðvestan við. Hún er 7 x 10 m og ekki nema um 1 m há, alveg hlaupin í

þúfur. Dæld er í miðjunni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

## ÁR-456 Sel

33 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.

"Bærinn Sel stendur undir Mosfelli austanverðu. Sagt er, að á landnámsöld hafi þar verið sel frá Mosfelli." Ö-Sel, 1

Nú eru til Sel I og II. Sunnlenskar byggðir III, 166.

1918: Tún 7 ha, þar af slétt um ½. Garðar 1425 m<sup>2</sup>.

"Landareign Sels er víðáttumikil, mest mýrar með holtum á víð og dreif." Ö-Sel, 1

"Bærinn stendur austanvert við Mosfell. Neðst á bökkum Brúarár eru flæðiengjar en nokkur holt rísa úr mýrinni, ágæt til ræktunar." Sunnlenskar byggðir III, 166.

### ÁR-456:001 Sel bæjarhóll bústaður

64°08.464N 20°35.310V

"Bærinn Sel stendur undir Mosfelli austanverðu. Sagt er, að á landnámsöld hafi þar verið sel frá Mosfelli", segir í örnefnaskrá. Bæjarhóllinn er fast vestan við núverandi íbúðarhús, aðeins götutroðningur og smábrekka skilja á milli. Lítill hóll, sléttur stallur aftan við hann en brattur hóll að norðan. Á hólum stendur lítið hús með tveimur burstum, endurbyggt úr hluta gamla bæjarins. Gaflar snúa í austur. Norðan við nyrðra húsið er grjóthlaðinn veggur, 1,6 m hár og 4 m langur en 1,5 m breiður, hlaðið úr torfi og grjóti. Vestara húsið er notað sem hænsnakofi. Út frá því vestanverðu er grjóthlaðinn veggur, 15 m langur. Húsin standa á norðausturhluta bæjarhóls, hann teygir sig frá þeim til suðurs og vesturs. Suðvestast á hólum stendur stórt gripahús með hlöðu. Árið 1902 var hér torfbær að hruni kominn. Á rústum hans voru reist ný bæjarhús, að mestu úr timbri og járn. Tvíbýlt var á Seli framundir 1940 og voru bæirnir sambyggðir.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918; Ö-Sel, 1

### ÁR-456:002 heimild um fjós

64°08.448N 20°35.314V

Fjós stóð syðst og vestast á bæjarhól. Lítill hóll, sléttur stallur aftan við hann en brattur hóll að norðan.

Fjósið er horfið, það stóð þar sem nú er steypit gripahús. Hlaða var ekki við fjósið, aðeins heygardur.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-456:003 hús hesthús

64°08.497N 20°35.310V


Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús fast austan við traðirnar 014, 50-60 m norður af bæjarhól. Þar stendur enn gamalt hesthús.

Sléttur og gróinn blettur. Sunnan við hann er gamall braggi en skemma austan við.

Útveggir hússins eru hlaðnir úr grjóti og er það enn undir þaki. Það var síðast endurbyggt um 1970. Tvær burstir eru á húsinu, gaflar snúa í austur og eru bárujárnsklæddir, ekki er grjóthleðsla fyrir austurhlíð. Timburþil skiptir húsinu í tvennt. Veggir eru allt að 2 m breiðir neðst en mjókka upp, hæð 1,7 m. Grunnflötur húss er 9 x 8 m og eru dyr á syðri hluta þess að vestan.

**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918



### ÁR-456:004 heimild um lambhús

64°08.502N 20°35.422V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús rúma 100 m NNV af bæjarhól 001 og rúma 80 m VNV af hesthúsi 003. Tún, hér í miklum halla mót austri. Á þessum stað er nú moldarflag í túninu og í því töluvert af grjóti. Því er líklega ekki langt síðan húsið var rífið, en það var lambhús.


**Hættumat:** hættu, vegna ábúðar


**Heimildir:** Túnakort 1918

### ÁR-456:005 tóftir fjárhús

64°08.513N 20°35.677V

Fjárhús voru norðvestan túns, hátt uppi í bröttum hlíðum Mosfells rúma 300 m norðvestur af bæ. Stallur á gilbarmi í allbrattri hlíð. Grónir hólar eru umhverfis. Húsið var notað framundir 1960 og er tóftin því heilleg. 6 x 14 m stór, snýr A-V með dyr í vestur. Einn grjóthlaðinn garði er eftir endilöngu, hleðsluumför í veggjum allt að 5-6 og veggjahæð allt að 1,4 m, hlaðið úr stórgrýti. Nyrðri langveggur er heillegri en sá syðri, enda hefur hann verið meira upphlaðinn en syðri veggurinn sem er hlaðinn utan í brekku. Vestan við húsið mótar fyrir garðhleðslu sem gæti verið rétt eða heygardur.





Hlaða sem tilheyrði húsinu er 15 m neðar í brekkunni, 8 x 12 m stór, snýr N-S með dyr í austur. Syðri helmingur mjög djúpur og niðurgrafinn, allt að 2,5 m en grynri stallur norðan til, hugsanlegt að þar hafi verið dyr til austurs. Hleðslur eru enn mjög helliugar við dyraop, 5 umför stórgrýtis.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 1

**ÁR-456:006 Álfhóll** heimild um huldufólksbústað 64°08.338N 20°35.205V "Fremst í túnjaðrinum er hóll, sem Álfhóll heitir. Hann má ekki slá", segir í örnefnaskrá. Hóllinn er á sumarbústaðalóð um 300 m suður af bæ. Grasi gróinn hóll með klettum í, fast norðan við gil.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 1

**ÁR-456:007 Lambhústún** heimild um lambhús 64°08.394N 20°35.415V "Fyrir austan Kúalaut er túnspilda, sem heitir Lambhústún", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum segir að hér eigi að standa "fyrir vestan Kúalaut". Lambhústún er uppi í brekku um 100 m suðvestur af bæjarhól 001.


### Sel – mörk túns 1918

eru sumarbústaðir en ofan túnsins gil og klettur. Á þessum stað, nálægt klettunum var kindakofi, kallaður Kolbeinskofi. Hann er nú með öllu horfinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 2; Ö-Sel, svör við spurningum, 2

Túnbrekka í halla mót norðaustri. Neðan brekkunnar



### ÁR-456:008 tóft

64°08.193N 20°35.111V

Rúma 500 m suður af bæ, ofan við rætur Mosfells, er tóft.

Grösug og aflíðandi hlíð. Ofan tóftarinnar er sléttur vallendisblettur sem sker sig úr umhverfinu. Neðar tekur við mýri. 100 m norður af tóftinni er gamalt, steyp hús með trjárækt í kring.

Sigin tóft en greinileg. Hún er tvískipt, alls 9 x 4,5 m og snýr SA-NV. Norðvestanmegin, á hliðinni sem snýr upp í hliðina, eru dyr. Syðst er aðskilið hólf, 2 x 3 m. Austan við þessa tóft mótast fyrir hleðslu, hún lokar af svæði sem er alls um 5 x 9 m. Allar hleðslur eru algrónar, mest um 0,5 m háar.

**Hættumat:** engin hætta

### ÁR-456:009 Aðhald heimild um rétt

64°08.487N 20°35.341V

"Fyrir norðan bæinn er einkennilegt klettabyrgi, sem heitir Aðhald. Það hefur löngum verið notað sem fjárrétt og af því mun nafnið dregið", segir í örnefnaskrá. Aðhald er 50 m norður af bæjarhól og 30 m vestur af hesthúsi 003. Hólrani gengur til norðurs frá bæ, í hliðum Mosfells. Á þessum stað er hann klettóttur og gengur byrgið inn í hann til vesturs.

Byrgið opnast í austur. Við munnann er það 11 m breitt en þrengist þegar innar dregur, lengd 17-18 m. Hvergi vottar fyrir hleðslum nú en klettarnir sem mynda aðhaldið eru allt að 6 m háir. Stakur klettur er vestarlega í byrginu, fram við munnann, og myndast kró milli hans og ytri klettaveggjarins.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 2

### ÁR-456:010 Gilið heimild um þvottastað

64°08.324N 20°35.174V

"Fyrir sunnan túnið er gil, sem venjulega er nefnt Gilið. Í þurrkatíð er það vatnslaut. Þar var oft þvottur skolaður og stundum þvegin ull, ef nóg vatn var í því", segir í örnefnaskrá. Gilið er tæpa 300 m suður af bæ. Nú stendur sumarbústaður fast við gilið að norðan og er trjárækt umhverfis hann.

Lækur rennur um gilið. Ekki er vitað nákvæmlega hvar var þvegið en rétt neðan við sumarbústaðinn er slétt flöt við lækinn.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 2

**ÁR-456:011** *Varðan* varða

64°08.328N 20°35.579V

"Helztu örnefni í fjallinu eru þessi: Varðan, svo er nefnt vörðubrot á kletti upp af Framtúninu", segir í örnefnaskrá. Varðan stendur enn, uppi á kletti upp af Lambhústúni, 350 m suðvestur af bæ, í 170 m hæð yfir sjávarmáli. Stallar og klappir í Mosfellshlíðum. Gil er sunnan við vörðuna. 1,5 m há varða, traustleg og skófum vaxin. Grunnflötur 0,7 x 0,7 m, hún er breiðust neðst og mjókkar upp. Önnur varða eða vörðubrot er 100 m suðaustar.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 2

**ÁR-456:012** *Strákavarða* varða

64°08.191N 20°36.019V

"Tvær aðrar vörður hærrí í fjallinu sjást að heiman. Hefi ég heyrt, að sú efri nefnist Strákavarða en ekki hefur hún átt neitt nafn í seinni tíð", segir í örnefnaskrá. Fjöldi varða og vörðubrota er í fjallinu ofan við vörðu 011 og er ekki víst hver þeirra er Strákavarða. Klappir í hlíðum Mosfells. Varða, sem gæti verið Strákavarða, er 430 m vestur af 011. Hún er tæplega 1 m há og líkist fremur steinahrúgu en reglulegri hleðslu. Mörg vörðubrot eru í kring.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 2

**ÁR-456:013** *garðlag* túngarður

64°08.518N 20°35.602V

Enn vottar fyrir túngarði nyrst og vestast í gamla túninu, t.d. sést hann vel uppi í brattri brekku, um 50 m suður af fjárhúsi 005. Brött brekka mót austri, gil norðan við túnmörkin. Örmjór garður er með nánast allri vesturhlið túnsins, sem alls er um 400 m langur. Hann sveigir svo til austurs með norðurhliðinni og verður þar mun greinilegri, allt að 1,5 m breiður og 1 m hár. Garðurinn er allsstaðar gróinn og sér hvergi í grjótt.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 2

**ÁR-456:014** *hleðsla* traðir

64°08.523N 20°35.379V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 lágu traðir til norðurs frá bæ. Það var þó ekki hin eiginlega heimreið, hún kom úr suðaustri. Traðirnar lágu vestan við hlaðið hesthús sem enn stendur uppi (003). Þær lágu meðfram brattri brekku. Traðirnar sjást enn og er gengið eftir þeim milli yngra og eldra íbúðarhúss á Seli. Greinileg braut sést, 1,5 m breið og smá þúfnaranar meðfram henni, vafalaust hleðsluleifar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 3

**ÁR-456:015** *Reiðholt* tóft beitarhús


64°09.095N 20°34.900V

"Skammt norður frá Lambalæk er allstórt holt, sem heitir Reiðholt. Þar hafa lengi verið fjárhús, við þau hefur nú verið ræktað tún", segir í örnefnaskrá. Holtið er 1,2 km norðaustur af bæ og sést þaðan. Tóftin er í norðurjaðri túns sem hætt er að slá.

Greinileg tóft og hafa hús þessi geinilega verið lengi notuð, enda virðist ekki langt síðan þekjan féll. Stærð 16 x 10 m, dyr snúa í suðaustur. Tveir garðar og hlaða í norðurenda, allt að 2,3 m djúp. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, allt að 7 umför af hleðslum. Mikið af járn og timbri er í tóftinni og virðist sem tyrft hafi verið yfir þakjárnid.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 3



**ÁR-456:016** *Stekkjjarholt* tóftir stekkur

64°08.749N 20°34.435V

"Fyrir austan Reiðholt er mýrarsund, en austan við það er holt, sem heitir Stekkjarholt. Þar er gamalt Stekkjartún. Þar var fjárhús lengi, en var lagt niður 1937", segir í örnefnaskrá. Tún hefur verið ræktað á Stekkjarholti, en það er 750 m suður af Reiðholti 015. Tóftir eru í hér um bil miðju túninu, um 900 m austur af bæ. Lítið og slétt tún, ekki lengur slegið. Tvær tóftir eru á túninu en virðast báðar hafa verið jafnaðar út að hluta og líta nú út eins og reglulegir og iðagrænir hólar. Sá vestari er 29 x 6 m, 1,5 m hár en ekki sést dæld innan veggja. Þó má segja að nyrðri hlutinn, um 6 x 6 m, sé aðskilinn frá þeim syðri. Hinn hóllinn er 30 m austur, 30 x 8 m og heldur lægri.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Sel, 3

**ÁR-456:017** þúst

64°08.462N 20°35.452V

Í túninu, 115 m vestur af 001 eru tóftaleifar.

Hæðótt tún í halla mót austri. Rústalegur hóll er á þessum stað, alls 10 x 5 m, snýr SA-NV. Greinilega hefur staðið hér mannvirki en verið sléttað út að mestu leyti. Líklega er þetta hóll sem um segir í örnefnaskrá: "Syðst á [Upptúni] er lítill hóll, sem heitir Lambhúshóll".

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 2

**ÁR-456:018** *Runkarimi* heimild um áfangastað

64°08.395N 20°34.205V

"Í norðurjaðri [Austustuskákar] er lítill stórþýfður rimi, sem heitir Runkarimi. Hann þótti tilvalinn staður til borðhalds og hvíldar, þegar verið var við heyskap í kringum hann", segir í örnefnaskrá. Runkarimi er um 900 m suðaustur af bæ, neðan Sólheimabrautar.

Þurr hóll eða rimi í mýri. Vegurinn liggur utan í honum að norðan.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 3-4

**ÁR-456:019** þúst

64°08.470N 20°35.421V

Tóftaleifar eru á hól í túni, 25-30 m ASA af 017 og 90 m norðvestur af bæjarhól 001.


Hæðótt tún í halla mót austri. Greinileg, iðagræn bunga í túni, 3 x 4 m. Mótar ekki lengur fyrir vegghleðslum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 4

**ÁR-456:020** tóft+garðlag beitarhús

64°08.542N 20°33.700V



"Fyrir norðan [Mósteinagil] er nýræktartún. Við norðurenda túnsins er holtið nærri tvískift af mýrlendinu. Þar er fjárhústópt, hús það lagðist niður 1930", segir í örnefnaskrá. Fjárhústóftin er inni á sumarbústaðalóð sunnan Biskupstungnabrautar, 3-400 m vestan við brúna yfir Brúará og 1,3 km austan bæjar.

Jaðar á þýfðu holti, sunnan við það er mýri.

Lítill tóft, 6 x 6 m, opin í suður. Aftan við hana er djúp hlöðutóft, aðskilin með vegg. Hún er hlaðin inn í náttúrulegan slakka í holtinu, stærð um 6 x 10 m. Því má segja að hlutföll milli hlöðu og skepnuhluta séu óvenjuleg í þessu húsi. Dýpt hlöðunnar er um 1,5 m en annars er veggjahæð yfirleitt um 1 m, hleðslur algrónar.

Óljóst mótar fyrir garðhleðslu umhverfis húsið og skika hjá því, einkum sunnan og vestan við húsið

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 4-5

**ÁR-456:021** garðlag óþekkt

64°09.179N 20°33.685V


Hleðsla er á bakka Brúarár, aðeins um 10 m suður af ós Sellækjar.

Gróinn og sléttur árbakki, víða nokkuð mýrlendur.

Greinilegur hlaðinn garður er frammi á bakkanum, gæti verið hluti af tóft sem áin hefur brotið af. Hann er þráðbeinn og liggur N-S, 12 m langur, 0,3 m breiður og 0,3 m hár, líkist einna helst áveitugarði. Við báða enda garðsins liggja veggstubbbar til austurs, að ánni, en ná þó ekki alla leið að vatnsborðinu. Hvor um sig er um 2 m langur en á þeim nyrðri er rof, líkt og þar hafi verið dyraop. Nálægt suðvesturhorni mótar fyrir hlaðinni upphækkun, um 2 x 1,5 m. Ekkert er hægt að fullyrða um tilgang þessa mannvirkis, þó ekki útilokað að hér hafi verið rétt, enda aðhald gott frá náttúrunnar hendi í krikanum milli Brúarár og Sellækjar.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Sel, 5



**ÁR-456:022** heimild um ferju

64°08.612N 20°33.371V

"Vegurinn liggur yfir Ferjuholtið norðast og yfir árbakkann að brúnni. Brúin var byggð sumarið 1921 og er hún á ferjustaðnum gamla. Þeir, sem þurftu að fara austur yfir ána, biðu eftir ferjunni austast á Ferjuholtinu. Þar var lengi vörðubrot, en er nú horfið, og nú þarf ekki lengur að standa á holtinu og bíða ferju", segir í örnefnaskrá.

Ferjustaðurinn var rúmum 100 m neðan eða sunnan við núverandi brú yfir Brúará, en átt er við gömlu brúna í lýsingunni. Flatlent og mýri að vestan en hár og grösugur bakki að austan.

Breidd árinna hér er um 20-30 m. Austan megin er steypur brúarstöpull og mótur greinilega fyrir gamla veginum upp frá honum til norðvesturs. Engin mannvirki sjást vestan ár. Varðan er horfin.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 5

**ÁR-456:023** heimild um ristur

64°09.515N 20°34.886V

"Í þessari mýri [nafnlaus en í henni er Grensáskelda] er góð torfrista og heytorf var skorid þarna frá ómunatíð. Sjást þess enn merki; heytorfid var þá flutt upp á Grensásinn og þurrkað þar", segir í örnefnaskrá. Mýrin er austan við Hlífastaðaheiði en vestan við Grensás, hátt í 2 km NNA af bæ.

Þýfð mýri milli holta. Ekki sáust greinileg merki um torfristu en mýrin er víðlend og ekki ólíklegt að þau sé þar að finna.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 9

**ÁR-456:024** Gamli ferjustaðurinn heimild um ferju

64°08.695N 20°33.435V

"Fyrir innan Klöppina er Gamli ferjustaðurinn. Er þar dálítið skarð í árbakkann; fyrir innan Gamla ferjustaðinn er undirlendi með ánni, sem takmarkast að vestan af lágu, grýttu klifi, sem nefnt er Bríkin", segir í örnefnaskrá. Gamli ferjustaðurinn er þar sem brúin yfir Brúará er nú.

Flatur bakki að austan en smáklettur að vestan.

Breidd milli bakka á þessum stað er rúmum 30 m.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 5

**ÁR-456:025** Mógrafirnar náma mógrafir

64°09.113N 20°33.635V

"Fyrir innan Bríkina eru nokkrar gamlar uppgrótar mógrafir, venjulega nefndar Mógrafirnar. Þær eru á árbakkanum, sem er mýrlendur þarna. Ekki veit ég, hve langt er síðan þarna var tekinn mór, sennilega hefur það einhverntíman verið á síðastliðinni öld", segir í örnefnaskrá. Það mótur fyrir mógröfum um 100 m sunnan við ós Sellækjar, en hann rennur út í Brúará tæpa 900 m norður af brúnni yfir ána. Mýrlendur árbakki, lítið, stakt holt er vestan við staðinn. Grunnur slakki, óreglulegur í laginu, stærð um 7 x 12 m. Fleiri slíkir slakkar eru líklega á svæðinu, aðallega sunnar þar sem er töluvert þýfi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 5

**ÁR-456:026** Sellækur örnefni sel

64°09.134N 20°33.691V

"Stuttan spöl frá Mógröfunum er Sellækur, upptök hans eru í blautum mýrarslakka, sem heitir Sellækjarflóð", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum um sel segir: "Um sel við Sellækinn eru engar sagnir, og rústir sjást þar ekki." Sellækur rennur í Brúará tæpa 900 m norðan við brúna yfir ána.

Norðan við lækinn er stórt holt, Sellækjarheiði en sunnan við hann mýrar og hæðadrög.

Ekki er vitað um selrústir nálægt læknum en reyndar er líklegt að hann heiti einfaldlega eftir bænum.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 5; Ö-Sel, svör við spurningum, 2

**ÁR-456:027** tóft beitarhús

64°09.298N 20°33.791V

"Sunnarlega á þessu holti [Sellækjarheiði eða Flatholt] fjárhústóft, hús það var aflagt 1939", segir í örnefnaskrá. Tóftin af húsinu er 300 NNV af Sellækjarós. Smáþýft holt, brúskar af víðikjarri hér og þar.

Greinileg tóft, 17 x 6 m, snýr N-S. Dyr eru að sunnan og mjög djúpt í norðurenda, líklega hlaða.

Grjót sést nær hvergi í veggjum en grillir í stórar, flatar hellur í miðri tóftinni og bendir það til að garði hafi verið í húsinu. Veggjahæð mest um 1,5 m nyrst.

**Hættumat:** engin hætta


**Heimildir:** Ö-Sel, 6


**ÁR-456:028** Hústóptin tóft beitarhús

64°09.719N 20°33.947V

"Norðast á Sellækjarheiði er dálítill hæð eða alda. Á þeirri öldu er fjárhústóft, venjulega nefnd Hústóptin. Hús það mun hafa verið lagt niður fyrir síðustu aldamót", segir í örnefnaskrá. Tóftin er tæpa 800 m norður af 027.

Hæðin er nyrst á heiðinni og liggur A-V. Hún er býsna þýfð en sumsstaðar á henni víðisbrúskar. Austan við tóftina er lítill hóll með hundapúfu.





Tóftin er mjög sigin en þó greinileg vegna grænku. Hún snýr NV-SA með dyr að sunnan. Veggjahæð mest 0,5 m, stærð alls 6 x 17 m. Í norðurenda er aðskilið hólf, 8 m langt. Það er ekki teljandi dýpra en suðurhlutinn. Hvergi sést grjót í hleðslum. Greinilegur kindatroðningur liggur milli beitarhúsatóftanna tveggja, 027 og 028.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 6

**ÁR-456:029** *Gvendarbrunnur* örnefni

64°08.561N 20°35.417V


"Fari maður gamla veginn norður með fjallinu er Gvendarbrunnur fyrsta örnefnið á þeirri leið. Það er uppsprettulind rétt norðan við götuna, vatnið í honum er hreint og tært, en hann þrýtur í mikilli þurrkatíð. Hvort lind þessi er kennd við Guðmund góða Hólabiskup eða einhvern annan Gvend, sem nú er gleymdur, er ekki gott að vita", segir í örnefnaskrá. Gvendarbrunnur er um 200 norður af bæjarhól 001, tæpa 10 m austan við traðrnar (014) og 30-40 m suður af yngra íbúðarhúsi á Seli.

Gróið sléttlendi á mýrarmörkum. Stórgryti í flagi þar hjá.

Uppsprettan var alveg þurr þegar staðurinn var skoðaður í júlí 2001. Hún er greinilega mjög lítil, kemur undan steini. Þegar hún rennur hlykkjast hún í örmjóum farvegi til suðausturs. Hvergi vottar fyrir hleðslum eða öðrum mannvirkjum við uppsprettuna.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 6-7



**ÁR-456:030** tóft

64°08.901N 20°34.205V

Tóft er austan við túnið á Stekkjarholti, rúma 300 m norðaustur af tóftum sem eru á túninu miðju (sbr. 016)

Lítill rústahóll í jafri holts, mýrar umhverfis.

Tóftin snýr N-S, dyr eru í suður. Hún er 6 x 12 m og töluvert dýpi í norðurenda minnir á hlöðu. Út frá austurlanghlið mótast fyrir hólfi, um 6 x 4 m. Það virðist signara en aðaltóftin og er hugsanlegt að hún sé beitarhús, byggð t.d. á gömlum stekkjartóftum.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-456:031** *Mórin* heimild um mógrafir

64°08.570N 20°35.413V

"Norður í mýrarjaðrinum, örlítið frá Gvendarbrunni [029], eru mógrafir. Þar var öðru hvoru tekinn mór, en ekki þótti hann góður", segir í örnefnaskrá. Annars staðar segir: "Ofan af mónum varð að ryðja fjórum skóflustungum og mólagið var svipað að þykkt. Í mónum var mikið af birkilurkum, fornar skógarleifar. Þarna var mór tekinn til 1930, en ekki síðan." Mórin var 20-30 m norðaustur af Gvendarbrunni.

Mýrarjaðar fast við mörk afgirtrar lóðar umhverfis nýlegt íbúðarhús.

Mógrafir eru ekki vel ljósar. Mikil trjárækt er inni á lóðinni og mögulegt að grafir hafi lent þar inná.

**Hættumat:** vegna trjáræktar


**Heimildir:** Ö-Sel, 7; Ö-Sel, svör við spurningum, 2

**ÁR-456:032** *Dys* þúst

64°08.603N 20°35.524V

"Svæði það sem mógrafirnar ná yfir, er venjulega nefnt Mórin [031]. Rétt norðan við girðinguna fyrir ofan götuna, er vallendisbarð; á því er gömul rúst, venjulega nefnd Dys", segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum um Sel segir: "Fyrir löngu síðan, líklega einhverntíma á 19. öld, fóru einhverjir heimamenn á Seli að grafa í Dysina. Þegar þeir höfðu grafið svo sem tveggja til þriggja feta djúpa holu, varð þeim litið í átt til bæjarins og sáu þar mikinn reyk. Hlupu þeir þá heim, héldu, að kviknað væri í bænum. Þegar heim kom, var það hvorki eld né reyk að sjá. Ekki fóru þeir aftur í gröftinn og munu hafa orðið honum alveg afhuga. Ekki mokuðu þeir aftur ofan í holuna, sem þeir höfðu grafið, og sést hún ennþá og er grasi gróin. Síðan hefur enginn hreyft við Dysinni." Dysin er rúma 300 m norður af bæjarhól 001, tæpa 80 m NNV af nýrra íbúðarhúsi á Seli.

Hún er þar sem land tekur að hækka upp í hlíðar Mosfells, á hólrana, en gil eða lægðir eru við hann að norðan og sunnan.



Skringileg tóft eða dæld en mjög greinileg og afar regluleg í laginu, ferköntuð með rúnuðum hornum, stærð 5,5 x 3,5 m. Útlínur eða kantar mjög greinilegir vegna mosavaxtar þótt þeir rísi ekki yfir yfirborð. Inni í tóftinni er gróin bunga sem fyllir út í hana að mestu og rís allt að 0,2 m yfir kantana. Er engu líkara en grafir hafi verið gryfja og síðan fyllt upp með jarðvegi. Enn sjást ummerki þess að grafið hafi verið í suðausturhorni, þar er gróin hola. 6 m vestar, ofar í brekkunni, er undarleg þúfa sem sker sig mjög úr öðrum þúfum í kring. Hún er alveg

regluleg og vel afmörkuð, um 2 m löng og 1 m breið.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Sel, 7; Ö-Sel, svör við spurningum, 1

**ÁR-456:033** *Hlífastaðir* tóft+garðlag bústaður

64°09.708N 20°36.233V


"Norður af Sléttunum er alllöng vallendislaug, sem Hlífastaðalaut heitir. Við norðurenda Hlífastaðarlautar er dálítill hólbunga til vinstri handar, gangi maður norður eftir lautinni. Þessi hól er venjulega nefndur Hlífastaðabær. Þar eru vallgrónar rústir bæjar, sem hét Hlífastaðir eða Hlífarstaðir. Um það býli eru fáar sagnir til, sem byggjandi er á, og sennilega alveg óvíst, hvenær það byggðist eða hve lengi það var í byggð", segir í örnefnaskrá. Hlífastaðir eru 2,4 km NNA af bæ, rúmleg 1 km vestur af veginum sem liggur til norðurs frá Seli, að bænum Haga.

Norðaustast á algrónu, þýfðu holti. Um 100 m vestar eru gömul síma- eða raflína sem liggur N-S. Tóftin er þar sem holtið rís hæst. Mýri er austan holtisins en sunnan þess grunnt gil, líklega það sem nefnt er Hlífastaðalaut.

Aflangur, siginn rústahóll og garður umhverfis hann, næstum allan hringinn. Stærð tóftarinnar er um 40 x 15 m og snýr hún NA-SV. Varla sjást nokkrar dældir eða eiginlegir veggir, þó örlar á lægð austast í henni. Tóftin er iðagræn og rís allt að 1,5 m yfir holtið umhverfis, hún virðist mjókka nokkuð vestast. Garðurinn er sjáanlegur allsstaðar umhverfis nema syðst, á barmi Hlífastaðarlautar. Hann er víða mikill um sig, allt að 2 m breiður og rís hæst norðvestast, allt að rúmum metra. Hvergi sést í honum grjót frekar en í tóftinni og sumsstaðar er hann nær alveg hlaupinn í þúfur. Hann umlykur svæði sem er rúmlega 100 x 100 m. Þýfi er mikið innan garðsins en ekki sjást þar fleiri tóftir en sú stóra. Hún er hér um bil í miðju afgirta svæðisins.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 8



**ÁR-456:034** heimild um fjárhús


64°09.351N 20°35.573V

"Austur úr Hlífastaðaheiði eru tveir tangar, sem heita Heiðarskagar. Milli þeirra er grasgefin mýrarbrún sem heitir Loðnabrún. Í Loðnubrún var einstöku sinnum slegið. Á austari heiðarskaganum er fjárhústópt. Hús það var aðeins notað í tvö ár, var rífið 1937", segir í örnefnaskrá. Hús þetta fannst ekki þrátt fyrir umtalsverða leit og kannaðist ábúandi á Seli ekki við það. Ætla má að það hafi verið suður af 033.

Þýft holt. Gengið var um austari heiðarskaganum, einu ummerkin um hús voru ryðgaðar bárujárnsplötur sem gætu hafa fokið þangað.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Sel, 8-9



= mörk tíns 1917-20

----- = landamerki

----- = ár/lækir á landamörkum

..... = gamlar götur

*Fornleifakort – Hagai, Sel og Vatnsholt*


## ÁR-457 Vatnholt

12 1/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð.

1918: Tún 4,5 ha, þar af slétt 4/5. Garðar 1370 m<sup>2</sup>.

"Þetta er frekar lítil jörð við sunnanvert Apavatn, 12 hundruð að fornu mati. Landið er flatt og hallar lítillega norður að vatninu. Skiptast á mýrar og móar. Bærinn stóð á lágu holti nokkurn spöl frá vatninu. [...] Nokkrir sumarbústaðir hafa risið í landi jarðarinnar. [...] Ekki hefur verið búskapur í Vatnholti síðan [1949] en húsið er notað sem sumarbústaður." Sunnlenskar byggðir III, 167.

**ÁR-457:001** Vatnholt  
bæjarhóll bústaður  
64°08.971N 20°38.805V  
Vatnholtstún er  
suðvestarlega í landar-  
eigninni sem afmarkast af  
Svartós að vestan en  
Vatnholtslæk að sunnan.  
Vegur liggur um landið og  
bærinn stóð vestan við hann  
á þeim stað sem hann  
beygir úr austri til norðurs.  
Túnræktin er á hæðóttu  
holti og hallar frá því til  
allra átta. Umhverfis eru  
mestmegnis mýrar með  
litlum móaholtum. Bærinn  
stóð syðst á holtinu miðju.  
Sunnan bæjarstæðisins er  
sléttur stallur í túninu.  
Greinilegur bæjarhóll en  
ekki sjást á honum  
byggingarleifar nema  
vestast, þar er djúp tóft, full  
af grjóti, járn og



Vatnholt – mörk túns 1918

steypuleifum, 7 x 3 m. Líklega hefur verið hlaða eða kjallari á þessum stað. Þar norðan við er regluleg dæld sem gæti verið leifar af húsgrunni, stærð um 5 x 10 m. Annars er gras á hólnum í mittishæð þegar þetta er ritað og ekki útilokað að þar leynist einhverjar hleðsluleifar. Stærð hólans er um 40 x 30 m en hæð hans mest um 0,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-457:002** heimild um útihús

64°09.042N 20°38.748V

Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 80 m norðaustur af bæjarhól 001.

Ávalur hóll í óslegnu túni.

Engin tóft sést.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-457:003** tóft útihús

64°09.091N 20°38.845V


Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 200 m norður af bæjarhól 001.


Óslegið, hæðótt tún.

Enn mótur fyrir tóft á þessum stað, á nyrsta rana túnsins. Líklega er hún af fjárhúsi, snýr N-S með dyr í suður, alls 5 x 12 m. Nyrsti hlutinn er niðurgrafinn og líklegt að þar hafi verið hlaða eða heygarður. Hleðslur eru alveg signar og hugsanlegt að grjót hafi verið fjarlægð úr veggjum nema um hafi verið að ræða torfhleðslur eingöngu. Veggjahæð er mest um 0,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1918






**ÁR-457:004** tóft hesthús 64°09.036N 20°38.667V  
Samkvæmt túnakorti frá 1918 stóð útihús um 60 m suðaustur af 002.  
Túnjaðar, mosavöxtur áberandi.  
Tóftin er enn greinileg og er talið að húsið hafi verið notað sem hesthús eða hæsnakofi.  
Stærð 8 x 8 m, dyr eru vestarlega á norðurhlið. Veggir eru algrónir og allt að 1 m háir og 2 m breiðir neðst.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-457:005** heimild um útihús 64°08.919N 20°38.966V  
Á túnakorti frá 1918 sést útihús vestan túns, þ.e. utan túnmarka og um 160 m vestur af 001. Þar stendur skrifað með dauflu letri "beitarhús".  
Á þessum stað er dálítill hóll, mun lægri en túnið en samt tengdur því. Hóllinn er mosavaxinn og grasvöxtur miklu minni en uppi á túninu, nema í hóljörðrunum.  
Engin rúst sést á hólnum.  
**Heimildir:** Túnakort 1918

**ÁR-457:006** tóft beitarhús 64°08.863N 20°37.388V  
"Austur á Heiðinni, norðanvert við Smáhóla, eru gamlar fjárhúsatættur", segir í örnefnaskrá. Þær eru 1,2 km suðaustur af bæjarhól 001. Tóftin er inni á sumarþústaðarlóð, sunnan við þústaðinn, og sést því ekki frá veginum að Vatnsholti sem er norðan við þústaðinn.  
Flatur og grasi gróinn stallur vestast í holti sem hækkar þegar austar dregur.  
Tóftin er heilleg, snýr NA-SV með dyr í suðvestur. Stærð 5,5 x 15 m og er einn gróinn garði eftir endilöngu. Töluvert grjótt sést í veggjum innanverðum. Lítið hús hefur verið byggt inni í norðurenda tóftarinnar, virðist notað sem verkfærageymsla. Dyr þess snúa í norðvestur og framan við þær hefur verið tekið úr tóftarveggnum fyrir inngangi. Hæð tóftarveggja er allt að 1,3 m.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Ö-Vatnsholt, 1



**ÁR-457:007** heimild um lendingu 64°09.142N 20°39.276V  
"Norður af [Króarholtsmýri] er dálítill tangi út í vatnið, er heitir Lambatangi. Við hann, eða í vikinu austan við hann, var veiðibátum alltaf lent", segir í örnefnaskrá. Tanginn er norðvestur af Vatnsholtstúni. Hann myndast af framburði Svartóss, austan við staðinn þar sem hann rennur í Apavatn.  
Í vikinu er uppundir 10 m breið sandströnd.  
Engin mannvirki sjást á lendingarstaðnum.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Vatnsholt, 2

**ÁR-457:008** *Stöðull* örnefni kvíar 64°09.026N 20°38.501V  
"Norðan við veginn, austan við túnið, er grösugur mói, heitir Stöðull", segir í örnefnaskrá. Stöðullinn er rúma 250 m austur af bæjarhól 001.  
Þýfður mói, ekkert sérlega grösugur.  
Ekki sjást neinar mannvirkjaleifar á Stöðli.  
**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Vatnsholt, 2


**ÁR-457:009** *Hústóttarholt* heimild um 64°09.028N 20°38.327V  
"Suður af Einbúa er Hústóttarholt. Vestan í því er gömul húsrúst, yfir þetta holt liggur vegurinn heim að bænum", segir í örnefnaskrá. Vegurinn um Vatnsholtisland liggur yfir holtið um 400 m ASA af bæjarhól 001.  
Þýft, lágt holt. Engin tóft fannst á svæðinu og má vera að hún hafi skemmst við vegagerð.  
**Hættumat:** hætta, vegna mannaferða  
**Heimildir:** Ö-Vatnsholt, 2

**ÁR-457:010** *Langholt* tóft 64°09.484N 20°37.620V  
"Norður af Litlarima er Háamýri og nær hún austur að Langholti, en það er alllangt holt, er liggur frá norðri til suðurs; á því er gömul húsrúst", segir í örnefnaskrá. Langholt er líklega austast holtanna í Vatnsholti, vestan við veg sem liggur að sumarhúsum nálægt mörkum við Haga. Tvö mýrarvík skerast inn í Langholt að vestanverðu;

tóftin er á smátotu sem teygir sig út á milli þeirra.

Holtið er lágt og fremur þýft, mýrar umhverfis það. Mjög grösugt er umhverfi tóftina.

Greinileg tóft og gróskumikil en veggjahæð einungis um 0,2-0,3 m. Ekkert grjót sést og er líklegt að mannvirkið hafi verið byggt úr torfi eingöngu, enda ekkert grjót að hafa á svæðinu. Í meginatriðum sýnist tóftin þrískipt. Annarsvegar er um að ræða aflangt, tvískipt hólfið og hinsvegar einfalt hólfið sem líkist rétt. Aflanga hólfið liggur SA-NV, stærð alls 6 x 18 m. Nyrðri hluti þess er alls 10 x 6 m, en allra nyrst er djúp dæld eða niðurgroftur. Syðst endar hólfið á óglöggum þvervegg og tekur þá við annað hólfið, sem er um 6 x 8 m en útlínur þess eru ekki skýrar. Hvergi sjást dyraop. Suðvestan þessarar tví- eða hugsanlega þrískiptu tóftar er sambyggt hólfið, 6 x 9 m, sem opnast í suðaustur. Ekki er augljóst hver tilgangur mannvirkisins hefur verið en benda má á að mýrarsund suðvestan við Langholt heitir Seldæla og engar aðrar þekktar tóftir eru þar í námunda. Líklegasta skýringin er að tóftin sé af beitarhúsi með hlöðu og rétt. Samt snýr tóftin undarlega m.v. flest beitarhús, dæmigert væri að snúa langsum niður holtið með dyr í suður.



**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vatnsholt, 2

**ÁR-457:011** *Seldæla* örnefni sel

64°09.300N 20°37.412V

"Austur af þeim [Langholtsdælum] er Seldæla", segir í örnefnaskrá. Seldæla er samkvæmt lýsingunni mýrarsund sem liggur A-V milli suðvestasta hluta Langholts og norðurhluta Rústabrúnar 012. Hún er um 1,3 km austur af bæjarhól 001. Mosapembur og lágur víðir í mýrinni.

Ekki fundust heimildir aðrar en örnefnið um sel í Vatnsholtlandi. Líklegasti staðurinn fyrir sel í námunda við Seldælu er Langholt (á því er tóft 010), en þó er ekki hægt að útiloka Rústabrún í suðri (sbr. 012).

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vatnsholt, 2

**ÁR-457:012** *Rústabrún* tóft fjárskýli

64°09.160N 20°37.438V

"Suður af Seldælu [011] er Rústabrún. Þar sér móta fyrir gamalli fjárborg", segir í örnefnaskrá. Rústir eru á þurru bletti úti í mýri, 550 m norður af beitarhúsatóft 006 en 1,2 km austur af bæjarhól 001. Þær eru norðan við veginn heim að Vatnsholti.

Lítill, þýfður rimi í mýrlendi. Líklega eru fleiri en ein rúst á svæðinu. Greinilegastur er mjög þýfður og óreglulegur rústahóll, 8 x 12 m, snýr A-V. Hóllinn rís hæst í miðju, allt að 1,5 m. Um 15 m suðvestar er hringlaga, þýfður blettur í mýrinni, um 7 x 7 m, ekki ótvíræð rúst. Að lokum er hringlaga rúst tæpa 100 m norður af fyrrnefndu tóftinni. Hún er 10 x 10 m, rís hæst í miðjunni, allt að 1 m og þar er hundapúfa. Annars er blásið niður í mold víða með hliðunum en víðikjarr og mosi vex á hábungunni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vatnsholt, 2

**ÁR-457:013** *Stekkatún* örnefni stekkur

64°09.422N 20°38.475V

"Austur af Króarholti er Stekkatún, rétt við vatnið", segir í örnefnaskrá. Staðurinn er norðan við Móhól 014, suður af vík þeirri sem myndast vestan við Torfnæs 015. Hann er inni á sumarþústarðalóð.

Þurrt holt er norðan við hólinn, það endar frammi á brún sem svo snarlækkar niður að Apavatni. Mosapýfi og töluvert hátt gras er vestar dregur.

Enginn stekkur sést á þessum stað. Mikið þýfi er norðan undir holtinu og er ekki útilokað að mjög sigrin tóft leynist þar. Annars er búið að grafa skurð um 50 m vestar og er mögulegt að stekkurinn hafi lent í honum. Trjárækt í litlum mæli er inni á lóðinni.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Vatnsholt, 2-3

**ÁR-457:014** *Móhóll* örnefni mógrafir

64°09.413N 20°38.449V

"Þar hjá [Stekkatúni 013] er grasivaxinn hóll er heitir Móhóll, og norður af honum er Torfmýri og vestan við vatnið Torfnæs [015]", segir í örnefnaskrá. Móhóll er inni á sumarhúsaloð sunnan við víkina sem er vestan við Torfnæs.

Grösugur hóll, holt er norðan við hann.

Líklega hefur mór verið þurrkaður á hólnum, enda mýrarflákar bæði sunnan og austan við hann. Ekki sáust þar mógrafir.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Vatnsholt,3

**ÁR-457:015** *Torfnes* örnefni rista 64°09.518N 20°38.444V

"Þar hjá [Stekkatúni] er grasivaxinn hóll er heitir Móhóll, og norður af honum er Torfmýri og vestan við vatnið Torfnes. Austan við Torfmýrina eru tveir litlir holtsrimar, heita Torfrimar", segir í örnefnaskrá. Torfnes er stórt nes sem gengur út í Apavatn nálægt mörkum við Haga.

Láglent nes og þurr núorðið. Á því eru sumarbústaðir og mikil trjárækt.

Ekki er vitað nákvæmlega hvar á nesinu eða í mýrinni torfrista var. Hugsanlegt er að ristan hafi verið í mýrinni en torf þurrkað á nesinu.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Vatnsholt, 3

**ÁR-457:016** garðlag 64°09.094N 20°38.798V

Garðlag er beint neðan og austan við nyrsta rana túnsins í Vatnsholti, en á honum er tóft 003.

Mýrlendur slakki. Vatnspyttur er rétt norðan við garðinn og liggur garðurinn yfir brún hans.

Garðurinn liggur A-V, yfir mýrarslakkann, frá grösugum hól, sem tilheyrði túni, að blásnu holti utan túns.

Líklega er hann eingöngu torfhláðinn, 0,3 m hár, 1 m breiður og 15 m langur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-457:017** heimild um traðir 64°09.025N 20°38.661V

Heimreið, líklega traðir, lágu að Vatnsholti úr austri um 20 m sunnan við hesthústóft 003.

Gras og mosabýfi.

Ekki sjást traðarleifar.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

## ÁR-458 Hagi

16 2/3 hdr. 1847, óviss 1708. Skálholtsstólsjörð. Einnar hjáleigu er getið í örnefnaskrá og hvergi annars staðar. Hét hún Hagavöllur, einnig nefnd Kotið og var í byggð 1883-1898. Ö-Hagi, viðbætur, 2.

Jörðin skiptist í Haga I og II frá 1943. Sunnlenskar byggðir III, 169.

1920: Tún 4 ha. Garðar 1976 m<sup>2</sup>.

"Hagaland er mestmegnis mýraflákar með aðhallandi lágum brúnum ofan að vötnunum." Ö-Hagi, 2

"Bærinn stendur á bökkum Apavatns. Þar skammt fyrir norðan bæinn er útfall Apavatns og nefnist Hagaós, um 1 ½ km langur og rennur í Brúará. Efst í Hagósi er vað. Brúará rennur svo austan við land jarðarinnar. Hagi er því umgirtur vatni og ám á þrjá vegu. Landið er að hluta flatt mýrlendi með vel grónum móm. Stærsta samfellda ræktarlandið heitir Flatholt." Sunnlenskar byggðir III, 168.

### ÁR-458:001 Hagi bæjarhóll bústaður

64°10.959N 20°37.616V

Bæjarhóllinn er þar sem nú stendur fjós, vestast allra húsanna í Haga, um 30 m frá Apavatni.

Dálitill hóll frammi á vatnsbakknum, hallar niður af honum til allra átta nema austurs. Austan megin er vegur að fjósinu og núverandi íbúðarhús standa austan og norðaustan við. Núverandi fjós er byggt á austurhluta bæjarhóls og þegar grafið var fyrir því árið 1975 komu í ljós mikil öskulög. Fjósið er aflangt, snýr N-S og undir því er niðurgrafið haughús. Norðan fjóss er sambyggð hlaða sem snýr þvert á það. Því er óhætt að segja að austurhluti hólsins sé sundurgrafinn að mestu leyti. Hugsanlegt er að eitthvað af vesturhlutanum sé heillegt en þar er nú vegur aftan við fjósið. Heildarstærð bæjarhóls er um 50 x 30 m en hæð allt að 1,5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

### ÁR-458:002 heimild um útihús

64°10.993N 20°37.487V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 100 m austur af bæjarhól.

Nú er þar slétt grasflöt milli heimreiðar, útihúss og sumarbústaðar sem búið er í. Útihúsið er horfið en talið er að það hafi verið notað sem hæsnakofi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

### ÁR-458:003 heimild um hesthús

64°10.992N 20°37.480V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús innan við 10 m suðaustur af 002, fast uppvið traðirnar 022.

Nú er þar slétt grasflöt milli heimreiðar, útihúss og sumarbústaðar sem búið er í. Nú sést húsið ekki lengur, það var hesthús.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

### ÁR-458:004 heimild um fjárhús

64°10.992N


20°37.467V

Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús innan við 10 m austur af 003, fast uppvið traðirnar 022.

Nú er þar slétt grasflöt milli heimreiðar, útihúss og sumarbústaðar sem búið er í. Nú sést húsið ekki lengur, það var fjárhús.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920



Hagi – mörk túns 1920

**ÁR-458:005** heimild um fjárhús  
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 60 m norður af 002.  
Þar stendur nú gripahús.  
Engin merki sjást um gamla húsið sem var fjárhús.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920

64°11.028N 20°37.494V


**ÁR-458:006** heimild um útihús  
Samkvæmt túnakorti frá 1920 stóð útihús um 60 m NNV af 005.  
Slétt tún.  
Húsið er horfið, líklega vegna túslettunar.  
**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920

64°11.049N 20°37.572V

**ÁR-458:007** *Borgir*

64°10.013N 20°37.879V

"Merki milli þessara bæja [Vatnsholts og Haga] við Vatnið eru um svonefndar Borgir, sem eru minjar veiðihúsa frá þeim tíma, er Skálholtsbiskupar létu stunda veiði í Apavatni", segir í örnefnaskrá Haga. Í örnefnaskrá Vatnsholts segir: "Norðan við Torfnesið er stór bugur á vatninu, heitir Stóribugur, og norðan við hann Engjanes, og norðan við það eru Borgir. Það eru þrjár grasivaxnir hólar á vatnsbakkanum." Á mörkum bæjanna tveggja hefur verið grafinn skurður. Fast við hann að vestan, Vatnsholtsmegin, er sumarbústarðalóð með mikilli trjárækt



en austan við er mýri. Þar, fast við skurðinn og 20-30 m frá Apavatni, er tóft. Mýrlendi í halla niður að vatninu. Það hefur líklega þornað töluvert eftir að skurðurinn var grafinn.

Greinilegur rústahóll, alls 16 x 12 m, snýr N-S. Vesturhlutinn er ólöguleg þúst og er ekki hægt að greina þar hólf eða einstakar hleðslur. Austantil er greinilegt hólf sem er 3 x 6 m að innanmáli. Rústin lækkar til suðurs og norðurs en er hæst í miðjunni. Hún er mjög þýfð og sér hvergi í grjóti. Skv. örnefnaskrá voru rústahólarnir þrjár og það gat Kjartan Helgason staðfest. Landamerkjaskurðurinn, sem er frá því um 1955, var grafinn gegnum miðtóftina en vestasta tóftin, sem er í Vatnsholtslandi, er horfin í trjárækt. Hún er á sumarbústarðalóðinni vestan við skurðinn og á henni er þéttur lundur af risavöxnum öspum. Aðeins grillir þar í smáþúst sem er greinilega sundursprungin af trjárótum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna trjáræktar

**Heimildir:** Ö-Hagi, 1; Ö-Vatnsholt, 3

**ÁR-458:008** *Hagavöllur* heimild um bústað

64°10.756N 20°37.V

"Skammt fyrir austan það [Breiðanef] er lítið holt, sem nefnist Einbúi, en litlu norðar við Vatnið var smábýli, sem hét Hagavöllur og var í byggð frá 1883-1898. Það stóð örlítinn spotta fyrir sunnan túnið í Haga", segir í örnefnaskrá. Í viðbótum við örnefnaskrá segir: "Býlið Hagavöllur, sem getur um í skrá afa míns, var og er kallað Kotið (hjáleiga frá Haga)." Ekið er yfir ristarhlið á leið heim að Haga. Þegar komið er yfir það er tún vestan vegarins og rís það hæst um miðbikið. Hagavöllur stóð skammt sunnan við hátúnið, rétt tæpa 500 m suður af Hagabænum.

Sléttatún. Engar leifar sjást af Hagavelli, rústunum var rutt burt þegar túnið var sléttatún milli 1950 og '60.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hagi, 1; Ö-Hagi, viðbætur, 2

**ÁR-458:009** *Hestavað* heimild um vað

64°11.808N 20°36.618V

"Vað er á Ósnum litlu fyrir neðan Vatnið og nefnist Hestavað", segir í örnefnaskrá. Vaðið var þar sem Hagaós rennur úr Apavatni.

Mýrlendi við ósinn. Vaðið er ónothæft nú vegna sandbleytu. Um 100 m eru milli bakka og sandeyrar úti í ánni.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hagi, 1

**ÁR-458:010** *Húsatangi* örnefni

64°10.847N 20°35.281V

"Efsta örnefnið með Brúará eru Lambeyrar, þar næst Húsatangi og nokkru sunnar Reykhólmaeyrar", segir í örnefnaskrá. Húsatangi er við Brúará þar sem hún rennur í miklum sveig tæpa 2 km austur af bæ. Þangað liggur

vegur.

Láglandur og sléttur tangi, mjög sandborinn og gróður gisinn.

Engar húsarústir eru sjáanlegar á tanganum og er ekki vitað hvers vegna hann heitir Húsatangi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hagi, 1

**ÁR-458:011** *Selholt* tóft sel


64°10.064N 20°36.078V

"Skammt fyrir norðan Flóðin er lítið holt og nefnist Selholt og stuttu fyrir vestan það stórt holt, Flatholt", segir örnefnaskrá. Í viðbótum segir: "Hef ekki heyrt getið um sagnir um Selholt, en þar sjást tóftir." Flatholt er fast austan við heimreiðina um 1 km suður af bæ, þar er nú tún. Selholt er stakt, lítið holt í mýrinni suðaustur af þessu túni og rúma 2 km suðaustur af bæ.

Þýft holt í mýri, það liggur N-S. Greinileg tóft er þar sem holtið rís hæst, nálægt miðju. Hún er 12 x 9 m og er mestur hluti hennar ólögulegur rústahóll. Þó er greinilega aflangt hólf austantil, alls um 7 x 2 m og hugsanlega aðskilið hólf samtengt því að sunnan og opnast það í suður. Þá örlar á veggstubb út frá suðurhluta rústahólsins, hann liggur um 4 m til vesturs og myndar þannig dálítið hólf. Hleðsluhæð veggja er mest um 1 m, grjót sést hvergi.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Hagi, 1; Ö-Hagi, viðbætur, 2



**ÁR-458:012** *Mógrafarós* náma mógrafir

64°10.842N 20°37.317V

"Mógrafarós er milli Hagavallar og túnsins í Haga", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Ennfremur: "Já, mór var tekinn í Haga við Mógrafarós, en ég get ekki svarað öðrum spurningum í sambandi við móinn." Mógrafarós er stykki norðan við túnið þar sem Hagavöllur 008 stóð.

Stykkið er aðskilið frá Hagavelli með skurði sem liggur frá heimreiðinni og til vesturs, að Apavatni. Mikið þýfi. Ekki sjást greinilegar mógrafir, enda hefur verið sléttað yfir stykkið að hluta. Þó er slakki í því norðarlega, við vatnsborðið, alls um 30 x 70 m sem gæti verið leifar af mögröf.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hagi, viðbætur, 1-2

**ÁR-458:013** *Stekkatún* heimild um stekk

64°11.577N 20°37.131V

"Þá tel ég (K.H.) mig muna eftir stað, sem hét Stekkatún norður við Urriðatanga. Þar sjást stórar þúfur, grænni en umhverfið í kring", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Stekkatún er 1,2 km norðaustur af bæ, á suðurströnd Apavatns skammt vestan við staðinn þar sem Hagaós rennur úr því.

Lítið óræktarnes norðan við tún sem er á norðanverðu Bæjarholti.

Ekki mótast fyrir tóft. Túnið er í rækt, það hefur verið sléttað og mögulegt að leifar af stekk hafi lent undir því, enda teygir túnræktin sig út á nesið. Utan þess er mikið þýfi.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hagi, viðbætur, 1

**ÁR-458:014** *Ósgata* gata leið

64°11.486N 20°36.878V

"Ósgatan lá áður heiman frá bæ, eftir Bæjarholtinu og í Hestvað", segir í viðbótum við örnefnaskrá. Gatan lá hér um bil þar sem nú er bíslóði eftir Bæjarholti. Slóðinn liggur áfram út á tún sem er norðan í holtinu en gamla gatan sést greinilega norðan við túnið..

Mólendi og mosapýfi.

Greinilegur troðningur, djúpur en einfaldur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Ö-Hagi, viðbætur, 1

**ÁR-458:015** heimild um ristu

"Torfrista var í Haga. Torfið var notað á útihey og í einangrun á fjárhúsum. Íbúðarhúsið, sem ég bý í, byggt 1946, er einangrað með torfi (reiðingi)", segir í viðbótum við örnefnaskrá.

Ekki er nú vitað um torfristustað sem var notaður umfram aðra. Víða eru mýrar í landareigninni og því koma margir staðir til greina.


**Heimildir:** Ö-Hagi, viðbætur, 2

**ÁR-458:016** tóft+garðlag

64°10.613N 20°37.053V

Einbúi er lítið holt tæpa 800 m suðaustur af bæ, fast austan við heimreiðina. Á holtinu er stakur sumarbústaður

með trjárækt í kring. Tóftir eru sunnan við bústaðinn, utan girðingar.



Þýft holt með mýrum umhverfis.

Lítill tóft er þar sem holtið rís hæst. Hún er mjög sigin, 5 x 7 m og virðist snúa með dyr í suður. Hún mjókkar í átt að dyrunum. Nyrst á tóftinni er stór hundapúfa. Rúma 20 m suður af tóftinni vottar fyrir mjög signu garðlagi sem liggur til suðausturs, allt á enda holtsins en hverfur þar við mýrarjaðarinn. Garðlagið er ellilegra að sjá en tóftin, allt að 2 m breitt, 0,5 m hátt og um 40 m langt. Um 10 m frá vesturenda garðsins er ólöguleg bunga, hugsanlega rústaleifar, 8 x 5 m.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-458:017** tóft beitarhús


64°10.289N 20°35.644V

Um 550 m norðaustur af tóft á Selholti 011 er beitarhúsatóft.

Mýrlendi. Samt er bletturinn sem húsið stendur á fremur þurr en hann getur þó varla talist holt. Skurðir eru 100-200 m norður af tóftinni.

Tóftin snýr NV-SA með dyr í suðaustur. Húsið sjálft er 9 x 5 m en aftan við það er hlaða eða heygardur sem snýr þvert á húsið og er um 10 x 6 m, það hólf er ekki niðurgrafið. Enginn garði sést í húsinu og líklegt að það sé byggt úr torfi eingöngu, a.m.k. sést hvergi grjót í veggjum.

**Hættumat:** engin hætta



**ÁR-458:018** garðlag

64°10.940N 20°36.318V

Vegur liggur frá bæ út á svonefndan Húsatanga 010 við Brúará. Hann liggur sunnan við Hundapúfu 019 til austurs en snarþeygir til suðurs þar austan við og liggur yfir gruggugan læk. Þar, austan vegar, er garðlag.

Slétt graslendi.

Garðurinn liggur í sveig yfir lækinn og sést á 60-70 m kafla. Hann er sýnilega torfhlaðinn, 0,4 m hár og álíka breiður, mjög mosavaxinn. Þetta gæti verið gamall áveitu- eða flóðvarnargarður.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-458:019** Hundapúfa þúst

64°11.156N 20°36.857V

Um 700 m austur af bæ er hóll í mýri, nefndur Hundapúfa.

Mýri umhverfis.

Hóllinn er af sumum talinn manngerður og er það líklegt, enda líkist hann mjög rústum sem finnast víða í mýrum í Grímsnesi og nefnast yfirleitt borgir. Grunnflatarmál er um 10 x 15 m og hæð allt að 2 m, mest í miðjunni. Frá vesturhlutanum liggur þýfður og þurr móarani til vesturs, því má vera að á þessum stað hafi verið þurr blettur í mýrinni.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-458:020** frásögn vað

64°11.816N 20°36.554V

Innan við 100 m austan við Hestavað 009 var annað vað yfir Hagaós. Þar var farið yfir á leið á Böðmódsstaði.


Mýrlendi við ána að sunnan.

Ekki sjást götur að vaðinu.

**Hættumat:** engin hætta

**ÁR-458:021** tóft rétt

64°10.716N 20°37.213V



Um 80 m suður af staðnum þar sem Hagavöllur 008 stóð er réttartóft. Þýfður vatnsbakki og gróskumikill. Mýrarblettur er norðan tóftarinnar.

Tóftin snýr A-V með dyr í vestur, að Apavatni sem er um 20 m frá. Stærð 16 x 6,5 m en garðhleðsla, ógreinileg, liggur áfram til vesturs út frá syðri langvegg, allt að 10 m. Hæð veggja allt að 1,5 m og sést víða í stórgrýti í veggjum.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-458:022** heimild um traðir

64°10.975N 20°37.571V

Á túnakorti frá 1920 sést að traðir lágu að bænum úr vestri.

Nú liggur vegur að fjósi, sem stendur á bæjarhól 001, á sama stað og traðirnar lágu áður.

Traðirnar eru með öllu horfnar, líklega hefur það gerst fyrir 1950.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar  
**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-458:023** heimild um útihús 64°11.055N 20°37.500V

Samkvæmt túnakorti stóð útihús um 40 m ANA af 005.

Þýfður túnjaðar.

Húsið er horfið, Kjartan Helgason í Haga man ekki eftir húsi á þessum stað.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**Heimildir:** Túnakort 1920

**ÁR-458:024** frásögn brunnur 64°10.994N 20°37.587V

Brunnur var við norðanverðan bæjarhól.

Þar er nú slétt malarplan þar sem heyrúllur eru geymdar.

Brunnurinn er alveg horfinn. Hann var hogginn í berg og 4-5 m djúpur.

**Hættumat:** hætta, vegna ábúðar

**ÁR-458:025** tóft 64°11.403N 20°36.881V

Rúma 450 m norður af Hundapúfu 019 og um 100 m norður af Ósgötu 014 þar sem hún sést hvað greinilegast, er tóft.

Þýft holt, sumsstaðar mýrlent.

Tóftin er nánast hringlaga, 10 x 15 m og snýr N-S en ekki sjást á henni dyr. Hún er mjög sigin og greinist eingöngu af stórum, sundurslitnum þúfum auk meiri grósku en umhverfis. Hæð mest um 1 m. Útlínur eru ekki skýrar, enda rennur tóftin saman við þýfið umhverfis.

**Hættumat:** engin hætta

## ÁR-713 Grímsnesafréttur

Laugdælingar og Grímsnesingar voru upphaflega saman í hreppsfélagi og er miðað við það hér. Austurmörk afréttarins voru úr Brúarárskörðum bein lína um Eldborgir í Lambahrauni í Hagavatni, með vatninu um Hagafell í Langjökul. Langjökull og Þórisjökull takmörkuðu afréttinn til norðurs. (Vesturmörk eru óljós en voru upb úr skarðinu milla Litla og Stóra Björnsfells sunnan við Þórisjökul um há Skjaldbreið í Karl og Kerlingu og úr þeim um Tindaskaga í Hrafnabjörg). Mörk afréttar við heimalönd Laugarvatns og Efstadals þarf líka að ath betur - Klukkuskarð virðist skipta. Þegar hreppnum var skipt (hvenær?) fengu Laugdælingar eystri hluta afréttarins í sinn hlut og réð lína úr Langjökli um vesturbarm Lambahlíða og Hróðurkatla. Þaðan um Langafell, Sköflung, Skriðuhnjúk, um Skefilfjöll og í Klukkuskarð. Síðan hafa Grímsnesingar bætt allmiklu landi við afrétt sinn. Annarsvegjar vesturhluta Skjaldbreiðar árið 1890 og eiga þeir nú afréttinn austan við Hrafnabjörg - Geitafell í Fanntófell (GR II, 292) en þetta land var keypt af Þingvallakirkju. Hinvegjar keyptu þeir spildu á Lyngdalsheiði af Böðvari Magnúsyni á Laugarvatni sem nær frá Þrasaborgum inn í Skefilfjöll. Fyrir Ísleifu eru þessi lönd talin með Þingvallakirkju og Laugarvatni.

Hagafell var lengi fram eftir árum ekki smalað - GR II, 252

**ÁR-713:001** *Kringlumýri* heimild um áfangastað 64°11.010N 20°55.658V

"Kringlumýri er slétt flöt í hrauni norðaustan við Driftarenda. Þar er áningarstaður fyrir fjallmenn úr Grímsnesi og sundurdráttarrétt í vor- og haustsmölun", segir í örnefnaskrá. Kringlumýri er norðvestan undir Lyngdalsheiði. Vegur í mýrina liggur til suðurs frá Reyðarbarmi, suðvestan við Laugarvatnsvelli.

Mýrlent svæði norðan við rætur heiðarinnar. Suðvestan við mýrina er þurrt graslendi, þar er nú gangnamannakofi og hesthús. Lengi hefur verið áningarstaður í Kringlumýri. Þar hefur þó aldrei verið hlaðið sæluhús frekar en annarsstaðar á afrétti Grímsnesinga.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Grímsnesafréttur, 2

**ÁR-713:002** heimild um rétt 64°10.928N 20°55.624V

"Kringlumýri er slétt flöt í hrauni norðaustan við Driftarenda. Þar er áningarstaður fyrir fjallmenn úr Grímsnesi og sundurdráttarrétt í vor- og haustsmölun", segir í örnefnaskrá. Kringlumýri er norðvestan undir Lyngdalsheiði. Vegur í mýrina liggur til suðurs frá Reyðarbarmi, suðvestan við Laugarvatnsvelli. Réttin var í jarðfalli 150-200 m sunnan við hesthúsið sem nú er í mýrinni. Sléttar flatir norðan undir hæð í rótum Lyngdalsheiðar.

Réttin er nú alveg horfin vegna vatnsaga, enda fossar leysingavatn um jarðfallið á vorin. Það er tvískipt og var hlaðið fyrir báða hluta þess með einföldum hleðslum og sést reyndar töluvert af grjóti sem að mestu er hulið mold. Hvort hólf um sig hefur verið nálægt 20 x 10 m. Spýtnarusl og járn hefur verið urðað í jarðfallinu, það eru leifar af gömlum gangnamannakofa.

**Hættumat:** hætta, vegna rofs

**Heimildir:** Ö-Grímsnesafréttur, 2

**ÁR-713:003** *Haustrúarvarða* varða 64°11.428N 20°54.202V

"Haustrúarvarða er stór hlaðin grjótvarða á því afréttarlandi sem Grímsneshreppur keypti á sínum tíma úr Laugarvatnslandi. Hún er austan Kringlumýrar þar sem hin forna alfaraleið liggur norðvestur af Lyngdalsheiði í slakkann milli heiðarinnar og Reyðarbarms. Nafn vörðunnar er einkennilegt og sennileg afbökun. Tilraun til skýringar á nafninu Haustrúarvarða: Fyrir löngu gæti hafa verið þarna dys við alfaraleiðina um heiðina. Síðar blés hún upp og komu bein og hauskúpur í ljós. Því var staðurinn nefndur Hausahrúga. Fljótlega hefur verið farið að kasta steinum að beinunum eins og víða var gert. Þá myndaðist með tímanum varða sem fékk nafnið Hausahrúguvarða. En smám saman breyttist nafnið. Fyrst til að verða þægilegra og styttra í máli manna féllu stafirnir a og h og g burtu og úr varð Hausrúvarða. Síðar er stafnum t skotið inn og eignarfallið breytist. Nú veit enginn lengur hver upphafleg merking nafnsins var - en eftir stendur Haustrúarvarða", segir í viðbót við örnefnaskrá. Varðan er um 1,5 km austur af Kringlumýri og þangað liggur bílfær slóði.


Melhóll en gróska í dældum umhverfis hann. Varðan stendur á fastri klöpp og er nokkuð óvenjuleg því að hún er breiðust efst en mjókkar svo dálítið niður. Hún er 1 x 1 m að grunnfleti og 1,8 m há, vaxin mosa og skófum. Vörðunni hefur ekkert verið haldið við, enda er hún ótrúlega stöðug á klöppinn og hafa meira að segja jarðskjálftar engin áhrif á hana.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Grímsnesafréttur, viðbót, 2

**ÁR-713:004** *Biskupsvarða* varða 64°10.900N 20°52.040V

"Norðaustan í Lyngdalsheiði er brekka, sem heitir Biskupsbrekka. Um hana lá gamli vegurinn til Skálholts [sjá ÁR-415-015]. Uppi á brekkubrúninni er Biskupsvarða, stór og vel hlaðin varða", segir í örnefnaskrá. Í viðbót segir: "Biskupsvarða mun hafa fengið nafn sitt af því að biskupar og fylgdarlið þeirra áðu á Biskupsbrekku á



--- = hreppamörk

..... = gamlar götur

leið sinni milli Skálholts og Þingvalla og síðan áfram í Borgarfjörð og lengra vestur, en Biskupsvarða stendur á brekkubrún þar sem hæst ber." Varðan er 2 km ASA af Hausatrúarvörðu, efst á melhól.

Melur með mosafílum í kring.

Upprunalega varðan er hrunin og gróin, 0,5 m há en grunnflöturinn um 2 x 1,5 m. Nýlegur vörðustubbur hefur verið hlaðinn á undirstöðunni. Gamla leiðin milli Skálholts og Þingvalla er ekki mjög greinileg á þessum stað en sést vel þegar komið er norðaustur í hraunið, t.d. rúma 700 m norður af Hamraselshelli 008.

**Hættumat:** engin hætta

**Heimildir:** Ö-Grímsnesafréttur, 2

**ÁR-713:005** *Skessubásavegur* heimild um leið

64°31.393N 20°47.838V

"Frá Breiðarflöt í norður hækkar landið. Þar eru mest stórgrýttir melar gróðurlausir, sundurgrafnir af vorleysingum og leirtjarnastæðum inn á milli. Hróðurkarlar eru gosdrangar, sem standa upp úr þessu gróðurlausa landi í vestur frá horninu á Þórisjökli u.þ.b. 5 km. Þar á milli liggur hinn forni Skessubásavegur, sem lá norðan við Skjaldbreið og yfir á Hlöðuvelli", segir í örnefnaskrá. "Önnur leið, Skessubásavegur, var farin af Hlöðuvöllum milli Mófella eystra og vestra og undri Sköflungahálsi og norður fyrir Skjaldbreið skammt sunnan við Fífilvelli þar sem fyrrum var tjaldstaður Grímsnesinga á innstu grösum framundan Skerslum, úfinni hraunbrún sem gengur undan Langjökli. [...] Leiðin liggur um slóðalaus, öldótt hraun Björnsfells og fer í átt að Hróðurkórlum, úfnum hraundröngum suðvestan undir Þórisjökli og stefnir á Kaldadal."

**Heimildir:** Ö-Grímsnesafréttur, 5-6**ÁR-713:006** *Fífilvellir* heimild um náttstað

64°27.156N 20°40.831V

Tjaldstaður austurleitar Grímsnesinga var á Fífilvöllum sem eru norðan undir Skjaldbreið "Norðaustan við Skjaldbreið, þar sem landið er orðið lárétt, var fyrir 70 árum stór, gróin flatneskja (valllendisvellir), sem voru nefndir Fífilvellir. Var talið, að þar hafi eitt sinn verið byggð. Þarna er allur gróður blásinn upp nú", segir í örnefnaskrá. Fífilvellir ná yfir allstórt svæði norðaustan við Skjaldbreið, gætu verið nálægt einum ferkílómetra að stærð.

"...bendir nafnið til fagurgróins lands, en nú má heita, að þar sé auðn ein." GR II, 293 Fífilvellir eru nú nær samfelld, leirkennt moldarflag, sumsstaðar grýtt og víða hraunstampar og -bungur í því. Vitað er að í upphafi 20. aldar var þar enn svolítið graslendi í jöðrum.

Aldrei var gangnamannakofi á Fífilvöllum heldur var slegið þar upp tjöldum. Austast á völlum, sunnarlega, mótar fyrir hleðslum sem gætu verið e.k. tjaldhringir. Þeir eru samhliða og eiginlega samtengdir. Sá vestari er um 3 x 3 m, hringlaga en austar er óreglulegri hringur, um 4 x 5 m. Þeir eru báðir gerðir úr strjálum steinaröðum. Fast austan við þessa hringi eru augljós merki um mannvist, s.s. glerbrot og flöt leirbrot með glerjungu, líklega úr diskum. Um 250 m norður af þeim er stampur eða stór gjóta þar sem hestar gangnamanna voru geymdir. Stærð er um 10 x 20 m og dýpt líklega yfir 2 m en bakkarnir eru aflíðandi. Engar hleðslur voru við þennan geymslustað. Eina leiðin til að halda hrossum þar var að binda þau á streng, enda haglaust með öllu. "gamall tjaldstaður allt fram um 1925." GR II, 293 Sigurður og Gunnar hafa heyrt þá sögu frá manni í Laugardal að á Fífilvöllum hafi búið maður sem ekki var vel liðinn í byggð því hann átti fleiri en eina konu.

**Heimildir:** Göngur og réttir II, 254, 293; Ö-Grímsnesafréttur, 6**ÁR-713: 007** *Þjófahnúkur*

örnefni

64°19.763N 20°48.320V

Þjófahnúkur er í Þjófahrauni milli Skefilfjalla og Tindaskaga. Ekki er vitað hvernig nafnið er til komið.

**Hættumat:** engin hættu**ÁR-713:008** *Hamrasel* hellir sel

64°11.859N 20°57.716V

"Hamrasel er norðan við Driftarenda ca. 2 km. Þar eru gamlar seltóftir við helli, sem þar er og heitir Hamraselshellir. Í honum er snjór fram eftir sumri. Hellirinn er í hraunhól, sem er klofinn af grasi gróinni laut. [...] Þetta sel var frá Hömrum í Grímsnesi, sem var eign Skálholts. Neðan við hólinn [hraunhólinn hjá Hamraselshelli] í suðvestur er önnur laut gróin, og í henni miðri er gamalt vatnsból frá selinu", segir í örnefnaskrá. Hellirinn er 2,3 km norðvestur af gangnamannakofa í Kringlumýri (sjá 002) og um 400 m suðvestur af ferköntuðu, grjóthlöðnu skotbyrgi sem var hlaðið á seinni hluta 20. aldar.

Hamraselshæðir eru mjög grónar hraunhæðir sem smáhækka frá Driftarenda upp að Dímon, mikið er um mosa og lynggróður.



notaður líka, t.d. fyrir kindur eða mjólkurafurðir.

Hleðslur eru hins vegar við syðri hellismunnan. Hlaðið hefur Berg- eða hraungangur liggur eftir hrauninu frá norðri til suðurs. Hann hefur líklega fallið saman á um 15 m kafla og myndað þannig aflanga laut sem hefur gróið upp. Við báða lautarendana eru svo op undir hraunið, gegnt hvort öðru. Hamraselshellir er sá syðri og snýr því mót norðri. Hann er rúmlega 10 m djúpur en hellisopið um 5 m breitt. Austari helmingurinn er manngengur og vel það, nánast allt til enda. Vestari helmingurinn er lægri og ekki manngengur, enda er þar bergstallur sem fyllir næstum út í hellisopið. Framan við hellisopið er gróska mikil en smáminnkar þegar nær dregur nyrðri hellinum. Hann er minni og sjást þar engin mannvistarmerki eða hleðslur þótt vafalaust hafi hann verið

verið út frá vesturenda berggangsins, mest 3 umför grjóts. Veggurinn er 0,7 m hár og 2 m langur. Þá er lítið byrgi, næstum þríhyrningslaga, hlaðið frammi á brún á hellisþakinu, það er um 2 x 2 m og ekki gott að segja hvaða hlutverki það hefur gegnt. Það líkist einna helst smalbeyrgi. Hellirinn er á mörkum Þingvalla- og Grímsneshrepps. Þannig lágu refaskyttur úr hreppunum til skiptis á greni sem var við hellinn.

**Hættumat:** engin hætt

**Heimildir:** Ö-Grímsnesafréttur, 2

**ÁR-713:009** *Eyfirðingavegur* heimild um leið 64°22.152N 20°45.867V

"Eyfirðingavegur er gömul leið, sem lá frá Hofmannaflöt gegnum Goðaskarð, inn með Gatfelli að sunnan, norðan við Sandgíg, austur um skarðið milli Skjaldbreiðs og Tindaskaga, norðan við Skriðu, um Hlöðuvelli og Hellisskarð niður í Biskupstungur", segir í örnefnaskrá. Eyfirðingavegur lá af Kili um Hlöðuvelli sunnan við Hlöðufell. Árni Magnússon lýsir leiðinni svo laust eftir 1700: "Eyfirðingavegur norðan að gengur fram að Vatnahjalla. So láta þeir Eyfirðingajökul á vinstri hönd, en Kjalhraun á hægri. Koma so undir Skúta, sem sumir kalla Biskupsöldu. Skúti er skammt fyrir norðan Hvítárnes. Þar ríða menn yfir um ána fyrir norðan Bláfell. Síðan Bláfellsháls og láta Bláfell á vinstri hönd. So verða öll Biskupstungna- og Haukadalsfjöllin á vinstri hönd þar til menn koma að Hlöðufelli, sem er fyrir norðan Brúarárskörð og er eitt einstakt fjall skammt fyrir austan Skjaldbreið. So láta menn Skjaldbreið á hægri hönd en Klukku á vinstri og so þar niður með Álptaskarðafjöllunum og láta Sandkluftir á hægri hönd og koma so á Hofmannaflöt."

**Heimildir:** Ö-Grímsnesafréttur, 5; Árni Magnússon 1955, 44-45.

**ÁR-713:010** heimild um leið 64°09.886N 20°56.676V

"Ofan Driftar ganga Nautabrekkur í stöllum upp undir Prasaborgir. Undir brekkunum liggja leiðir þeirra sem fóru nær beinan veg upp frá Efri-Brú og út í Kringlumýri í rúningsrétt og fjallmannakofa Grímsnesinga", segir í bók Guðrúnar Ásu Grímsdóttur um leiðir á Lyngdalsheiði.

**Heimildir:** Guðrún Ása Grímsdóttir, 29

**ÁR-713:011** heimild um leið 64°11.428N 20°54.202V

Leið frá Þingvöllum í Laugardal er lýst á þessa leið í bók Guðrúnar Ásu Grímsdóttur um leiðir á Lyngdalsheiði: "Víst má telja að meginleið af Þingvöllum í Laugardal hafi fremur verið um grasvelli fyrir endann á Reyðarbarmi en austur úr Barmaskraði þar sem er um ógreitt hraun að ríða. Frá Barmshorninu lá leiðin suðaustur með stefnu á Haustrúguvörðu [003] sem er á norðurenda Lyngdalsheiðar suðaustur af Barmshorninu. Frá vörðunni sveigir leiðin til austurs og liggur að mestu um vallendi [svo] suðaustan undir Lyngdalsheiði milli heiðarjaðarsins og Vallanna sem svo eru kallaðir, Laugarvatnsvellir og Beitivellir, grösugra vallendisflata með vötnum sem liggja austan undir Stóra-Reyðarbarmi og Kálfstindum. Göturnar liggja með heiðinni sunnan Vallanna og stefna á hálsinn sem gengur undan Laugarvatnsfjalli vestan við Laugarvatn." Guðrún telur líklegt að Hjalti Skeggjason og Gissur hvíti hafi farið þessa leið á leið úr Rangárþingi á Þingvöll, sbr. Kristni sögu. Ennig telur hún að höfundur Njálu hafi þekkt leiðina, enda segir að Flosi hafi áð á Beitivöllum á leið á þing eftir brennuna á Bergþórshvoli.

**Heimildir:** Guðrún Ása Grímsdóttir, 15-16

**ÁR-713:012** *undir Kerlingu* heimild um náttstað 64°22.167N 20°45.175V

Þriðji Tjaldstaður (hinir tveir eru Fífilvellir og Kringlumýri) austurleitar Grímsnesinga var undir Kerlingu sem er sandhnúkur sunnan undir Skjaldbreið.

Á sama stað gistu einnig 3-4 Laugdælingar. Eyfirðingavegur liggur um þenna stað.

**Heimildir:** Göngur og réttir II, 254, 257

## 5. Fornleifar og byggð

Sá hluti Grímsness sem kannaður var sumarið 2001 er austan Borgar en norðan Hestvatns að mestu. Þessi hluti sveitarinnar er votlendur og rís ekki hátt. Raunar er aðeins eitt fjall sem að kveður, móbergshryggurinn Mosfell (254 m y.s.). Þó tekur syðsti hluti Vatnsness yfir hluta af Hestfjalli en syðri mörk jarðarinnar eru á nyrsta og hæsta punkti þess, um svonefnd Hesteyru. Sá hluti sveitarinnar sem kannaður var sumarið 2001 er einsleitari en þeir hlutar sem áður voru skráðir og jarðir almennt minni að flatarmáli. Landslagið er að mestu samfelldar mýrar með stökum móaholtum á milli þótt grjótásar fyrirfinnist, t.d. í löndum Eyvíkur og Galtar við Hestvatn. Má segja að mýrlendi fari vaxandi eftir því sem ofar og austar dregur í Grímsnesi. Brúará rennur með sveitinni austanverðri en sameinast Hvítá sunnan Skálholtstungu, við Hjarðarnes sem er í landi Hamra. Heiðlendi er á nokkrum stöðum, einkum í landi Neðra-Apavatns sem nær alla leið að Þrasaborgum, hæsta punkti Lyngdalsheiðar. Einnig er heiðalandslag í landi Þóroddsstaða og Svínavatns en til einföldunar má segja að það sé aðeins svæði sem er norðan Biskupstungnabrautar en vestan Þjóðvegarins norður að Laugarvatni. Þrjú vötn eru í þessum hluta sveitarinnar, Apavatn, Svínavatn og Hestvatn en annars engin meiri háttar vatnsföll utan Brúará og Hvítár. Lækir eru flestir upprunnir í mýrum en nokkrir koma undan Lyngdalsheiði. Engin hraun hafa runnið í þessum hluta sveitarinnar, enda eldstöðvar allar sunnar og vestar. Sumarbústaðarhverfi eru mörg, t.d. í löndum Ormsstaða, Þórisstaða og Svínavatns. Víða hefur verið skipulögð aukin frístundabyggð og má því reikna með að hún vaxi á komandi árum þótt enn sé hvergi nærri eins þéttbýlt og víða í vesturhluta Grímsness. Skógrækt er hvergi teljandi nema á Stóra-Mosfelli en þar hafa stórkostleg landspjöll verið unnin í nafni trjáræktar á síðustu árum. Móar og holt hafa verið plægð upp og lækir grafnir úr farvegum sínum og renna nú í þráðbeinum skurðum í Stangarlæk. Enn eru græðlingar ekki farnir að vaxa að ráði en reikna má með að ásynnd landslags á Stóra-Mosfelli eigi eftir að taka stakkaskiptum á komandi áratugum.

### *Bæjarhólar og bæjarstaði*

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr byggingarefni, torfi og grjóti, gólflögum sem hafa hlaðist upp í tímans rás og öskuhaugum og geta orðið á fjórða metra á þykkt. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna og þar eru mestar líkur á að finnist merkir gripir. Bæjarhólar eru því langmikilvægustu minjastaðirnir en jafnframt þeir sem einna verst hafa

farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld. Ný bæjarhús eru oft reist á sama stað og bæirnir hafa staðið um aldir. Þar sem kjallarar eru niðurgrafnir geta minjarnar í hólnum gereyðilagst.

Sumarið 2001 voru skráðir 22 bæjarhólar og 7 bæjarstæði að auki. Þeir bæjarhólar sem ætla má að séu í bestu ástandi eru á Neðra-Apavatni (**415-001**), Þóroddsstöðum (**416-001**), Minnibæ (**419-001**), Sólheimum (**449-001**) og Vatnsholti (**457-001**). Aðeins hefur verið byggt á þeim síðastnefnda í seinni tíð og er ekki búið í því húsi lengur. Það var með handgröfnum kjallara. Á Reykjanesi er einnig vel varðveittur bæjarhóll (**453-001**) en hann er í töluverði hættu vegna vatnsrofs. Tveimur bæjarhólum var ýtt út vorið 2001 vegna byggingaframkvæmda og ræktunar, það var á Ormsstöðum (**446-001**) og Stærribæ (**418-001**). Áður hafði verið sléttað úr hólum á Þórisstöðum (**452-001**). Bæjarhólar sem líklega eru stórskemmdir vegna bygginga eru á Minniborg (**421-001**), Vatnsnesi (**447-001**), Kringlu (**450-001**), Bjarnastöðum (**451-001**), Stóra-Mosfelli (**455-001**) og Haga (**458-001**). Á öllum þessum bæjarhólum hefur verið byggt í seinni tíð og á flestum stöðunum eru annaðhvort kjallarar eða niðurgrafið útihús eins og t.d. hlöður. Á Minna-Mosfelli má ætla að bæjarhóllinn (**454-001**) sé mikið skemmdur vegna trjáræktar en mikið hefur verið gróðursett á honum í seinni tíð.

Á þeim bæjum bæjarhólum sem ekki hafa verið nefndir hér að ofan hefur yfirleitt verið byggt þótt á sumum staðanna hafi þau hús nú verið rifin. Hvergi er um að ræða byggingar sem grafnar hafa verið niður í hólinn. Þetta á þá við um Svínavatn (**417-001**), Brjánsstaði (**420-001**), Gölt (**444-001**) og Sel (**456-001**).

Þau bæjarstæði sem skráð voru eru yfirleitt af hjáleigum jarðanna. Ritheimildir eru til um Hamrakot (**448-005**), Hagavöll (**458-008**), Mosfellssel (**455-020**) og Gilsbakka (**421-005**). Bæjarstæði Hamrakots, sem var í túni Hamra, hefur nú verið sléttað út. Sama má segja um Gilsbakka í landi Minniborgar og Hagavöll við túnfótinn í Haga. Örnefnið Lónakot (**448-041**) í landi Hamra bendir til annarrar hjáleigu þar en það er algerlega óstaðfest og ekki hafa fundist um það ritaðar heimildir aðrar en getgátur manna snemma á 18. öld.<sup>11</sup> Þar mótar fyrir tóftabrotum. Algerlega óskemmt er hins vegar bæjarstæði á Þórnyjarhól (**416-011**) í landi Þóroddsstaða. Ekki er ljóst hvort þar er komið gamla bæjarstæði Þóroddsstaða eða hvort þar hefur verið hjáleiga til skamms tíma. Leifar Stóra-Mosfellssels eru vel varðveittar en líklega hefur verið föst búseta þar um tíma. Tóftir svonefnds Kots (**455-019**) í landi Stóra-Mosfells hafa ekki orðið fyrir skemmdum af mannavöldum en eru reyndar alveg signar og illsjáanlegar.

---

<sup>11</sup> JÁM II, 335

Nokkrar tóftir sem ýmist heimildamenn bentu á eða fundust við vettvangsskoðun gætu verið af gömlum bæjarstæðum en úr því fæst þó vart skorið nema með fornleifarannsókn.

Merkastur þessara staða er án efa Hlífarstaðir (**456-033**) í landi Sels, þar er stór og mikill rústahóll og garðlag umhverfis. Annarra staða var getið í byggðasögu á bls 8. Við það má bæta að skráðar voru þrjár fornlegar tóftir sem eru alveg óþekktar og reyndar mjög óljósar, ein í Eyvík (**445-036**) en tvær á Stærribæ (**418-012**).

### *Útihús og túngarðar*

Útihús í túnum og nærri bæjum eru víða horfin vegna seinni tíma rasks á vélaöld, einkum túnasléttunar og byggingarframkvæmda. Á mörgum bæjum sjást engar leifar gamalla útihúsa úr torfi og grjóti. Í þeim flokki eru Minniborg, Brjánsstaðir, Stærribær, Minnibær, Þórisstaðir, Kringla, Vatnsnes, Bjarnastaðir, Svínavatn og Þóroddsstaðir. Þrátt fyrir þetta eru yfirleitt þekktir staðir þar sem vitað er að útihús hafa staðið, ýmist með hliðsjón af túnakortum sem gerð voru nálægt 1920 eða eftir ábendingum heimildamanna.

Víða eru varðveittar tóftir útihúsa, flestar á stöðum þar sem búskapur hefur ekki verið stundaður að ráði á 20. öld. Þar sem það á ekki við er yfirleitt um að ræða tóftir á aukatúnum sem eru utan þeirra túna sem hafa verið sléttuð með stórvirkum vinnuvélum og algengast er að það séu fjárhústóftir. Þetta á t.d. við á Neðra-Apavatni, Hömrum og í Eyvík. Dæmi um framúrskarandi varðveislu útihúsatófta er á Minna-Mosfelli en þar lagðist búskapur af á 20. öld. Alls eru þar varðveittar sex tóftir í túni auk réttar við túnfótinn og hluta túngarðs. Uppistandandi útihús með hlöðnum veggjum eru á Seli (**456-003**) og Gelti (**444-002**). Túngarðsleifar eru á Minna-Mosfelli (**454-014**), Seli (**456-013**), Gelti (**444-030**), Hömrum (**448-007**) og Eyvík (**445-006**) en sá bútur er áfastur gamalli hesthústóft. Þá er heillegur garður hlaðinn með Neðra-Apavatnstúni austanverðu (**415-038**) en líkur eru á að hann hafi fyrst verið gerður milli 1915-1920.

### *Mótekja og torfrista*

Mór var tekinn víða á skráningarsvæðinu en var auðvitað misgóður. Torfristustaðir má ætla að hafi verið óteljandi, enda mýrlendi mikið á jörðum í austanverðu Grímsnesi og þar hefur torf líklega oft verið helsta byggingarefnið. Þessir staðir eru þó ekki allir þekktir nú og jafnvel þótt vitað sé hvar torf var rist sjást þess yfirleitt engin merki. Þekktir torfristustaðir eru í Seli (**456-023**), á Ormsstöðum (**446-007**), Brjánsstöðum (**420-010**) og í Eyvík (**445-019**).

Vitað er að torfrista var í Haga (**458-015**) og kemur ekki á óvart; hinsvegar er ekki vitað hvar það var nákvæmlega. Þá benda örnefni til torfristu á Gelti (**444-025**) og í Vatnsholti (**457-015**).

Alls voru skráðir 18 mótekjustaðir á svæðinu og dreifðust þeir á rúmlega helming jarðanna eða 12 af 22. Á Hömrum er alls þekktir 4 mótekjustaðir (**448-003, -004, -047, -052**) en annars er yfirleitt um að ræða aðeins einn þekktan stað á hverri jörð. Þó eru dæmi um, t.d. í Vatnsholti, að aðeins sé örnefni sem minnir á mótekju (**457-014**). Mestar sjáanlegar mógrafir eru í Grafarbásum á Bjarnastöðum (**451-006**) og við sunnanvert Apavatn (**415-039**), í landi Neðra-Apavatns.

### *Stekkir og kvíar*

Alls eru heimildir um 15 stekki á skráningarsvæðinu og voru þeir á 13 jarðanna. Þar að auki voru skráðar tóftir sem vel gætu hafa verið stekkir en það er erfitt að staðfesta. Einungis tveir þeirra stekkjanna sem heimildir voru um eru mjög vel varðveittir, annar á Brjónsstöðum (**420-017**) og hinn á Minnibæ (**419-004**). Ástæðan fyrir þessu er þó hvorki sú að fráfærur hafi lagst af óvenju snemma í austurhluta Grímsness né að bændur þar hafi verið iðnari við túnrækt en annarsstaðar. Flestir stekkjanna hafa verið byggðir í mýrum, sumir úr torfi eingöngu og það segir sig sjálft að slíkar tóftir hverfa fyrr en þær sem eru grjóthlaðnar á fastri undirstöðu. Dæmi um mjög signar stekkjartóftir má finna á Seli (**456-016**), Minna-Mosfelli (**454-012**), Neðra-Apavatni (**415-011**) og Hömrum (**448-028**). Það er athyglisvert að á öllum þessara staða eru 2-3 mjög líkar tóftir og má ímynda sér að þegar gamli stekkurinn var farinn að sökkva í mýrina hafi einfaldlega nýr verið byggður hjá honum. Þrír stekkir hafa horfið vegna síðari tíma rasks, í Haga (**458-013**) og á Ormsstöðum (**446-019**) vegna túnræktar og á Svínavatni hvarf stekkur í malarnám (**417-012**). Þá er stekkur á Reykjanesi óðum að hverfa í Brúará (**453-008**). Í Vatnsholti er örnefnið Stekkatún (**457-013**) en ekki fundust þar ummerki um stekk. Á Neðra-Apavatni hefur beitarhús verið byggt á stekkjarsæði í seinni tíð og sést því stekkurinn ekki lengur (**415-017**).

Til þessa hafa fáar heillegar kvíatóftir fundist í Grímsnesi og er austurhluti sveitarinnar þar engin undantekning. Ástæðan fyrir þessu er fyrst og fremst sú að kvíar voru gjarnan í túnnum eða við túnjaðra og hafa því margar þeirra horfið undir túnrækt eftir að vélaöld gekk í garð. Þá má geta sér þess til að notkun færivía hafi verið útbreidd í seinni tíð. Sumarið 2001 voru ekki skráðar neinar tóftir sem með vissu eru kvíar. Þó má nefna að mjög líklegt er að ær hafi verið mjólkaðar í rétt sem er við túngarðinn á Minna-Mosfelli (**454-007**)

og vitað er að mjaltir fóru fram í rétt skammt utan túns í Eyvík (**445-029**) en sú rétt var einnig notuð til annarra verka. Að öðru leyti eru það aðeins örnefni sem geta bent til kvía og þau eru nokkur. Stöðlar eru á fjórum bæjum: Í Vatnsholti (**457-008**), á Stærribæ (**418-011**), Svínavatni (**417-016**) og Minna-Mosfelli (**454-009**) og Kvíaflöt er á Gelti (**444-010**).

### *Beitarhús og sel*

Af heimildum að dæma hafa verið sel á 10 jarðanna. Það vekur furðu að sel hafi verið á jafn litlum og mýrlendum jörðum og Vatnsholti, Haga og Bjarnastöðum en til þess benda einkum örnefni. Á móti má benda á að selbúskapur hefur lítið verið rannsakaður og má vera að algengasti skilningur hugtaksins eigi ekki alltaf við. Miklar seltóftir eru á Stóra-Mosfelli (**455-020**) en þar hefur verið höfð föst búseta um tíma, t.d. er staðurinn merktur sem bær á herforingjaráðskorti frá 1908. Óljósar tóftir sels eru undir Selhöfða í landi Neðra-Apavatns, nálægt rötum Lyngdalsheiðar (**415-018**). Sigin tóft er á Selholti í Hagalandi (**458-011**) og í landi Ormsstaða eru miklar tóftir á Selhöfða (**446-021**) en þar hafa reyndar verið byggð beitarhús í seinni tíð og gera tóftir þeirra erfitt um vik að átta sig á eldri byggingaleifum. Síðast en ekki síst eru hleðsluleifar við Hamraselshelli (**713-008**) á Grímsnesafrétti, nálægt mörkum Þingvallahrepps. Þar áttu Hamrar selstöðu, líklega meðan Skálholtsstóll rak þar bú. Fyrir utan þá staði sem hér hafa verið upptaldir benda örnefni til selja í Vatnsholti (**457-011**), á Gelti (**444-022**) og á Seli (**456-026**) en þar er reyndar mögulegt að nafn Sellækjar stafi einfaldlega af heiti jarðarinnar. Þá er sagt frá seltóft á Minnibæ (**419-010**) en hún fannst ekki þrátt fyrir töluverða leit og virðist enginn kannast við hana. Síðast en ekki síst er stórt holt sem heitir Selholt (**420-007**) á mörkum Eyvíkur, Brjánsstaða og Minnibæjar. Þar sjást nú engar tóftir en lítið tún hefur verið ræktað á holtinu í seinni tíð.

Beitarhús hafa verið á næstum hverjum bæ og mjög oft á fleiri en einum stað. Þó er ekki vitað um beitarhús á Svínavatni, Minnibæ eða Reykjanesi. Of langt mál væri að telja hér upp allar beitarhúsatóftir á skráningarsvæðinu, enda eru þau líklega stærsti minjaflokkurinn fyrir utan útihús í túni og sá sem er einna best varðveittur. Langflestar þeirra beitarhúsatófta sem skoðaðar voru á vettvangi eru unglegar og hafa sum húsanna verið notuð fram yfir miðja 20. öld. Flest voru beitarhúsin á Stóra-Mosfelli, Seli, Eyvík og Stærribæ. Á þeim jörðum, þar sem mýrlendi er hvað mest, er algengt að beitarhúsin hafi verið byggð á þurrum móaholtum sem oft standa stök á mýrarflæmum. Afgirtir túnblettir umhverfis beitarhús hafa verið í Vatnsnesi (**447-015**), á Stærribæ (**418-017**) og á Neðra-Apavatni (**415-017**).

## *Kuml og kirkjur*

Ekki hefur fundist heillegt kuml á skráningarsvæðinu svo vitað sé. Þó má nefna að á Neðra-Apavatni hafa fundist forn spjótsoddur og axarblað spölkorn frá bæ. Axarblaðið glataðist en spjótsoddurinn er varðveittur í Þjóðminjasafni. Þótt ekki sé vitað um mannabein í námunda við þessa muni er ekki útilokað að þeir komi úr heiðinni gröf, enda keimlíkir því haugfé sem oft hefur fundist í kumlum.

Sóknarkirkja hefur lengi verið á Mosfelli, um hana eru ritheimildir allt frá 12. öld og er hún enn í fullu gildi. Þar er nú timburkirkja sem byggð var 1848 og hefur verið vel við haldið á síðustu áratugum. Heimildir eru um kirkjur á Neðra-Apavatni og Hömrum. Á þessum stöðum sjást engar leifar húsa eða kirkjugarða og er raunar ekki vitað með vissu hvar kirkjurnar hafa staðið. Á báðum bæjunum hafa þó komið fram mannabein við rask á 20. öld, suðaustan Hamrabæjarins (**448-031**) en sunnan við gamla íbúðarhúsið á Neðra-Apavatni (**415-025**). Telja má að þessir fundir gefi góðar vísbendingar um staðsetningu kirkjanna og grafreitanna. Sagnir eru um að bænhús hafi verið í Reykjanesi. Þar er ólögulegur rústahóll (**453-006**) skammt frá bæjarhólnum gamla en vart verður úr því skorið nema með rannsókn hvort bænhússögnin á við rök að styðjast.

## *Leiðir*

Eins og gefur að skilja er mikið verk að skrásetja allar gamlar leiðir svo vel sé, ekki síst í flötu og hindranalausum landslagi eins og í Grímsnesi. Í fornleifaskráningu er lögð áhersla á að staðsetja þær leiðir sem getið er um í örnefnalýsingum en meirihluti þeirra lá milli bæja. Þó er getið um nokkrar leiðir sem geta talist þjóðleiðir.<sup>12</sup> Þeirra merkust er vafalaust leið milli Skálholts og Þingvalla sem var fjölfarin um aldir. Hún lá yfir ferju á Spóastöðum, norður fyrir Mosfell, áfram vestur yfir Stangarlæk og yfir Lyngdalsheiði norðaustanverða í stefnu á Þingvöll. Önnur gömul ferðamannagata af bæjum í austanverðu Grímsnesi lá til vesturs með Stangarlæk vestan við mót hans og Skolalækjar, og yfir Stangarlæk í Skógavaðstanga og áfram út í Lyngdalsheiði (**417-029**). Enn ein gata sem vert er að nefna (**447-011**) lá úr austanverðu Grímsnesi og uppsveitum suður á bóginn, t.d. að verstöðvum á suðurströndinni.

---

<sup>12</sup> Rit um gamlar leiðir á svæðinu eru tvö: *Leiðir Skálholtsbiskupa um Lyngdalsheiði* eftir Guðrúnu Ásu Grímsdóttur og lokaritgerð Margrétar Valdimarsdóttur í landafræði við Háskóla Íslands: *Land og leiðir: breytingar samgönguleiða í Grímsnesi á 20. öld.*

Þá var farið hjá Vatnsnesi og til suðurs með vesturhlíð Hestfjalls. Þvínæst var sundlagt yfir Hvítá ýmist hjá Kiðjabergi eða Arnarbæli en væntanlega hafa fótgangandi ferðalangar tekið ferju.

Á afrétti Grímsnesinga eru tvær gamlar leiðir sem vert er að nefna. Skessubásavegur (713-005) lá af Hlöðuvöllum milli Mófella eystra og vestra og undri Sköflungahálsi og norður fyrir Skjaldbreið skammt sunnan við Fífilvelli. Leiðin lá um úfin hraun hjá Björnsfelli og í átt að Hróðurkörlum, úfnum hraundröngum suðvestan undir Þórisjökli í stefnu á Kaldadal. Eyfirðingavegur (713-009) er önnur gömul leið sem lá frá Hofmannaflöt gegnum Goðaskarð, inn með Gatfelli að sunnan, norðan við Sandgíg, austur um skarðið milli Skjaldbreiðar og Tindaskaga, norðan við Skriðu, um Hlöðuvelli og Hellisskarð niður í Biskupstungur.

## 6. Niðurstöður

### Tölfræði og hættumat

Með þessari skýrslu er lokið skráningu fornleifa í Grímsneshreppi. Ætla má að með skýrslunum I-III fáist mjög gott yfirlit um dreifingu og ástand fornleifa í sveitinni. Ekki er þar með sagt að skýrslurnar séu tæmandi, enda leynast fornleifar víða. Gengið var á alla þekktu minjastaði og við þá yfirreið fundust nokkrir staðir sem áður voru óþekktir.

Heildarfjöldi skráðra minjastaða í Grímsnesi er 1181. Hér á eftir fylgja nokkrar staðreyndir um eðli og ástand þessara minja, þ.e. þær sem á annað borð var unnt að flokka:

aftökustaður	2	hrútakofi	2	rista	17
áfangastaður	6	huldufólks-		samgöngubót	8
áningarstaður	1	bústaður	9	sel	25
áveita	25	kálgarður	2	skemma	5
bað	3	kirkja	8	skotbyrgi	2
beitarhús	78	kolagröf	2	skrímsli	1
brunnur	11	kvíar	17	smalakofi	8
brú	6	lambhús	6	smiðja	1
bústaður	5	landamerki	8	stekkur	36
býli	16	legstaður	11	sundlaug	1
bænhús	5	leið	85	sæluhús	1
eyktamark	2	leikvöllur	1	traðir	19
ferja	12	lending	3	tún	1
fjárhús	72	lögn	5	túngarður	20
fjárskýli	25	manndómsraun	1	útihús	120
fjós	5	mógrafir	42	vað	47
herminjar	1	mylla	4	vatnsból	7
hesthús	22	naust	1	vörslugarður	7
heygarður	4	nátthagi	2	þingstaður	2
heystæði	1	náttstaður	4	þvottalaug	3
hjallur	1	óþekkt	13	þvottastaður	9
hlaða	4	refagildra	6	öskuhaugur	1
hlóðir	1	rét	36		

- Tóftir sjást á 322 stöðum.
- 249 minjastaðir eru með öllu horfnir, langflestir vegna túnasléttunar eða 137. Næstalgengasta orsökina eru byggingar en aðrar algengar ástæður eru vatnsrof, vegagerð og niðurrif.
- Hættumat var gert fyrir alla minjastaði og skiptist þannig að 465 staðir eru ekki sjáanlega í neinni hættu, 608 staðir eru teljast í hættu og 26 staðir í stórhættu. Langflestir staðanna sem hætta steðjar að eru í námunda bæja eða sumarbústaða eða um 500. Aðrar algengar hættuorsakir eru trjárækt, malarnám og vatnsrof.

Eftirtaldir staðir eru í mikilli hættu og á sumum þeirra verður vart hjá því komist að gera ráðstafanir þeim til verndar:

- **427-007** Sel á Hæðarenda. Þar eru miklar tóftir fast upp við sívaxandi sumarbústaðabyggð og er sumsstaðar búið að gróðursetja í garðlag sem umlykur þær að hluta.
- **415-040** Kolagrafir í Apavatnsnesi. Rannsókn á kolagröf sem fannst þegar grafið var fyrir rotþró árið 1991 þótti benda til að fleiri kolagrafir gætu verið í námunda (sjá bls. 18). Mjög fáar kolagrafir eru þekktar á skráningarsvæðinu og því nauðsynlegt að kanna staðinn betur og fara varlega í frekari byggingar á svæðinu sem og skógrækt, enda geta rætur trjáa grafið sundur jarðveg og raskað fornminjum.
- **432-004** Stekkatún á Syðri-Brú v/ malarnáms í Skriðunni.
- **433-016** og **036-038** beitarhúsatóftir við Sogsveg. Í hættu vegna nálægðar við veginn og sumarbústaði sem í námunda eru.
- **427-016** unleg fjárhústóft á Hæðarenda og **457-006** beitarhús í Vatnsholti. Geymsluhús hafa verið byggð inni í báðum tóftunum og hluti veggja rifinn þess vegna.
- **439-024** fjárborg í nýræktartúni skammt frá bænum Vaðnesi. Nýverið var land plægt upp umhverfis hana og þarf að gæta þess í framtíðinni að henni verði ekki raskað.
- Fjöldi tófta í landi Stóra-Mosfells er í hættu vegna hinnar stórfelldu trjáræktar sem þar fer fram. Fjarlægja þyrfti græðlinga þar sem þeir hafa verið gróðursettir í vegg og sjá til þess að í framtíðinni séu ekki sett niður tré í námunda við tóftir.
- **435-45** Miðhúshóll í Öndverðarnesi. Þar er beitarhúsatóft aðeins 5 m frá sumarbústað og búið er að fylla hana upp með allskyns rusli.

## Varðveisla og kynning minja

Hér á eftir er gerð lokatillaga um verndun og kynningu fornleifa í Grímsnesi öllu. Þeir staðir sem nefndir voru í samsvarandi köflum í skýrslum I-II hafa verið endurskoðaðir með hliðsjón af heildarmynd sveitarinnar.

Grímsneshreppur hefur sérstöðu að mörgu leyti. Þar er þéttari sumarhúsabyggð en nokkursstaðar á landinu og fyrirsjáanlegt að hún aukist enn á komandi árum og áratugum. Sveitin er nálægt mestu þéttbýliskjörnum á landinu og beggja vegna hennar eru frægustu og fjölsóttustu sögustaðir landsins: Þingvellir og Skálholt. Tómsundur af ýmsu tagi er hægt að iðka á svæðinu, jafnvel í meira mæli en annarsstaðar. Þannig t.d. hafa verið reistar sundlaugar og golfvellir gerðir þar sem áður voru óræktartún.

Kynning fornleifa fyrir almenningi er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en flestar aðrar þjóðir og mjög margir hafa áhuga á sögu og fornleifafraeði. Menningartengd ferðaþjónusta er nýtt hugtak hér á landi en verður vafalaust vaxandi atvinnugrein á komandi árum. Ljóst er að þeir bændur sem stunda ferðaþjónustu í Grímsnesi gætu aukið mjög á gildi útivistar á jörðum sínum með því að kynna örnefni og minjar fyrir gestum. Sama má segja um jarðir þær sem nú eru í eigu einstaklinga sem ekki stunda búskap eða félagasamtaka og undirlagðar af sumarbústöðum að miklu leyti. Ekki þarf mikill tilkostnaður að fylgja kynningu minjastaða. Sumstaðar væri til mikilla bóta að setja upp skilti með upplýsingum um minjastaðina, aldur þeirra og tilgang. Þetta á einkum við þar sem umferð fólks er mikil, t.d. við sumarbústaðahverfi og skipulögð útivistarsvæði eins og golfvelli. Annarsstaðar gæti fornleifarannsókn bætt mikilli vitneskju um staði sem takmörkuð vitneskja er um. Þá mætti hugsa sér að skipuleggja gönguleiðir með tilliti til fornleifa þar sem viðkomustaðir væru vandlega merktir og jafnvel væri hægt að nálgast lítinn bækling með upplýsingum, t.d. á Borg eða í öðrum þjónustumiðstöðvum.

Hér verða taldir upp staðir sem hafa mikið varðveislugildi og henta flestir annaðhvort eða bæði til rannsókna eða kynningar. Þessum minjastöðum hafa öllum verið gerð skil í einhverri skýrslanna I-III og eru nánari lýsingar þar, í fornleifaskránum. Þá er gefið upp hættumat fyrir hvern stað.

Staðir með mikið minjagildi sem henta til varðveislu, rannsókna og kynningar:

Tegund	Heiti/nr.	hættumat	hentar til rann- sóknna/kynningar	Aðrar athuga- semdir
<b>Bæjarhólar</b>	Neðra-Apavatn (415-001)	hætta v/ ábúðar	X/	Vel varðveittur bæjarhóll
	Hamrar (448- 001)	hætta v/ ábúðar	X/	Stór bæjarhóll, að hluta óskemmdur
	Reykjanes (453- 001)	engin hætta	X/	Heilleg bæjartóft
	Foss (424-001)	hætta v/ábúðar	X/	Tóftaleifar, lítið skemmdur bæjarhóll.
	Snæfoksstaðir (438- 001)	hætta v/ trjáræktar	X/X	Óskemmdur bæjarhóll auk leifa kirkjugarðs.
	Hverakot (449-001)	hætta v/ ábúðar	X/	Heillegur bæjarhóll.
<b>Heil og óspillt túnstæði</b>	Suðurkot (437-001)	hætta v/ábúðar	X/X	Frábærlega varðveitt bæjartóft, fjöldi útihúsatófta.
	Hraunkot (440-001)	hætta v/ábúðar	X/X	Bæjar- og útihúsatóftir, miklir kynningarmöguleikar
	Gíslastaðir (443- 009)	engin hætta	/X	Fögur staðsetning, miklar tóftir en ekki mjög gamlar.
	Þórnýjarhóll á Þóroddsstöðum (416-011)	engin hætta	X/X	Lítill sem engin vitneskja er um þennan stað, þar er bæjartóft og nokkur útihús.
	Stóra-Mosfellssel (455-020)	hætta v/ trjáræktar	X/X	Selrústir, þarna var einnig býli um tíma.
	Smiðsnes í Hraunkotslandi (440-015)	engin hætta	X/X	Heil bæjartóft, engin útihús
<b>Garðlög</b>	Biskupagarður (443-014)	stórhætta v/rasks	/X	Nálægt þéttbýlu sumarhúsasvæði.
	túngarður, Klausturhólum (425-018)	hætta v/ ábúðar		Ómetanleg heimild um horfið verklag, mikið varðveislugildi
	túngarður, Miðengi (434-020)	hætta v/ ábúðar		Jafnheillegasti túngarður á skráningarsvæðinu
	Garður frá Norðurkoti að Selvík (435-038)	stórhætta v/ ábúðar		Garðurinn er okkinn í jörð og víða horfinn. Vísbending um horfna búskapar- hætti.
<b>Sel</b>	á Búrfelli (428-025)	engin hætta	X/X	Yngstu og heillegustu seltóftir í Grímsnesi
	Undir Selhól á Hæðarenda (427- 007)	hætta v/ ábúðar	X/X	Í sumarhúsabyggð. Miklar tóftir auk garðlags.

<b>Beitarhús</b>	Markabrekknahús (425-054)	hætta v/ ábúðar	X/X	Margar tóftir misgamalla húsa
	á Kotstekkatúni v/ Búrfellslæk (428-027)	engin hætta	X/	Sama
	Frá Ásgarði, austan Sogsvegur (433-016 og 036-038)	hætta v/ ábúðar	X/X	Sama. Á þessum stað eru einnig leifar upphlaðins vegar, Kóningsvegur (433-015)
	Á Hólsstekkjartúni, Efri-Brú (430-025)	engin hætta	X/	Fornlegar fjárhúsatóftir
<b>Kirkjur og samkomustaðir</b>	Á Klausturhólum (425-025)	hætta v/ ábúðar	X/	Margt úr skorðum eftir jarðskjálfta
	Á Snæfoksstöðum (438-006)	hætta v/ trjáræktar	X/X	Friðlýstur staður, illa hirtur og ómerktur
	Þinggerði á Minni-Borg (423-009)	hætta v/ ábúðar	X/X	Staður sem á sér enga hliðstæðu í Grímsnesi og þótt víðar væri leitað.
	Kirkjutóft í Vaðnesi (439-016)	engin hætta	X/	Meint kirkjutóft á óvenjulegum stað, langt frá bæ.
	Rústahóllinn Snúður í Reykjanesi (453-006)	engin hætta	X/	Munnmæli um kirkju sem hvergi er getið í heimildum.
	Blasíusvöllur í Ásgarði (433-006)	hætta vegna ábúðar	X/	Örnefni benda til kirkju
	Kirkjuhóll í Arnarbæli (441-030)	stórhætta vegna ábúðar	X/	Örnefni bendir til kirkju, fundist hefur þar tinkross.
	Bænhús á Efri-Brú	hætta vegna ábúðar	X/X	Heimildir um bænhús, staðsetningin er þekkt.
<b>Annað</b>	Herminjar á Kaldárhöfða (431-035)	hætta vegna ábúðar	/X	Einu skráðu herminjarnar í Grímsnesi
	Grænhóll á Brjámsstöðum (420-008)	engin hætta	X/	Ummerki gætu bent til búsetu.
	Aftanköld á Klausturhólum (425-063)	engin hætta	X/X	Ummerki benda til búsetu.
	Græuborgir á Hömrum (448-049)	engin hætta	X/	Alveg óþekktar tóftir, óvenjuleg rústaþyrping. Hér er rannsóknar þörf.
	Rjómabú á N-Apavatni (415-046)	engin hætta		Óspilltar leifar rjómabús. Mikilvæg menningarsöguleg heimild
	tóftir og garðlag í Hraunkoti (440-014)	hætta v/ mannaferða	X/	Alveg óþekktar tóftir
	Svönkubæli í Öndverðarnesi (435-044)	hætta v/ ábúðar	X/	Óþekkt tóft sem gæti verið af smábýli

	Stekkjarholt á Svínavatni (417-005)	engin hætta	X/	Miklar tóftir, enginn venjulegur stekkur.
	Hlífarstaðir á Seli (456-033)	engin hætta	X/X	Óvenju vegleg og fornleg tóft umlukin garðlagi. Staðurinn er ekki þekktur af heimildum.
<b>Stekkir</b>	Stekkur í Hraunkoti	hætta v/ mannaferða	/X	Tóftin er fast upp við golfvöllinn og hentar því til kynningar.
	Stekkur í Kiðjabergi	hætta v/ mannaferða	/X	Heillegasta og líklega yngsta stekkjartóft í Grímsnesi, fast við golfvöllinn.

### Friðlýstir staðir eru þessir:

- I. Garðlag og svæði við Blótbjörk í landi Bjarkar (422-022).
- II. Biskupagarður á Kiðjabergi (443-014).
- III. Rústir kirkju og kirkjugarðs á Snæfoksstöðum (438-006).
- IV. Goðhólstún á Klausturhólum (425-009).
- V. Rúst af geymsluhúsi Skálholtsmanna á Kaldárhöfða (431-026).
- VI. Fornlegur hringur í túninu á Kringlu (450-008).
- VII. Tóftin Vopnahús í Neðra-Apavatnstúni (415-042).

Allir staðirnir voru friðlýstir 1927 nema kirkjugarðurinn 1966. Ástand þessara minja er misjafnt. Biskupagarðurinn hefur verið mikið skemmdur við veglagningu. Goðhólstún hefur breytt um svip, enda eru rústir sem sáust á því áður horfnar undir tún. Tóftirnar á Neðra-Apavatni, Kringlu og Kaldárhöfða eru allar óskemmdar en verða auðvitað ógreinilegri eftir því sem árin líða. Sama má segja um garðlagið forna við Blótbjörk. Kirkjugarðurinn á Snæfoksstöðum er í þökkalegu ástandi þótt nauðsynlegt sé að hirða betur um hann með slætti og merkingum.

### Tvær tillögur að merktum göngleiðum

I. *Gönguleið um Hraunkotsland*. Minjastöðum í Hraunkotslandi hefur enn lítt verið spillt þrátt fyrir mikla sumarhúsabyggð. Þeir eru fjölbreytilegir og gefa mjög góða hugmynd um búskaparhætti á 19. og fram á 20. öld. Viðkomustaðir gætu verið á þessa leið:

- Túnstæði Hraunkots en í því stendur nú þjónustumiðstöð sumabústaðaeigenda. Þar er margt að sjá. Fyrst ber að nefna tóftir síðasta torfbæjarins og útihúsa í túninu, en það

eru tvö fjárhús og svo líklega fjós. Það væri þá reyndar eina heillega fjóstóftin sem til er í öllu Grímsnesi. Þar að auki er heillegur túngarður meðfram túninu á tvo vegu og grjóthlaðnar traðir frá honum heim að bæjartóftinni.

- Stekkur sunnan undir Stekkjarhrauni, skammt utan við golfvöllinn.
- Rétt hjá stekknunum eru leifar mannvirkja en ekki er vitað hve gamlar þær eru né hver tilgangur þeirra var. Garðlag er umhverfis þær tóftir og gæti það bent til annaðhvort mannabústaðar eða ræktaðs túnskika við fjárhús.
- Smiðsnes. Þar er alheil tóft lítills býlis, líklega hjáleigu frá Hraunkoti, en ritaðar heimildir um staðinn eru ekki kunnar og fátt um hann vitað.
- Tóftir tveggja beitarhúsa úti á hrauninu norðarlega í Hraunkotslandi. Á leið til baka að þjónustumiðstöðinni væri hægt að fylgja gömlu Hraunkotsbrautinni sem gerð var fyrir vagna og er enn mjög greinileg.

II. *Ganga umhverfis Mosfelli.* Lagt er af stað frá kirkjunni á Mosfelli og gengið til vesturs með fjallinu, en þar er lagður vegur. Þá er farið yfir hálsinn vestan við fjallið og haldið til norðurs eftir malarvegi. Þvínæst er farið með norðurhlið fjallsins og sveigt til suðurs, í átt að Seli. Hjá Seli er haldið upp á fjallið og komið skáhallt niður Bótarskarð sem er ofan við bæinn á Mosfelli. Viðkomustaðir á leiðinni gætu verið eftirfarandi:

- Kirkjugarðurinn á Mosfelli. Þar væri hægt að hafa upplýsingar um kirkjustaðinn og landnámsmanninn Ketilbjörn. Til eru sagnir um hof sem hann átti að hafa reist og reyndar er örnefnið Hof til í túninu austan bæjar.
- Stöðullinn á Mosfelli. Þar er rétt sem hestar kirkjufólks voru geymdir í og sennilega var þar einnig kvíar um tíma.
- Túnið á Minna-Mosfelli. Þar eru margar heillegar útihúsatóftir sem henta vel til kynningar auk leifa af túngarði og rétt.
- Tóftir beitarhúss í Flakahlíð, undir Mosfelli vestanverðu.
- Tóftir stærra beitarhúss við Mosfell norðvestanvert. Það er með nokkuð öðru sniði, t.d. er þar steipt kar sem sauðfé var baðað í.
- Uppi á fjallinu er gott útsýni til allra átta þótt ekki sé það ýkja hátt. Þar væri hægt að koma fyrir skiltum sem greina frá örnefnum, bæði uppi á fjallinu og í kring um það. Þá væri ekki úr vegi að minna á þjóðsöguna um Haka og Bót, þræla Ketilbjörns

landnámsmanns, sem hann drap á fjallinu eftir að þau höfðu hjálpað honum að fela gull sitt þar.

### Prentaðar heimildir

- Árni Magnússon. 1955. *Chorographica Islandica*. Ólafur Lárússon gaf út. Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta. Annar flokkur, I, 3. Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- Birna Lárusdóttir og Orri Vésteinsson. 1999-2001. *Fornleifaskráning í Grímsneshreppi I-II*. FS103-99061 og FS138-99062. Fornleifastofnun Íslands.
- Böðvar Magnússon. 1953. *Undir tindum: ævisögubættir og sagnir*. Norðri, Akureyri.
- Brynjúlfur Jónsson. 1905. „Rannsókn í Árnesþingi sumarið 1904.“ *Árbók hins íslenska fornleifafélags*, bls. 1-51.
- Daniel Bruun. 1987. *Íslenskt þjóðlíf í 1000 ár I-II*. Steindór Steindórsson þýddi. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- DI:** *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*, Kaupmannahöfn/Reykjavík 1857-1972.
- FF:** *Skrá um friðlýstar fornleifar*. 1990. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Fornleifanefnd – Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- Göngur og réttir I-V*. 1983-1987. Bragi Sigurjónsson bjó til prentunar. Skjaldborg, Akureyri.
- Guðmundur Ólafsson. 1991. *Kolagröf við Apavatn*. Rannsóknarskýrslur fornleifadeildar 5. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- Guðrún Ása Grímsdóttir. 2000. *Leiðir Skálholtsbiskupa um Lyngdalsheiði*. Ferðafélag Íslands.
- ÍF 1:** Landnámabók. 1968. Hið íslenska fornritafélag, Reykjavík.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín, II*. Árnessýsla, Kaupmannahöfn 1921.
- JJ:** J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn 1847.
- Kálund, Kristian. 1984. *Íslenskir sögustaðir I: Sunnlendingaffjórðungur*. Haraldur Matthíasson þýddi. Örn og Örlygur.
- Kristinn Magnússon. 1996. *Eyvík í Grímsnesi: Steinhleðsla og meint kuml*. Rannsóknaskýrslur fornleifadeildar 19. Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.
- Kristján Eldjárn. 2000. *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. 2. útg., Adolf Friðriksson ritstýrði. Fornleifastofnun Íslands, Mál og menning og Þjóðminjasafn Íslands, Reykjavík.

- Landið þitt Ísland* III. 1982. Þorsteinn Jósefsson, Steindór Steindórsson og Páll Líndal ritstýrðu. Örn og Örlygur, Reykjavík.
- Skrudda* III. 1974. Ragnar Ásgeirsson skráði. Skuggsjá, Reykjavík.
- Sturlunga saga* I-II. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Sturlunguútgáfan, Reykjavík.
- Sunnlenskar byggðir* III. 1983. Oddgeir Guðjónsson, Jón Guðmundsson og Júlíus Jónsson ritstýrðu. Búnaðarsamband Suðurlands.

### Óprentaðar heimildir

- Blöð til viðbótar minjalýsingu frá Neðra Apavatni [...]. Ekki vitað hver skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Bréf til þjóðminjavarðar. [Ýmislegt um minjastaði á N-Apavatni]. Ingibjörg Ebba Magnúsdóttir skráði. Örnefnastofnun Íslands.
- Margrét Valdimarsdóttir. 1996. *Land og leiðir: Breytingar samgönguleiða í Grímsnesi á 20. öld*. Óprentuð lokaritgerð í landafræði við Háskóla Íslands.
- Túnakort af þjóðskjalasafni. Grímsneshreppur 1917-1920.
- Ö-Apavatn: Örnefni í Apavatnslandi. Helgi Guðmundsson skráði með aðstoð Guðlaugs Ásmundssonar á N-Apavatni. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Bjarnastaðir: Bjarnastaðir, Skúli Helgason skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Brjánsstaðir: Brjánsstaðir, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Eyvík: Eyvík, Gísli Guðmundsson skráði 1970, Jónína Hafsteinsdóttir jók og endurbætti 1981. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Grímsnesafréttur: Grímsnesafréttur, heimildarmenn Kristján Jóhannsson og Hannes Hannesson. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Grímsnesafréttur: Viðbót. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hagi: Hagi, Guðni Magnússon skráði 1952. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hagi: Viðbætur, Kjartan Helgason skráði 1981. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hamrar: Athugasemdir og viðbætur. Guðrún S. Magnúsdóttir og Jónína Hafsteinsdóttir skráðu 1986. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hamrar: Hamrar, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Hamrar: Hamrar, Jónína Jóhannesdóttir skráði 1960. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Kringla: Kringla, Skúli Helgason skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Minna-Mosfell: Minna-Mosfell, Gísli Guðmundsson skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.
- Ö-Minna-Mosfell: Minna-Mosfell. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Minna-Mosfell: viðbót, Árni Kjartansson skráði 1979. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Minnibær: Minnibær, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Minniborg: Minniborg, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Mosfell: Mosfell, Gísli Guðmundsson skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Mosfell: Viðbætur, Ingibjörg Ebba Magnús skráði 1992. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Neðra-Apavatn HG: Örnefni jarðarinnar Neðra-Apavatns í Grímsnesi. Helgi Guðmundsson skráði 1952. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Ormsstaðir: Ormsstaðir, Gísli Guðmundsson skráði 1970, Jónína Hafsteinsdóttir jók og endurbætti 1994. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Reykjanes: Reykjanes, Gísli Guðmundsson skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Örnefnalýsing JE: Eyvík. Örnefnalýsing. Jóhannes Einarsson skráði 1929. Varðveitt í Eyvík og nú einnig á Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sel: Sel, Skúli Helgason skráði eftir hdr. Ólafs Kjartanssonar 1956. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sel: Svör við spurningum, Árni Kjartansson skráði 1979. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Sólheimar: Sólheimar, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Stærribær: Stærribær, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Svínavatn: Svínavatn, Skúli Helgason skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þórisstaðir: Þórisstaðir, Gísli Guðmundsson skráði 1970. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Þóroddsstaðir: Þóroddsstaðir, Sigurbjörn Ingvarsson skráði 1929. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vatnsholt: Vatnsholt, Gísli Guðmundsson skráði 1971. Örnefnastofnun Íslands.

Ö-Vatnsnes: Vatnsnes, Gísli Guðmundsson skráði 1970, Þórhallur Vilmundarson jók við 1981. Örnefnastofnun Íslands.

### Heimildamenn

Bjarni Þorkelsson f. 1954  
 Böðvar Pálsson f. 1937  
 Emma Kolbeinsdóttir f. 1923  
 Guðmundur Óli Ólafsson f. 1927  
 Gunnar Ágústsson f. 1926  
 Gunnar Jóhannesson f. 1932  
 Halldóra Jónsdóttir f. 1930  
 Hjörtur Jónsson f. 1926  
 Ingibjörg Ebba Magnúsdóttir f. 1923

Jón Haukur Bjarnason f. 1941  
Jón Ingileifsson f. 1937  
Kjartan Helgason f. 1945  
Magnús Grímsson f. 1946  
Rúnar Þór Egilsson f. 1949  
Sigrún Reynisdóttir f. 1955  
Sigurður Oddur Gunnarsson f. 1931  
Þóra Magnúsdóttir f. 1942  
Þórunn Árnadóttir f. 1939  
Tómas Brandsson f. 1946  
Vilborg Þórðardóttir f. 1924

